

Ársskýrsla 2004

Ársskýrsla 2004



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja
ISSN 1670-3782.



Á þessu ári var vofundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana haldinn í Kraká. Í útjaðri þeirrar borgar standa menjar fyrrum útrýmingarbúða nasista, Auschwitz og Birkenau. Á hliðinu inn á svæðið er áletrun um að þeir sem gleymi fortíðinni séu dæmdir til að ganga í gegnum hana að nýju („Those who cannot remember the past are condemned to repeat it“). Staðurinn var heimsóttur til að minna á sögu þessa staðar en mönnum var þó ekki síst í huga það sem gerðist í kjölfar heimsstyrjaldarinnar. Austan járntrjalds urðu til eftirlitsþjóðfélög þar sem menn njósnuðu hver um annan, réttur til einkalífs var fótum troðinn og frelsi vék fyrir ótta og þrælslund.

Fjótum við sofandi að feigðarósi?

En hvert stefnir? Hvert er mikilvægi einkalífsréttarins í hugum manna í dag? Til að kanna þetta var á árinu 2004 gerð könnun, m.a. á þekkingu fólks á hlutverki Persónuverndar og afstöðu þess til mikilvægis starfsemi hennar. Um niðurstöður þessarar könnunar er fjallað í ársskýrslu þessari (sjá kafla 1.3.) en í stuttu máli má segja að hún hafi leitt í ljós allgóða þekkingu almennings á þeim málefnum er varða friðhelgi einkalífs og jákvæða afstöðu til starfsemi Persónuverndar. Engu að síður er enn áleitinn sú spurning hvort einkalífsrétturinn hafi nægilegt vægi í hugum manna, einkum þegar litið er til þess sem ég hef stundum kosið að kalla vöktunaræði.

Forstjóri bresku persónuverndarstofnunarinnar, Richard Thomas, lét þau orð falla í viðtali við The Times á dögnum að ekki einungis sigldu Bretar hraðbyri inn í samfélag vöktunar, heldur gerðu þeir það sem svefngenglar. Hann setti gagnrýni fyrir að fjalla á svo neikvæðan hátt um samborgara sína, en ég tek í sama streng og hann.

Hér er svo komið að ótrúlega víða hefur verið komið fyrir eftirlitsmyndavélum og fáir hreyfa andmælum. Ef eitthvað er ber á fordómum í garð þeirra sem eru gagnrýnir – tortryggja eftirlitið. Gagnvart fólki, sem vill t.d. staðgreiða fyrir viðskipti eða geta notið nafnleynar við tiltekna aðstæður, heyrir gjarnan það hrokafulla viðkvæði að sá sem ekkert hafi að fela hafi ekkert að óttast.


Falskt öryggi fram yfir frelsi.

En hver er skýringin? Halda menn að með auknu eftirliti lamist lögbrotar og lífið verði öruggara? Eftirlitsmyndavélar geta augljóslega átt rétt á sér og hafa oft reynst mjög gagnlegar. Og það er ekki hlutverk Persónuverndar að vernda glæpamenn eða grafa undan rótum refsivörslukerfisins. Það er hins vegar hennar hlutverk að minna á að hver maður á rétt á því að njóta aðstoðar samfélagsins við að verja sinn einkalífsrétt. Það gerir hún m.a. með því að vara við öfgum í notkun eftirlitsbúnaðar. Slíkar öfgar geta leitt til þess að markmiðið með notkun hans snúist upp í andhverfu sína. Að í stað öryggis uppskeri menn falskt öryggi – eða ööryggi, jafnvel ófrelsi.

Sagan hefur kennt okkur að við verðum sífellt að vera á varðbergi og til þess eru vitan að varast þau. Gleymum ekki sögunni og því sem hún hefur kennt okkur um forsendur fyrir friðsamlegri sambúð jarðarbúa.

Látum ótta við glæpamenn ekki hræða okkur með þeim afleiðingum að við förnum siðferðisgildum okkar og missum sjónar á mikilvægi þess að virða grundvallarmannréttindi – þar á meðal réttinn til að njóta friðhelgi einkalífs. Fátt er betur til þess fallið að grafa undan sjálfstæði og frelsi manns en líf við aðstæður þegar hann veit ekki hvort eða hvenær fylgst er með honum.

Höfum í huga hin fleygu orð Benjamíns Franklin um að sá sem fórnar frelsi fyrir öryggi öðlast hvorugt né verðskuldar („The man who trades freedom for security does not deserve nor will he ever receive either“).



Efnisyfirlit

1. Stofnunin Persónuvernd

1.1. Almennit um hlutverk stofnunarinnar	9
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2004	10
1.3. Um starf stofnunarinnar á árinu 2004	10
1.4. Um fjárreiður stofnunarinnar á árinu 2004	12

2. Afgreidd erindi á árinu 2004

2.1. Almennit yfirlit yfir afgreidd mál	13
2.2. Einstakar afgreiðslur.	13
2.2.1. Starfsleyfi og annars konar leyfi.	13
2.2.2. Einstakar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd vísindarannsóknna á heilbrigðisviði.	13

3. Öryggisathuganir og úttektarverkefni

3.1. Greinargerð um úttektarverkefni stofnunarinnar	23
3.2. Nánar um einstök úttektarmál	24
3.2.1. Úttektir á öryggi persónuupplýsinga hjá lífsýnasöfnum.	24
3.2.1.1. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf.	24
3.2.1.2. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Urðar, Verðandi, Skuldar ehf.	27
3.2.1.3. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Hjartaverndar	30
3.2.2. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga á vegum Umferðarstofu	34
3.2.3. Úttektir á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf	47
3.2.3.1. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf hjá Securitas	47
3.2.3.2. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf í lyfjaverksmiðju og á rannsóknarstofu Actavis.	52
3.2.3.3. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða hjá Tollstjóranum í Reykjavík	59
3.2.4. Ósk Lyfja og heilsu hf. og Lyfju hf. um breytingar á tilteknum fyrirmælum í ákvörðunum um niðurstöður úttekta hjá félögunum.	65

4. Nánari umfjöllun um nokkur mál, einstaka úrskurði, álit og aðrar afgreiðslur

4.1. Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga.	69
4.2. Lögmæti meðferðar myndefnis úr eftirlitsmyndavél í sundlaug	71

4.3.	Skráning upplýsinga um hegðunarfrávik í grunnskólum – SWIS-skráningarkerfi.	75
4.4.	Svar við fyrirspurnum um aðferðir við framkvæmd vísindarannsóknna	80
4.5.	Umsógn um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga.	89
4.6.	Umsógn um efni 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003	92
4.7.	Umsógn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála	94
4.8.	Álit um heimild tiltekinna fjármálastofnunar til að halda skrá yfir hverjir hafa hlotið refsidóma	95
4.9.	Starfsleyfi til handa Myndmarki, samtaka þeirra sem dreifa myndbandsefni í gegnum útleigu.	99
4.10.	Umsógn um heimild barnaverndaryfirvalda til að fá upptökur í kynferðisbrotamálum.	101
4.11.	Yfirlit yfir reglur um notkun símanúmera í beinni markaðssetningu	102
4.12.	Lögmæti birtingar persónuupplýsinga á heimasíðunni dopsalar.tk	104
4.13.	Lögmæti notkunar nemendaskrár Háskóla Íslands við markaðssetningu.	109
4.14.	Lögmæti birtingar nafns, kennitölu og heimilisfangs á spjallvef	111
4.15.	Bréf af telfni sjúkragagna á víðavangi	113
 5. Erlent samstarf		
5.1.	Samstarf norrænna persónuverndarstofnana.	115
5.2.	Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.	115
5.3.	Alþjóðlegt samstarf persónuverndarstofnana	116
5.4.	Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	116
5.5.	Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála	116
5.6.	Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan	116
5.6.1.	Um fund forstjóra norrænna Persónuverndarstofnana.	116
5.6.2.	Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana.	117
5.6.3.	Um ráðstefnu um rafræna stjórnýslu	117
5.6.4.	Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana	117
5.6.5.	Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	118
5.6.6.	Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana	127
5.6.7.	Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA.	128
5.6.8.	Um 26. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana	129
5.6.9.	Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.	130
5.6.10.	Um fund um erfðæfnisgagnagrunna.	130
 6. Lög og reglur		
6.1.	Lög nr. 77/2000 eins og þau voru eftir þær breytingar sem gerðar voru á þeim á árinu 2001, sbr. lög nr. 90/2001, á árinu 2002, sbr. lög nr. 81/2002, og á árinu 2003, sbr. lög nr. 46/2003 og 72/2003	131
6.2.	Um stjórnvaldsreglur	131
6.3.	Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga	131
6.4.	Reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði	133
 7. Rekstrarreikningur 2004		
	Yfirlit yfir rekstrarreikning á árinu 2004	138



1. Stofnunin Persónuvernd

1.1. Almennt um hlutverk stofnunarinnar

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (hér eftir nefnd pul.), og reglna sem settar hafa verið og settar verða samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og fjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Í lögnum eru talin upp helstu verkefni Persónuverndar. Þau eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Ennfremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við pul., reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði pul. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, þ. á m. kennitölu, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum pul. og reglugerða settra samkvæmt þeim verða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510 9600. Faxnúmer er: 510 9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2004

Skipunartími stjórnar rann út 11. júlí 2004 og var ný stjórn skipuð af dómsmálaráðherra. Skipunartími hennar er fjögur ár.

Dr. Páll Hreinsson prófessor var endurskipaður sem formaður. Valur Arnason lögfræðingur og skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu var skipaður varaformaður. Auk þeirra voru skipuð til stjórnarsetu þau Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og formaður Skýrslutæknifélags Íslands og Ólafur Garðarson hæstaréttarlögmaður. Vilhelmina Haraldsdóttir læknir var skipuð sem varamaður Haraldar en Arnaldur Axfjörð verkfræðingur og varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands var skipaður sem varamaður Svönu Helenar. Aðrir varamenn voru skipaðir Kristín Edwald héraðsdómslögmaður, Tryggvi Viggóson héraðsdómslögmaður og Ástriður Grímsdóttir sýslumaður. Hin nýja stjórn hélt fimm fundi á árinu en alls voru haldnir tólf fundir.

Þeir aðalmenn sem létu af stjórnarstörfum voru Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, Óskar B. Hauksson verkfræðingur og Dagný Halldórsdóttir verkfræðingur. Þá hættu sem varamenn þau Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður, Laufey Ása Bjarnadóttir verkfræðingur og Eggert Ólafsson verkfræðingur.

Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri var endurskipuð til fimm ára. Aðrir fastir starfsmenn voru Erla Björgvinsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri og Þórður Sveinsson, Björn Geirsson, Ingvi Snær Einarsson og Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingar. Elsa S. Porkelsdóttir lögfræðingur lét af störfum hinn 1. júní og Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur hinn 16. s.m.

1.3. Um starf stofnunarinnar á árinu 2004

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. pul., er fjórða ársskýrsla Persónuverndar frá því að hún tók til starfa hinn 1. janúar 2001. Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda. Á fyrsta starfsári stofnunarinnar voru innkomin erindi skráð 920, en hafa ber í huga að nokkur fjöldi þeirra voru mál sem Tölvunefnd, forveri hennar, náði ekki að afgreiða áður en hún var lögð niður hinn 31. desember 2000. Ný innkomin erindi árið 2002 voru 606, árið 2003 voru þau 627 og á árinu 2004 voru þau 676.

Auk innkominna erinda sinnir Persónuvernd viðtæku eftirlits- og leiðbeiningarhlutverki. Í fyrri ársskýrslum hefur verið gerð grein fyrir þeirri áherslu sem fyrstu starfsár Persónuverndar var lögð á vinnu við kynningarstarf og samningu reglna, bæði um daglega starfsemi stofnunarinnar og til að útfæra ýmis lagaákvæði. Voru m.a. settar reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, um það hvernig afla skal upplýst samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga, um meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum og um flutning persónuupplýsinga úr landi.

Á þriðja og fjórða starfsári Persónuverndar var, auk þess að sinna innkomnum erindum, lögð áhersla á ýmis frumkvæðismál. Auk ýmiss kynningar- og leiðbeiningarstarfs var áhersla lögð á gerð öryggisúttekta. Lauk ýmsum þeim úttektum, sem hleypt var af stokkunum á árunum 2002 og 2003, á árinu 2004. Við gerð úttektanna var unnið í anda staðalsins ÍST BS 7799 um stjórnun upplýsinga-öryggis og í samræmi við reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Almennt má segja að vinna Persónuverndar við gerð öryggisúttekta hafi leitt í ljós að víðast hvar sé öryggi persónuupplýsinga nokkuð vel tryggt. Hafa flestir þeir sem vinna með persónuupplýsingar tekið slíkum úttektum vel og orðið við ábendingum og fyrirmælum um aðgerðir til úrbóta hvað varðar vinnubrögð og ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga.

Meðal hlutverka Persónuverndar lögum samkvæmt er að fylgjast með almenntri þróun á sviði per-

sónuupplýsingaverndar, meta hvar einkalífsrétti fólks sé ógnað og fræða fólk um rétt sinn samkvæmt lögnum. Liður í því að uppfylla þessa lagaskyldu var gerð könnunar á árinu 2004 á því hversu vel fólk þekkir til starfsemi Persónuverndar og hversu vel það telji sig þekkja rétt sinn samkvæmt lögnum. Í könnuninni var athuguð þekking svarenda á stofnuninni Persónuvernd og verkefnum hennar og leitað eftir afstöðu þeirra til mikilvægis starfseminnar. Þá var kannað hversu vel svarendur töldu sig þekkja rétt sinn til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þessar:

Þekking á stofnuninni Persónuvernd

Ríflega 89% aðspurðra sögðust hafa heyrt getið um stofnunina Persónuvernd og var hvorki munur á því eftir kyni né búsetu. Hins vegar reyndist einhver munur vera á svörum eftir aldri. Þekking á Persónuvernd virtist vera minnst í yngri aldurshópum, en tæplega fjórðungur aðspurðra á aldrinum 15–24 ára sagðist ekki kannast við stofnunina. Þá fór þekking á stofnuninni sömuleiðis niður á við í aldurshópnum 65–75 ára.

Verkefni Persónuverndar

Þeir svarendur, sem þekktu til Persónuverndar, voru beðnir um að nefna þau verkefni sem stofnunin sinnir helst. Af þeim gátu um 29% ekki gefið svar við spurningunni og einungis um 10% nefndu verkefni sem ekki eru á starfssviði Persónuverndar. Þannig gátu um 60% svarenda nefnt einhver verkefni sem heyra til starfsemi stofnunarinnar.

Mikilvægi starfsemi Persónuverndar

Um það bil 75% svarenda þótti starfsemi Persónuverndar skipta frekar eða mjög miklu máli, en einungis um 18% töldu starfsemina skipta frekar eða mjög litlu máli. Af svörunum mátti ráða tilhneigingu til þess meðal atvinnurekenda og ósérhæfðs starfsfólks að telja starfsemi Persónuverndar skipta minna máli en meðal svarenda í öðrum flokkum. Á hinn bóginn var munur á viðhorfum fólks til mikilvægis starfsemi stofnunarinnar hvorki mikill eftir menntun né heimilistekjum.

Þekking á rétti til friðhelgi einkalífs

Tæplega þriðjungur svarenda taldi sig þekkja frekar eða mjög illa rétt sinn til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Aftur á móti töldu rúm 46% sig þekkja rétt sinn mjög eða frekar vel. Þekking á rétti til friðhelgi einkalífs var mest hjá svarendum í aldurshópnum 45–54 ára og hjá þeim sem hafa háskóla- próf. Eins virtist þekking á rétti til friðhelgi einkalífs aukast eftir því hve heimilistekjur voru háar.

Virðast niðurstöður könnunarinnar benda til þess að vitund almennings hér á landi um málefni er varða friðhelgi einkalífs sé almennt góð. Þá benda niðurstöðurnar til þess að viðhorf fólks til mikilvægis starfsemi Persónuverndar séu almennt jákvæð. Hins vegar er ljóst að auka þarf fræðslu til almennings um þær reglur sem gilda um meðferð persónuupplýsinga og hvaða úrræði standa einstaklingi til boða sem telur á sér brotið. Sérstaklega virðist þurfa að auka fræðslu í aldurshópnum 15–24 ára.

Ætla má að þekking Íslendinga í þessum efnum sé nokkuð meiri en mælist að meðaltali meðal íbúa í ríkjum Evrópusambandsins. Árið 2003 fór fram svipuð könnun á vegum framkvæmdastjórnar sambandsins og náði hún til almennings í öllum aðildarríkjum þess. Má sem dæmi nefna að um 70% svarenda vissu ekki að í ríkjum sambandsins væru til staðar sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir sem hefðu eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Um 60% svarenda töldu hins vegar, líkt og góður meirihluti svarenda í könnun Persónuverndar, að verndun persónuupplýsinga skipti frekar eða mjög miklu máli.

1.4. Um fjárreiður stofnunarinnar á árinu 2004

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 52,9 millj. kr., en engar breytingar urðu á fjárheimildum á árinu 2004. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals 45,5 millj. kr. og var tekjuafgangur því liðlega 7,4 millj. kr. eða 14%.

Kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda nam 33,7 millj. kr., starfstengdur kostnaður (ferðareikningar, fundir, námskeið, risna og akstur) nam 3,5 millj. kr. og kostnaður vegna aðkeyprar sérfræðipjónustu nam 9,95 millj. kr. Stofnunin er í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs og nam kostnaður vegna þess 2,7 millj. kr.

Gjöld Persónuverndar umfram sértekjur hækkuðu um 3,4 millj. kr. milli árana 2003 og 2004, en sértekjur (innheimtur kostnaður vegna sérfræðipjónustu) jukust vegna aukins kostnaðar af öryggisúttektum. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 5,5 millj. kr. milli árana 2003 og 2004.



2. Afgreidd erindi á árinu 2004

2.1. Almennt yfirlit yfir afgreidd mál

Á árinu 2004 tók stofnunin alls 676 ný erindi til meðferðar. Auk þess tók hún við 516 tilkynningum. Óafgreidd erindi, sem stofnunin tók við frá fyrra ári, voru 99. Alls hafði hún því til meðferðar 775 mál á árinu og afgreiddi þar af 691 mál.

Eftirfarandi tafla sýnir tegundir mála:

Tegundir mála	Fjöldi
Frumkvæðismál	28
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	233
Kvartanir/kærur/úrskurðir	104
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	12
Mál vegna leyfisumsókna	163
Mál vegna tilkynninga	79
Smiði stjórnvaldsreglna	2
Úttektarverkefni	42
Erlent samstarf	70
Tilkynningar	516
Annað	42

2.2. Einstakar afgreiðslur

2.2.1. Starfsleyfi og annars konar leyfi

2003/309 – Myndmark, samtök þeirra sem dreifa myndbandsefni í gegnum útleigu og heildsölu á Íslandi, fékk starfsleyfi til að safna og miðla tilteknum persónuupplýsingum sem varða fjárhag og lánstraust einstaklinga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 90/2001.

2.2.2. Einstakar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd vísindarannsóknna á heilbrigðisviði

Í 37. gr. pul. eru talin upp helstu verkefni Persónuverndar, en eitt af þeim er að afgreiða leyfisumsóknir.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem talin er upp í 8. gr. pul., sem og 9. gr. pul. sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr

um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna, þ.e. þeim sem búa yfir viðkomandi upplýsingum, en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd. Teljist heimild vera fyrir vinnslunni og samþykki ábyrgðaraðili upplýsinganna vinnsluna skal Persónuvernd send tilkynning um vinnsluna. Hér er ekki um að ræða umsókn um leyfi Persónuverndar heldur einungis tilkynningu um að vinnslan muni fara fram. Tilkynningin er send rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is (smellið á „Tilkynningar“), og vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. pul. Það hefur hún gert með setningu reglna nr. 698/2004. Í 7. gr. þeirra eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera ítarlega rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina sérstaklega á grundvelli hvaða reglu um leyfisskyldu hún byggji og hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Í því sambandi skal bent á að afhending og móttaka upplýsinga telst til vinnslu þeirra. Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Persónuvernd hefur sett sér sérstakar verklagsreglur, nr. 340/2003, um afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskrár vegna aftursýnna vísindarannsókna. Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði skal vinnsla upplýsinganna byggjast á samþykki þátttakenda í rannsókninni. Þessar verklagsreglur gilda um nokkrar undantekningar frá framangreindri meginreglu sem byggjast á 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Þær gilda einvörðungu um umsóknir lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og háskólanema á sviði heilbrigðisfræða um leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna aftursýnna vísindarannsókna og um afgreiðslu Persónuverndar á þeim umsóknum, en með aftursýnni vísindarannsókn er hér átt við rannsókn þar sem ekki er gert ráð fyrir virkri þátttöku sjúklings, s.s. með því að hann gefi upplýsingar eða láti lífsýni í té, heldur aðeins vinnslu upplýsinga úr fyrirliggjandi skrár og sjúkraskrár sem færðar hafa verið í samræmi við fyrirmæli 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Þessar verklagsreglur gilda ekki um aðgang að lífsýnum í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Þær eru birtar í heild í kafla 6.2.

Persónuvernd veitti eftirfarandi leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði á árinu 2004:

2004/17 – Aðalbjörn Þorsteinsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Hyponatremia eftir aðgerðir hjá börnum“. Rannsóknin var að hluta til verkefni 4. árs læknastúdents, Birnu Guðbjartsdóttur.

2004/647 – Aðalheiður Jóhannesdóttir læknanemi, Margrét Oddsdóttir yfirlæknir og Sigurður Blöndal sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Langtíma (5 ára) árangur aðgerða við vélinda-bakflæði“.

2004/296 – Albert Páll Sigurðsson sérfræðingur fékk leyfi vegna „Aftursýnnar rannsóknar á tíðni slags við Eyjafjörð 1998–2003.“

2004/11 – Albert Páll Sigurðsson, Jón Hersir Eliasson og Ólafur Kjartansson fengu leyfi vegna rannsóknar á áhættu og ávinningi af „segaleysandi meðferð við bráðri heilablóðþurrð (HBP)“ með lyfinu Actilyse®.

2003/627 – Albert Páll Sigurðsson fékk leyfi vegna aftursýnnar vísindarannsóknar sem bar yfirskriftina „Hver er dánartíðni af völdum heilavefsblæðinga og hvaða þættir hafa áhrif á hana?“

2004/69 – Alma D. Möller yfirlæknir, Svajunas Statkevicius deildarlæknir og Gísli H. Sigurðsson prófessor fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif misdjúpra svæfinga hjá gjörgæslusjúklingum á lengd meðferðar í öndunarvél, legutíma, hjúkrunarþyngd og andlega líðan þeirra“.

2003/610 – Anna Margrét Guðmundsdóttir heimilislæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Greining og meðferð sjúklinga með mígreni í heilsugæslu.“

2004/241 – Arna Guðmundsdóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Meðgöngusykursýki á Íslandi 1998–2003“.

2004/357 – Arthur Löve prófessor, Íslensk erfðagreining ehf., Sigurður Kristjánsson sérfræðingur og Þórólfur Guðnason sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknar „...á fjölskyldulægni tilhneigingar til respiratory syncytial veiru (RSV) sýkingar“.

2004/649 – Arthur Löve, Ingileif Jónsdóttir, Íslensk erfðagreining ehf., Karl G. Kristinsson, Magnús Gottfredsson, Már Kristjánsson og Þorsteinn Blöndal fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Erfðir ónæmis gegn bólusetningum og sýkingum“.

2004/598 – AstraZeneca R&D Lund og Magni Jónsson lugnasérfræðingur fengu leyfi vegna fjölþjóða rannsóknar í þeim tilgangi að sýna fram á áhrif og öryggi Symbicort pMDI (þrýstingsúðateki) sem viðhaldsmeðferð hjá sjúklingum með langvinna lungnateppu (COPD) borið saman við formoterol og lyfleysu.

2004/68 – Atli Dagbjartsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Rhesus varnir á Íslandi – tíu ára uppgjör.“

2004/527 – Atli Dagbjartsson, Gestur Ingi Pálsson sérfræðingur og Karl Kristinsson prófessor og yfirlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Blóðsýkingar og heilahimmubólga hjá nýburum á Íslandi á tímabilinu 1976-2004“.

2004/623 – Auður Sigbergisdóttir læknanemi og Axel Finnur Sigurðsson læknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Hjartabilun og samdráttargeta vinstri slegils“.

2004/128 – Árni V. Þórsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Útbreiðsla og orsakir vaxtarhormónsskorts á Íslandi sl. 40 ár 1964–2003“.

2004/153 – Árni V. Þórsson fékk leyfi vegna aftursýnu rannsóknarinnar „Prader Willi heilkenni á Íslandi“.

2004/260 – Árni V. Þórsson fékk leyfi vegna aftursýnu rannsóknarinnar „Íslensk börn með insúlínháða sykursýki – Árangur meðferðar í göngudeild sl. 10 ár 1994-2004“.

2004/627 – Árni V. Þórsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Meðfæddur skortur á skjaldkirtilhormónum hjá íslenskum börnum í 25 ár 1979–2004, niðurstöður kembileitar; rannsóknir á orsakatengdum erfðabáttum“.

2004/468 – Ásgeir Theodór meltingarlæknir og Urður, Verðandi, Skuld ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á ættgeni krabbameins í brisi og tengslum þess við önnur krabbamein.

2004/599 – Bjarni Torfason yfirlæknir og Stefán Alfredsson perfusionisti og fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „PICS rannsóknin. Sjálfblóðflögumeðferð í hjartaskurðaðgerðum. (The PICS study. Autologous platelet therapy in cardiac surgery)“.

2004/160 – Björn Guðbjörnsson sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Rannsóknir á líffærasértækum ónæmissjúkdómum með heilkenni Sjögrens sem mómódelssjúkdóm“.

2004/122 – Björn Guðbjörnsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Beinverndandi meðferð samhliða langtíma sykursteraotkun“.

2004/421 – Björn Rúnar Lúðvíksson dósent fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Klínísk og ættfræðileg svipgerð IgA skorts hjá íslendingum og hugsanleg tengsl við arfgerðarbreytingar sjúkdómsins.“

2004/355 – Sr. Bragi Skúlason fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Aðlögun og úrvinnsla sorgar ekkla“.

2004/142 – Brynjólfur Mogensen og Jens Kjartansson fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Brunaslys á höfuðborgarsvæðinu.“

004/294 – Davíð O. Arnar sérfræðingur og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi til samkeyrslu skráa með viðkvæmum persónuupplýsingum vegna rannsóknarinnar „Forkönnun: Rannsókn á fjölskyldulægni gáttatífs (atrial fibrillation).“

2004/155 – Einar Guðmundsson geðlæknir fékk leyfi vegna rannsóknar á tíðni ákveðinna persónuleikapáttá hjá sjúklingum greindum með Geðhvörf II til að auka þekkingu á vandamálum tengdum sjúkdómnum og bæta greiningarnákvæmni og stuðla þannig að bættri meðferð.

2004/639 – Einar M. Valdimarsson geðlæknir, Jón Hersir Eliasson sérfræðingur og taugalæknir og Ragnar Daniélfsson hjartalæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Gagnsemi Holter rannsóknar hjá einstaklingum með heilablóðþurrð“.

2004/104 – Eiríkur Jónsson yfirlæknir og Rafn Hilmarsson læknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Lífun sjúklinga með krabbamein í blóðruhálskirtli“.

2004/280 – Elías Ólafsson prófessor og yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á uppsöfnun stökkbreyttra cystatin C próteina í arfgengri heilablæðingu.“

2004/458 – Elías Ólafsson, Finnbogi Jakobsson dósent og sérfræðingur og Grétar Guðmundsson sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Tíðni motor neuron sjúkdóms á Íslandi á tíu ára tímabili“.

2004/186 – Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Hver er árangur unglunga sem fá meðferð við þunglyndi á göngudeild barna- og unglíngageðdeildar (BUGL) Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH).“

2004/460 – Elísabet R. Birgisdóttir meinataknir, Magnús Karl Magnússon sérfræðingur og Páll

Torfi Önundarson yfirlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á Bernard-Soulier sjúkdómi á Íslandi“.

2004/308 – Emil L. Sigurðsson heimilislæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Notkun sólarhringsblóðþrýstingsmælis í heilsugæslu“.

2004/455 – Eypór Björnsson lungnasérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Afdrif sjúklinga sem gengust undir brottám á lunga eða lungnahluta vegna lungnakrabbameins á árunum 1989–1999.“

2004/650 – Guðjón Birgisson sérfræðingur, Hildur Guðjónsdóttir læknanemi og Margrét Oddsdóttir yfirlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Árangur enduraðgerða vegna vélindabakflæðis á LSH – Hvers vegna enduraðgerðir, hve algengt og hve löngu eftir fyrstu aðgerð“.

2004/559 – Guðmundur Ásgeir Björnsson tannlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Osseous-distraction postoperative stability and sequalae“.

2004/459 – Guðmundur Geirsson þvagfæraskurðlæknir, og Pfizer, Global Research and Development, fengu leyfi vegna rannsóknar sem felst í því að mæla tímunn þar til verkun lyfsins tolterodine (Detrusitol®) hefst í þvagblöðru.

2004/36 – Guðmundur Þorgeirsson sviðsstjóri lækninga á LSH og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á rannsóknarlyfinu DG-031 sem talið er að hafi áhrif á tilurð kransæðasjúkdóma.

2004/345 – Gunnar Guðmundsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Lungnaástungur gegnum brjóstvegg á Landspítala Háskólasjúkrahúsi Fossvogi árið 2003“.

2004/366 – Gunnar Guðmundsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Notkun ytri öndunarvéla á Landspítala Háskólasjúkrahúsi“.

2004/369 – Gunnar Jónasson yfirlæknir og MedImmune Vaccines, Inc., fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Slembiröðuð, tvíblind samanburðarrannsókn til að meta öryggi og áhrif CAIV-T bólu-setningar borið saman við óvirka influensubólusetningu hjá börnum 6–59 mánaða að aldri.“

2004/418 – Halldór Jónsson jr. prófessor og yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mynstur alvarlegra handaáverka á Íslandi“.

2004/417 – Halldór Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mynstur mjaðmaaðgerða á íslenskum börnum“.

2004/416 – Halldór Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mynstur fjóláverka og afdrif einstaklinga á Íslandi sl. 10 ár“.

2004/415 – Halldór Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mynstur klumbufótaaðgerða á íslenskum börnum“.

2004/628 – Heiðrún B. Maack læknanemi, Kristján Óskarsson sérfræðingur, Lúther Sigurðsson sérfræðingur og Margrét Oddsdóttir yfirlæknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Laparoscopiskar

fundoplicationir (vélindabakflæðis-aðgerðir með hjálp kviðsjár) á börnum framkvæmdar á Barna-
spítala Hringins“.

2004/578 – Helga Ögmundsdóttir yfirlæknir og prófessor, Hlíf Steingrimsdóttir yfirlæknir og Urður,
Verðandi, Skuld ehf. fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Ættlæg einstofna mótefnahækkun:
Rannsókn á genatjáningu B eitilfruma eftir örvun.“

2004/133 – Helga Ögmundsdóttir, Hlíf Steingrimsdóttir, Urður, Verðandi, Skuld ehf. og Þorvaldur
Jónsson fengu leyfi vegna rannsóknar á ættlægni mergfrumuæxlis/ góðkynja einstofna immúnógló-
búlín hækkunar (MGUS) í 8 fjölskyldum sem þekktar eru hér á landi.

2004/256 – Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson fékk leyfi vegna rannsóknar sem varpa á ljósi á réttar-
framkvæmd umgengnisréttarmála hjá sýslumanninum í Reykjavík og dóms- og kirkjumálaráðuneyt-
inu, s.s. á hvaða sjónarmiðum ákvarðanir um umgengnisrétt hafi byggst og hversu langur málsmeð-
ferðartíminn hafi verið.

2004/382 – Hildur Harðardóttir yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Lágsæt og fyrirsæt
fylgja sem greind er við 19 vikna meðgöngulengd og afdrif slíkra þungana.“

2004/293 – Hólmfríður K. Gunnarsdóttir hjá Vinnueftirlitinu, Ásdís L. Emilsdóttir verkefnastjóri
Krabbameinsmiðstöðvar LSH og Helgi Sigurðsson forstöðumaður Krabbameinsmiðstöðvarinnar
fengu leyfi vegna rannsóknarinnar: „Liðan í vinnunni hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og
þeim sem ekki hafa greinst með krabbamein“.

2004/495 – Íslensk erfðagreining ehf. fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Breytileiki í litningavíxl-
tíðni – áhrif á erfðamengið og frjósemi“.

2004/248 – Íslensk erfðagreining ehf. og Karl Andersen sérfræðingur á hjartadeild LSH fengu leyfi
vegna rannsóknarinnar „Sameindaerfðafræðileg rannsókn á endurþrengingu kransæða eftir
kransæðavíkkun og ísetningu stoðnets (coronary artery stent)“.

2004/657 – Jón Hersir Eliásson læknir og sérfræðingur í taugalækningum fékk leyfi vegna rann-
sóknar sem bar yfirskriftina „Faraldsfræði heilablóðfalls í Reykjavík 1996–2001“.

2004/130 – Jón Ívar Einarsson kvensjúkdómalæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Legs-
límuflakk og C vítamín“.

2004/264 – Jórunn Erla Eyfjörð fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhrif ýmissa áhættuþátta og
genafjölbreytni í ensímgenum á brjóstakrabbameinsáhættu meðal arfbera BRCA stökkbreytinga og
þeirra sem ekki hafa slíkar breytingar.“

2004/147 – Jórunn Erla Eyfjörð og Helga M. Ögmundsdóttir hjá Krabbameinsfélagi Íslands fengu
leyfi vegna rannsóknarinnar „Methylering stjórnraða BRCA1 gens í brjóstæxlum“.

2004/67 – Karl Marínósson félagsráðgjafi á barna- og unglingsgeðdeild (BUGL), göngudeild, fékk
leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Upplifun og afstaða þriggja fjölskyldna til
fjölskyldumeðferðar á BUGL ásamt afstöðu og mati tilvísunaraðila til sömu meðferðar“.

2004/14 – Kristleifur Kristjánsson framkvæmdastjóri heilbrigðisviðs Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

fékk leyfi vegna forkönnunar á skyldleikatengslum einstaklinga með ýmsa geðsjúkdóma og geð- og taugaraskanir“.

2004/540 – Magnús Gottfredsson læknir fékk leyfi vegna „Rannsóknar á ífarandi sýkingum af völdum hjúpaðra baktería á Íslandi“.

2004/621 – Magnús Gottfredsson fékk leyfi vegna „Rannsóknar á ífarandi sýkingum af völdum Streptococcus pyogenes á Íslandi“.

2004/240 – Margrét Árnadóttir nýrnasérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Blóðfitur blóðskilunarsjúklinga“.

2004/317 – María Kristín Jónsdóttir, f.h. Landsspítala-háskólasjúkrahúss, fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Félagsleg afdrif eftir heilaáverka.“

2004/419 – María Ragnarsdóttir sjúkrahjálfari fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Mynstur öndunarhreyfinga hjá sjúklingum með nýgreint heilablóðfall“.

2004/351 – MedImmune Vaccines, Inc., og Sigurður Kristjánsson sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Fasa 3 rannsókn á MEDI-524 (Numax™), mannaaðlöguðu einstofna mótefni RSV veiru, sem fyrirbyggjandi meðferð gegn alvarlegum RSV sýkingum hjá börnum í áhættuhópi.“

2004/57 – Ólafur Thorarensen barnalæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Höfuðáverkar hjá börnum. Sex ára uppgjör“.

2004/528 – Ólöf U. Sigurðardóttir yfirfélagsráðgjafi og dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Reynsla af dáleiðslumeðferð til að bæta geðræna liðan.“

2004/358 – Óskar Jóhannsson sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Evrópsk eftirlitsrannsókn á beinsarksmeini.“

2004/95 – Páll Biering sérfræðingur í geðhjúkrun fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Lyfjaceutranir sem komu til meðferðar á slysa- og bráðadeild LSH í Fossvogi“.

2004/112 – Páll Helgi Möller yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Ristilkrabbamein á LSH 1987–2001“.

2004/111 – Páll Helgi Möller fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Krabbamein í anus á LSH 1987–2001“.

2004/232 – Pálmi V. Jónsson sviðsstjóri lækninga fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Notagildi RAI-mælitækisins á öldrunarlækningadeildum, [RAI-PAC]“.

2004/65 – Pétur Lúðvigsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Meðfæddir efnaskiptasjúkdómar hjá börnum á Íslandi – þrjátíu ára uppgjör“.

2004/406 – Rafn Benediktsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Fjölsetra, slembiröðuð, tvíblind rannsókn til að meta öryggi og áhrif einhliða lyfjameðferðar með MK-0431 hjá sjúklingum með sykursýki tegund 2 sem hafa ófullnægjandi stjórn á sykursýki.“

2004/54 – Ragnar Gunnarsson sérfræðingur í heimilislækningum fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Meðferð við sykursýki teg. 2 á Heilbrigðisstofnuninni á Selfossi“.

2004/108 – Ragnheiður I. Bjarnadóttir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Tíðni og flokkun keisarskurða hjá börnum meira en 2500 g á Íslandi á 20 ára tímabili“.

2004/70 – Reynir Tómas Geirsson prófessor og yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknar á „tíðni kransæðasjúkdóms, heilablóðfalls og háþrýstings hjá börnum (afkomendum í fyrsta ættlið) kvenna með háþrýsting í meðgöngu og kvenna úr samanburðarhópi og mökum þeirra“.

2004/500 – Sigríður Gunnarsdóttir og Þórunn Sævarsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Lífsgæði, líðan og endurhæfingarþarfir einstaklinga sem fá lyfjameðferð við krabbameini, langtímarannsókn.“

2004/170 – Sigríður Lillý Baldursdóttir framkvæmdastjóri Tryggingastofnunar ríkisins og Félagsþjónustan í Reykjavík fengu leyfi vegna rannsóknarinnar: „Ungar konur með örorkumat“.

2004/283 – Sigríður Sía Jónsdóttir yfirljósmóðir á Miðstöð mæðraverndar og aðjúntk við Háskóla Íslands fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Sykurþolspróf á meðgöngu: ástæður og útkoma“.

2004/384 – Sigurður Böðvarsson læknir, Urður, Verðandi, Skuld ehf. og Þorvaldur Jónsson sérfræðingur fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Æxlismerki sem ákvarða svörun við krabbameinslyfjunum Herceptin og Iressa“.

2004/448 – Sigurður Ingvarsson prófessor fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Aðild stutta arms línings 3 í sjúkdómsferli krabbameina.“

2004/609 – Sigurður Þorgrímsson sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Afdrif barna með vélindabakflæðissjúkdóm meira en fimm árum eftir greiningu“.

2004/132 – Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir yfirlæknir og John E.G. Benedikz og Guðjón Jóhannesson sérfræðingar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði Myotonia Dystrophica á Íslandi.“

2004/383 – Sigurveig Pétursdóttir sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Slys á börnum í bíl, 14 ára og yngri, 1 marz 1989–29 feb 2004“.

2004/12 – Stefán E. Matthíasson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Lifun sjúklinga á aldrinum <65 ára, 66-75 ára og >76 ára sem gengist hafa undir aðgerð vegna abdominal aorta anæurysma (AAA) borin saman við lifun sambærilegra aldurshópa í þjóðfélaginu á árunum 1996-2003.“

2003/618 – Stefán Reynir Pálsson tannlæknir fékk leyfi vegna rannsóknar á tannátu barna á aldrinum þriggja til átján ára sem sækja þjónustu á Tannlæknastofu Vopnafjarðar.

2003/582 – Thelma Dögg Ragnarsdóttir og Þjóðbjörg Guðjónsdóttir lektor fengu leyfi vegna rannsóknar á þróun á mjöðmum og hrygg hjá börnum með cerebral palsy (CP) og vegna rannsóknarinnar „Athugun á hvernig eftirliti með stöðu mjaðma barna með CP er háttað í Reykjavík og nágrenni.“

2003/583 – Tryggvi Björn Stefánsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Krabbamein í enda-

þarmi á LSH 1995–2003.“ Um var að ræða rannsóknarverkefni Kristínar Ólínu Kristjánsdóttur læknanema.

2004/121 – Tryggvi Björn Stefánsson fékk leyfi til að samkeyra upplýsingar úr Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands við upplýsingar sem skráðar eru í rannsókn á krabbameini í endaþarmi á árunum 1995–2003 (sjá 2003/538).

2004/674 – Urður, Verðandi, Skuld ehf. fékk leyfi til flutnings persónuupplýsinga, n.t.t. lífsýna, úr landi vegna „Íslenska krabbameinsverkefnisins, áfanga I: Blöðruhálskirtilskrabbamein – sameindaerfðafræðileg athugun.“

2004/222 – Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir fékk leyfi til flutnings persónuupplýsinga um 30 einstaklinga til Bandaríkjanna vegna rannsóknarinnar „Heildrænt mat á líðan sjúklinga í líknarmeðferð“, en öflun upplýsinga úr sjúkraskráum vegna þeirrar rannsóknar byggist á leyfi Persónuverndar, dags. 18. febrúar 2003 (2002/589).

2004/385 – Valur Helgi Kristinsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Blóðþynningareftirlit á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga“.

2004/224 – Valur Þór Marteinsson yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Skurðaðgerðir við þvagleka með spennufríu skeiðarbandi (Tensions-free Vaginal Tape aðgerðir)“.

2004/225 – Valur Þór Marteinsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Enduraðgerðir á neðri þvagfærum sökum ótíla eftir fyrri þvaglekaaðgerðir“.

2004/223 – Valur Þór Marteinsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Illkynja æxli eftir þvagvegaþekju á handlækningadeild FSA 1978–2001“.

2004/635 – Victor J. Ojeda yfirlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Appendix vermifone: size and pathological findings in 100 consecutive cases from Akureyri Iceland.“

2003/504 – Vilhjálmur Rafnsson prófessor, Hrafn Tulinius prófessor og Jón Hrafnkelsson læknir fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Nýgengi krabbameina flugliða“.

2004/246 – Vilhjálmur Rafnsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Veldur lindan krabbameini?“

2004/586 – Þorvaldur Jónsson skurðlæknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Krabbalíkisæxli (carcinoid tumors) á Íslandi 1985–1994“.

2004/585 – Þorvaldur Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Skjaldkirtilaðgerðir á Landspítala 2000-2004“.

2004/58 – Þorvaldur Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Skurðaðgerðir við kalkvakaóhófi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi 1990–2003. Gildi staðsetningarrannsókna.“ Fram kom að um var að ræða rannsóknarverkefni læknanemans Ernu Halldórsdóttur.

2004/347 – Þorvaldur Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Frumumeinafræði við greiningu brjóstakrabbameins“.

2004/343 – Þorvaldur Jónsson, f.h. Íslenska krabbameinshópsins, og Þórunn Rafnar líffræðingur, f.h. Urðar, Verðandi, Skuldar ehf., fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Forspárþættir Tamoxífensvör-
unar hjá brjóstakrabbameinssjúklingum.“

2004/646 – Þorvaldur Jónsson og Þórunn Rafnar líffræðingur hjá Urði, Verðandi, Skuld ehf. fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Genabreytingar sem áhrifaþættir í svörun við Tamoxífeni“.

2004/645 – Þorvaldur Jónsson og Þórunn Rafnar fengu leyfi vegna rannsóknarinnar „Gen sem spá fyrir um endurkomu (relapse) ristilkrabbameins“.

2004/10 – Þóra Steffensen réttarmeinafræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Notkun ónæm-
islitunarinnar Complement C9 til snemmgreiningar hjartavöðvadreps og notkun þeirrar litunar í réttarkrúfningum.“

2004/526 – Þórður Herbert Eiríksson sérfræðingur fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Skurðaðgerðir vegna opa í gáttaskilum á Barnaspítala Hringins 1997–2004“.

2004/591 – Þórður Sigmundsson yfirlæknir fékk leyfi vegna „Rannsóknar á öryggi og verkun SEP-
226330 í einstaklingum með fótaóeirð“.

2003/570 – Þórður Þórkelsson læknir fékk leyfi vegna rannsóknarinnar: „Hátiðni-öndunarvélameð-
ferð hjá nýburum“.

2004/629 – Þórður Þórkelsson fékk leyfi vegna rannsóknarinnar „Áhættuþættir fyrir alvarlegum og langvinnandi lungnasjúkdómi hjá fyrirburum“.



3. Öryggisathuganir og úttektarverkefni

3.1. Greinargerð um úttektarverkefni stofnunarinnar

Eitt af helstu verkefnum Persónuverndar starfsárið 2004 var að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. pul., en það felst einkum í úttektum á því að hvaða marki einstakir ábyrgðaraðilar vinna í samræmi við ákvæði settra laga og reglna, þ. á m. hvernig öryggi persónuupplýsinga er tryggt. Mörgum úttektum, sem hófust á árunum 2002 og 2003, auk nokkurra, sem hófust á árinu 2004, lauk á því ári og má þar einkum nefna úttektir hjá lífsýnasafni Urðar, Verðandi, Skuldar ehf. (sjá kafla 3.2.1.1), lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (sjá kafla 3.2.1.2), lífsýnasafni Hjartaverndar (sjá kafla 3.2.1.3), Umferðarstofu (sjá kafla 3.2.2), Securitas (sjá kafla 3.2.3.1), Actavis (sjá kafla 3.2.3.2) og Tollstjóranum í Reykjavík (sjá kafla 3.2.3.3). Úttektirnar hjá þremur síðastnefndu aðilunum voru þáttur í samnorrænu verkefni þar sem kannað var hvernig háttað væri meðferð persónuupplýsinga um umsækjendur um störf. Lutu þær einkum að lögmæti vinnslu persónuupplýsinga. Hinar úttektirnar lutu hins vegar einkum að upplýsingaöryggi. Niðurstöður tveggja slíkra úttekta, sem lokið var árið 2003, þ.e. hjá Lyfju hf. og Lyfjum og heilsu hf., voru endurskoðaðar að hluta að framkominni rökstuddri beiðni þar að lútandi (sjá kafla 3.2.4).

Í þeim úttektum, sem lutu að upplýsingaöryggi, var fengin aðstoð sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Kostnaður vegna vinnu þeirra var eftir atvikum innheimtur hjá ábyrgðaraðilum, en eðli málsins samkvæmt er slíkur kostnaður mismikill þar sem hann er jafnan í réttu hlutfalli við umfang vinnslunnar og eðli þeirra upplýsinga sem unnið er með, sbr. að skv. 2. mgr. 11. gr. pul. skal beita ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Í stuttu máli sagt eru úttektir framkvæmdar þannig að ábyrgðaraðili, sem stefnt er að gerð úttektar hjá, er beiðinn um að senda Persónuvernd gögn um þá vinnslu sem hann hefur með höndum. Á grundvelli þeirra gagna og vettvangsskoðunar til að sanna efni þeirra er síðan komist að niðurstöðu um hvort og að hve miklu leyti unnið er í samræmi við lög og reglur.

Sé um að ræða öryggisúttekt er þetta ferli nokkru flóknara en þegar eingöngu er verið að kanna lögmæti vinnslu. Þá er í upphafi óskað skriflegra gagna um fyrirkomulag öryggismála. Því næst er tekin afstaða til þess hvort leita eigi aðstoðar sjálfstætt starfandi sérfræðings og nýtur úttektarþoli andmælaréttar við ákvörðun þar að lútandi, sem og um kostnaðaráætlun sem sérfræðingurinn leggur fram. Að vali á honum loknum aðstoðar hann Persónuvernd við þá frekari gagnaöflun sem kann að vera þörf. Að gagnaöflun lokinni og rýni á þeim, auk þeirra viðbótargagna, sem Persónuvernd kann að kalla eftir, er síðan farið í vettvangsskoðun, sem fyrr segir. Síðan er unnin skýrsla um niðurstöðu athugunarinnar og að því búnu er tekin stjórnvaldsákvörðun þar sem, eftir atvikum, er mælt fyrir um tilteknar ráðstafanir sem ábyrgðaraðili á að gripa til svo að lögmæti og öryggi vinnslu persónuupplýsinga verði tryggt. Eftir að stjórnvaldsákvörðun hefur verið tekin kann loks, eftir tiltekinn tíma, að vera talin þörf á að kanna hvort eftir fyrirmælunum hafi verið farið. Þessi verkferill er í anda

staðalsins ÍST BS 7799 um stjórnun upplýsingaöryggis og reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Til þessa hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar eftir atvikum takmarkast við einstaka þætti starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sömu grein. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

Á síðasta ári voru boðaðar úttektir hjá eftirtöldum aðilum: Tollstjóranum í Reykjavík, Securitas og Actavis (en þeim úttektum lauk á árinu eins og að framan greinir); Neyðarlinunni; Tryggingastofnun ríkisins; Fangelsismálastofnun; Læknasetrinu ehf., Læknasetrinu Mjódd, Læknastöðinni ehf., Læknastöðinni Uppsólum og Stoðkerfi ehf.; STRÁ MRI; og OgVodafone og Landsíma Íslands hf.

3.2. Nánar um einstök úttektarmál¹

3.2.1. Úttektir á öryggi persónuupplýsinga hjá lífsýnasöfnum

3.2.1.1. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 26. maí 2004, var Íslenskri erfðagreiningu ehf. kynnt niðurstaða í máli nr. 2002/357. Í bréfinu segir:

I.

Boðun úttektar og bréfaskipti

Með bréfi Persónuverndar til Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE), dags. 15. ágúst 2002, var, með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, boðuð úttekt á öryggiskerfi lífsýnasafns fyrirtækisins. Eins og greint var frá í bréfinu er úttektin liður í heildstæðri athugun Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga hjá flestum lífsýnasöfnum á landinu.

Í framangreindu bréfi óskaði Persónuvernd eftir því að ÍE legði fram skrifleg gögn um öryggiskerfi safnsins, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, þ.e. *öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum*. Hófst nokkur undirbúningsvinna en af ýmsum ástæðum urðu tafir á framkvæmd úttektarinnar þar til Persónuvernd barst, þann 18. febrúar 2003, bréf frá ÍE þar sem m.a. kom fram að fyrirtækið ynni að gerð umræddra gagna og lyki henni innan skamms. Var úttektinni þá framhaldið, sbr. bréf Persónuverndar til ÍE dags. 21. febrúar 2003.

Þann 19. nóvember 2003 bárust Persónuvernd umbeðin gögn, þ.e. „Öryggishandbók Íslensks lífsýnasafns“ dags. 18. nóvember 2003. Með henni fylgdu tvö bréf dagsett sama dag. Þar var annars vegar tilkynnt um skipun í stjórn safnsins og hins vegar um að fyrirsvarsaðili safnsins gagnvart Persónuvernd væri Kristleifur Kristjánsson framkvæmdastjóri þess.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 9. desember 2003, voru framkvæmdastjóra safnsins kynntar hugmyndir stofnunarinnar um framvindu úttektarinnar og þátttöku fyrirtækisins í kostnaði vegna hennar, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Í svarbréfi hans, dags. 16. janúar 2004, var m.a. staðfest að fyrirtækið gerði ekki athugasemdir við fyrirhugað fyrirkomulag á framvindu úttektarinnar, en þó með tilteknum fyrirvara varðandi kostnað. Persónuvernd gerði ekki athugasemd við þann fyrirvara.

¹ Gerðar hafa verið leiðréttingar á stafavillum og öðru þess háttar í þeim úrlausnum sem hér birtast. Þá eru sums staðar úrfellingar rúmsins vegna.

II.

Aðkoma sérfræðings að úttektinni og skýrsla hans um niðurstöðu vettvangsathugunar

1.

Þann 21. janúar 2004 gerði Persónuvernd samning við Hörð H. Helgason, sérfræðing í öryggi persónuupplýsinga hjá Dómbæ ehf., um að gera vettvangsathugun á starfsstöð lífsýnasafnsins og skila Persónuvernd skýrslu um niðurstöðu hennar. Er hann bundinn trúnaðar- og þagnarskyldu um það sem hann varð áskynja um í störfum sínum fyrir Persónuvernd, sbr. sérstakt ákvæði þess efnis í samningnum.

Samkvæmt samningnum skyldi Hörður semja gátlista fyrir vettvangsathugun, byggðan á lýsingu ábyrgðaraðila lífsýnasafnsins á þeim öryggisráðstöfunum sem þar er beitt er til að gæta öryggis persónuupplýsinga. Því næst skyldi hann framkvæma vettvangsathugun og að því loknu skila loka-skýrslu um hana og yfirliti yfir hvaða öryggisráðstafanir af þeim sem kannaðar hefðu verið í vettvangsathugun reyndust sem skyldi og eftir atvikum hverjar ekki.

2.

Vettvangsathugun Harðar H. Helgasonar fór fram þann 28. janúar 2004. Greinir hann frá niðurstöðum sínum í skýrslu dags. 17. febrúar 2004. Í kafla skýrslunnar, sem ber yfirskriftina „Ákvarðanir um öryggismál“, er almennt fjallað um þau skriflegu gögn um öryggi persónuupplýsinga sem ábyrgðaraðili safnsins lagði fram. Þar segir m.a.:

[...]

3.

Uppbygging skýrslunnar er miðuð við þá flokkun öryggisráðstafana sem byggt er á í reglum nr. 918/2001, um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum. Ekki eru talin vera efni til þess að fjalla sérstaklega um þær öryggisráðstafanir sem við prófun reyndust vera í samræmi við lýsingu í öryggishandbók. Hins vegar verður farið yfir þær öryggisráðstafanir sem reyndust ekki vera viðhafðar eða voru með öðrum hætti en greinir í öryggishandbók.

[...]

III.

Athugasemdir málsaðila við skýrslu sérfræðings

Með bréfi Persónuverndar, dags. 28. febrúar 2004, var framkvæmdastjóra lífsýnasafns ÍE send skýrsla sérfræðingsins og honum boðið að gera athugasemdir við hana. Athugasemdir bárust Persónuvernd með bréfi, dags 30. mars 2004. Verður nú gerð grein fyrir athugasemdunum í sömu röð og öryggisráðstafanirnar voru taldar upp hér að framan.

[...]

IV.

Niðurstæða

1.

Lög nr. 77/2000 fjalla um *vinnslu persónuupplýsinga*. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er með *persónuupplýsingum* átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Eru *lífsýni* því talin til persónuupplýsinga nema þau séu varðveitt án auðkenna sem rekja megí til tiltekinna einstaklinga og séu eðli sínu samkvæmt ekki þannig að þau beri með sér persónuauðkenni, s.s. DNA. Lífsýni sem bera hins vegar með sér erfðaefni (DNA) teljast til persónuupplýsinga, þótt þau beri ekki með sér auðkenni, s.s. nafn eða númer, enda geta þau eðli sínu samkvæmt ekki talist ópersónugreinanleg séu til staðar samanburðargögn sem gera unnt að rekja sýnin til tiltekinna einstaklinga.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er með *vinnslu* átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn. Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Af því leiðir að starfsemi lífsýnasafns sem felst í söfnun lífsýna, vörslu, meðferð, nýtingu og vistun þeirra telst til vinnslu persónuupplýsinga í þessum skilningi. Fellur mál þetta því undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með undir ákvörðunarvald Persónuverndar.

2.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stöð í einhverju af skilyrðum 8. og/eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stöð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stöð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Heilsufarsupplýsingar, þ. á m. um erfðaeiginleika og annað sem lífsýni bera með sér, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Við mat á því hvort sú vinnsla sem fram fer hjá lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf. uppfylli skilyrði framangreindra ákvæða og sé þar með lögmæt verður að líta til þess að um starfsemi lífsýnasafna fer samkvæmt lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Gildissvið þeirra er skilgreint í 2. gr. Þar kemur fram að löggin gilda um söfnun lífsýna, vörslu, meðferð, nýtingu og vistun þeirra í lífsýnasöfnum. Þau gilda ekki um tímabundna vörslu lífsýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna, meðferðar eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur. Í 2. tl. 9. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er heimil standi sérstök heimild til hennar samkvæmt öðrum lögum. Að því virtu að starfsemi umrædds lífsýnasafns byggir á lögum nr. 110/2000 og hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra, dags. 28. desember 2001, telst vinnslan falla undir skilyrði framangreinds tölulíðar og vera lögmæt. Hafa ber í huga að einstök ákvæði lífsýnalaga takmarka heimildir lífsýnasafna til vinnslu persónuupplýsinga sem ella kynni að vera heimil samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000. Hins vegar varðar úttekt Persónuverndar nú aðeins þá vinnslu sem fellur undir gildissvið laga nr. 110/2000, s.s. hvort fullnægt sé kröfum þeirra um öryggisráðstafanir, en ekki aðra vinnslu á vegum ÍE, þ. á m. vegna afmarkaðra vísindarannsókna. Að því er varðar mat á því hvort vinnslan uppfylli skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 má einkum líta til 1. tl. um samþykki hins skráða, en fyrir liggur að þeirra lífsýna sem varðveitt eru í safninu hefur verið aflað á grundvelli upplýsts samþykkis.

3.

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr. 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001.

Í 11. gr. er fjallað um *öryggisráðstafanir* o.fl. Skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að *áhættumat* og öryggisráðstafanir séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, sbr. 4. mgr. Þá skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr.

Samkvæmt 12. gr. skal ábyrgðaraðili viðhafa *innra eftirlit* með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Samkvæmt 13. gr. skal hann og gera *skriflegan samning* við vinnsluaðila þar sem fram komi m.a.

að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli hans og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr.

Auk ofangreindra ákvæða laga nr. 77/2000 verður að líta til sérákvæða í lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn. Samkvæmt 8. tl. 5. gr. þeirra er það gert að skilyrði fyrir veitingu leyfis til reksturs lífsýnasafns „að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur sem Persónuvernd setur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum“. Með stöð í þessu ákvæði hefur Persónuvernd sett reglur nr. 918/2001, um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum. Við framkvæmd úttektarinnar var sérstaklega tekið mið af kröfum umræddra reglna, enda mynda þær sérstakan réttargrundvöll fyrir öryggisúttektir á lífsýnasöfnum.

4.

Með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, hefur Persónuvernd, með aðstoð sérfræðings, látið framkvæma athugun á því hvort uppfyllt séu fyrirmæli framangreindra laga og reglna, þ.e. að því er varðar örugga meðferð persónuupplýsinga hjá lífsýnasafni ÍE ehf.

Eins og fyrr greinir fór úttektin fram á grundvelli skriflegra gagna, öryggishandbókar, sem ÍE lagði fram. Í skýrslu sem sérfræðingur vann fyrir Persónuvernd kemur fram að þótt þær ákvarðanir, sem liggja til grundvallar ákvörðunum um öryggismál hjá safninu, virðist að mestu vera skjalfestar vanti nokkuð upp á að það sé gert með nægilega skýrum og skipulagsbundnum hætti. Er í því sambandi m.a. vísað til þess að nokkuð skorti á tilvísanir til annarra skjala, svo sem verklagsreglna. Persónuvernd fellst á þessi sjónarmið sérfræðingsins og telur mikilvægt, þegar farin er sú leið við gerð öryggishandbókar að vísa til efnisatriða í öðrum gögnum, s.s. til ákveðinna verklagsreglna, að tilvísanir séu bæði skýrar og tæmandi.

Þegar hins vegar er lítið til útkomu þeirra prófana sem gerðar voru á einstökum öryggisráðstöfunum safnsins, eins og þeim er lýst í gögnum málsins, telur Persónuvernd öryggiskerfi þess vera í ágætu ástandi. Þá ber að hafa í huga að sumar af þeim öryggisráðstöfunum sem ekki stóðust próf, að mati sérfræðingsins, má fremur telja til æskilegra aðgerða heldur en til nauðsynlegra öryggisráðstafana skv. reglum nr. 918/2001. Loks ber að líta til þess álits sérfræðingsins að ekki sé þörf brýnna úrbóta varðandi þær öryggisráðstafanir sem ekki reyndust vera í samræmi við lýsingar í framlögðum gögnum.

Að framangreindu virtu og með tilliti til þess að ábyrgðaraðili safnsins hefur lýst því yfir í bréfi dags. 30. mars. 2004 að hann hafi þegar bætt úr umræddum annmörkum, eða hyggist gera það innan skamms, telur Persónuvernd ekki vera efni til þess að beina sérstökum fyrirmælum til lífsýnasafns ÍE um úrbætur. Þá gerir Persónuvernd ekki athugasemd við þá fyrirlætlun safnsins að fella brott kröfu öryggishandbókarinnar um að kveðið skuli á um öryggishlutverk verktaka í verklýsingum þeirra, enda sé þá tryggilega eftir því gengið að þeir undirriti sérstaka trúnaðaryfirlýsingu vegna verkfna sinna.

Samkvæmt framangreindu er því niðurstaða Persónuverndar sú að öryggiskerfi lífsýnasafns Íslenskrar erfðagreiningar ehf. hafi staðist þá prófun sem fram fór með úttekt stofnunarinnar á því.

3.2.1.2. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Urðar, Verðandi, Skuldar ehf.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 26. maí 2004, var Urði, Verðandi, Skuldar ehf. kynnt niðurstaða í máli nr. 2002/330. Í bréfinu segir:

I.

Boðun úttektar og bréfaskipti

Með bréfi Persónuverndar til Urðar Verðandi Skuldar ehf. (UVS), dags. 30. júlí 2002, var, með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, boðuð úttekt á öryggiskerfi lífsýnasafns fyrirtækisins. Eins og greint var frá í bréfinu er úttektin liður í

heildstæðri athugun Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga hjá flestum lífsýnasöfnum á landinu.

Í framangreindu bréfi óskaði Persónuvernd eftir því að lífsýnasafn UVS legði fram skrifleg gögn um öryggiskerfi safnsins, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, þ.e. *öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum*.

Þann 28. október 2002 bárust Persónuvernd umbeðin gögn, þ.e. „Öryggishandbók UVS“, auk útprentunar á áhættumati fyrir lykileignir fyrirtækisins, dags. 25. október s.á.

Með bréfi Persónuverndar, dags 16. desember 2002, voru UVS kynntar hugmyndir stofnunarinnar um framhald úttektarinnar. Þá var gerð grein fyrir áætluðum kostnaði fyrirtækisins vegna hennar, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. UVS gerði engar athugasemdir við framkvæmd úttektarinnar en gerði athugasemdir varðandi kostnaðarþáttinn, síðast með tilteknum fyrirvara í bréfi 14. nóvember 2003. Persónuvernd gerði ekki athugasemd við þann fyrirvara.

II.

Aðkoma sérfræðings að úttektinni og skýrsla hans um niðurstöðu vettvangsathugunar

1.

Þann 6. febrúar 2004 gerði Persónuvernd samning við Dómbæ ehf., um framkvæmd vettvangsathugunar á starfsstöð lífsýnasafns UVS og að Persónuvernd yrði afhent skýrsla um niðurstöðu hennar. Eru sérfræðingar félagsins sem unnu samkvæmt samningnum bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um það sem þeir urðu áskynja um í störfum sínum fyrir Persónuvernd, sbr. ákvæði samnings og skriflegar yfirlýsingar þar að lútandi.

Samkvæmt samningnum skyldi Dómbær ehf. semja gátlista fyrir vettvangsathugun, byggðan á lýsingu ábyrgðaraðila lífsýnasafnsins á þeim öryggisráðstöfunum sem þar er beitt til að gæta öryggis persónuupplýsinga. Því næst skyldi framkvæma vettvangsathugun á grundvelli gátlistans á starfsstöð lífsýnasafns UVS. Að vettvangsathugun lokinni skyldi skila Persónuvernd lokaskýrslu um niðurstöður hennar, þar sem kæmi fram hvaða öryggisráðstafanir af þeim sem kannaðar hefðu verið reyndust sem skyldi og eftir atvikum hverjar ekki.

2.

Vettvangsathugun fór fram þann 24. febrúar 2004. Greinir höfundur skýrslunnar, Ingunn Ingimarsdóttir, sérfr., frá niðurstöðum sínum í skýrslu dags. 26. febrúar 2004. Í kafla skýrslunnar sem ber yfirskriftina „Ákvarðanir um öryggismál“, er almennt fjallað um þau skriflegu gögn um öryggi persónuupplýsinga sem ábyrgðaraðili safnsins lagði fram. Þar segir m.a.:

[...]

Í lokakafla skýrslunnar er lagt heildstætt mat á niðurstöður þeirra prófana sem gerðar voru á öryggisráðstöfunum og þær dregnar saman með svofelldum hætti:

[...]

3.

Uppbygging skýrslunnar er miðuð við þá flokkun öryggisráðstafana sem byggt er á í reglum nr. 918/2001, um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum. Ekki eru talin vera efni til þess að fjalla sérstaklega um þær öryggisráðstafanir sem við prófun reyndust vera í samræmi við lýsingu í öryggishandbók. Hins vegar verður farið yfir þær öryggisráðstafanir sem reyndust ekki vera viðhafðar eða voru með öðrum hætti en greinir í öryggishandbók.

[...]

III.

Athugasemdir málsaðila við skýrslu sérfræðings

Með bréfi Persónuverndar, dags. 28. febrúar 2004, var UVS send skýrsla sérfræðingsins og fyrirtækinu boðið að gera athugasemdir við hana. Athugasemdir bárust Persónuvernd með bréfi, dags. 19. mars 2004. Verður nú gerð grein fyrir athugasemdunum í þeirri röð sem öryggisráðstafanirnar voru taldar upp hér að framan.

[...]

IV.

Niðurstaða

1.

[Samhljóða 1. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari.]

2.

[Samhljóða 2. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari.]

3.

[Samhljóða 3. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari. Fram kemur að starfsemi lífsýnasafns UVS byggist á leyfi heilbrigðisráðherra, dags. 26. september 2002.]

4.

Með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, hefur Persónuvernd, með aðstoð sérfræðings, látið framkvæma athugun á því hvort uppfyllt séu fyrirmæli framangreindra laga og reglna, þ.e. að því er varðar örugga meðferð persónuupplýsinga hjá lífsýnasafni UVS.

Eins og fyrr greinir fór úttektin fram á grundvelli skriflegra gagna, öryggishandbókar, sem UVS lagði fram. Í skýrslu sem sérfræðingur á vegum Persónuverndar vann fyrir stofnunina kemur fram að þær ákvarðanir, sem liggja til grundvallar ákvörðunum um öryggismál hjá lífsýnasafni UVS, virðast að mestu leyti vera skjalfestar með ágætlega skýrum og skipulagsbundnum hætti. Persónuvernd getur tekið undir skoðun sérfræðingsins hvað þetta varðar og gerir því ekki athugasemdir varðandi þau gögn sem lögð voru fram af hálfu lífsýnasafns UVS og lágu til grundvallar úttektinni.

Þegar litið er til útkomu þeirra prófana sem gerðar voru á einstökum öryggisráðstöfunum lífsýnasafns UVS, eins og þeim er lýst í öryggishandbók, telur Persónuvernd hins vegar að öryggiskerfi safnsins sé í ágætu ástandi. Við mat á þessu ber að hafa í huga að sumar af þeim öryggisráðstöfunum sem ekki stóðust próf, að mati sérfræðingsins, má fremur telja til æskilegra aðgerða heldur en til nauðsynlegra öryggisráðstafana skv. reglum nr. 918/2001. Loks ber að líta til þess álits sérfræðingsins að ekki sé þörf brynna úrbóta varðandi þær öryggisráðstafanir sem ekki reyndust vera í samræmi við lýsingar í framlögðum gögnum.

Eins og fram kemur í athugasemdum UVS við skýrslu sérfræðingsins, sbr. bréf dags. 19. mars 2004 og gögn sem bréfinu fylgdu, hefur fyrirtækið þegar bætt úr þeim annmörkum sem komu í ljós við vettvangsathugun sérfræðingsins. Hefur öryggishandbók UVS verið endurskoðuð með tilliti til þessara úrbóta í þeim tilgangi að gera umræddar öryggisráðstafanir skýrari. Þó hefur sú öryggisráðstöfun handbókarinnar sem lýtur að prófun díselrafstöðvarinnar verið færð til samræmis við þær verklagsreglur sem við vettvangsskoðun kom í ljós að unnið var eftir. Gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við endurskoðun öryggishandbókarinnar að þessu leyti. Að þessu virtu beinir Persónu-

vernd ekki sérstökum fyrirmælum til lífsýnasafns UVS um úrbætur varðandi þær öryggisráðstafanir sem ekki stóðust próf samkvæmt mati sérfræðingsins.

Með tilliti til framangreinds er því niðurstaða Persónuverndar sú að öryggiskerfi lífsýnasafns UVS hafi staðist þá prófun sem fram fór með úttekt stofnunarinnar á því.

3.2.1.3. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga í lífsýnasafni Hjartaverndar

Með bréfi Persónuverndar, dags. 16. júlí 2004, var Hjartavernd kynnt niðurstaða í máli nr. 2002/329. Í bréfinu segir:

I.

Boðun úttektar og bréfaskipti

Með bréfi Persónuverndar til Hjartaverndar, dags. 30. júlí 2002, var, með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, boðuð úttekt á öryggiskerfi lífsýnasafns samtakanna. Eins og greint var frá í bréfinu er úttektin liður í heildstæðri athugun Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga hjá flestum lífsýnasöfnum á landinu.

Í framangreindu bréfi óskaði Persónuvernd eftir því að Hjartavernd legði fram skrifleg gögn um öryggiskerfi lífsýnasafnsins, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, þ.e. *öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum*.

Nokkuð dróst að Persónuvernd bærust umbeðin gögn, þar sem Hjartavernd fór fram á það við Persónuvernd að fá frest til þess að afhenda gögnin, fyrst með bréfi, dags. 4. september 2002, og síðan aftur með bréfi, dags. 27. nóvember 2002. Þann 17. janúar 2003 bárust Persónuvernd umbeðin gögn frá Hjartavernd, þ.e. „Handbók um öryggi gagna“, dags. 15. s.m.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 13. desember 2002, voru Hjartavernd kynntar hugmyndir stofnunarinnar um framhald úttektarinnar. Þá var gerð grein fyrir áætluðum kostnaði samtakanna vegna hennar, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Með bréfi Hjartaverndar, dags. 15. janúar, voru hins vegar gerðar athugasemdir við fjárhæð kostnaðaráætlunarinnar. Af þessu tilefni og vegna anna Persónuverndar við framkvæmd úttekta á öryggi persónuupplýsinga hjá öðrum ábyrgðaraðilum var ákveðið að slá úttektinni á frest um óákveðinn tíma, sbr. bréf þess efnis til Hjartaverndar dags. 14. febrúar 2003. Var þess jafnframt getið í bréfinu að Hjartavernd yrði tilkynnt um framhald úttektarinnar með hæfilegum fyrirvara.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 21. október 2003, var Hjartavernd tilkynnt um þá ákvörðun Persónuverndar að halda úttektinni áfram. Bréfinu fylgdi jafnframt endurskoðuð kostnaðaráætlun sem Hjartavernd var gefið færi á að gera athugasemdir við. Þann 11. desember 2003 féllst Hjartavernd á umrædda kostnaðaráætlun með tilteknum fyrirvara, sbr. bréf samtakanna þess efnis dagsett sama dag. Gerði Persónuvernd fyrir sitt leyti ekki athugasemd við þann fyrirvara.

II.

Aðkoma sérfræðings að úttektinni og skýrsla hans um niðurstöðu vettvangsathugunar

1.

Þann 9. janúar 2004 gerði Persónuvernd samning við verkfræði- og tölvuþjónustufyrirtækið Stika um framkvæmd vettvangsathugunar á starfsstöð lífsýnasafns Hjartaverndar og um að Persónuvernd yrði afhent skýrsla um niðurstöðu hennar. Eru sérfræðingar félagsins sem unnu samkvæmt samningnum bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um það sem þeir urðu áskynja um í störfum sínum fyrir Persónuvernd, sbr. ákvæði samnings og skriflegar yfirlýsingar þar að lútandi.

Samkvæmt samningnum skyldi sérfræðingur á vegum Stika, þ.e. Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur, fara yfir gögn frá Hjartavernd, s.s. öryggisstefnu, áhættumat og verklýsingar af ýmsu tagi. Því næst skyldi hún heimsækja þá staði þar sem vinnsla samtakanna á persónuupplýsingum færi fram og staðfesta að verklag væri með þeim hætti sem lýst væri í framlögðum gögnum. Að þessu

loknu skyldi hún skila Persónuvernd lokaskýrslu um niðurstöður vettvangsskoðunarinnar, þar sem fram kæmi álit hennar á því hvort vinnsla Hjartaverndar fullnægði kröfum öryggisreglna Persónuverndar nr. 299/2001.

2.

Við framkvæmd úttektar á starfsstöð Hjartaverndar í febrúarmánuði voru haldnir tveir fundir með forsvarsmönnum samtakanna auk þess sem vettvangsskoðun fór fram. Greint er frá niðurstöðum þessarar skoðunar í skýrslu Svönu Helenar Björnsdóttur frá mars 2004. Í niðurstöðukafla skýrslunnar er lagt mat á þau skriflegu gögn um öryggi persónuupplýsinga sem lögð voru fram af hálfu ábyrgðaraðila safnsins og liggja til grundvallar úttektinni, þ.e. öryggisstefna og áhættumat Hjartaverndar.

[...]

Þá er lagt heildstætt mat á það hvort öryggikerfi lífsýnasafns Hjartaverndar, þ.m.t. öryggishandbók þess, fullnægi kröfum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk reglna nr. 299/2001 sem settar hafa verið með stöð í lögunum. Um þetta segir í skýrslunni:

[...]

3.

Varðandi umfjöllun um einstaka efnisþætti í öryggikerfinu er í skýrslunni fylgt efnisröðun öryggisstaðalsins ÍST ISO 17799:2000, en í kafla hennar um skipulag öryggismála er jafnframt tekið mið af reglum Persónuverndar nr. 918/2001, um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum. Ekki eru talin vera efni til þess að fjalla sérstaklega um þær öryggisráðstafanir sem við skoðun reyndust vera, að mati skýrsluhöfundar, í samræmi við kröfur öryggisreglna Persónuverndar nr. 299/2001 og fyrrgreindar reglur nr. 918/2001. Hins vegar verður farið yfir þau atriði í öryggikerfi Hjartaverndar sem skýrsluhöfundur taldi gefa tilefni til athugasemda í ljósi nefndra reglna.

[...]

III.

Athugasemdir málsaðila við skýrslu sérfræðings

Með bréfi Persónuverndar, dags. 2. apríl 2004, var Hjartavernd send skýrsla sérfræðingsins og samtökunum boðið að gera athugasemdir við hana. Athugasemdir Hjartaverndar bárust Persónuvernd með bréfi, dags. 28. maí 2004, og voru þær svohljóðandi:

[...]

Í tilefni af athugasemdum í skýrslu sérfræðingsins varðandi starfsmenn og öryggi, þ.e. að ekki hafi komið fram hvort starfslýsingar væru til fyrir alla starfsmenn eða hvort sérstaklega væri getið um ábyrgð á upplýsingaöryggi í þeim, þótti Persónuvernd rétt að leita eftir skýringum Hjartaverndar á þessu tiltekna atriði, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 2. júlí 2004. Svar Hjartaverndar barst Persónuvernd með bréfi, dags. 15. júlí sl., en í því segir m.a. eftirfarandi:

[...]

IV.

Niðurstæða

1.

[Samhljóða 1. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari.]

2.

[Samhljóða 2. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari.]

3.

[Samhljóða 3. lið IV. kafla í niðurstöðu úttektar á lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. kafla 3.2.1.1 í ársskýrslu þessari. Fram kemur að starfsemi lífsýnasafns Hjartaverndar byggist á leyfi heilbrigðisráðherra, dags. 4. febrúar 2004.]

4.

Með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, hefur Persónuvernd, með aðstoð sérfræðings, látið framkvæma athugun á því hvort uppfyllt séu fyrirmæli framangreindra laga og reglna, þ.e. að því er varðar örugga meðferð persónuupplýsinga hjá lífsýnasafni Hjartaverndar. Hefur Persónuvernd komist að eftirfarandi niðurstöðu varðandi öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasafni Hjartaverndar.

4.1.

Skrifleg gögn um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasafni Hjartaverndar

Eins og fyrr greinir fór úttektin fram á grundvelli skriflegra gagna sem Hjartavernd lagði fram, þ.e. fyrst og fremst öryggishandbók samtakanna sem hefur að geyma bæði öryggisstefnu og áhættumat. Er það mat sérfræðingsins að umrædd gögn séu að flestu leyti fullnægjandi, sbr. þó eftirfarandi atugasemdir hans.

Varðandi *öryggisstefnu* Hjartaverndar er fundið að því að markmið hennar megi vera skýrari, auk þess sem hún hafi ekki verið formlega staðfest með dagsetningu og undirritun stjórnenda.

Í 1. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001 segir eftirfarandi: „Ábyrgðaraðili setur sér skriflega *öryggisstefnu*. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu æðsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við mótun *öryggisstefnu* skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.“ Eins og ráða má af orðalagi ákvæðisins er öryggisstefna ábyrgðaraðila eins konar markmiðsyfirlýsing hans varðandi þær kröfur sem hann gerir til sinnar eigin vinnslu. Gert er ráð fyrir því að kröfur um öryggi persónuupplýsinganna taki mið af þeim þáttum sem ábyrgðaraðili telur einkenna vinnsluna, s.s. hvort það sé aðgengi-leiki, áreiðanleiki eða öryggi viðkomandi persónuupplýsinga sem varði mestu. Persónuvernd tekur undir þá skoðun sérfræðingsins að markmið öryggisstefnunnar mættu vera skýrari í ljósi þessa. Þar sem öryggisstefna lýsir afstöðu æðstu stjórnenda ábyrgðaraðila til öryggismála og skuldbindingu þeirra við hana telur Persónuvernd mikilvægt að hún hljóti formlega staðfestingu með dagsetningu og undirritun stjórnenda Hjartaverndar.

Þá er gerð atugasemd varðandi *áhættumatið* þess efnis að ekki komi fram hvort stjórnendur Hjartaverndar hafi samþykkt hvað sé ásættanleg áhætta fyrir hverja eign.

Í 2. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001 er að finna reglur fyrir ábyrgðaraðila persónuupplýsinga um hvernig skuli standa að gerð áhættumats. Fjallað er um lýsingu á öryggisráðstöfunum í 3. tl. ákvæðisins en þar segir: „Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna.“ Er eðlilegt að lýsing á ásættanlegri áhættu sé hluti af sjálfu áhættumatinu. Telja verður að ekki fáiast að fullu raunsönn mynd af alvarleika þeirrar hættu sem steðja kann að persónuupplýsingum, nema jafnframt komi fram hver afstaða ábyrgðaraðilans sé til þess hvort hún sé ásættanleg eður ei. Má því fallast á þá skoðun sérfræðingsins að áhættumatinu sé ábótavant að þessu leyti.

Telur Persónuvernd rétt að við næstu endurskoðun öryggishandbókar verði umrædd skjöl, þ.e. öryggisstefna og áhættumat Hjartaverndar, lagfærð til samræmis við framangreind sjónarmið Per-

sónuverndar. Hins vegar telur Persónuvernd að fyrrnefndir annmarkar gefi ekki tilefni til sérstakra fyriræla stofnunarinnar um úrbætur þar að lútandi, einkum í ljósi þess hversu öryggishandbókin er að öðru leyti góð.

4.2.

Flokkun eigna og stýring þeirra

Samkvæmt skýrslu sérfræðingsins telur hann að skráning upplýsingaeigna í öryggishandbók sé ófullnægjandi.

Flokkun og skráning upplýsingaeigna er í reynd forsenda þess að ábyrgðaraðila sé unnt að framkvæma áhættumat. Eðli málsins samkvæmt geta hættur sem persónuupplýsingum eru búnar verið breytilegar og mismunandi alvarlegar eftir því hvert efni upplýsinganna er og á hvaða formi þær eru geymdar. Eftir því sem gerð er ítarlegri greining á upplýsingaeignum þeim mun áreiðanlegra verður áhættumatið. Þegar litið er til reglna nr. 299/2001 er á hinn bóginn ekki unnt að gera kröfu til þess að Hjartavernd tilgreini með nákvæmari hætti upplýsingaeignir sínar en gert er í öryggishandbókinni.

Samkvæmt framangreindu er það álit Persónuverndar að flokkun og skráning upplýsingaeigna í öryggishandbók Hjartaverndar fullnægi að þessu leyti kröfum reglna nr. 299/2001, varðandi gerð áhættumats.

4.3.

Starfsmenn og öryggi

Í skýrslu sérfræðingsins segir að við framkvæmd vettvangsskoðunarinnar hafi ekki komið fram hvort starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn eða hvort sérstaklega sé getið um ábyrgð á upplýsingaöryggi í þeim. Þá segir einnig að leiðbeiningar skorti fyrir starfsmenn í öryggishandbók um viðbrögð við öryggisógnum og öryggisbrotum.

Í 3. tl. 5. gr. reglna nr. 299/2001 segir að gera skuli eftirfarandi öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál, sbr. og 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 918/2001: „Skilgreina með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, þ.á m. hverjir beri ábyrgð á einstökum skráasöfnum.“

Telja verður það mikilvæga og eðlilega öryggisráðstöfun að starfsmönnum ábyrgðaraðila, sem í störfum sínum vinna með persónuupplýsingar, sé ljóst hvert hlutverk þeirra er varðandi meðferð og öryggi persónuupplýsinganna og að þeir séu jafnframt meðvitaðir um ábyrgð sína í þeim efnum. Þá er það forsenda fyrir því að hægt sé að viðhafa aðgangsstýringu að persónuupplýsingum að fyrir liggja skilgreining á starfsskyldum og ábyrgð starfsmanna ábyrgðaraðilans hvað þetta varðar.

Fram kemur í bréfi Hjartaverndar, dags. 15. júlí 2004, að starfslýsingar séu til fyrir alla starfsmenn samtakanna og að sérstaklega sé getið um trúnað þeirra varðandi meðferð persónuupplýsinga í störfum sínum. Hins vegar sé meðferð persónuupplýsinga í vísindagagnagrunni alfarið á ábyrgð gagnagrunnsstjóra Hjartaverndar og stýri hann aðgangi annarra að grunninum. Um verklag og starfsskyldur hans sé ítarlega fjallað í öryggishandbók. Í ljósi skýringa Hjartaverndar getur Persónuvernd fallist á það með samtökunum að umrætt fyrirkomulag fái samrýmst ákvæðum 3. tl. 5. gr. reglna nr. 299/2001 og 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 918/2001.

Varðandi hið síðara atriði sem fram kemur í skýrslu sérfræðingsins í kaflanum um starfsmenn og öryggi, þ.e. að leiðbeiningar skorti fyrir starfsmenn í öryggishandbók um viðbrögð við öryggisógnum og öryggisbrotum, verður að horfa til þess að samkvæmt 6. tl. 5. gr. reglna nr. 918/2001, sbr. og 3. mgr. 7. gr. þeirra, skal í skriflegri lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafns eftirfarandi koma fram: „Hvaða leiðbeiningar starfsmenn hafi fengið um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum.“

Hins vegar verður að taka tillit til athugasemda Hjartaverndar í þessu sambandi, sbr. fyrrgreint bréf samtakanna dags. 28. maí 2004. Í athugasemdunum kemur fram að við starfsþjálfun starfs-

manna Hjartaverndar fái þeir leiðbeiningar um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum. Þá sé fjallað um það í öryggishandbókinni í hverjum kafla fyrir sig hvaða viðbrögð skuli viðhafa varðandi hinar ýmsu hættur.

Þó svo að vissulega væri til bóta að veita starfsmönnum almennar leiðbeiningar um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum í sérstökum kafla telur Persónuvernd að sú leið sem farin er í öryggishandbók Hjartaverndar, þ.e. að fjalla um viðbrögð við tilteknum hættum í hverjum kafla fyrir sig, standist fyllilega kröfur fyrrgreindra ákvæða í reglum nr. 918/2001. Er þá horft til þess að öryggishandbók Hjartaverndar er starfsmönnum aðgengileg og skulu þeir hafa kynnt sér efni hennar.

4.4.

Stjórnun rekstrarsamfellu

Í skýrslu sérfræðingsins er gerð athugasemd varðandi það að ekki skuli hafa verið settar fram formlegar áætlanir um hvernig tryggja eigi rekstur Hjartaverndar ef áföll verða.

Í 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 918/2001 eru gerðar strangar kröfur til rekstraraðila lífsýnasafns um að hann viðhafi sérstakar ráðstafanir til að draga úr hættu á truflunum, að rekstur rofni eða lífsýni og persónuvernd skaðist. Þótt ekki hafi verið sett fram formleg og heildstæð áætlun um hvernig tryggja eigi rekstur Hjartaverndar, ef áföll verða, er í öryggishandbókinni gerð ítarleg grein fyrir ráðstöfunum sem tryggja eiga ytra öryggi lífsýnasafnsins. Hafa þessar ráðstafanir m.a. að geyma fyrirmæli um það hvernig skuli brugðist við áföllum í rekstri, s.s. vegna tjóns vegna eldsvoða, vatns, raka og hita, rafmagnsleysis og skemmdarverka. Verður að telja að þessar ráðstafanir feli í sér fullnægjandi áætlun af hálfu Hjartaverndar um hvernig tryggja eigi órofinn rekstur og persónuvernd, ef áföll verða, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglna nr. 918/2001.

4.5.

Öryggi persónuupplýsinga við förgun

Samkvæmt 2. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga telst eyðing persónuupplýsinga til *vinnslu* persónuupplýsinga, sbr. athugasemdir við umrætt ákvæði í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum.

Nauðsynlegt er að ráðstafanir sem ábyrgðaraðili viðhefur til að tryggja öryggi persónuupplýsinga nái til vinnslu þeirra í heild, þ.e. frá því að þær eru fyrst skráðar og þangað til þeim er hugsanlega eytt. Í ljósi þessa er mikilvægt að í skriflegum gögnum Hjartaverndar um öryggi persónuupplýsinga komi fram afstaða samtakanna til þess hvort sérstakar hættur geti stöðjað að persónuupplýsingum við eyðingu og þá hvernig skuli brugðist við þeim.

Í ljósi þess sem fram kemur í bréfi Hjartaverndar, dags. 28. maí sl., um að unnið sé að gerð reglna um förgun persónuupplýsinga, telur Persónuvernd að ekki sé tilefni til þess að beina sérstökum fyrirmælum til Hjartaverndar um úrbætur þar að lútandi. Væntir stofnunin þess að vinnu við gerð umræddra reglna verði lokið fyrir næstu endurskoðun öryggishandbókarinnar.

5.

Með tilliti til alls framangreinds er því niðurstaða Persónuverndar sú að öryggiskerfi lífsýnasafns Hjartaverndar hafi staðist þá prófun sem fram fór með úttekt stofnunarinnar á því.

3.2.2. Öryggi vinnslu persónuupplýsinga á vegum Umferðarstofu

Með bréfi Persónuverndar, dags. 12. október 2004, var Umferðarstofu kynnt niðurstaða í máli nr. 2002/329. Í bréfinu segir:

I.

Grundvöllur úttektar

Með bréfi Persónuverndar til Umferðarstofu, dags. 7. mars 2003, var, með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37.

gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, boðuð úttekt á öryggi persónuupplýsinga hjá Umferðarstofu. Tilefni ákvörðunar um framkvæmd úttektarinnar var m.a. það að Persónuvernd hafði þá til afgreiðslu nokkur mál varðandi vinnslu persónuupplýsinga á vegum Umferðarstofu, einkum starfrækslu slysskrár, ökuþrófaskrár og ökutækjaskrár. Þar sem ekki þótti unnt að tryggja samræmi við afgreiðslu þessara mála nema öðlast yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga á vegum Umferðarstofu var ákveðið að framkvæma slíka úttekt og ljúka umræddum málum efnislega í formi ákvörðunar um niðurstöðu úttektarinnar. Tekið skal fram að Umferðarstofa kemur að starfrækslu fleiri skráa, s.s. ökuskirteinaskráar, Schengen-gagnagrunns, málaskrár dómsmálaráðuneytisins og skráar sem rannsóknarnefnd umferðarslysa heldur. Þar sem Umferðarstofa er hins vegar ekki ábyrgðaraðili þeirra tekur úttektarákvörðun þessi ekki til þeirra.

Tekið skal fram að þann 14. október 2002 höfðu fulltrúar Persónuverndar farið í heimsókn á starfsstöð Umferðarstofu. Markmið þeirrar heimsóknar var að veita almennar upplýsingar um efni laga nr. 77/2000 og þær reglur sem settar höfðu verið með heimild í þeim lögum, einkum reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Var sérstaklega tekið fram að ekki bæri að líta á heimsóknina sem úttekt/vottun af hálfu Persónuverndar.

1.

Nánar um aðdraganda úttektarinnar:

Óafgreidd mál varðandi skrár Umferðarstofu

Til nánari glöggvunar varðandi efni framangreindra mála verður hér stuttlega gerð grein fyrir þeim samkvæmt þeim gögnum sem lágu fyrir hjá Persónuvernd þegar framangreind ákvörðun var tekin um framkvæmd úttektarinnar.

a. Ökuþrófaskrá – mál nr. 2001/290.

Með bréfi dags. 21. febrúar 2001 barst Persónuvernd tilkynning frá Umferðarráði varðandi skráningu upplýsinga um ökuþróf. Þar sagði m.a. :

„Opinber skráning vegna prófa til ökuréttinda hefur farið fram hjá Umferðarráði frá því að framkvæmd ökuþrófa og eftirlit með ökunámi færðist til stofnunarinnar 1992. [...]

Allar upplýsingar um próftaka og próf eru skráðar í „prófakerfi“ Umferðarráðs (sérhæfður tölvutækur gagnagrunnur). Grundvöllur þeirrar skráningar er umsókn um ökuskirteinin sem próftaki fyllir út og leggur inn hjá lögreglustjóra / sýslumanni. Viðkomandi embætti heimilar með áritun sinni próftöku og umsókn er send til Umferðarráðs. Þar er umsókn skráð í prófakerfi sem vistað er á miðlægum netþjóni stofnunarinnar. Öryggisafrit er tekið daglega og geymt í læstri hirslu. Sérstakt aðgangsorð þarf til að opna prófakerfið sem sett er upp á fjórum tölum og eingöngu fjórir starfsmenn ökunámsdeildar Umferðarráðs hafa aðgang að. Eina tenging prófakerfisins við önnur kerfi / aðrar skrár er við þjóðskrá sem vistuð er á sama miðlæga netþjóni.

Upplýsingar sem vistaðar eru í prófakerfi lúta að öllum próftilraunum einstaklinga sem þurfa að gangast undir ökuþróf til að öðlast ökuréttindi.

Grunnskráning próftaka í prófakerfi er gerð á grundvelli ofangreindrar samþykktar umsóknar um ökuskirteini sem berst frá lögreglustjóra / sýslumanni. Hún felur í sér skráningu kennitölu próftaka (nafn og heimili sækist þá úr þjóðskrá), dagsetningu umsóknar, próftegund, prófstað, umdæmi lögreglustjóra, ökukennara, ökuskóla, hvort um endurnýjun réttinda sé að ræða, hvort prófgjald hafi verið greitt, upplýsingar um kennsluvottorð, æfingaleyfi og ökunámskeið.

Próftökur einstaklinga eru skráðar sérstaklega og kemur þá fram prófdagur, -tími, niðurstaða og nafn prófdómara. Hægt er að kalla fram yfirlit yfir allar þessar upplýsingar. Er það gert vegna skipulagningar á vinnuferlum ökunámsdeildar, í rannsóknarskyni, í eftirlitsskyni og sem liður í innra gæðaeftirliti deildarinnar. Einu persónugreinanlegu upplýsingarnar sem teknar eru úr prófakerfinu á tölvutæku formi eru upplýsingar um:

fylgni ökokennara við gildandi reglugerðir (eftirlit með ökokennurum sem þurfa að hafa lög-gildingu frá dómsmálaráðuneyti til að mega starfa og er skv. reglugerð ætlað að fylgja settum reglum)

vinnu prófdómara við ökuþróf (upplýsingar sem lúta að innra gæðaeftirliti).

Upplýsingagjöf um próf á grundvelli vinnu ökunámsdeildar og skráningu í prófakerfi felur í sér miðlun upplýsinga til:

próftaka og ökokennara um lausa próftíma sem hægt er að skrá próftaka í,

próftaka og ökokennara um frammistöðu á prófi,

lögreglustjóra / sýslumannsembætta um staðin ökuþróf sem þau heimiluðu próftöku til, próftökuheimild er árituð af prófdómara og endursend því embætti sem gaf hana út.

Prófgögn eru geymd á afmörkuðum læstum vinnusvæðum sem eingöngu starfsmenn hafa aðgang að.

Persónuvernd sendi Umferðarráði staðfestingu um móttöku tilkynningarinnar en tók á því stigi enga afstöðu til vinnslunnar. Þegar hins vegar leið að lokum úttektar þessarar þótti, í ljósi þess tíma sem liðið hafði frá því að Persónuvernd bærust framangreind gögn varðandi ökuþrófaskrá, nauðsynlegt að vita um hvort framangreind lýsing á þeirri skrá væri rétt. Var það gert með bréfi dags. 2. september 2004.

Í svarbréfi Umferðarstofu, dags. 15. september 2004, er gerð grein fyrir *ökuþrófaskrá* í sérstöku fylgiskjali. Samkvæmt því hefur engin breyting orðið á starfrækslu skrárinnar, að öðru leyti en því að fyrirtækið Frumherji hf. annast nú framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi, sbr. eftirfarandi:

„Frá 1. apríl 2002 hefur Frumherji hf. með höndum framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi, samkvæmt samningi milli Umferðarráðs kt. 420770-0229 og Frumherja hf. kt. 470297-2719 dags. 22. febrúar 2002.

Umferðarstofa er ábyrgðaraðili vinnslunnar og lýsir kröfum til vinnsluaðila í Prófahandbók Umferðarstofu. Frumherji sem vinnsluaðili hefur síðan útfært framkvæmdina nánar í skriflegum verklagsreglum sínum.

Ferlið hefst á því að sýslumenn senda próftökuheimildir til vinnsluaðila sem heldur utan um þær í upplýsingakerfi sínu með takmörkuðum aðgangi. Skrifleg og verkleg próf eru síðan lögð fyrir á vegum vinnsluaðila. Nákvæmar reglur eru um meðferð próftökuheimilda, prófverkefna og próflykla, geymslu þeirra og leynd, ásamt endurnýjunarferli þeirra. Prófdómari á vegum vinnsluaðila er ábyrgur fyrir úrvinnslu á prófniðurstöðum. Umferðarstofa gerir þá kröfu til vinnsluaðila að enginn, sem ekki má sjá prófniðurstöður, eigi þess kost að skoða þær, hvorki ökokennarar né aðrir.

Niðurstöðugögn prófa (útfylltar próftökuheimildir, svarblöð og aðrar niðurstöður) skulu fara frá Frumherja hf. eftir lokuðum leiðum. Próftökuheimildir fara aftur til þeirra sýslumannsembætta sem gáfu þær út, svarblöð og önnur niðurstöðugögn fara til Umferðarstofu. Próftökuheimildir fara daglega tilbaka til sýslumannsembætta en niðurstöðugögn prófa ber að senda til Umferðarstofu mánaðarlega. Mánaðarlega eru ennfremur þær próftökuheimildir sem eru fallnar úr gildi endursendar til þeirra sýslumannsembætta sem gáfu þær út.“

b. Ökutækjaskrá – mál nr. 500/2002.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 2002, óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum frá Umferðarstofu um rekstur ökutækjaskrár, einkum um það á hvaða reglum vinnslan byggir. Í svari Umferðarstofu var vísað til ákvæða umferðarlaga, reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 915/2000, reglugerðar um skoðun ökutækja, reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 78/1997 og reglugerðar um starfshætti skráningarstofu nr. 79/1997.

Í mars 2003 kynnti Umferðarstofa síðan drög að starfsreglum fyrir Umferðarstofu um upplýsingaveitingu úr ökutækjaskrá. Þar var einkum að finna nýmæli um að lögmenn myndu fá beinan uppflettiaðgang eftir kennitölum í stað þess að hafa áður þurft að senda inn formlega beiðni í hvert sinn sem þeir óskuðu upplýsinga. Persónuvernd svaraði með bréfi dags. 1. apríl og tilkynnti að hún gerði ekki athugasemdir, enda yrði þar kveðið á um að aðgangur lögmanna skyldi vera samkvæmt samningi þar sem lögmenn myndu skuldbinda sig til að nota aðganginn aðeins í tengslum við innheimtu fjárnámshæfrar kröfu, auk þess sem kveðið var á um að allar uppflettingar eftir kennitölum yrðu skráðar og að misnotkun aðgangs varðaði niðurfellingu hans.

Að öðru leyti var engin afstaða þá tekin til vinnslunnar af hálfu Persónuverndar, enda voru þá þegar uppi hugmyndir um heildarathugun á lögmæti vinnslu persónuupplýsinga hjá Umferðarstofu

c. Slysaskrá.

Á árinu 2002 hafði Persónuvernd óskað upplýsinga frá ríkislögreglustjóra (RLS) um það hvaða persónuauðkenni kæmu fram í þeim vettvangs- og upplýsingaskýrslum sem sendar voru Umferðarráði vegna skráningar á umferðarslysum. Svör bárust Persónuvernd frá RLS með bréfum dags. 13. maí og 12. júní 2002.

Umferðarstofa tók til starfa hinn 1. október 2002 og tók þá við ýmsum verkefnum Umferðarráðs. Með bréfi dags. 4. nóvember 2002 óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum frá Umferðarstofu um hvort skráningin hefði eða myndi breytast frá því sem verið hafði fram að stofnun hennar. Í svarbréfi Umferðarstofu, dags. 18. nóvember 2002, var m.a. staðfest að engar breytingar hefðu átt sér stað frá því að Umferðarstofa tók við vinnslu slysaskrár. Í bréfum Umferðarstofu, dags. 10. janúar og 18. febrúar 2003, bárust Persónuvernd síðan nánari upplýsingar um skráningu kennitalna í slysaskrá. Í fylgiskjali með bréfi Umferðarstofu, dags. 15. september 2004, er gerð grein fyrir *slysaskrá* í sérstöku fylgiskjali.

Á fundi stjórnar Persónuverndar sem haldinn var þann 24. september 2004 var úttekta verkefni þetta til umræðu. Var þá ákveðið að ljúka úttektinni, en þó þannig, að hún tæki ekki til slysaskrár. Þess í stað var ákveðið að hefja heildarathugun á skráningu slysa á landinu, m.a. því hvort hún kynni að vera framkvæmd hjá fleiri aðilum en þörf krefði og sömuleiðis hvort gætt væri sjónarmiða um áreiðanleika upplýsinga, aðgengileika og öryggi við vinnsluna. Í ljósi þessarar ákvörðunar eru ekki efni til að fjalla frekar um *slysaskrá* í skjali þessu.

II.

Boðun úttekta

Eins og áður segir óskaði Persónuvernd, með bréfi dags. 7. mars 2003, eftir því að Umferðarstofa legði fram skrifleg gögn um öryggiskerfi stofnunarinnar, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, þ.e. *öryggis stefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum*.

Þann 1. apríl 2003 bárust Persónuvernd umbeðin gögn ásamt fylgiskjöllum. Meðal annars skjalið: „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga,“ ásamt fylgiskjöllum, þ.á m. „Öryggishandbók“. Öll skjölín eru dags. 31. mars 2003. Kemur fram að við uppbyggingu öryggiskerfisins hafi verið tekið mið af staðlinum ISO/IEC TR 13335.

Nokkrar tafir urðu á framhaldi úttekta, en með bréfi Persónuverndar, dags. 12. janúar 2004, var henni fram haldið og óskað eftir tilteknum viðbótargögnum. Þá var Umferðarstofu gerð grein fyrir áætluðum kostnaði hennar vegna úttekta. Í bréfi Umferðarstofu, dags. 16. febrúar, var kostnaðaráætlunin samþykkt en gerðir einstakir fyrirvarar varðandi framvindu úttekta, einkum um að úttektin myndi afmarkast af þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Með bréfi Persónuverndar, dags. 18. febrúar sl., var staðfest að svo yrði.

III.

Aðkoma sérfræðings að framkvæmd úttekta

1.

Samningur við sérfræðing

Þann 2. mars 2004 gerði Persónuvernd samning við Dómbæ ehf., um framkvæmd vettvangsathugunar á starfsstöð Umferðarstofu og gerð skýrslu um niðurstöðu hennar. Samið var um að Hörður H. Helgason, sérfræðingur á vegum félagsins, myndi annast verkið. Áður en vettvangsathugunin færi fram skyldi hann rýna gögn og semja gátlista fyrir athugunina, byggðan á lýsingu Umferðarstofu á eigin öryggiskerfi. Að vettvangsathugun lokinni skyldi hann skila Persónuvernd lokaskýrslu um niðurstöður hennar, þar sem kæmi fram hvaða öryggisráðstafanir af þeim sem kannaðar hefðu verið reyndust sem skyldi og eftir atvikum hverjar ekki. Skilaði hann umræddri skýrslu þann 8. apríl 2004. Er hann samkvæmt samningnum bundinn trúnaðar- og þagnarskyldu. Sérfræðingurinn er hér eftir nefndur skýrsluhöfundur.

2.

Álit sérfræðings á gögnum Umferðarstofu

Skýrsluhöfundur rýndi gögn Umferðarstofu, þ.e. þau skriflegu gögn sem Umferðarstofa hafði lagt fram um öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum. Undir lok þriðja kafla skýrslunnar greinir skýrsluhöfundur frá niðurstöðum rýni sinnar. Telur hann að þau uppfylli ekki að öllu leyti kröfur staðalsins ISO/IEC TR 13335.

Í ljósi þess að Persónuvernd hafði, eins og áður segir, staðfest að úttektin myndi afmarkast af þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga verður ekki í skjali þessu fjallað sérstaklega um það að hvaða marki skýrsluhöfundur taldi gögnin ekki uppfylla kröfur nefnds staðals, enda þótt ýmsar athugasemdir hans hafi verulegt leiðbeiningargildi fyrir Umferðarstofu.

[...]

3.

Niðurstöður sérfræðings að lokinni vettvangsathugun

Vettvangsathugun fór fram dagana 25. og 26. mars 2004. Í lokakafla skýrslunnar er lagt heildstætt mat á niðurstöður prófana sem þá voru gerðar á öryggisráðstöfunum Umferðarstofu og þær dregnar saman með svofelldum hætti:

[...]

Í skýrslu sérfræðingsins eru öryggisráðstafanir flokkaðar með tilliti til reglna nr. 299/2001, en til skýringar er bætt við einum flokki varðandi aðgangsstýringu. Persónuvernd telur ekki vera efni til þess að fjalla sérstaklega um þær öryggisráðstafanir sem við prófun skýrsluhöfundar reyndust vera í samræmi við framlögð gögn. Hins vegar verður farið yfir þær öryggisráðstafanir sem ekki voru viðhafðar eða reyndust vera með öðrum hætti en greinir í framlögðum gögnum. Þær eru:

[...]

IV.

Athugasemdir Umferðarstofu við niðurstöður skýrsluhöfundar

Með bréfi Persónuverndar, dags. 14. apríl 2004, var Umferðarstofu send skýrsla sérfræðings og henni boðið að gera athugasemdir við hana. Athugasemdir bárust Persónuvernd með bréfi, dags. 4. maí 2004, en í því segir að Umferðarstofa geri ekki athugasemdir við meginniðurstöður skýrslunnar, en geri athugasemdir við einstök atriði, einkum varðandi skjalarýni skýrsluhöfundar.

[...]

V.

Niðurstæða

1.

Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga.

Almennt.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögín um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtaki *persónuupplýsingar* er átt við „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tl. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið vinnsla „sérhver[ja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. og/eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna, en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna.

Samkvæmt framangreindu felur starfræksla umræddra skráa Umferðarstofu í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.

Upplýsingavinnsla Umferðarstofu

Með lögum nr. 83/2002, um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, var sérstakri ríkisstofnun komið á fót, þ.e. Umferðarstofu, til að annast stjórnýslu á sviði umferðarmála, sbr. 6. gr. laganna. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/2002 segir eftirfarandi í athugasemdum við 6. gr.: „Lagt er til að stofnuð verði sérstök ríkisstofnun er beri heitið Umferðarstofnun. Stofnunin verði undir yfirstjórn dómsmálaráðherra og annist stjórnýslu eins og nánar er tilgreint í 7. gr. frumvarpsins. Í samræmi við almennar reglur stjórnýslulaga munu ákvarðanir Umferðarstofnunar sæta kæru til dómsmálaráðuneytisins. [...]“

Í 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga er hlutverki Umferðarstofu lýst og helstu verkefni hennar tilgreind, en samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er stofnuninni heimilt að fela öðrum framkvæmd þeirra, samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Þá segir í 3. mgr. ákvæðisins að ráðherra setji nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofu. Eins og áður greinir lýtur úttekt þessi að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem Umferðarstofa vinnur með í Ökutækjaskrá og Ökuprofaskrá, og hefur forræði yfir samkvæmt fyrrgreindu ákvæði. Telst Umferðarstofa vera *ábyrgðaraðili* þessara persónuupplýsinga í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Eins og áður hefur komið fram er hún einnig ábyrgðaraðili Slysaskrár, sbr. h.-lið 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga, en eins og áður segir verður í skjali þessu ekki tekin afstaða til lögmætis þeirrar vinnslu eða öryggis, heldur aðeins til eftirfarandi skráa:

a. Ökutækjaskrá

Umferðarstofa „annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,“ sbr. a.-lið 1. mgr. 112 gr. umferðarlaga. Fjallað er um hlutverk Umferðarstofu varðandi starfrækslu ökutækjaskrár í 3. gr. reglugerðar nr. 79/1997 um starfshætti skráningarstofu ökutækja, en í 1. mgr. ákvæðisins segir: „Skráning í ökutækjaskrá fer fram samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja og reglum um ökutækjaskrá. Skráningarstofu er heimilt að skrá fleiri atriði í ökutækjaskrá en fram koma í reglunum.“ Nánari fyrirmæli um skráarhaldið er að finna í 2. mgr. ákvæðisins, en þar segir: „Ökutækjaskrá skal varðveitt í tölvukerfi. Rekstur tölvukerfisins felur í sér hönnun, þróun og notkun ökutækjaskrár í samræmi við reglur um ökutækjaskrá, svo og ábyrgð á ör-

uggri varðveislunni gagna og forrita og ábyrgð á rekstraröryggi og viðvarandi aðgengi að skránni. Réttmæti og áreiðanleiki skráðra upplýsinga er einnig á ábyrgð skráningarstofu sem og rekjanleiki skráninga og samtenging við aðrar skrár.“ Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá, en hún fer fram samkvæmt starfsreglum Umferðarstofu sem staðfestar skulu af Persónuvernd. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um ökutækjaskrá, sbr. orðalag 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 79/1997. Hins vegar hefur verið sett reglugerð um skráningu ökutækja nr. 751/2003, en í 2. mgr. 4. gr. hennar segir: „Í ökutækjaskrá skal færa upplýsingar um ökutækið og það skal skráð á nafn eiganda og eftir atvikum á nafn umráðamanns þess.“ Umferðarstofa hefur, samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins, sett ítarlegar verklagsreglur um skráningu ökutækja. Þá er að finna tæmandi tilgreiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í ökutækjaskrá í 4. gr. nefndra starfsreglna Umferðarstofu um upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá, dags. 17. maí 2004. Þar sem framangreindar starfs- og verklagsreglur Umferðarstofu eru birtar opinberlega, m.a. á heimasíðu stofnunarinnar, þykir ekki vera tilefni til þess að rekja nánar efni þeirra margvíslegru upplýsinga sem færðar eru í ökutækjaskrá.

b. Ökuþrófaskrá

Hlutverk Umferðarstofu er m.a. að „annast ökuþróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu“, sbr. b.-lið 1. mgr. 112 gr. umferðarlaga. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um ökuþrófaskrá, s.s. hvaða upplýsingar skulu færðar í hana. Hins vegar er í reglugerð nr. 501/1997 um ökuskrifun m.a. nánar lýst þeim kröfum til ökunáms og ökuþrófa sem Umferðarstofa skal starfa eftir. Þá er í reglugerð nr. 327/1999, um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, getið um þær kröfur varðandi ökukennara og ökuskóla sem Umferðarstofa skal hafa eftirlit með. Varðandi efni þeirra upplýsinga sem færðar eru í ökuþrófaskrá vísast til bréfaskipta Umferðarráðs og Persónuverndar sem rakin eru í kafla I. hér að framan.

2.1.

Verkefni Umferðarstofu sem vinnsluáðila

Samkvæmt j. og k.-lið 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga hefur Umferðarstofa einnig með höndum vinnslu persónuupplýsinga í umboði annarra ábyrgðaraðila. Er einkum um að ræða hýsingu á tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins (TMD), en þar undir fellur Schengen-gagnagrunnur ríkislögreglustjóra og gagnagrunnar lögreglu, sýslumanna og ríkissaksóknara. Telst Umferðarstofa þar vera í hlutverki *vinnsluáðila*, í skilningi 5. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þó svo að úttekt Persónuverndar beinist ekki að öryggi persónuupplýsinga í nefndum gagnagrunnum taka ýmsir þættir í öryggiskerfi Umferðarstofu einnig til þeirra, t.d. öryggisráðstafanir stofnunarinnar er lúta að ytra öryggi. Hafa ýmsar öryggisráðstafanir sem eru að þessu leyti sameiginlegar fyrir allar framangreindar upplýsingaeignir komið til skoðunar í úttektinni.

3.

Niðurstaða um lögmæti vinnslu ökutækjaskrár og ökuþrófaskrár

Í ökutækjaskrá og ökuþrófaskrá eru færðar upplýsingar sem telja verður til almennra persónuupplýsinga og þarf því starfræksla þessara tveggja skráa einungis að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. Við mat á því hvort svo sé verður að horfa til valdheimilda og stjórnsýsluhlutverks Umferðarstofu. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 83/2002, annast Umferðarstofa stjórnsýslu á sviði umferðarmála. Eins og áður er getið sæta ákvæðanir hennar kæru til dómsmálaráðuneytisins, sbr. athugasemdir í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/2002. Í 1. mgr. 112. gr. umferðarlaga er afmarkað það málefnavið sem stjórnsýsla stofnunarinnar lýtur að og er þar m.a. beinlínis kveðið á um að hún skuli starfrækja ökutækjaskrá, sbr. a.-lið greinarinnar.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún „nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila“. Í athugasemdum við þetta ákvæði í greinargerð sem

fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr 77/2000 segir m.a. eftirfarandi: „Með lagaskyldu er átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu, m.a. skyldur samkvæmt reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stoð í lögum. Undir hugtakið falla einnig skyldur samkvæmt dómi eða stjórnvaldsúrskurði. Hins vegar falla samningsskyldur ekki hér undir.“ Með vísan til framangreinds varðandi hlutverk og skyldur Umferðarstofu samkvæmt áður nefndum ákvæðum 111. og 112. gr. verður að telja að stofnuninni sé nauðsynlegt að starfrækja ökutækjaskrá, ökuþrófaskrá til að fullnægja lagaskyldu sem á henni hvílir. Telst vinnslan því eiga sér lagastoð samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá kemur einnig til greina að vinnslan eigi sér lagastoð samkvæmt 6. tl. ákvæðisins, en hann kveður á um heimild til vinnslu persónuupplýsinga sé hún „nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með.“ Í samræmi við athugasemdir við ákvæðið í greinargerð virðist ekki vera gert ráð fyrir því að leggja eigi þröngan skilning í orðalagið „beitingu opinbers valds“, en þar segir: „Ákvæðið tekur meðal annars til vinnslu upplýsinga á vegum stjórnvalda sem tengist meðferð opinbers valds. Með því er fyrst og fremst átt við töku stjórnvaldsákvæðana. Jafnframt mundi önnur vinnsla sem telst til stjórn-sýslu, svo sem við opinbera þjónustustarfsemi, alla jafna falla hér undir.“ Eins og fram kemur í 111. gr. umferðarlaga annast Umferðarstofa stjórn-sýslu á sviði umferðarmála og starfrækir stofnunin í þeim tilgangi ökutækjaskrá, ökuþrófaskrá. Þannig verður að telja að umrædd vinnsla eigi sér jafnframt lagastoð samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 8. laga nr. 77/2000.

Samkvæmt framangreindu telur Persónuvernd að vinnsla Umferðarstofu á persónuupplýsingum í tengslum við starfrækslu ökutækjaskrár og ökuþrófaskrár eigi sér lagastoð samkvæmt 3. og 6. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

4. *Öryggi við vinnslu. Almennt*

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvílir sú skylda á ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001.

Í 11. gr. er fjallað um *öryggisráðstafanir* o.fl. Skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breyttist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 1. mgr. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra, sbr. 2. mgr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að *áhættumat* og *öryggisráðstafanir* séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt, sbr. 3. mgr. Ábyrgðaraðili ber og ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, sbr. 4. mgr. Þá skal ábyrgðaraðili skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. 5. mgr.

Samkvæmt 12. gr. skal ábyrgðaraðili viðhafa *innra eftirlit* með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Samkvæmt 13. gr. skal hann og gera *skriflegan samning* við vinnsluaðila þar sem fram komi m.a. að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli hans og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr.

5.

Niðurstæða um öryggi vinnslu ökutækjaskrár og ökuþrófaskrár

Með vísan til 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, hefur Persónuvernd, með aðstoð sérfræðings, látið framkvæma athugun á því hvort uppfyllt

séu fyrirmæli framangreindra laga og reglna, þ.e. að því er varðar örugga meðferð persónuupplýsinga hjá Umferðarstofu. Á grundvelli þeirrar athugunar mun Persónuvernd, í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. ákvæðisins, veita Umferðarstofu leiðbeiningar um úrbætur eftir því sem ástæður þykja til.

Áður en fjallað verður um einstök skjöl í skriflegum gögnum Umferðarstofu um öryggi persónuupplýsinga er rétt að víkja að athugasemd Umferðarstofu er varðar skjalaryni skýrsluhöfundar í heild sinni. Gerð er sú athugasemd að skjalið „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ greini frá innri úttekt á stöðu öryggis persónuupplýsinga hjá Umferðarstofu og sé þannig í reynd skýrsla um innra eftirlit stofnunarinnar. Að auki telur Umferðarstofa að ekki sé tekið tillit til þess að nefndu skjali hafi eingöngu verið ætlað ábyrgðaraðilum upplýsingaöryggis hjá Umferðarstofu, þ.m.t. forstjóra, sviðs- og deildarstjórum og yfirmanni upplýsingavinnslumála.

Persónuvernd telur hins vegar, þrátt fyrir framangreind sjónarmið Umferðarstofu, að í fyrsta lagi verði að líta til þess að Umferðarstofa lagði sjálf fram umrætt skjal, þ.e. „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga,“ í þeim skilningi að fullnægt væri kröfum 3. gr. reglna nr. 299/2001, en í bréfi sem fylgdi skjalinu segir eftirfarandi:

„Visað er til bréfs yðar, dags. 7. mars sl., varðandi mögulega úttekt á meðferð persónuupplýsinga hjá Umferðarstofu. Af því tilefni óskið þér eftir gögnum, þ.m.t. öryggisstefnu stofnunarinnar, áhættumati hennar og skriflegri lýsingu á öryggisráðstöfunum í samræmi við reglur um öryggi persónuupplýsinga nr. 299/2001.

Hjálagt sendum við umbeðin gögn, en þess ber þó að geta að vinnslu þeirra er ekki alveg að fullu lokið.“

Í öðru lagi virðist ljóst að umrætt skjal hafi verið sett saman í þeim tilgangi að uppfylla kröfur 3. gr. reglna 299/2001 varðandi skrifleg gögn um öryggi persónuupplýsinga, sbr. eftirfarandi orðalag í innangi skjalsins:

„Í skýrslunni [er] fjallað um stefnulýsingu Umferðarstofu um upplýsingaöryggi, upplýsingaeignir skilgreindar, sérstaklega þær er lúta að persónuupplýsingum og vinnslu þeirra, teknar saman niðurstöður úr áhættumati fyrir Umferðarstofu (US) sem unnið var 25. – 27. mars 2003, tilgreindar öryggiskröfur úr staðlinum ÍST ISO/IEC 1799/BS 7799 sem valdar hafa verið til að uppfylla kröfur í reglum Persónuverndar nr. 299/2001 og gerð grein fyrir þeim verklagsreglum og öryggisráðstöfunum sem vantar að móta/skjalfesta svo framangreindar öryggiskröfur séu uppfylltar.“

Þá verður ekki séð að sú fullyrðing um að umrætt skjal hafi einungis verið ætlað tilteknum starfsmönnum Umferðarstofu hafi þýðingu við mat á því hvort það fullnægi kröfum reglna 299/2001. Samkvæmt framangreindu verður lagt til grundvallar að skjalið „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ hafi að geyma skrifleg gögn um öryggi persónuupplýsinga samkvæmt 3. gr. reglna nr. 299/2001, þ.e. öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum.

Verður nú tekin afstaða til þess að hvaða marki nefnd gögn, hvert fyrir sig, uppfylla skilyrði ákvæðisins.

1. Skrifleg gögn um öryggi persónuupplýsinga

a. Öryggisstefna

Í 1. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001 segir eftirfarandi: „Ábyrgðaraðili setur sér skriflega *öryggisstefnu*. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu ædsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við mótnun öryggisstefnu skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.“ Eins og ráða má af orðalagi ákvæðisins er öryggisstefna ábyrgðaraðila eins konar markmiðsyfirlýsing hans varðandi þær kröfur

sem hann gerir til sinnar eigin vinnslu. Gert er ráð fyrir því að kröfur um öryggi persónuupplýsinganna taki mið af þeim þáttum sem ábyrgðaraðili telur einkenna vinnsluna, s.s. hvort það sé aðgengi-leiki, áreiðanleiki eða öryggi viðkomandi persónuupplýsinga sem varði mestu.

Persónuvernd telur að öryggisstefna Umferðarstofu sé að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíks skjals samkvæmt reglum nr. 299/2001. Hins vegar er öryggisstefnan merkt sem drög, eins og skýrsluhöfundur bendir á. Í ljósi þess að öryggisstefna lýsir afstöðu æðstu stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála og um leið skuldbindingum og stuðningi þeirra við hana, er þess óskað að Umferðarstofa færi hana í endanlegan búning, staðfesti hana með formlegum hætti, þ.e. með dagsetningu og undirritun forstjóra Umferðarstofu, og afhendi Persónuvernd að því búnu eintak af henni.

b. Áhættumat

Í 2. tl. 3. gr. reglna 299/2001 er að finna reglur sem veita ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga leiðbeiningar um hvernig skuli standa að gerð áhættumats. Þar segir: „Áhættumat er mat á hættunni á því að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, geti breytt upplýsingunum eða skert öryggi þeirra að öðru leyti. Áhættumat tekur einnig til athugunar á umfangi og afleiðingum hættunnar m.t.t. eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Markmið áhættumats er að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum, sbr. III. kafla reglna þessara. Þá skal tilgreina hvað geti farið úrskæðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku. Áhættumat skal endurskoðað reglulega.“

Eins og rakið er í skýrslu skýrsluhöfundar telur hann að bæta þurfi áhættumatið svo að það uppfylli betur skilyrði reglna nr. 299/2001. Eru það einkum tvö atriði sem hann telur vera gagnrýniverð og verður nú fjallað um þau hvort í sínu lagi, að teknu tilliti til athugasemda Umferðarstofu.

Í fyrsta lagi telur skýrsluhöfundur að „í framlögðum gögnum Umferðarstofu [sé] ekki að finna tilgreiningu á þeim hættum sem stöðja að vinnslu persónuupplýsinga, eða annarra upplýsinga, hjá stofnuninni.“ Með öðrum orðum telur skýrsluhöfundur að áhættugreining hafi ekki farið fram.

Umferðarstofa gerir athugasemd varðandi þessa niðurstöðu skýrsluhöfundar og telur að umrædda tilgreiningu á hættum sé að finna í skjalinu „Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins – Áhættumat“ og fylgiskjölum þess.

Fyrir liggur að framangreint skjal hefur að geyma áhættumat sem dómsmálaráðuneytið lét framkvæma haustið 2001. Þar segir að hlutverk þess sé að „skilgreina og skoða áhættuþætti sem felast í ógnunum og veikleikum sem stöðja að upplýsingaeignum TMD sem hýstar eru hjá Skráningarstofunni hf. og skilgreindir eru í staðlinum ÍST ISO/IEC 17799/BS 7799.“ Vegna framangreindrar athugasemdar Umferðarstofu var henni gefið tækifæri til þess að afhenda Persónuvernd eintak af skjalinu og gerði hún það með bréfi, dags. 15. september sl., þar sem hún fullyrkti að í því væru taldar upp allar þær sömu hættur sem Umferðarstofa teldi stafa að eigin upplýsingaeignum.

Persónuvernd hefur rýnt umrætt skjal og telur að í því sé réttilega að finna tilgreiningu á þeim hættum sem stöðja að þeim persónuupplýsingum sem áhættumatið nær til, þ.e. persónuupplýsingum sem dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000, en Umferðarstofa hefur umsjón með sem *vinnsluaðili*. Við gerð umræddrar áhættugreiningar var hins vegar hvorki tekið sérstakt mið af þeim persónuupplýsingum sem Umferðarstofa ber ábyrgð á né var hún unnin af stofnuninni sjálfri eins og henni ber samkvæmt 11. gr. laga nr. 77/2000.

Á hinn bóginn er Persónuvernd þeirrar skoðunar, með tilliti til þeirrar athugasemdar Umferðarstofu að umrædd áhættugreining eigi einnig við um upplýsingaeignir sínar, að ekkert sé því til fyrirstöðu að Umferðarstofa styðjist við áhættugreiningu dómsmálaráðuneytisins eða leggi hana í heild sinni til grundvallar í eigin áhættumati, enda verði tekin skýr afstaða til þess hvort sú áhættugreining eigi að öllu leyti við þær persónuupplýsingar sem stofnunin ber ábyrgð á. Hins vegar er enga slíka afstöðu eða afmörkun að finna í skjalinu „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga.“ Þá telur Persónuvernd mikilvægt að áhættumat ábyrgðaraðila hafi að geyma heildstæða lýsingu á þeim efnisat-

riðum sem talin eru upp í 2. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001, en að ekki sé vísað til þeirra í skjölum annarra ábyrgðaraðila. Í ljósi þessa er þeim tilmælum beint til Umferðarstofu að taka afstöðu til þess, við næstu endurskoðun áhættumats stofnunarinnar, að hvaða marki umrætt skjal dómsmálaráðuneytisins geti átt við um persónuupplýsingar sem eru á ábyrgð Umferðarstofu og fella það, að því loknu, með formlegum hætti inn í eigið áhættumat.

Í öðru lagi liggur fyrir sú athugasemd að „í framlögðum gögnum Umferðarstofu [sé] að finna upplýsingar sem uppfylla framangreint skilyrði reglnanna um að tilgreina hvaða líkur séu á að eitt-hvað fari úrskæiðis eða hvert líklegt sé að umfang og afleiðingar hverrar tilgreindrar hættu fyrir sig verði, m.t.t. eðlis þeirra upplýsinga sem unnið er með.“

Í athugasemdu Umferðarstofu varðandi þessa niðurstöðu skýrsluhöfundar segir að stofnunin hafi skilið á milli áhættumats annars vegar og áhrifagreiningar hins vegar, sem hafi fallið undir gerð neyðaráætlunar. Við þá vinnu hafi forgangsröðun öryggisráðstafana verið ákvörðuð út frá líkindum á atburðum og áhrif þeirra metin með tilliti til lengsta þolanlegs þjónusturofs og áhrifa á trúnað og réttleika. Skjal þessa efnis hafi legið fyrir, en ekki komið til skoðunar í skjalaryni skýrsluhöfundar.

Í ljósi þessarar athugasemdar óskaði Persónuvernd eftir því, sbr. bréf dags. 2. september sl., að fá afhent eintak af umræddu skjali, þ.e. um niðurstöður áhrifagreiningar hjá Umferðarstofu. Barst Persónuvernd umbeðið skjal þann 16. september sl. með fyrrnefndu bréfi, dags. 15. september.

Hefur umrætt skjal verið rýnt af Persónuvernd og telur stofnunin, m.a. í ljósi þess hvernig það var unnið, að sú áhrifagreining sem þar er að finna fullnægi kröfu 2. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001 um að metin skuli líkindi þess að eitthvað fari úrskæiðis og hvaða afleiðingar það geti haft varðandi öryggi persónuupplýsinga. Í ljósi þess að í nefndu ákvæði eru taldir upp þeir efnisþættir sem fram skulu koma í áhættumati telur Persónuvernd hins vegar, jafnframt með vísan til framangreindra sjónarmiða um mikilvægi þess að áhættumat hafi að geyma heildstæða mynd af þeim atriðum sem ógnað geta öryggi persónuupplýsinga, að áhrifagreiningin eigi að vera hluti af eiginlegu áhættumati Umferðarstofu. Í samræmi við þetta er þeim tilmælum beint til Umferðarstofu að fella áhrifagreiningu, samkvæmt skjali um neyðaráætlun, inn í áhættumat stofnunarinnar við næstu endurskoðun þess.

c. Lýsing á öryggisráðstöfunum

Samkvæmt 3. tl. 3. gr. reglna nr. 299/2001 ber ábyrgðaraðila að setja fram skriflega lýsingu á þeim öryggisráðstöfunum sem hann hefur valið til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Er ákvæðið svohljóðandi: „Ábyrgðaraðili velur hvaða *öryggisráðstafanir* skulu viðhafðar í samræmi við III. kafla reglna þessara og setja fram skriflega lýsingu á þeim. Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Þá skal rakið hvaða öryggisráðstöfunum verði beitt og hvernig þær verði útfærðar, þ.á m. við hönnun, þróun, rekstur, prófun og viðhald þess kerfis, þ.m.t. hugbúnaðar, sem notað verður við vinnslu upplýsinganna. Þar skal og tekið fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins, hvernig flutningi persónuupplýsinga milli vinnslukerfa verði hagað, þ. á m. mögulegum flutningi gagna milli ábyrgðar- og vinnslu- aðila. Öryggisráðstafanir skal endurskoða reglulega.“

Skýrsluhöfundur telur að lýsing Umferðarstofu á öryggisráðstöfunum gefi prýðilega yfirsýn yfir það hvaða öryggisráðstafanir ákveðið hefur verið að beita í upplýsingavinnslu stofnunarinnar og hversu vel á veg innleiðing þeirra er komin. Á hinn bóginn telur skýrsluhöfundur að ekki komi nægilega skýrt fram „afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna“, sbr. 3. gr. reglnanna. Þá telur hann að greina þurfi betur þau rök sem liggja til grundvallar því að umræddar öryggisráðstafanir urðu fyrir valinu, en aðrar ekki.

Persónuvernd telur að í skjalinu „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga,“ og í fylgiskjali nr. 5. við það, sé að finna greinargóða lýsingu á þeim öryggisráðstöfunum sem Umferðarstofa hefur ákveðið að viðhafa. Þá telur Persónuvernd enn fremur að fyrrnefnt skjal um niðurstöður áhrifagreiningar hjá Umferðarstofu, dags. 1. september 2003, hafi að geyma afstöðu Umferðarstofu til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Hins vegar getur Persónuvernd tekið undir sjónarmið

skýrsluhöfundar um að nokkuð skorti á að umrædd lýsing á öryggisráðstöfunum sé í nægilega góðum tengslum við áhættumatið, en eins og segir í 2. t. 3. gr. þá er markmiðið með gerð áhættumats að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum. Er þá horft til þess að við val á öryggisráðstöfunum ber að taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 299/2001. Gera reglurnar þannig ráð fyrir því að unnt sé að greina hvaða sjónarmið hafi legið til grundvallar við val á einstökum öryggisráðstöfunum og að það sé ljóst gegn hvaða hættum þeim hafi verið stefnt. Þó svo að telja verði lýsingu Umferðarstofu á öryggisráðstöfunum ófullkomna að þessu leyti verður hún, þrátt fyrir þær sakir, talin fullnægja kröfum reglna nr. 299/2001.

d. Öryggisráðstafanir varðandi öryggi persónuupplýsinga

Eftir prófun öryggisráðstafana, sem Umferðarstofa hefur gripið til í þeim tilgangi að tryggja öryggi persónuupplýsinga, kemst skýrsluhöfundur að þeirri niðurstöðu að ýmis minniháttar atriði mættu betur fara í öryggiskerfi Umferðarstofu, en að engra bráðra úrbóta sé þörf. Varðandi þessi atriði segir til skýringar í skýrslunni að úrbætur á flestu séu fyrirhugaðar.

Ein af niðurstöðum skýrsluhöfundar var sú að við vettvangsathugun hafi Umferðarstofu ekki reynst unnt að leggja fram skýrslur um framkvæmd innra eftirlits. Umferðarstofa gerir ekki athugasemdir varðandi vettvangsathugun skýrsluhöfundar, að öðru leyti en því að hún telur að þessi öryggisráðstöfun hafi staðist skoðun. Því til stuðnings vísar Umferðarstofa til þess að skjalið „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ sé í reynd skýrsla um innra eftirlit.

Hér að framan hefur því verið slegið föstu að Umferðarstofa hafi lagt fram skjalið „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ í því skyni að verða við beiðni Persónuverndar um gögn samkvæmt 3. gr. reglna nr. 299/2001, en það eru öryggisstefna, áhættumat og lýsing á öryggisráðstöfunum. Persónuvernd telur að ekkert í reglum nr. 299/2001 útiloki að skýrsla um innra eftirlit geti verið sérstakur hluti af sama skjali og hefur að geyma áður nefnd gögn samkvæmt 3. gr. þeirra. Hins vegar telur Persónuvernd að það fái ekki samrýmt reglunum að gögn samkvæmt 3. gr. þeirra geti í senn verið skýrsla um innra eftirlit, enda lítur slíkt eftirlit ákveðnum reglum samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 8. gr. reglna nr. 299/2001, en samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skal innra eftirlit að jafnaði viðhaft samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi. Getur Persónuvernd af þessum sökum ekki fallist á það með Umferðarstofu að skjalið „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ sé skýrsla um innra eftirlit og að öryggisráðstöfun stofnunarinnar, um að varðveita skuli slíkar skýrslur, hafi staðist próf skýrsluhöfundar.

Aðrar einstakar öryggisráðstafanir sem ekki stóðust prófun, að mati skýrsluhöfundar, gefa ekki tilfni til sérstakra athugasemda af hálfu Persónuverndar, enda gerir Umferðarstofa fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við þær niðurstöður skýrsluhöfundar. Persónuvernd telur að í mörgum tilvikum megi fremur telja þær til æskilegra aðgerða fremur en til nauðsynlegra öryggisráðstafana samkvæmt reglum nr. 299/2001. Eins og skýrsluhöfundur tekur fram í skýrslu sinni er í flestum tilvikum um að ræða öryggisráðstafanir sem hafa enn ekki verið innleiddar í öryggiskerfi Umferðarstofu. Þótt fallast megi á mat skýrsluhöfundar um að engra bráðra úrbóta sé þörf telur Persónuvernd að Umferðarstofu beri, við næstu endurskoðun skjalsins „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ eða í síðasta lagi fyrir árslok 2005, að ljúka innleiðingu umræddra öryggisráðstafana og bæta við þeim ráðstöfunum sem við skoðun reyndust ekki vera fyrir hendi, eða fella þær að öðrum kosti brott úr nefndu skjali. Þá tekur Persónuvernd undir þá skoðun skýrsluhöfundar að Umferðarstofa megi bæta fræðslu til starfsmanna um stefnu og aðgerðir hennar í öryggismálum.

e. Innra eftirlit

Eins og áður hefur verið vikið að er ábyrgðaraðila skylt, samkvæmt 12. gr. laga nr. 77/2000, að viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 299/2001 ber að jafnaði að viðhafa slíkt eftirlit samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi og eru í ákvæðinu jafnframt talin upp þau atriði sem það skal beinast að.

Í þeim skriflegu gögnum sem Umferðarstofa afhenti við upphaf úttektarinnar, þ.e. skjalinu „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“ og fylgiskjólum þess, var ekki að finna lýsingu á fyrirkomulagi innra eftirlits. Í samræmi við ábendingar skýrsluhöfundar fór Persónuvernd hins vegar fram á það við Umferðarstofu, sbr. bréf dags. 12. janúar 2004, að hún legði fram tiltekin viðbótargögn, m.a. reglur um fyrirkomulag innra eftirlits. Bárust Persónuvernd umbeðin viðbótargögn þann 18. febrúar sl. og í bréfi sem þeim fylgdu kemur m.a. fram að umræddar reglur hafi verið felldar inn í öryggishandbók Umferðarstofu.

Eftir að hafa rýnt reglur Umferðarstofu um fyrirkomulag innra eftirlits telur skýrsluhöfundur að þær uppfylli kröfur reglna nr. 299/2001. Er það jafnframt niðurstaða Persónuverndar.

f. Vinnslusamningar

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 9. gr. reglna nr. 299/2001, er ábyrgðaraðila heimilt að semja við annan aðila um að annast, í heild eða að hluta til, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Þetta er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluadili geti viðhaft þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna gilda og framkvæmt innra eftirlit með henni.

Samningar sem Umferðarstofa hefur gert við aðra aðila um vinnslu persónuupplýsinga voru meðal þeirra viðbótargagna sem Persónuvernd óskaði eftir með bréfi, dags. 12. janúar sl. Hins vegar var Persónuvernd aðeins afhent yfirlit yfir slíka samninga og þær kröfur sem Umferðarstofa gerir til vinnsluaðila. Af þessum sökum reyndist skýrsluhöfundi ekki unnt að leggja dóm á það hvort nægilega vel væri haldið á slíkum samningum hjá Umferðarstofu í ljósi fyrrgreindra reglna. Hins vegar lætur skýrsluhöfundur þess getið að endursögn stofnunarinnar á efni slíkra samninga virðist benda til þess að mörg skilyrði reglna nr. 299/2001 um efni samninga af þessu tagi séu uppfyllt í tilvikum Umferðarstofu.

Þar sem umbeðnir vinnslusamningar voru ekki lagðir fram af hálfu Umferðarstofu liggja ekki fyrir nauðsynleg gögn svo að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort fullnægt sé kröfum 13. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 9. gr. reglna nr. 299/2001, varðandi efni slíkra samninga. Í ljósi þessa hefur Persónuvernd í hyggju að taka þetta mál til sérstakrar skoðunar, þ.e. hvernig hagað er verkaskiptingu og ábyrgð Umferðarstofu og annarra aðila í þessu sambandi. Er annars vegar um að ræða þá vinnslu persónuupplýsinga sem Umferðarstofa felur öðrum aðilum að annast og hins vegar þá vinnslu sem Umferðarstofa hefur með höndum sem vinnsluaðili. Mun Umferðarstofu verða send sérstök tilkynning um þessa athugun með hæfilegum fyrirvara.

5.

Samandregin niðurstaða

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða Persónuverndar að öryggi persónuupplýsinga í öku-tækjaskrá og ökuprófaskrá sé í góðu lagi, en að bæta megi að nokkru úr þeim skriflegu gögnum sem liggja til grundvallar öryggiskerfi Umferðarstofu. Helstu athugasemdir Persónuverndar og ábendingar til Umferðarstofu, skv. framanrituðu, eru þessar:

1. Að afhenda Persónuvernd formlega öryggisstefnu, sem staðfest hefur verið af æðstu yfirstjórn.
2. Að Umferðarstofa taki afstöðu til þess, við næstu endurskoðun áhættumats, að hvaða marki skjal dómsmálaráðuneytisins „Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins – Áhættumat“ geti átt við um persónuupplýsingar sem eru á ábyrgð Umferðarstofu, felli það að því loknu, með formlegum hætti inn í eigið áhættumat og afhendi Persónuvernd síðan eintak af því.
3. Að Umferðarstofa felli áhrifagreiningu, samkvæmt skjali um neyðaráætlun, inn í áhættumat stofnunarinnar við næstu endurskoðun þess.
4. Að Umferðarstofa muni við næstu endurskoðun skjalsins „Umferðarstofa – Öryggi persónuupplýsinga“, eða í síðasta lagi fyrir árslok 2005, ljúka innleiðingu nauðsynlegra öryggisráðstafana.

5. Að Umferðarstofa bæti fræðslu til starfsmanna um stefnu og aðgerðir hennar í öryggismálum.
6. Að Umferðarstofa taki til sérstakrar skoðunar hvort fullnægt sé skilyrðum laga varðandi gerð og efni vinnslusamninga annars vegar og hvort vinnsla Umferðarstofu á persónuupplýsingum í tengslum við starfrækslu slysaskrár eigi sér fullnægjandi lagastoð.

3.2.3. Úttektir á lögmati vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf

3.2.3.1. Lögmati vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf hjá Securitas

Með bréfi Persónuverndar, dags. 21. október 2004, var Securitas kynnt skýrsla um niðurstöður máls nr. 2004/203. Í bréfinu segir:

I.

Gundvöllur máls

1.

Ákvörðun um framkvæmd athugunar

Á fundi forstjóra persónuverndarstofnananna á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, sem haldinn var 20. og 21. nóvember 2003, var ákveðið að framkvæma athugun á söfnun og meðferð upplýsinga um umsækjendur um störf hjá þremur aðilum í hverju landanna fimm. Skyldi tilgangurinn vera annars vegar að sannreyna hvort vinnsla persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila væri í samræmi við lög og reglur, og hins vegar að bera saman umfang vinnslunnar á milli landanna fimm. Persónuvernd ákvað að Securitas í Reykjavík yrði einn þeirra aðila sem teknir yrðu út hér á landi. Var fyrirtækinu tilkynnt um það með bréfi, dags. 29. mars 2004. Var þar tekið fram að ekki væri um hefðbundna öryggisúttekt að ræða heldur athugun sem myndi takmarkast við meðferð persónuupplýsinga sem færi fram í tengslum við ráðningar í störf og að hún væri liður í samnorrænu verkefni

Hefur verið ákveðið að afmarka athugun þessa við það hvort uppfyllt séu heimildarákvæði 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, fylgt meginreglum 7. gr. laganna um gæði gagna og vinnslu og uppfyllt fyrirmæli 20. gr. um fræðsluskyldu, að því leyti sem það varðar mat á því hvort unnið sé í samræmi við ákvæði 7. gr. Hins vegar verður í skýrslu þessari ekki fjallað um önnur atriði, s.s. hvort uppfyllt hafi verið ákvæði 31. og 32. gr. um tilkynningu til Persónuverndar né með hvaða hætti ábyrgðaraðili, hér Securitas, tryggir öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001.

2.

Öflun gagna

Skrifstofur Securitas í Síðumúla 23, Reykjavík, voru heimsóttar miðvikudaginn 14. apríl 2004 og m.a. fundað með Árna Guðmundssyni, forstöðumanni gæslusviðs Securitas. Áður höfðu fyrirtækinu verið sendar nokkrar spurningar og var þeim að hluta til svarað skriflega með skjali sem var lagt fram á fundinum. Þar voru og lögð fram afrit af atvinnuauglýsingum; sýnishorn starfsumsóknna, annars vegar almennrar umsóknar um starf (fyrst og fremst um öryggisvörslustarf) og hins vegar um starf á tæknisviði; og leiðbeinandi reglur fyrir öryggisdeild vegna atvinnuauglýsinga.

Á grundvelli framangreindra gagna, sem og þeirra munnlegu upplýsinga sem fram komu á fundinum, samdi Persónuvernd lýsingu á umræddri vinnslu. Með bréfi, dags. 6. maí 2004, var hún send Árna Guðmundssyni og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Auk þess var óskað eftir frekari upplýsingum um tiltekin atriði. Óskín var itrekuð með bréfum Persónuverndar, dags. 6. og 24. september 2004, en í síðara bréfinu var auk þess óskað skýringa á fleiri atriðum. Svar barst annars vegar með tölvupósti frá Árna Guðmundssyni hinn 15. október 2004 varðandi öflun sakavottorða, og hins vegar í símtali sama dag þar sem fram kom að í framkvæmd er ekki farið fram á að umsækjendur leggi fram læknisvottorð.

Fyrirliggjandi gögn bera með sér að á umsóknareyðublöðum eru aðallega spurningar um almenn

atriði en að auk þess er spurt um viðkvæm atriði, s.s. hvort umsækjandi hafi hreint sakavottorð eða hafi verið stefnt eða refsað fyrir saknæmt athæfi. Auk þess eru þar spurningar varðandi heilsuhagi, þ. á m. um líkamshreysti. Óskað er eftir sakavottorðum þeirra umsækjenda sem taldir eru koma til greina í störf. Þá mun oft vera aflað upplýsinga úr skrá Lánstrausts hf., yfir fjárhagsmálefni og láns- traust (vanskilaskrá), um þá umsækjendur sem kemur til álita að ráða. Umsóknir eru varðveittar í þrjá til sex mánuði eftir að þær berast. Auk þess hefur Securitas þá stefnu að varðveita upplýsingar um starfsmenn í sjö ár eftir að þeir láta af störfum.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir niðurstöðum Persónuverndar. Tekið skal fram að almennt verður ekki sérstaklega fjallað um þau tilvik sem teljast vera í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

II.

Niðurstæða

1.

Almennt um gildissvið laga nr. 77/2000

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögín um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupp- lýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu *persónuupplýsingar* er átt við „sér- hverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið „sérhver[ja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn“. Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Samkvæmt framán- greindu felur söfnun Securitas á persónuupplýsingum um umsækjendur um störf í sér *vinnslu per- sónuupplýsinga* í skilningi laga nr. 77/2000.

2.

Um lögmæti vinnslu Securitas á persónuupplýsingum um umsækjendur í ljósi 8. og 9. gr. 1. nr. 77/2000

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla *almennra* persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. gr., en vinnsla *viðkvæmra* persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga sem falla undir 8. tölul. 2. gr. laganna, þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. Auk þessa þarf vinnsla per- sónuupplýsinga, almennra sem viðkvæmra, ávallt að fullnægja kröfum 7. gr. laganna. Um vinnslu Securitas á persónuupplýsingum í ljósi þess ákvæðis er fjallað í kafla 3 hér á eftir.

Eins og að framan greinir vinnur Securitas fjölþættar upplýsingar um þá einstaklinga sem sækja um störf hjá fyrirtækinu. Aðallega er unnið með almennar persónuupplýsingar, en jafnframt er unn- ið með viðkvæmar upplýsingar, s.s. um hvort umsækjanda hafi verið stefnt eða refsað fyrir saknæmt athæfi og um heilsuhagi hans. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar.

2.1.

Vinnsla með almennar persónuupplýsingar

Varðandi vinnslu Securitas á almennum persónuupplýsingum um umsækjendur kemur fyrst til skoðunar hvort hún eigi sér heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar upplýsinganna er aflað með umsóknareyðublöðum má telja, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að skilyrði 1. tölulíðar ákvæðisins séu uppfyllt, þ.e. fyrir hendi sé samþykki til vinnslu upplýsinganna.

Hins vegar liggur fyrir að Securitas aflar almennra upplýsinga einnig frá öðrum en umsækjendum sjálfum. Er m.a. aflað upplýsinga frá meðmælendum, sem og upplýsinga um fjárhagsmálefni og láns-

traust umsækjenda úr vanskilaskrá Lánstrausts hf. Upplýsinga úr þeirri skrá er aflað án þeirra vitneskju. Verður lögmæti þeirrar vinnslu því ekki stutt með visun til 1. tölul.

Þessi vinnsla hefur, af hálfu Securitas, verið rökstudd með því að fyrirtækið verði að geta tryggt viðskiptavinum sínum að þeir öryggisverðir, sem fari inn á heimili fólks eða vinnustaði, séu heiðarlegir, en liður í að meta það sé að kanna hvort viðkomandi eigi við fjárhagsvanda að stríða. Kemur þá til skoðunar heimildarákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. um að vinnsla geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber samkvæmt lögum, vegi þyngra. Þá ber að hafa í huga að um miðlun af hálfu Lánstrausts hf. gildir ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga nr. 77/2000 sem skyldar félagið sjálft til þess að láta hinn skráða vita 14 dögum áður en það miðlar slíkum upplýsingum í fyrsta sinn. Einnig ber að líta til þeirra skilmála sem Lánstrausti hf. og viðskiptavinum þess ber að hlíta og tilgreindir eru í starfsleyfi sem Persónuvernd hefur veitt félaginu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 90/2001, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000.

Að virtum öllum framangreindum ákvæðum verður ekki fullyrt að Securitas skorti lagastoð fyrir öflun upplýsinganna án samþykkis umsækjendanna, þ.e. að því marki sem hún verður talin samrýmast kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar leiða reglur um fræðslu til þess, eins og fram kemur í kafla 3.1 hér á eftir, að æskilegt er að Securitas veiti, í ljósi aðstæðna, umsækjendum um störf vitneskju um þessa upplýsingaöflun í upphafi umsóknarferlis. Slík fræðsla myndi leiða til þess að gilt samþykki fyrir öflun upplýsinganna væri fyrir hendi.

2.2.

Vinnsla með viðkvæmar persónuupplýsingar

Sz securitas hefur aflað upplýsinga um refsiverða háttsemi umsækjenda, bæði með umsóknareyðublöðum og með ósk um afhendingu sakavottorða. Þegar upplýsinganna er aflað með umsóknareyðublöðum, þ.e. beint frá umsækjanda, eru uppfyllt skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. um samþykki hins skráða og vinnslan því heimil, þ.e. í þeim mæli sem hún samrýmist kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. kafla 3.3. Varðandi öflun upplýsinga með ósk um afhendingu sakavottorða ber að hafa í huga að umsækjandinn aflar þeirra sjálfur og afhendir Securitas. Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999. Um miðlun upplýsinga úr sakaskrá til hins skráða fer samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Af 1. mgr. 9. gr. hennar leiðir að hinn skráði fær ekki slíkt vottorð nema leggja fram skriflega og undirritaða beiðni. Af því leiðir að telja má öflun upplýsinga með ósk um afhendingu sakavottorða, að því marki sem hún getur talist nauðsynleg, sbr. kafla 3.3, sömuleiðis eiga sér stoð í 1. tölul. 1. mgr. 8. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Er þá m.a. haft í huga ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar þar sem fram kemur að á sakavottorði, sem hinn skráði sækir sjálfur um, koma aðeins fram takmarkaðar upplýsingar, bæði hvað varðar eðli brota og aldur upplýsinga.

Með sömu rökum telur Persónuvernd öflun upplýsinga um heilsuhagi umsækjenda með spurningum á umsóknareyðublöðum heimila, þ.e. með stoð í framangreindum ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 og að uppfylltum kröfum 7. gr. laganna, sbr. kafla 3.2. Verði slíkra upplýsinga aflað með ósk um læknisvottorð verður samþykki fyrir þeirri upplýsingaöflun að uppfylla skilyrði 7. tölul. 2. gr. laganna eins og ávallt þegar aflað er samþykkis fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

3.

Um meðferð Securitas á persónuupplýsingum um umsækjendur í ljósi 7. gr., sem og 20. gr. 1. nr. 77/2000

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast þeim kröfum sem fram koma í 7. gr. laga nr. 77/2000. Þau skilyrði, sem einkum reynir á í þessu máli, koma fram í 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þar

er kveðið á um að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær skulu vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Hér á eftir verður nánar fjallað um einstök svið vinnslunnar eftir því sem ástæða þykir til í ljósi 7. gr., sem og 20. gr. laga nr. 77/2000:

3.1.

Öflun upplýsinga úr vanskilaskrá Lánstrausts hf.

Eins og fram hefur komið verður ekki fullyrt að Securitas sé óheimil öflun upplýsinga um umsækjendur úr skrá Lánstraust hf. yfir fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Er þá litið til þess hlutverks vissra starfsmanna Securitas að fara inn á heimili fólks og vinnustaði þar sem geymd eru verðmæti. Má því fallast á það með Securitas að fjárhagsörðugleikar kunna að rýra það traust sem menn verða að hafa til að bera til að gegna slíku starfi. Hins vegar verður að hafa í huga framangreindar reglur 7. gr. laga nr. 77/2000 sem fela í sér þá meðalhöfðskrófu að ekki skal unnið með persónuupplýsingar nema þess gerist þörf.

Í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 er sem fyrr greinir kveðið á um að vinnsla skal vera sanngjörn. Það felur m.a. í sér að vinnsla á að vera sem gagnsæjust gagnvart hinum skráða þannig að hann eigi kost á vitneskju um vinnsluna og fái, eftir atvikum, slíka vitneskju að frumkvæði þess sem vinnur með upplýsingarnar. Í 20. gr. laganna um fræðsluskyldu gagnvart hinum skráða þegar persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum er þessi gagnsæiskrafa útfærð nánar. Er þar kveðið á um að fræða skuli hinn skráða um nánar tiltekin atriði þegar svo stendur á, sem og að hinum skráða skuli veittar aðrar upplýsingar, að því marki sem þær séu nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríki við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna.

Unnt er á einfaldan hátt að fræða umsækjanda um hvort kannað kunni að verða hvort hann sé skráður í vanskilaskrá Lánstrausts hf., s.s. með því að greina frá því í auglýsingum um laus störf eða á umsóknareyðublöðum. Í ljósi þessa, þeirrar reglu 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 að vinnsla skal samrýmast vönduðum vinnsluháttum, sem og eðlis umræddra persónuupplýsinga, getur vitneskja um að þeirra kunni að verða aflað verið „aðrar upplýsingar“, sem umsækjanda eru nauðsynlegar til að geta gætt hagsmuna sinna í ljósi 20. gr. laga nr. 77/2000, t.d. ákveðið að sækja ekki um starf og veita fyrirtækinu því ekki um sig neinar upplýsingar. Er því æskilegt að þessi vitneskja sé veitt í tengslum við þá söfnun persónuupplýsinga frá umsækjendum sjálfum sem fram fer þegar þeir leggja fram umsókn.

3.2.

Öflun upplýsinga um heilsuhagi

Fyrir liggur að á umsóknareyðublöðum er óskað eftir upplýsingum um líkamlega og andlega heilsu umsækjanda. Er spurt um lyktarskyn, sjón, heyrn og baksjúkdóma, aðra sjúkdóma, sem umsækjandi kann að vera haldinn, hvort umsækjandi sé í góðu líkamlegu formi og góðu andlegu jafnvægi, og auk þess hve oft umsækjandi hefur verið frá vinnu á síðasta ári og hvers vegna. Þá er spurt hvort umsækjandi sé lofthræddur, hvort umsækjandi reyki og hvort áfengisneysla hafi verið vandamál, hvort almennt heilsufar sé gott, í meðallagi eða slæmt, og, í þeim tilvikum þegar sótt er um öryggisvarðarstarf, hvort umsækjandi sé myrkfælinn. Þessar upplýsingar geta að mestu leyti samrýmst kröfum 7. gr. varðandi umsækjendur um starf öryggisvarða. Öflun upplýsinga með umsóknareyðublöðum um líkamlega og andlega heilsu, sem og hvort umsækjandi sé myrkfælinn – sem líta má á sem sálrænt atriði, sem fella má undir heilsuhagi – getur þannig haft málefnalegan tilgang, en ætla verður að í starfi öryggisvarðar geti komið upp aðstæður þar sem reynir á líkamlega hreysti, næmi skynfæra og andlega eiginleika. Þá má líta svo á að málefnalegt geti verið að afla, með umsóknareyðublöðum,

upplýsinga um áfengisneyslu til mats á umsækjendum um störf í öryggisgæslu, enda má gera ráð fyrir að þar hafi mikið vægi að umsækjandi sé allsgáður og haldi fullri athygli. Hins vegar ber, í ljósi 7. gr., að gjalda varhuga við öflun upplýsinga um „aðra sjúkdóma“, sem umsækjandi kann að vera haldinn.

Þá er æskilegt að Securitas kanni hvort einhverjar þeirra heilsufarsupplýsinga, sem aflað er um umsækjendur um önnur störf en öryggisvörslu, séu ónaúðsynlegar. Þarf einkum að taka afstöðu til þess hvort öflun upplýsinga með umsóknareyðublöðum um lyktarskyn, sjón, heyrn, baksjúkdóma, almennt heilsufar og lofthræðslu sé nauðsynleg þegar verið er að ráða í önnur störf en öryggisgæslu. Þá ber hér og að gjalda varhuga við öflun upplýsinga um „aðra sjúkdóma“ sem umsækjandi kann að vera haldinn.

3.3.

Öflun upplýsinga um refsiverða háttsemi

Öflun upplýsinga á umsóknareyðublöðum um hvort umsækjendur um störf hafi hreint sakavottorð, sem og öflun sakavottorðanna sjálfra með ósk um afhendingu þeirra, getur samrýmst kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. málefnalegt getur verið að afla slíkra upplýsinga vegna eðlis þeirra starfa sem unnin eru hjá fyrirtæki sem fæst við öryggisgæslu. Þá er litið til þess að sakavottorð einstaklinga, sem þeir sækja sjálfir, eru takmörkuð hvað varðar tegundir brota, sem færð eru inn á vottorðin, og þann tíma sem liðinn er frá sakfellingu, sbr. umfjöllun í kafla 2.2.

Hins vegar skal tekið fram að viss störf hjá Securitas kunna að vera þess eðlis að ekki sé þörf á öflun sakavottorða umsækjenda um þau. Er rétt að Securitas kanni hvort svo sé ástatt um einhver störf og láti þá af öflun sakavottorða þessara tilteknu umsækjenda og eyði auk þess slíkum vottorðum um umsækjendur um slík störf, sem þegar hefur verið aflað, eða endursendi þau.

Fram hefur komið að aflað er upplýsinga um hvort umsækjanda hafi verið „stefnt“ fyrir saknæmt athæfi. Orkar tvímælis að öflun upplýsinga um það eitt fái samrýmst þeim kröfum sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Hafi maður verið ákærður fyrir refsivert brot en verið sýknaður er m.a. ekki unnt að líta svo á að áreiðanlegur grundvöllur sé fyrir þeirri ályktun að hann sé óhæfur til að gegna tilteknu starfi vegna brotaferils. Hafa verður hins vegar í huga að samkvæmt íslenskrí réttarskipan er mögulegt að fá mann dæmdan til greiðslu skaðabóta vegna refsiverðs athæfis þó svo að hann hafi verið sýknaður í refsimáli. Sé maður dæmdur til greiðslu skaðabóta í slíku máli getur verið málefnalegt að afla upplýsinga um það frá umsækjanda sjálfum vegna ráðningar í starf sem snýr að öryggisgæslu. Tvímælis orkar að öflun upplýsinga um það eitt að manni hafi verið stefnt til greiðslu skaðabóta, og hann verið sýknaður, samrýmist framangreindum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000.

3.4.

Varðveisla persónuupplýsinga

Fram hefur komið að umsóknir þeirra umsækjenda, sem ekki eru ráðnir, eru varðveittar í þrjá til sex mánuði eftir að þær berast. Þá hefur komið fram að rafræn skráning umsækjenda, þ.e. nafn og kennitala, er varðveitt í tvö ár. Persónuvernd telur þetta geta samrýmst meðalhöfðskrákröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, en að æskilegt sé að veita fræðslu um varðveisluna í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000. Ekki hefur komið fram hversu lengi önnur gögn um þá sem ekki eru ráðnir en umsókn, s.s. upplýsingar úr vanskilaskrá Lánstrausts hf. og sakavottorð, eru varðveitt, en mikilvægt er að huga að þessum þætti í vinnslunni í ljósi 7. gr. laga nr. 77/2000. Þá er æskilegt að veitt sé fræðsla um varðveislur þessara gagna einnig.

Fram hefur komið að Securitas hefur þá stefnu að varðveita upplýsingar um starfsmenn í sjö ár eftir að þeir láta af störfum. Ljóst er að varðveisla í tiltekinn tíma kann að vera heimil, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga hvað viðkvæmar persónuupplýsingar varðar, þ.e. líta má svo á að nauðsynlegt sé að varðveita þær til að krafa verði afmörkuð,

sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slikra laganauðsynja. Í því samhengi má m.a. nefna að samkvæmt athugasemd við 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. getur vinnuveitanda verið heimilt að vinna með heilsufarsupplýsingar um starfsmann til að sýna fram á lögmætar forsendur fyrir uppsögn. Þá verður slík varðveisla persónuupplýsinga að samrýmast þeim kröfum sem fram koma í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar sem athugun þessi afmarkast hins vegar við meðferð upplýsinga um umsækjendur en ekki starfsmenn almennt verður ekki fjallað nánar um þetta atriði hér. Þó bendir Persónuvernd Securitas á að athuga, í ljósi 7. gr. laganna, hvort nauðsynlegt sé að varðveita umræddar upplýsingar svo lengi sem stefnt er að.

III.

Samandregin niðurstaða, leiðbeiningar

Í samræmi við framangreint, og í ljósi hlutverks Persónuverndar skv. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laganna, vill hún hér með leiðbeina Securitas um:

a) - *Að afla ekki upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust umsækjenda, nema sérstök ástæða sé til og eðli starfans kalli á slíkar upplýsingar; og greina umsækjendum frá því í upphafi ráðningarferlis að fjárhagslegur bakgrunnur þeirra kunnir að verða kannadur í vanskilaskrá Lánstrausts hf.*

b) - *Að gæta þess að hafa ekki á umsóknareyðublöðum spurningar um aðrar heilsufarsupplýsingar en málefnalegt getur talist að afla í ljósi þess starfs sem viðkomandi sækir um og láta af öflun upplýsinga um „aðra sjúkdóma“ sem umsækjandi kann að vera haldinn.*

c) - *Að endurskoða öflun upplýsinga um hvort umsækjanda hafi verið „stefnt“ fyrir saknæmt athæfi. Bent er á að hafi maður verið ákærður fyrir refsivert brot en verið sýknaður er hæpið að álykta að hann sé óhæfur til að gegna tilteknu starfi vegna brotaferils. Hafi maður hins vegar verið dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna refsiverðrar háttsemi kann að vera málefnaleg ástæða til öflunar upplýsinga um það frá umsækjandanum.*

d) - *Að kanna hvort einhver störf hjá fyrirtækinu séu þess eðlis að ekki þurfi að gera kröfu um framlagningu sakavottorðs, láta af öflun sakavottorða sé hún ekki málefnaleg vegna eðlis viðkomandi starfs og eyða sakavottorðum, sem aflað hefur verið að nauðsynjalausu, eða endursenda þau.*

e) - *Að veita umsækjendum, sem ekki eru ráðnir, fræðslu um varðveislutíma allra þeirra persónuupplýsinga sem aflað hefur verið um þá.*

3.2.3.2. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf í lyfjaverksmiðju og á rannsóknarstofu Actavis

Með bréfi Persónuverndar, dags. 2. nóvember 2004, var Actavis kynnt skýrsla um niðurstöður máls nr. 2004/202. Í bréfinu segir:

I.

Gundvöllur máls

1.

Ákvörðun um framkvæmd athugunar

Á fundi forstjóra persónuverndarstofnananna á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, sem haldinn var 20. og 21. nóvember 2003, var ákveðið að framkvæma athugun á söfnun og meðferð upplýsinga um umsækjendur um störf hjá þremur aðilum í hverju landanna fimm. Skyldi tilgangurinn vera annars vegar að sannreyna hvort vinnsla persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila væri í samræmi við lög og reglur, og hins vegar að bera saman umfang vinnslunnar á milli landanna fimm. Persónuvernd ákvað að Actavis yrði einn þeirra aðila sem teknir yrðu út hér á landi. Var fyrirtækinu tilkynnt um það með bréfi, dags. 29. mars 2004. Var þar tekið fram að ekki væri um hefðbundna öryggisúttekt að ræða heldur athugun sem myndi takmarkast við meðferð persónuupplýsinga sem færi fram í tengslum við ráðningar í störf í lyfjaverksmiðju og á rannsóknarstofu fyrirtækisins og að hún væri liður í samnorrænu verkefni

Hefur verið ákveðið að afmarka athugun þessa við það hvort uppfyllt séu heimildarákvæði 8. og 9.

gr. laga nr. 77/2000, fylgt meginreglum 7. gr. laganna um gæði gagna og vinnslu og uppfyllt fyrirmæli 20. gr. um fræðsluskyldu, sem og 18. gr. um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga, að því leyti sem það varðar mat á því hvort unnið sé í samræmi við ákvæði 7. gr. Hins vegar verður í skýrslu þessari ekki fjallað um önnur atriði, s.s. hvort uppfyllt hafi verið ákvæði 31. og 32. gr. um tilkynningu til Persónuverndar né með hvaða hætti ábyrgðaraðili, hér Actavis, tryggir öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, sbr 11.–13. gr. laganna og reglur Persónuverndar nr. 299/2001.

2.

Öflun gagna

Skrifstofur Actavis, Reykjavíkurvegi 76–78, Hafnarfirði, voru heimsóttar fimmtudaginn 15. apríl 2004 og fundað með Sigríði Björnsdóttur, starfsmannastjóra. Einnig sátu fundinn Guðrún Lind Halldórsdóttir frá starfsmannasviði og Einar Þórðarson frá upplýsingatæknideild. Áður höfðu fyrirtækinu verið sendar spurningar og var þeim að hluta til svarað skriflega með skjali sem var lagt fram á fundinum. Þar voru og lögð fram margvísleg gögn varðandi vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf, þ. á m. tvö eintök af atvinnuumsókn, annað af heimasíðu fyrirtækisins og hitt úr afgreiðslu þess; skráningarblöð sem svör við spurningum í ráðningarviðtölum og viðtölum við meðmælendur eru skráð á; tvö eintök af stöðluðum bréfum til umsækjenda um að umsókn hafi verið hafnað, annað sent rafrænt en hitt póstlagt; og beiðni um sakavottorð og umboð frá umsækjanda fyrir öflun sakavottorðs.

Fyrirliggjandi gögn bera með sér að á umsóknareyðublöðum eru aðeins spurningar um almenn atriði. Hins vegar er á síðari stigum ráðningarferlis einnig aflað upplýsinga um viðkvæm atriði, s.s. með því að fá sakavottorð og niðurstöður úr lækniaskoðun. Umsóknir og önnur gögn um umsækjendur, sem ekki eru ráðnir, eru varðveitt í sex mánuði að undanskildum upplýsingum sem skráðar eru í ráðningarviðtölum og viðtölum við meðmælendur, þ.e. á þar til gerð skráningarblöð. Þeim upplýsingum er eytt þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir niðurstöðum Persónuverndar. Tekið skal fram að almennt verður ekki sérstaklega fjallað um þau tilvik sem teljast vera í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

II.

Niðurstæða

1.

Almennt um gildissvið laga nr. 77/2000

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögín um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu *persónuupplýsingar* er átt við „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið *vinnsla* „sérhver[ja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn“, sbr. 2. tölul. sömu greinar. Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun. Samkvæmt framangreindu felur söfnun Actavis á persónuupplýsingum um umsækjendur um störf við framleiðslu og þróun lyfja í sér *vinnslu persónuupplýsinga* í skilningi laga nr. 77/2000.

2.

Um lögmæti vinnslu Actavis á persónuupplýsingum um umsækjendur í ljósi 8. og 9. gr. 1. nr. 77/2000

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 8. og, eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla *almennra* persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af

skilyrðum 8. gr., en vinnsla *viðkvæmra* persónuupplýsinga, þ.e. upplýsinga sem falla undir 8. tölul. 2. gr. laganna, þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 9. gr. Auk þessa þarf vinnsla persónuupplýsinga, almennra sem viðkvæmra, ávallt að fullnægja kröfum 7. gr. laganna. Um vinnslu Actavis á persónuupplýsingum í ljósi þess ákvæðis er fjallað í kafla 3 hér á eftir.

Eins og að framan greinir vinnur Actavis fjölbættar upplýsingar um þá einstaklinga sem sækja um störf í lyfjaverksmiðju og á rannsóknarstofu fyrirtækisins. Aðallega er unnið með almennar persónuupplýsingar, en jafnframt er unnið með viðkvæmar upplýsingar, þ.e. um sakaferil og heilsuhagi umsækjenda. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar.

2.1.

Vinnsla með

almennar persónuupplýsingar

Varðandi vinnslu Actavis á almennum persónuupplýsingum um umsækjendur kemur fyrst til skoðunar hvort hún eigi sér heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar upplýsinganna er aflað með umsóknareyðublöðum má telja, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að skilyrði 1. töluliðar ákvæðisins séu uppfyllt, þ.e. fyrir hendi sé samþykki til vinnslu upplýsinganna.

Hins vegar liggur fyrir að Actavis aflar almennra upplýsinga einnig frá öðrum en umsækjendum sjálfum. Er þannig leitað til meðmælenda og þær upplýsingar, sem þeir veita, skráðar á þar til gerð skráningarblöð. Um er að ræða ítarlegar upplýsingar um persónulega eiginleika umsækjenda, m.a. um hversu mikla umsjón og leiðbeiningar þeir hafi þurft í samanburði við aðra og hversu auðvelt þeir hafi átt með samvinnu og samskipti við aðra starfsmenn. Þessar upplýsingar eru þess eðlis að eðlilegt er að aflað sé samþykkis fyrir skráningu þeirra. Liggur og fyrir að rætt er við meðmælendur samkvæmt skriflegu samþykki umsækjenda. Aftur á móti hefur ekki komið fram að veitt sé vitneskja um hvernig það sé gert og að upplýsingar sem fram koma í viðtölum séu skráðar niður. Svo að tryggt sé að um samþykki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 sé að ræða, þ.e. *ótvírætt* samþykki, leiðbeinir Persónuvernd því Actavis hér með um að veita um þetta vitneskju, bæði um formið sjálf, sem og þær spurningar sem á því eru. Er um veitingu slíkrar vitneskju fjallað nánar í kafla 3.3 hér á eftir.

Komið hefur fram varðandi öflun upplýsinga frá meðmælendum að ef viðkomandi meðmælendi þekkir ekki til starfa umsækjandans er hann beðinn um að að vísa á einhvern sem það gerir. Skriflegt samþykki umsækjanda til viðtala við meðmælendur getur ekki náð til einstaklinga sem meðmælendur benda á án hans vitneskju. Í ljósi þess hve hér getur verið um nærgöngular upplýsingar að ræða ber að gjalda varhuga við skráningu þeirra án samþykkis.

Á umsóknareyðublöðum er óskað eftir kennitölu maka umsækjanda. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 77/2000 verður slík upplýsingaöflun að eiga sér málefnalegan tilgang og *vera nauðsynleg*. Almennt má líta svo á að fæðingardagur og nafn veiti mjög áreiðanlega persónugreiningu og því sé í mörgum tilvikum ekki nauðsynlegt að fá upplýsingar um kennitölu. Er Actavis því leiðbeint um að fara yfir hvort nauðsynlegt sé að afla upplýsinga um kennitölur maka umsækjenda.

2.2.

Vinnsla með viðkvæmar

persónuupplýsingar

Actavis hefur aflað upplýsinga um refsiverða háttsemi umsækjenda með ósk um afhendingu sakavottorða þeirra sem hefja störf hjá fyrirtækinu, annaðhvort þannig að þeir afhendi vottorðið sjálfir eða að fengið sé umboð frá þeim til öflunar þess, auk þess sem þeir eru spurðir um hvort þeir hafi hreint sakavottorð í starfsviðtali. Þá eru allir þeir sem ráðnir eru sendir í læknisskoðun og eru niðurstöður slíkrar skoðunar sendar starfsmannahaldi fyrirtækisins. Í starfsviðtölum og viðtölum við meðmælendur eru og skráðar upplýsingar um viss heilsufarsatriði.

Þegar upplýsinga um refsiverða háttsemi er aflað með umsóknareyðublöðum, þ.e. beint frá um-

sækjanda, eru uppfyllt skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. um samþykki hins skráða og vinnslan því heimil, þ.e. í þeim mæli sem hún samrýmist kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. kafla 3.1. Varðandi öflun upplýsinga með ósk um afhendingu sakavottorðs ber að hafa í huga að umsækjandinn aflar þess sjálfur og afhendir Actavis eða veitir skriflegt umboð til öflunar þess. Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999. Um miðlun upplýsinga úr sakaskrá til hins skráða, eða þess sem hann hefur veitt umboð til öflunar slíkra upplýsinga, fer samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Af 1. mgr. 9. gr. hennar leiðir að hinn skráði fær ekki slíkt vottorð nema leggja fram skriflega og undirritaða beiðni. Þá segir í 2. mgr. 9. gr. að ef annar en hinn skráði sjálfur óskar eftir sakavottorði skuli tryggt að viðkomandi hafi heimild til að veita því viðtöku. Af þessu leiðir að telja má öflun upplýsinga með ósk um afhendingu sakavottorða, að því marki sem hún getur talist nauðsynleg, sbr. kafla 3.1, sömuleiðis eiga sér stoð í 1. tölul. 1. mgr. 8. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Er þá m.a. haft í huga ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar þar sem fram kemur að á sakavottorði, eins og því sem hér um ræðir, koma aðeins fram takmarkaðar upplýsingar, bæði hvað varðar eðli brota og aldur upplýsinga.

Með sömu rökum telur Persónuvernd öflun upplýsinga um heilsuhagi umsækjanda með spurningum á umsóknareyðublöðum og ósk um afhendingu niðurstaðna úr læknisskoðunum heimila, þ.e. með stoð í framangreindum ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 og að uppfylltum kröfum 7. gr. laganna, sbr. kafla 3.2. Orkar hins vegar tvímælis að skrá niður þær upplýsingar um heilsuhagi sem fram koma í viðtölum við meðmælendur.

3.

Um meðferð Actavis á persónuupplýsingum um umsækjendur í ljósi 7. gr., sem og 18. og 20. gr. l. nr. 77/2000

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast þeim kröfum sem fram koma í 7. gr. laga nr. 77/2000. Þau skilyrði, sem einkum reynir á í þessu máli, koma fram í 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þar er kveðið á um að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Hér á eftir verður nánar fjallað um einstök svið vinnslunnar eftir því sem ástæða þykir til í ljósi 7. gr., sem og 18. og 20. gr. laga nr. 77/2000. Ekki er fjallað sérstaklega hér að neðan um öflun upplýsinga um kennitölur maka, en tekið skal fram að auk þess sem slík upplýsingaöflun getur í mörgum tilvikum ekki talist fullnægja kröfum 10. gr. laganna, sbr. kafla 2.1, á hið sama við hvað framangreind ákvæði 7. gr. varðar. En þær athugasemdir, sem Persónuvernd telur ástæðu til að gera, eru sem hér greinir:

3.1.

Öflun upplýsinga um refsiverða háttsemi umsækjanda

Í starfsviðtali er aflað upplýsinga um hvort umsækjandi hafi hreint sakavottorð. Auk þess er aflað sakavottorða þeirra sem ráðnir eru, annaðhvort þannig að þeir afhendi þau sjálfir eða þau sótt samkvæmt umboði þeirra. Þessi upplýsingaöflun getur samrýmst framangreindum ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. málefnalegt getur verið að afla upplýsinga um hvort viðkomandi hafi gerst sekur um viss brot vegna þess stranga öryggis sem viðhafa verður við framleiðslu og þróun lyfja. Þá er litið til þess að sakavottorð einstaklinga, sem þeir sækja sjálfir, eru takmörkuð hvað varðar tegundir brota, sem færð eru inn á vottorðin, og þann tíma sem liðinn er frá sakfellingu, sbr. umfjöllun í kafla 2.2. Tíltekinn störf á rannsóknarstofu og í lyfjaverksmiðju Actavis kunna vissulega að vera þess eðlis að

þörf sé á öflun sakavottorða. Öðru máli kann þó að gegna um sum störf og er mikilvægt að í þeim tilvikum sé slíkra vottorða ekki aflað.

Einnig skal tekið fram að þó að öflun sakavottorða sé í samræmi við 7. gr. laga nr. 77/2000 kann að vera óþarft, í ljósi þeirra starfa, sem unnin eru hjá Actavis, að afla upplýsinga um viss brot sem færð eru inn á skrána. Fram hefur komið að ástæðan fyrir því að afla af sakavottorða er einkum að kanna hvort viðkomandi hafi gerst sekur um fíkniefnabrot. Er æskilegt að fyrirtækið kanni hvort einnig sé nauðsynlegt að afla upplýsinga um önnur brot og leiðbeini umsækjendum um hvaða brot þurfa, eftir atvikum, ekki að koma fram á sakavottorði. Hið sama á við þegar Actavis aflar upplýsinga úr sakaskrá samkvæmt umbóði.

3.2.

Öflun upplýsinga um heilsuhagi og líkamsástand umsækjenda

Þeir sem ráðnir eru til starfa í lyfjaverksmiðju og á rannsóknarstofu Actavis eru sendir í lækni skoðun og niðurstöður slíkrar skoðunar sendar starfsmannahaldi fyrirtækisins. Af gæðastaðli, sem Actavis fylgir, verður ráðið að lækni skoðun og tilheyrandi skráning um heilsuhagi á að tryggja að enginn, sem haldinn er smitsjúkdómi eða er með opið sár á óvörðum hluta líkamans, starfi að framleiðslu á lyfjum eða öðru því sem slíkri framleiðslu tengist. Hefur komið fram að það sem kannað er við lækni skoðanir eru atriði sem varða hreinlæti og smitleiðir, þ.e. heilsufarsatriði sem varða hugsanlega sýkingahættu, s.s. hálsbólga, hósti og uppgangur, iðrasýkingar, sýkingar í húð tengdar sárur og eyrnagangur tengdur útbrotssjúkdómum. Þá er spurt um ofnæmi sem gæti tengst framleiðsluvörum Actavis. Eigi ekkert af þessu við ritar lækni undir vottorð sem felur það í sér að ekkert hafi komið fram sem mæli gegn því að viðkomandi sé við störf tengd lyfjaframleiðslu. Í einstaka tilvikum er, varðandi lyfjaofnæmi, tryggt í samráði við starfsmann og yfirmann að framleiðsla tiltekinna lyfja fari ekki fram á vinnusvæði viðkomandi. Engin skráning varðandi heilsufar eða skoðun fer að öðru leyti fram. Í ljósi þess stranga öryggis og mikla hreinlætis, sem viðhafa verður við framleiðslu og þróun lyfja, getur slík vinnsla haft málefnalegan tilgang og að öðru leyti fullnægt þeim kröfum sem fram koma í 7. gr. laga nr. 77/2000.

Auk niðurstæðna úr lækni skoðunum er aflað upplýsinga um heilsuhagi umsækjenda með skráningu svara úr viðtölum við meðmælendur á þar til gerð skráningarblöð um fjarvistir viðkomandi frá vinnu vegna veikinda og líkamsástands. Ljóst er að ákveðin störf geta verið þess eðlis að máli geti skipt *hvers vegna* umsækjandi hafi verið fjarvistum, t.a.m. hvort það hafi verið vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þegar svo ber undir er hins vegar æskilegt að upplýsingar um fjarvistir vegna veikinda og líkamsástands séu skráðar eftir umsækjanda sjálfum en ekki þriðja aðila.

Í starfsviðtali, þ.e. fyrra starfsviðtali af tveimur, eru á þar til gerð skráningarblöð skráð svör við spurningum um hreysti og reykingar. Öflun upplýsinga um hvort umsækjandi reykir eður ei getur samrýmt kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Skráning upplýsinga um hreysti getur einnig samrýmt þessum kröfum sé hún nauðsynleg sökum eðlis viðkomandi starfs. Fram hefur komið að þær upplýsingar um hreysti, sem Actavis aflar, snúa eingöngu að kvillum sem geta gert umsækjanda ómögulegt að starfa við viðkomandi starf, einkum í tengslum við framleiðslu lyfja. Þetta geta t.a.m. verið upplýsingar um hvort umsækjandi sé með ofnæmi fyrir lyfjaryki eða sé með bakveiki og geti því ekki lyft þungum hlutum eins og starfsmenn í þrifum þurfa að gera. Telur Persónuvernd öflun Actavis á framangreindum upplýsingum, í ljósi þeirra starfa, sem unnin eru innan fyrirtækisins, geta fallið innan krafna 7. gr. laga nr. 77/2000.

3.3.

Fræðsla um öflun viðkvæmra persónuupplýsinga og upplýsinga um persónulega eiginleika umsækjenda

Í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 er sem fyrr greinir kveðið á um að vinnsla skal vera sanngjörn. Það felur m.a. í sér að vinnsla á að vera sem gagnsæjust gagnvart hinum skráða þannig að

hann eigi kost á vitneskju um vinnsluna og fái, eftir atvikum, slíka vitneskju að frumkvæði þess sem vinnur með upplýsingarnar. Í 20. gr. laganna um fræðsluskyldu gagnvart hinum skráða þegar persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum er þessi gagnsæiskrafa útfærð nánar. Er þar kveðið á um að fræða skuli hinn skráða um nánar tiltekin atriði þegar upplýsinga er aflað hjá honum sjálfum, sem og að hinum skráða skuli veittar aðrar upplýsingar, að því marki sem þær séu nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríki við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt hagsmuna sinna.

Fram hefur komið að hjá Actavis eru umsækjendur ekki upplýstir um það strax í upphafi að fyrirhugað sé að afla upplýsinga um heilsufar þeirra og brotaferil, heldur séu þeir fyrst fræddir um að fram eigi að fara læknisrannsókn eftir að þeir hefji störf og í starfsviðtali um að afla eigi sakavottorðs þeirra, sem og upplýsinga um fjarvistir vegna veikinda og líkamlegs ástands með viðtölum við meðmælendur. Þá kemur ekki fram fyrir í starfsviðtali að umsækjendur verði þar spurðir um hreysti sína o.fl.

Auk ofangreinds hefur komið fram að aflað er ítarlegra upplýsinga um persónulega eiginleika umsækjenda, bæði í viðtölum við meðmælendur og í starfsviðtölum. Í síðarnefndu viðtölunum er þannig m.a. aflað upplýsinga um hversu smekkvís viðkomandi sé og snyrtilegur til fara, í hve miklum mæli hann sýni hegðun, sem hæfi aðstæðum, og hversu hrifandi framkoma hans sé. Í fyrrnefndu viðtölunum er og aflað upplýsinga um m.a. hversu mikla umsjón og leiðbeiningar viðkomandi hafi þurft í samanburði við aðra og hversu auðvelt hann hafi átt með samvinnu og samskipti við aðra starfsmenn. Þessar upplýsingar teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í lagaskilningi en geta gefið það ítarlega mynd af viðkomandi einstaklingi að gæta ber fyllstu varúðar.

Tekið skal fram að Persónuvernd telur almennar spurningar til umsækjanda sjálfs um reykingar hans þess eðlis að hann megi vænta þess að þeirra verði spurt. Verður því ekki talið að upplýsa verði um slíkar spurningar fyrir starfsviðtal. Hvað aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar varðar, sem og upplýsingar um persónulega eiginleika, bendir Persónuvernd hins vegar á að einhverjir umsækjendur kynnu að hætta við að senda inn umsókn og senda þar með persónuupplýsingar um sig til Actavis ef þeir vissu strax í upphafi að afla ætti upplýsinga um heilsufar þeirra, brotaferil og persónulega eiginleika. Í ljósi þessa má líta svo á að vitneskja um öflun þessara upplýsinga geti verið „aðrar upplýsingar“ sem umsækjanda eru nauðsynlegar til að geta gætt hagsmuna sinna í skilningi 20. gr. laga nr. 77/2000 þegar hann ákveður hvort hann veiti um sig persónuupplýsingar með framlagningu starfs-umsóknar. Er Actavis því leiðbeint um að veita vitneskju, s.s. með stöðluðum texta á umsóknum og umsóknareyðublöðum, um umrædda upplýsingaöflun.

3.4.

Réttur umsækjanda skv. 18. gr. l. nr. 77/2000

til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga

Ekki liggur fyrir að umsækjandi um starf, sem ekki hefur verið ráðinn, hafi óskað eftir upplýsingum frá Actavis um hvað fyrirtækið hafi skráð um hann. Þó hefur komið fram að væntanlega yrðu umbeðnar upplýsingar veittar. Á fundi Persónuverndar og Actavis hinn 15. apríl 2004 var tekið fram að ekki hefði verið tekin afstaða til aðgangs að upplýsingum sem skráðar væru eftir meðmælendum, sem og skráningarblaði sem notað væri í viðtölum við þá. Hins vegar kemur fram á skráningarblöðunum að við meðmælendur skuli sagt: „Rétt er að benda á að þær upplýsingar sem þú gefur eru trúnaðarmál og munu ekki komast í hendur umsækjandans.“

Geta má þess að samkvæmt 18. gr. laga nr. 77/2000 ber að skýra hinum skráða frá því hvað um hann sé skráð óski hann eftir því (1. tölul.). Frá þessum upplýsingarétti er kveðið á um undantekningar í 19. gr. laganna. Hér reynir á hvort við eigi 2. mgr. 19. gr. um að réttur samkvæmt 18. gr. eigi ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þyki eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Þessi undantekning frá upplýsingaréttinum byggist á g-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þar er kveðið á um að ríki, sem bundin eru af tilskipuninni, megi

kveða á um undantekningar frá upplýsingarétti hins skráða vegna „verndar skráðs aðila eða mannréttinda og frelsis annarra.“ Í ljósi þessarar þröngu afmörkunar á því hvenær kemur til greina að gera undantekningar frá reglunni um veitingu vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga, sem og 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um samngirni vinnslu, telur Persónuvernd æskilegt að Actavis veiti umsækjendum vitneskju um þær upplýsingar sem skráðar eru í viðtölum við meðmælendur. Í ljósi þess að á þetta atriði hefur ekki reynt í starfsemi Actavis munu hins vegar ekki veittar formlegar leiðbeiningar þar að lútandi.

3.5.

Varðveisla persónuupplýsinga

Fram hefur komið að umsóknir þeirra umsækjenda, sem ekki eru ráðnir, eru varðveittar í sex mánuði. Af gögnum frá Actavis má og ráða að öðrum upplýsingum um umsækjendur er einnig eytt eftir sex mánuði, að undanskildum upplýsingum sem skráðar eru í ráðningarviðtölum og viðtölum við meðmælendur, þ.e. á þar til gerð skráningarblöð, en þeim sé eytt þegar ákvörðun hafi verið tekin um ráðningu. Hvað þær upplýsingar varðar, sem skráðar eru eftir meðmælendum, eigi það einnig við í þeim tilvikum þegar umsækjandi er ráðinn. Persónuvernd telur framangreindan varðveislutíma geta samrýmst meðalhófskröfum 7. gr. laga nr. 77/2000.

Fram hefur komið að sé umsækjandi ekki ráðinn er honum sent staðlað bréf þar sem óskað er eftir leyfi hans til að varðveita umsókn hans í gagnagrunni fyrirtækisins. Kjósi hann ekki að veita slíkt leyfi skuli hann óska eftir því með tölvupósti að umsókninni sé eytt eða hún endursend. Er samkvæmt þessu ljóst að veitt er fræðsla um varðveislutíma umsókna. Í umræddu, stöðluðu bréfi er hins vegar ekki óskað eftir heimild til varðveislunnar annarra gagna en umsóknar eða þess getið hversu lengi þau verði varðveitt, en það mætti t.d. gera með því að bæta fræðslu um varðveislutíma í hið staðlaða bréf. Er æskilegt að það verði gert.

III.

Samandregin niðurstaða, leiðbeiningar

Í samræmi við framangreint, og í ljósi hlutverks Persónuverndar skv. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laganna, vill hún hér með leiðbeina Actavis um:

a) - Að kanna hvort einhver störf við framleiðslu og þróun lyfja hjá fyrirtækinu séu þess eðlis að ekki þurfi að gera kröfu um framlagningu sakavottorðs; að láta af öllun sakavottorða sé hún ekki málefnaleg eða nauðsynleg vegna eðlis viðkomandi starfs; að eyða sakavottorðum, sem kann að hafa verið aflað að nauðsynjalausu, eða endursenda þau; sem og að fara yfir hvort aflað sé upplýsinga um fleiri brot en nauðsynlegt getur talist.

b) - Að fræða umsækjendur um það strax í upphafi, þ.e. áður en þeir leggja fram umsókn, að afla eigi upplýsinga um heilsuhagi þeirra og brotaferil með öflun sakavottorðs og niðurstaðna læknisskoðunar – og að unnið verði með upplýsingar um persónulega eiginleika þeirra sem fram komi bæði í starfsviðtölum og viðtölum við meðmælendur. Nánari fræðsla um öflun upplýsinga frá meðmælendum, þ.e. um form skráningarblaða og einstakar spurningar á þeim, er æskilegt að veita ekki síðar en í starfsviðtali.

c) - Að láta af því að skrá og varðveita svör frá meðmælendum við spurningum um hvort umsækjendur hafi verið fjarvistum frá störfum vegna veikinda eða líkamsástands. Sama á við um slíkar upplýsingar sem koma frá einstaklingum sem meðmælendur benda á.

d) - Að fara yfir hvort upplýsingar um persónulega eiginleika umsækjenda séu í einhverjum tilvikum skráðar án samþykkis þeirra í viðtölum við einstaklinga sem meðmælendur benda á.

e) - Að tryggja að umsækjendur, sem ekki eru ráðnir, fái fræðslu um varðveislutíma allra þeirra persónuupplýsinga sem um þá hefur verið aflað í tengslum við umsókn þeirra.

f) - Að fara yfir hvort nauðsynlegt sé að afla upplýsinga um kennitölur maka umsækjenda.

3.2.3.3. Lögmati vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða hjá Tollstjóranum í Reykjavík

Með bréfi Persónuverndar, dags. 8. september 2004, var Tollstjóranum í Reykjavík kynnt skýrsla um niðurstöður máls nr. 2004/204. Í bréfinu segir:

I.

Framkvæmd úttektar

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta vegna úttektar stofnunarinnar á söfnun og meðferð persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Um er að ræða þátt í sameiginlegu verkefni persónuverndarstofnananna á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en ákveðið var á fundi þeirra dagana 20. og 21. nóvember 2003 að fram skyldi fara úttekt á söfnun og meðferð upplýsinga um umsækjendur hjá þremur aðilum í hverju landanna fimm. Tilgangur slíkrar úttektar væri að sannreyna hvort vinnsla persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila væri í samræmi við lög og reglur, og eftir atvikum leiðbeina um meðferð upplýsinganna gerðist þess þörf, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000; að bera saman umfang vinnslunnar á milli landanna fimm; og að stuðla að samræmdum vinnubrögðum í löndunum við gerð slíkra úttekta sem hér um ræðir. Persónuvernd ákvað að Tollstjórinn í Reykjavík yrði einn þeirra aðila sem valdir yrðu hér á landi og var embættinu tilkynnt um það með bréfi, dags. 29. mars 2004. Var þar tekið fram að ekki væri um hefðbundna öryggisúttekt að ræða heldur myndi úttektin takmarkast við ráðningar í störf tollvarða.

Á grundvelli framangreindrar ákvörðunar voru skrifstofur Tollstjóraembættisins heimsóttar miðvikudaginn 14. apríl 2004 og þar fundað með Guðnýju Einarsdóttur, forstöðumanni starfsmanna- sviðs, og Sigmundi Sigurgeirssyni, starfsmannastjóra. Forsvarmönnum Tollstjóraembættisins höfðu verið sendar spurningar Persónuverndar fyrir fundinn og var þeim að hluta til svarað skriflega með skjali sem þar var lagt fram.

Á fundinum voru eftirfarandi gögn auk þess lögð fram:

- a. eyðublað fyrir starfsumsókn,
- b. eyðublaðið „Fylgiskjal með umsókn um tollvarðarstarf“,
- c. samþykkisyfirlýsing vegna öflunar upplýsinga hjá lögreglu og tollgæslu,
- d. eintak auglýsingar um laust starf tollvarða,
- e. yfirlit yfir spurningar sem spurt er að í viðtali við umsækjanda um starf tollvarðar,
- f. próf í dönsku og ensku,
- g. matsblað vegna viðtals við umsækjanda um starf tollvarðar,
- h. heitstafur,
- i. tölulegar upplýsingar um fjölda tollvarða og nýráðningar, og
- j. minnisblað um ráðningarferil, dags. 18. september 2003.

Þessi skýrsla er byggð á ofangreindum, skriflegum gögnum frá forsvarsmönnum Tollstjóraembættisins, sem og þeim munnlegu upplýsingum sem fram komu á ofangreindum fundi. Með bréfi, dags. 6. maí 2004, voru fyrstu drög skýrslunnar send forstöðumanni starfsmanna- sviðs Tollstjóraembættisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum, auk þess sem óskað var eftir frekari upplýsingum um tiltekin atriði. Svarað var með bréfi, dags. 19. maí 2004.

Í framangreindum gögnum og munnlegum svörum hafa eftirfarandi atriði komið fram um þá vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða sem fram fer hjá Tollstjóranum í Reykjavík:

[...]

II.

Forsendur

Persónuvernd hefur farið yfir þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer um umsækjendur um störf tollvarða hjá Tollstjóranum í Reykjavík og komist að þeim niðurstöðum sem raktar eru hér að neðan. Á grundvelli þeirra hefur stofnunin ákveðið að veita Tollstjóraembættinu leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem kveðið er á um það hlutverk stofnunarinnar að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar. En niðurstöður Persónuverndar eru sem hér greinir:

1. Almenn t um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga

Sú söfnun á persónuupplýsingum og eftirfarandi vinnsla þeirra, sem fram fer hjá Tollstjóranum í Reykjavík um umsækjendur um störf tollvarða, samrýmist á margan hátt þeim kröfum sem fram koma í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þannig fullnægir vinnslan m.a. að mestu leyti því skilyrði, sem ávallt verður að vera fullnægt um vinnslu persónuupplýsinga, að hún falli undir einhverja af heimildum 8. gr. laganna. Telur Persónuvernd 1. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. eiga við um mestan hluta vinnslunnar þar sem kveðið er á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil á grundvelli ótvíræðs samþykkis hins skráða (1. tölul.) og þegar hún sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber samkvæmt lögum, vegi þyngra (7. tölul.). Í þessari skýrslu mun hins vegar ekki verða fjallað frekar um, nema þar sem það á við samhengisins vegna, í hvaða atriðum vinnsla Tollstjórans í Reykjavík á persónuupplýsingum samrýmist lögum nr. 77/2000, heldur bent á hvað má betur fara í þeirri vinnslu og hvernig bæta skal úr því.

2. Nauðsynlegar úrbætur

Gera verður úrbætur á vissum þáttum vinnslu Tollstjórans í Reykjavík á persónuupplýsingum um umsækjendur um störf tollvarða, þ.e. eins og hér greinir:

2.1. Skjalfesting upplýsingaöryggis

Í 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um að ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga skuli skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Ábyrgðaraðili er sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er ljóst að hvað umrædda vinnsla varðar er Tollstjórinn í Reykjavík ábyrgðaraðili samkvæmt þessu ákvæði. Fram hefur komið að það hvernig gæta skal öryggis persónuupplýsinga hjá Tollstjóraembættinu hefur ekki verið skjalfest með framangreindum hætti. Ljóst er að slík skjalfesting á að ná til allrar þeirrar vinnslu sem fram fer hjá ábyrgðaraðila. Skýrsla þessi nær hins vegar aðeins til afmarkaðs sviðs þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá Tollstjóranum í Reykjavík, þ.e. vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða. Eins og málum er háttað verður því ekki vikið hér frekar að heildarskjalfestingu upplýsingaöryggis hjá Tollstjóraembættinu. Hins vegar er embættinu bent á að til að tryggja öryggi persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða er rétt að settar verði verklagsreglur til að tryggja öryggi þeirra.

2.2. Innra eftirlit

Ekki hefur verið mótuð stefna um framkvæmd innra eftirlits, sbr. 12. gr. laga nr. 77/2000 þar sem kveðið er á um að ábyrgðaraðili skuli viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið. Þá er þar m.a. kveðið á um að innra eftirlit skuli viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skuli ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara

vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skuli þó eigi fara fram sjaldnar en árlega. Nánari ákvæði um innra eftirlit er að finna í 8. gr. reglna nr. 299/2001. Nauðsynlegt er að Tollstjórnin í Reykjavík móti og framkvæmi stefnu um framkvæmd innra eftirlits með því hvernig unnið sé með persónuupplýsingar um umsækjendur um störf tollvarða, m.a. hvort unnið sé í samræmi við verklagsreglur um slíka vinnslu, svo að tryggt verði að kröfum laganna og reglnanna til slíks eftirlits sé fullnægt um vinnsluna.

2.3. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga – Umfang slíkrar vinnslu og fræðsla um öflun upplýsinganna

2.3.1. Almenn

Aflað er sakavottorða umsækjenda um störf tollvarða hjá Tollstjóranum í Reykjavík, sem og upplýsinga úr málaskrá m lögreglu og tollgæslu. Þá er óskað eftir læknisvottorði, auk þess sem spurt er um reykingar á umsóknareyðublöðum og atriði varðandi heilsuhagi og líkamlegt ástand á fylgiskjölum með þeim. Ljóst er að þær upplýsingar, sem fram koma í þessum gögnum, eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b- og c-liði 2. gr. laga nr. 77/2000 um að upplýsingar um að maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað (b-liður), auk upplýsinga um heilsuhagi, þ. á m. um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun (c-liður), séu viðkvæmar.

2.3.2. Öflun upplýsinga um refsiverða háttsemi

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, þ. á m. um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, þarf að fullnægja einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Telur Persónuvernd 1. tölul. 1. mgr. einkum geta átt við um umrædda vinnslu persónuupplýsinga um refsiverða háttsemi, þ.e. hún geti verið heimil á grundvelli samþykkis hins skráða. Er þá átt við sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv., sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hvað upplýsingar úr málaskrá lögreglu varðar skiptir máli ákvæði 1. tölul. 2. mgr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu sem sett er með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000. Í framangreindu ákvæði reglugerðarinnar er kveðið á um að miðlun persónuupplýsinga úr skrá m lögreglu til annarra stjórnvalda sé heimil með samþykki hins skráða.

Auk þess sem einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 þarf að vera fullnægt fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þarf einhverju hinna almennu skilyrða fyrir vinnslu persónuupplýsinga, sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. laganna, einnig að vera fullnægt. Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimilud á grundvelli ótvíræðs samþykkis hins skráða eða samþykkis samkvæmt 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga og heimilud sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Telur Persónuvernd þessi ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 einkum geta átt við um umrædda vinnslu persónuupplýsinga.

Auk þess sem öll vinnsla persónuupplýsinga verður að falla undir einhverja af heimildum 8. gr. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000 verður þess ennfremur ávallt að vera gætt að fullnægt sé öllum skilyrðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þau skilyrði, sem einkum reynir á í þessu máli, koma fram í 1.–4. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þar er kveðið á um að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málfnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málfnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu vera áreiðanlegar (4. tölul.). Í athugasemdum við 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. í greinargerð

með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að samþykki getur ekki orðið grundvöllur lögmætis vinnslu sem ekki samrýmist kröfum 7. gr.

Persónuvernd telur öflun upplýsinga um brotaferil umsækjenda um störf tollvarða hjá Tollstjóraembættinu geta samrýmst þessum kröfum. Er þá lítið til þess að þörf getur verið á að tryggja að menn, sem gerst hafa sekiir um tiltekin refsiverð brot, séu ekki ráðnir til starfa við tollgæslu, enda fara tollverðir með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu, sbr. 4. mgr. 9. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Telur Persónuvernd hvort tveggja að óskað sé eftir því við umsækjendur að þeir afhendi sakavottorð sitt, sem og að þeir samþykki öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu, geta helgast af framangreindum lagarökum.

Hins vegar telur Persónuvernd að setja verði öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu mun þrengri stakk en öflun upplýsinga úr sakaskrá. Vegna eðlis starfs tollvarða má ætla að upplýsingar um mörg brot og marga brotaflokkka hafi gildi við ráðningar þeirra. Samkvæmt því verður að ætla að heimildin til öflunar upplýsinga úr sakaskrá sé rúm þó að einhver brot kunni að vera þess eðlis að ekki sé þörf á að afla upplýsinga um þau. Hvað varðar upplýsingar úr málaskrá lögreglu og tollgæslu verður hins vegar að líta til þess að þær byggja á mun óáreiðanlegri grunni en upplýsingar í sakaskrá, enda byggjast síðarnefndu upplýsingarnar á dómum og öðrum réttargerningum sem fela í sér opinbera staðfestingu á því að maður hafi framið tiltekið brot. Það gildir ekki um málaskrár lögreglu og tollgæslu. Fram hefur komið að í reynd er einungis óskað upplýsinga um fikniefnabrot en að hinn skráði veiti heimild sem taki til allra upplýsinga sem um hann sé skráðar í málaskrá lögreglu og tollgæslu. Þá séu engin viðmið um hversu langt aftur farið sé.

Svo að kröfum framangreindra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt telur Persónuvernd nauðsynlegt að Tollstjóraembættið skilgreini með skýrum hætti nákvæmlega hvaða upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu nauðsynlegt sé að afla vegna ráðningar í starf tollvarða. Í ljósi hinnar rúmu heimildar til öflunar slíkra upplýsinga, sem fengin er frá hinum skráða, verður ekki séð að það hafi verið gert á nægilega afdráttarlausan hátt. Er því nauðsynlegt að Tollstjóraembættið bæti úr þessu og móti skýra stefnu um öflun upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu – og þá ekki aðeins hvað varðar brot og brotaflokkka heldur einnig aldur þeirra upplýsinga sem aflað er. Þá tekur Persónuvernd fram að nauðsynlegt er að tollstjóraembættið kanni einnig hvort einhverjar upplýsingar úr sakaskrá séu þess eðlis, þ. á m. vegna aldurs þeirra, að ekki sé nauðsynlegt að fá vitneskju um þær við ráðningu í tollvarðarstörf og móti stefnu um það í ljósi framangreindra ákvæða 7. gr. laga nr. 77/2000.

2.3.3. Öflun upplýsinga um heilsuhagi, reykingar og líkamlegt ástand umsækjenda

Að óskað sé eftir læknisvottorði frá umsækjendum um störf hjá Tollstjóraembættinu, sem og að afla sé upplýsinga um reykingar umsækjenda á umsóknareyðublöðum og líkamlegt ástand þeirra á fylgiskjölum með þeim, getur verið heimilt með stoð í framangreindum ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 1. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Slík upplýsingaöflun verður ávallt að samrýmast þeim kröfum sem fram koma í framangreindri 7. gr. laganna, en þær fela m.a. í sér þá meðalhöfðsreglu að aldrei má ganga lengra í vinnslu persónuupplýsinga en nauðsynlegt er í þágu tilgangans með vinnslunni. Samkvæmt því verða þær upplýsingar, sem Tollstjóraembættið aflar í tengslum við umsóknir um störf tollvarða, að samrýmast því starfi sem tollverðir gegna. Embættinu kann því t.d. að vera heimilt að krefjast læknisvottorðs um líkamshreysti og annað þess háttar, enda ljóst að tollvörðum er ætlað að sinna löggæslustörfum þar sem m.a. getur verið nauðsynlegt að beita valdi, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 90/1996.

Ekki hefur hins vegar komið fram af hvaða ástæðum skila á inn læknisvottorði og til hvaða upplýsinga um heilsuhagi það eigi að taka. Er því ekki, hvað slík vottorð varðar, unnt að fullyrða hvort kröfum þessara ákvæða, og um leið framangreindra ákvæða 8. og 9. gr., sé fullnægt, þ. á m. þeim kröfum að persónuupplýsingar skulu *fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi*, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., og að vinnsla persónuupplýsinga skal *ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er miðað*

við tilgang vinnslunnar; sbr. 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Er því nauðsynlegt að Tollstjóraembættið hugi að þessum þætti í vinnslu sinni og taki skýra afstöðu til þess hvaða upplýsinga um heilsuhagi nauðsynlegt sé að afla með ósk um afhendingu læknisvottorða og hverra ekki. Einnig er nauðsynlegt að embættið hugi að því að öðru leyti hvort þær persónuupplýsingar um heilsuhagi og líkamlegt ástand umsækjenda, sem aflað er í tengslum við umsóknir þeirra, s.s. hæð þeirra og þyngd, séu allar nauðsynlegar í ljósi tilgangsins með vinnslu þeirra.

2.3.4. Fræðsla um öflun viðkvæmra persónuupplýsinga

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila við hinn skráða þegar persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum. Er þar kveðið á um að fræða skuli hinn skráða um nánar tiltekin atriði þegar svo stendur á, sem og að hinum skráða skuli veittar aðrar upplýsingar, að því marki sem þær séu nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríki við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt hagsmuna sinna. Lítur Persónuvernd svo á að fræðsla um að afla eigi upplýsinga um heilsuhagi og brotaferil falli undir það að vera „aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar,“ svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna í ljósi þessa ákvæðis, s.s. hætt við að sækja um starf strax í upphafi og veita Tollstjóraembættinu því ekki um sig neinar upplýsingar.

Ljóst er að þegar í upphafi umsóknarferlis eru umsækjendur upplýstir um að krafist sé sakavottorðs og læknisvottorðs, þ.e. í starfsauglýsingu og fylgiskjali með umsókn. Hvað kröfu um þessi gögn varðar telur Persónuvernd því að fullnægt sé kröfum 20. gr. laga nr. 77/2000 um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Hvað varðar kröfu um að umsækjandi samþykki öflun upplýsinga úr málaskrárm lögreglu og tollgæslu verður hins vegar að líta til þess að hann er fyrst upplýstur um hana í starfsviðtali og er hann þá þegar búinn að veita viðkvæmar persónuupplýsingar um heilsuhagi sína og brotaferil, sé um hann að ræða, *nokkuð sem hann hefði e.t.v. ekki gert ef hann hefði í upphafi vitað að kanna ætti málaskrár lögreglu og tollgæslu í tengslum við umsókn hans*. Í ljósi þessa telur Persónuvernd kröfum 20. gr. laga nr. 77/2000 ekki vera fullnægt um fræðslu við umsækjanda um öflun upplýsinga úr málaskrárm lögreglu og tollgæslu, *enda er hann fræddur um það of seint til að geta gætt hagsmuna sinna hvað þær upplýsingar varðar*. Er því nauðsynlegt að Tollstjóraembættið breyti verklagi sínu við veitingu fræðslu um að þessara upplýsinga verði krafist þannig að það samrýmist 20. gr. laga nr. 77/2000.

2.4. Viðbrögð þegar umsókn er dregin til baka og samþykki fyrir öflun persónuupplýsinga er afturkallað

Hjá Tollstjóranum í Reykjavík hefur ekki reynt á afturköllun umsóknar eða samþykkis umsækjanda fyrir því að tiltekinna upplýsinga sé aflað. Hvað það varðar þegar umsókn er dregin til baka telur Persónuvernd þá *að umsókninni og persónuupplýsingum, sem aflað hefur verið í tengslum við hana, skuli eytt eða umsóknin endursend umsækjanda, ásamt öðrum persónuupplýsingum, sem aflað hefur verið*, óski umsækjandi þess heldur, enda verður ella ekki talið að meðalhófskröfum 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 sé fullnægt, sem og 5. tölul. 1. mgr. sömu greinar, en þar er kveðið á um að persónuupplýsingar skuli ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslu. Þá bendir Persónuvernd og á 26. gr. laga nr. 77/2000 um að persónuupplýsingum skuli eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær.

Hvað það varðar þegar samþykki umsækjanda fyrir öflun tiltekinna persónuupplýsinga er afturkallað telur Persónuvernd ljóst að óheimilt sé þá að afla þeirra, enda ber að líta svo á að þegar veitt sé samþykki til vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt til staðar réttur til afturköllunar þess, sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur að með samþykki er átt við yfirlýsingu sem m.a. ber með sér að hinn skráði geri sér grein fyrir að hann geti afturkallað samþykki sitt. Hafi afturköllun samþykkis þá afleiðingu í för með sér að umsækjanda er hafnað telur Persónuvernd að bregðast beri við með sama hætti og þegar umsókn er dregin til baka, þ.e. umsókn og öðrum persónuupplýsingum skuli eytt eða umsóknin, ásamt öðrum persónuupplýsingum, endursend umsækjanda.

2.5. Varðveislutími persónuupplýsinga

Fram hefur komið að læknavottorð og sakavottorð eru endursend umsækjanda um tollvarðarstarf þegar ákveðið er að hann skuli ekki ráðinn. Skal tekið fram í því sambandi að Persónuvernd telur þá framkvæmd Tollstjóraembættisins til fyrirmyndar. Að öðru leyti hefur hins vegar ekki verið tekin skýr afstaða til þess hversu lengi varðveita skuli persónuupplýsingar um umsækjendur um störf tollvarða hjá embættinu. Um það hversu lengi varðveita má persónuupplýsingar fer eftir framangreindum ákvæðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 26. gr. laga nr. 77/2000. Er nauðsynlegt að mótuð verði skýr stefna í ljósi þessara ákvæða um varðveislutíma persónuupplýsinga um umsækjendur.

2.6. Réttur hins skráða til andmæla gegn vinnslu persónuupplýsinga

Hvað varðar rétt hins skráða til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig verður að líta til 18. gr. og 1. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Fyrirnefnda ákvæðið fjallar um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig, en slík vitneskja er forsenda þess að hann geti nýtt sér andmælarétt sinn. Um hann er fjallað í síðarnefnda ákvæðinu, en það hljóðar svo: „Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.“

Tollstjóraembættið hefur í tengslum við andmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga bent sérstaklega á 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3736/2003. Var þar m.a. fjallað um veitingu andmælaréttar samkvæmt framangreindu ákvæði vegna mats á hæfni og persónulegum eiginleikum umsækjenda um starf flokksstjóra og talið að þeim hefði verið veitt takmarkað ráðrúm til að fara yfir þetta mat og meta hvort tilefni væri til athugasemda við það. Ljóst er að þetta álit varðar ekki beint andmæli gegn vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000 heldur rétt til að koma að sjónarmiðum sínum við meðferð stjórnslumáls. Tekið skal fram að við vinnslu persónuupplýsinga verður hins vegar að sjálfsgöðu að líta til þessara réttarheimilda eftir því sem við á, auk þeirra ákvæða laga nr. 77/2000 sem að framan eru nefnd.

III.

Niðurstæða

Í ljósi ofangreinds leiðbeinir Persónuvernd Tollstjóranum í Reykjavík hér með, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um að gera eftirfarandi úrbætur á vinnslu persónuupplýsinga um umsækjendur um störf tollvarða:

1. setja skriflegar verklagsreglur um hvernig tryggja skal öryggi slíkra upplýsinga;
2. móta stefnu um innra eftirlit með því að vinnsla upplýsinganna sé í samræmi við slíkar verklagsreglur, sem og gildandi lög og reglur um vinnsluna;
3. fara yfir hvort aflað sé meiri upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu og tollgæslu um brotaferil umsækjenda um störf en máli skipta fyrir störf tollvarða, sem og hvort aflað sé upplýsinga lengra aftur í tímann en nauðsynlegt er;
4. taka skýra afstöðu til þess hvaða upplýsinga nauðsynlegt sé að afla um heilsuhagi og líkamlegt ástand umsækjenda um störf, þ. á m. með ósk um að þeir leggi fram læknavottorð, í ljósi eðlis starfs tollvarða;
5. fræða umsækjendur um það strax í upphafi, þ.e. áður en þeir leggja fram umsókn, að afla eigi upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu; og
6. móta stefnu um varðveislutíma og eyðingu persónuupplýsinga um umsækjendur.

3.2.4. Ósk Lyfja og heilsu hf. og Lyfju hf. um breytingar á tilteknum fyrirmælum í ákvörðunum um niðurstöður úttekta hjá félögum

Hinn 2. mars 2004 komst Persónuvernd, í málum nr. 2002/17 og 2002/294, að niðurstöðu um óskir Lyfja og heilsu hf. og Lyfju hf. um breytingar á tilteknum fyrirmælum í ákvörðunum, dags. 3. júlí 2003 (sjá bls. 22–34 í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2003), um niðurstöður úttekta hjá félögum. Þetta voru n.t.t. fyrirmæli um að tryggja öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum og dulkóðun og um að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja skyldi eytt áður en þær yrðu afhentar förgunaraðila. Niðurstaðan er svohljóðandi:

I.

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta við Lyfju hf. og Lyf og heilsu hf. vegna ákvarðana stofnunarinnar, dags. 3. júlí 2003, vegna úttektar á öryggi persónuupplýsinga hjá félögum tveimur. Með vísan til þess sem úttektirnar leiddu í ljós um hvernig vinnslu persónuupplýsinga væri háttáð hjá félögum og hvernig öryggis þeirra væri gætt mælti Persónuvernd þar fyrir um ýmsar ráðstafanir, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem grípa skyldi til að svo að kröfum 11.–13. gr. sömu laga, sbr. reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, yrði fullnægt. Var veittur frestur til 1. janúar 2004 til að fullnægja þeim kröfum.

Hinn 17. október 2003 var haldinn fundur í Persónuvernd með Lyfjum og heilsu hf. þar sem fjallað var um viðbrögð félagsins við ákvörðun Persónuverndar varðandi félagið. Af hálfu félagsins voru þá lagðir fram minnisþingir þar að lútandi þar sem fram kom að það teldi sum fyrirmælin í ákvörðuninni þarfnast endurskoðunar. Með bréfi, dags. 5. nóvember 2003, óskaði og Helga M. Óttarsdóttir hdl. þess, f.h. Lyfja og heilsu hf., að hluti ákvörðunar Persónuverndar frá 3. júlí 2003 yrði endurupptekinn, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með bréfi, dags. 8. desember 2003, framlengdi Persónuvernd frestinn til að verða við þeim fyrirmælum, sem endurupptökubeiðnin laut að, til 1. febrúar 2004. Skömmu áður, eða hinn 29. janúar s.á., kynntu fulltrúar Lyfja og heilsu hf. á fundi hjá Persónuvernd hvernig orðið hefði verið við fyrirmælum stofnunarinnar. Barst Persónuvernd greinargerð þar að lútandi eftir fundinn, dags. s.d., þar sem beiðnin um endurupptöku hluta ákvörðunarinnar var ítrekuð.

Hinn 4. desember 2003 var haldinn fundur með Lyfju hf. þar sem fjallað var um viðbrögð félagsins við ákvörðun Persónuverndar varðandi félagið. Af hálfu félagsins var lögð fram greinargerð um hvernig félagið myndi fara eftir ákvörðuninni. Kom þar fram að óskað væri eftir endurskoðun á tilteknum hluta hennar. Með bréfi, dags. 30. desember 2003, var kynnt nánar hvernig brugðist hefði verið ákvörðuninni og kom þar fram sú afstaða félagsins að þeim kröfum, sem þar koma fram, hefði verið fullnægt.

II.

I.

Hér verður leyst úr tveimur atriðum sem bæði félögin hafa gert athugasemdir við í ákvörðunum Persónuverndar, dags. 3. júlí 2003, þ.e. þessi tvö fyrirmæli:

1. Tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með því að koma á öruggum tengingum með dulkóðuðum samskiptum. Við dulkóðunina skuli nota aðferð sem sé á almennum markaði og þyki vera öruggust á hverjum tíma. Eigi þetta við hvort sem um sé að ræða gagnaflutning milli starfsstöðva ábyrgðaraðila eða milli vinnsluadila og ábyrgðaraðila (7. tölul. ákvörðunarorða í ákvörðun varðandi Lyf og heilsu hf. en 6. í ákvörðun varðandi Lyfju hf.).
2. Tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila (11. tölul. ákvörðunarorða í báðum ákvörðunum).

Tekið skal fram að Lyf og heilsa hf. hefur jafnframt óskað eftir endurupptöku á fleiri þáttum í ákvörðun Persónuverndar varðandi félagið, en að svo stöddu verður aðeins leyst úr framangreindum atriðum. Síðar verður og tekin afstaða til annarra athugasemda, svo og lagt mat á það hvort Lyf og heilsa hf. og Lyfja hf. hafi að öðru leyti farið eftir ákvörðunum Persónuverndar, dags. 3. júlí 2003.

2.

Í bréfi Lyfja og heilsu hf. til Persónuverndar, dags. 5. nóvember 2003, er endurupptökubeiðni félagsins með vísan til 24. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 rökstudd. Um þau fyrirmæli að tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum og dulkóðun segir:

„Forsendur í ákvörðun stjórnar Persónuverndar um kerfi umbjóðanda okkar eru ekki með öllu réttar. Starfsstöðvar umbjóðanda okkar eru tengdar vinnsluaðila, þ.e. Þekkingu-Tristan hf., með ADSL tengingum hjá OgVodafone. Hver starfsstöð er skilgreind sem sérstök rás beint í ATM-búnað hjá vinnsluaðila. Ekki er notað almennt gagnaflutningsnet eins og Internetið. Ekki er talið mögulegt að hlera ATM samskipti á búnað símafyrirtækisins. Þegar gögnin eru komin inn í búnað vinnsluaðila fara þau áfram um MPLS tengingar Landssímans milli Kópavogs og Akureyrar þar sem gögnin eru raunverulega hýst. Í því kerfi eru einnig notaðar sýndarrásir, þ.e. aðskildar rásir fyrir hvern og einn viðskiptavin vinnsluaðila.

Áhættumat sýnir að mjög litlar líkur eru á hlerun eða innbrotum í samskiptakerfið eins og það er í dag. Áhættan er talin vera mjög litil og þar með ásættanleg. Ekki er talinn ávinningur af því að dulrita öll samskipti sem fara fram á lokuðu neti umbjóðanda okkar. Í þessu sambandi ber að hafa í huga verðmæti þeirra upplýsinga sem verið er að verja, ásamt veikleikum í tengslum við flutning upplýsinga og mjög litlum líkum á því að þeir veikleikar verði nýttir.“

Í bréfi Lyfju hf. til Persónuverndar, dags. 4. desember 2003, er því lýst hvernig félagið hefur brugðist við ákvörðun Persónuverndar. Er þar óskað eftir endurskoðun á þeim fyrirmælum að tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum og dulkóðun. Beiðnin er rökstudd með eftirfarandi orðum:

„Samkvæmt áhættumati Lyfju hf. eru gagnaflutningsleiðir og öryggi þeirra ekki í óásættanlegri hættu varðandi hlerun eða öryggi persónuupplýsinga. Apótek Lyfju hf. eru tengd með ADSL og FrameRelay tengingum á ATM-formi sem ekki hefur verið sýnt fram á að hægt sé að hlera með neinum þeim hætti er stefnt geti persónuupplýsingum í hættu. Að fenginni umsögn fjarskiptafyrirtækja er ljóst að ekki einusinni starfsmenn viðkomandi geta náð neinum þeim gögnum sem um er að ræða með þekktum eða auðveldum aðferðum.“

Um þau fyrirmæli að tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila segir í bréfi Lyfja og heilsu hf., dags. 5. nóvember 2003:

„Á lyfjabúðum hvílir sú skylda að taka við lyfjum frá sjúklingum til förgunar, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja. Þessari skyldu hafa lyfjabúðir sinnt án endurgjalds. Á sjúklingum hvílir hins vegar ekki sú skylda að afhenda lyfjabúðum lyf til förgunar. Margir kjósa hins vegar að gera það. Umbjóðandi okkar hefur litið svo á að þeir sem afhenda lyf til förgunar þar sem persónuupplýsingar koma fram á umbúðum veiti samþykki sitt fyrir því að afhenda umræddar upplýsingar. Umbjóðandi okkar hyggst setja verklagsreglur um það hvernig með þessi lyf verður farið. Þannig verði sjúklingum sem koma með lyf til förgunar boðið að afmá persónuupplýsingar áður en lyfin eru afhent. Kjósi þeir að gera það ekki mun

verða littið svo á að þeir hafi veitt samþykki sitt fyrir afhendingu upplýsinganna. Verklagsregla þessi mun verða í gæðahandbókum lyfjabúða.“

Lyfja hf. hefur ekki óskað eftir endurskoðun eða endurupptöku á þeim fyrirmælum að tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila. Í bréfi félagsins til Persónuverndar, dags. 4. desember 2003, er hins vegar lagt til verklag til að fara eftir þessum fyrirmælum sem ekki getur talist nægilegt til að fullnægja þeim eftir orðalagi sínu. Þessu verklagi er lýst svo í bréfinu:

„Þeir sem skila inn lyfjum til eyðingar undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi afhent lyfin og geri sér grein fyrir að um persónugreinanleg gögn sé að ræða sem fari til eyðingar. Með því er littið svo á að um upplýst samþykki viðkomandi sé að ræða.“

3.

Persónuvernd hefur farið yfir framangreindar athugasemdir Lyfja og heilsu hf. og Lyfju hf. í tengslum við þau fyrirmæli í úttektarákvörðunum stofnunarinnar varðandi félögin, dags. 3. júlí 2003, að tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum og dulkóðun og að tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila.

Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er kveðið á um að ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi (1. mgr.). Þá er þar kveðið á um að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Persónuvernd telur að Lyf og heilsa hf. og Lyfja hf. hafi, með framangreindum athugasemdum sínum, nægilega sýnt fram á að skilyrðum þessara ákvæða sé fullnægt með þeim gagnaflutningstengingum sem nú er notast við hjá félögunum, þ.e. lokuðum ADSL- og MPLS-rásam. Hefur því verið ákveðið að fallast á kröfu félaganna um endurskoðun á fyrirmælum stofnunarinnar um að tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum og dulkóðun (7. tölul. ákvörðunarorða í ákvörðun varðandi Lyf og heilsu hf. en 6. í ákvörðun varðandi Lyfju hf.).

Einnig telur Persónuvernd að það verklag, sem Lyf og heilsa hf. og Lyfja hf. hafa lagt til í tengslum við eyðingu persónugreinanlegra merkinga af umbúðum lyfja áður en umbúðirnar eru afhentar förgunaraðila, fullnægi skilyrðum framangreindra ákvæða, þ.e. annars vegar að þeim sem koma með lyf til förgunar verði boðið að afmá persónuupplýsingar, en það er tillaga Lyfja og heilsu hf., eða hins vegar að þeir undirriti yfirlýsingu um að þeir hafi afhent lyfin og geri sér grein fyrir að um persónugreinanleg gögn sé að ræða sem fari til eyðingar, en það er tillaga Lyfju hf. Hefur því í fyrsta lagi verið ákveðið að fallast á kröfu Lyfja og heilsu hf. um endurskoðun á þeim fyrirmælum Persónuverndar að tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila (11. tölul. ákvörðunarorða). Þá hefur í öðru lagi verið ákveðið að fallast á það verklag sem Lyfja hf. hefur lagt til svo að fara megi eftir sams konar fyrirmælum hvað það félag varðar (11. tölul. ákvörðunarorða).

III.

Með vísan til ofangreinds hefur Persónuvernd komist að eftirfarandi niðurstöðum:

1. Að þær öryggisráðstafanir, sem Lyfja og heilsa hf. og Lyfja hf. nota í gagnaflutningi, séu fullnægjandi. Í ljósi þess er fallist á kröfu félaganna um endurskoðun þeirra fyrirmæla í ákvörðunum stofnunarinnar, dags. 3. júlí 2003, að tryggja skuli öryggi í gagnaflutningi með öruggum tengingum.

um og dulkóðun. Er þeim því heimilt að viðhafa áfram núverandi verklag í gagnaflutningi óbreytt.

2. Að það verklag í tengslum við eyðingu persónugreinanlegra merkinga af lyfjaumbúðum að bjóða þeim sem koma með lyf til förgunar að afmá persónuupplýsingar, eða leggja fyrir þá yfirlýsingu um að þeir geri sér grein fyrir að um persónugreinanleg gögn sé að ræða sem fari til eyðingar, sé fullnægjandi. Í ljósi þess er fallist á kröfu Lyfja og heilsu hf. um endurskoðun þeirra fyrirmæla í ákvörðun Persónuverndar varðandi félagið, dags. 3. júlí 2003, að tryggja skuli að persónugreinanlegum merkingum af umbúðum lyfja verði eytt áður en umbúðirnar verði afhentar förgunaraðila. Þá eru og sams konar fyrirmæli í ákvörðun Persónuverndar varðandi Lyfju hf., dags. s.d., endurskoðuð. Er því nægilegt að félögin viðhafi framangreint verklag svo að kröfum til öryggis persónuupplýsinga sé fullnægt í tengslum við eyðingu persónugreinanlegra merkinga af lyfjaumbúðum.



4. Nánari umfjöllun um nokkur mál, einstaka úrskurði, álit og aðrar afgreiðslur¹

4.1. Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga

Hinn 12. janúar 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi umsögn til Alþingis í máli nr. 2003/549:

Persónuvernd vísar til bréfa yðar, dags. 12. og 18. nóvember f.á., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga. Persónuvernd hefur nú farið yfir þetta frumvarp. Þau ákvæði frumvarpsins, sem með einum eða öðrum hætti varða meðferð persónuupplýsinga, eru einkum 19.–24. gr., 29. gr., 36. gr., 47. gr., 4. mgr. 50. gr., d-liður 2. mgr. 54. gr., 1. mgr. 56. gr., 1. og 2. mgr. 58. gr., e-liður 2. mgr. 70. gr., 73. gr., 2. mgr. 76. gr., 1. mgr. 80. gr., 1. mgr. 81. gr., 82.–89. gr., 2. mgr. 100. gr., 1. mgr. 101. gr., 1. og 2. mgr. 105. gr., 112. gr., 113. gr., 120. gr., 3. mgr. 123. gr., e-liður 1. mgr. 127. gr., 128. gr., 1. mgr. 129. gr., 1. og 2. mgr. 131. gr., 135. gr. og 140. gr.

Persónuvernd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við öll þessi ákvæði frumvarpsins. Hins vegar bendir stofnunin á að verði það að lögum verður þeim beitt í samræmi við fyrirmæli laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. kröfur 1. mgr. 7. gr. um, m.a., að með persónuupplýsingar skal unnið í málefnalegum tilgangi, sbr. 1. og 2. tölul., að aldrei skal unnið með meiri persónuupplýsingar en nauðsynlegt er vegna tilgangsins með vinnslunni, sbr. 3. tölul., og að persónuupplýsingar skulu vera áreiðanlegar, sbr. 4. tölul. Er því lagt til að þetta verði sérstaklega tekið fram í lögnum sjálfum. Hefur Persónuvernd auk þessa ákveðið að gera sérstakar athugasemdir við nokkur ákvæði frumvarpsins, eða sem hér greinir:

1. Í 19. gr. er kveðið á um skyldu váttryggingartaka til að veita váttryggingafélagi upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu við mat þess á áhættu af gerð váttryggingarsamnings um skaðatryggingu (þ.e. tryggingu fyrir munatjóni). Segir að upplýsinganna skuli aflað beint frá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum. Þá segir að sé upplýsinga aflað hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skuli skriflegt, upplýst samþykki viðkomandi liggja fyrir áður en upplýsinganna er aflað. Í athugasemdum við þetta ákvæði kemur fram að skylda til að veita upplýsingar hvílir ekki á váttryggðum, heldur aðeins á váttryggingartaka, sbr. og 4. gr. gildandi laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, nema í undantekningartilvikum, þ.e. þegar reglur 29. gr. frumvarpsins um samsömun í ákveðnum tegundum váttrygginga við vissa einstaklinga, m.a. ættingja, eiga við. *Í ljósi þessa telur Persónuvernd ákveðið geta leitt til þess að váttryggingartaki veiti upplýsingar um váttryggðan, s.s. um heilsufar, án þess að sá síðarnefndi hafi veitt heimild til slíkrar upplýsingagjafar.* Á þetta getur t.d. reynt í hópváttryggingum þegar einn váttryggingartaki tekur að sér að semja um váttryggingu fyrir marga váttryggða. Þó að ekki sé unnt að fullyrða að 19. gr. veiti heimild til upplýsingagjafar sem þessarar,

¹ Gerðar hafa verið leiðréttingar á stafavillum og öðru þess háttar í þeim úrlausnum sem hér birtast. Vakin er athygli á því að úrlausnir í úttektarmálum birtast ekki í þessum kafla heldur í kafla 3.2.

verði frumvarpið að lögum, telur Persónuvernd nauðsynlegt, í ljósi þess að um getur verið að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, að kveðið verði sérstaklega á um hvernig einkalífsréttur váttryggðs skuli varinn við upplýsingagjöf váttryggingartaka. *Leggur Persónuvernd því til að á eftir 3. málsl. 1. mgr. 19. gr., um nauðsyn upplýsts samþykkis við öflun upplýsinga frá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum, verði bætt við nýjum málsl., svohljóðandi: „Hið sama á við þegar váttryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd váttryggðs.“*

2. Í 73. gr. er kveðið á um að þegar váttryggingafélag taki ákvörðun um hvort það veiti váttryggingu og meti áhættu sína skuli það leggja til grundvallar heilsu hins váttryggða á því tímamarki er váttryggingartaki afhenti fullbúna umsókn um tiltekna váttryggingu. Félagið geti hins vegar einnig tekið tillit til þess að heilsu váttryggðs hafi hrakað eftir að umsókn var afhent ef það tengist aðstæðum sem voru fyrir hendi við afhendingu hennar og skýrt er frá við athuganir þess. Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir sjálfstæðri öflun váttryggingafélags á heilsufarsupplýsingum um váttryggðan eftir að því hefur borist umsókn um váttryggingu, eins og nánar kemur fram í athugasemdum við það, þ.e. til að kanna hvort heilsu hans hafi hrakað og meta áhættu sína og hæfilega fjárhæð iðgjalds í ljósi þess. Ljóst er að þessi upplýsingaöflun verður að byggjast á skriflegu, upplýstu samþykki, sbr. 19. gr. frumvarpsins. *Í því sambandi leggur Persónuvernd áherslu á að í slíku samþykki skal koma skýrt fram hvaða upplýsinga váttryggingafélag má afla um váttryggðan, frá hverjum og í hvaða tilgangi.*

3. Í 1. mgr. 82. gr. er kveðið á um skyldu váttryggingartaka til að veita váttryggingafélagi upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu við mat þess á áhættu af gerð váttryggingarsamnings um persónu-tryggingu (þ.e. tryggingu fyrir líkamstjóni og dauða). Er ákvæðið samhljóða 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins og vísast því hér til athugasemda við það ákvæði í 1. tölul. þessarar umsagnar. *Leggur Persónuvernd til að við 1. mgr. 82. gr. verði bætt nýju ákvæði, samhljóða því sem þar er gerð tillaga um.*

4. Í 2. mgr. 82. gr. er kveðið á um að váttryggingafélagi sé óheimilt, fyrir eða eftir gerð samnings um persónu-tryggingu, að óska eftir, afla með einhverjum öðrum hætti, taka við eða hagnýta sér upplýsingar um erfðaeiginleika manns og áhættu á því að hann þrói með sér eða fái sjúkdóma. Félaginu sé einnig óheimilt að óska eftir rannsóknum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Persónuvernd fagnar þessu ákvæði en gerir þó athugasemd við niðurlag þess, þ.e. að þetta bann gildi þó ekki um athugun á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða annarra einstaklinga. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að samkvæmt þessari undanþágu má athuga heilsufar skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar váttryggingar. Ekki sé hins vegar heimilt að athuga heilsufar skyldmenna til að kanna arfgenga þætti. *Persónuvernd telur ekki unnt að aðgreina þetta tvennt.* Í athugasemdunum segir raunar að ljóst sé að munurinn á þessu tvennu sé ekki glöggur. Aftur á móti telur Persónuvernd að athugun á heilsufari skyldmenna til að meta tilefni til að rannsaka heilsufar váttryggðs geti eðli málsins samkvæmt ekki falið í sér annað en könnun á því hvort telja megi hættu á arfgengum sjúkdómi og hvort sérstök könnun á heilsufari váttryggðs sé þar af leiðandi nauðsynleg. *Leggur Persónuvernd því til að orðin „eða annarra einstaklinga“ aftast í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

5. Í 112. gr. eru ákvæði um skrá sem hvert líftryggingafélag á að halda um alla þá líftryggingarsamninga sem það gerir, þ.e. svonefnda líftryggingaskrá. Í skránni skulu koma fram váttryggingarskilmálar um hvern og einn samning, réttindi um greiðslur í framtíðinni, iðgjaldagreiðslur og hver sé váttryggingartaki og hver sé váttryggður. Þá skal það og koma fram ef einhver hefur öðlast rétt til váttryggingarinnar (t.d. samkvæmt framsali eða veðsetningu, sbr. athugasemdir við ákvæðið), hvort váttryggingartaka hafi verið veitt heimild til nauðasamninga, hvort bú hans hafi verið tekið til skipta og hvort hann hafi verið sviptur lögræði. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið er líftryggingaskrá ætlað að fullnægja kröfum viðskiptaöryggis. Þá segir í athugasemdunum að skrá megi önnur atriði en talin

eru upp í ákvæðinu, einkum ef þau samrýmast því markmiði að tryggja viðskipti með réttindin. *Persónuvernd telur hins vegar vandséð að málefnalegt geti verið að skrá í skrána upplýsingar um önnur þau atíði en sem tengjast viðskiptaöryggi*, enda verður hvorki séð af ákvæðinu né athugasemdum við það að skráin hafi nokkurt annað hlutverk. Vísast í þessu sambandi til grundvallarkrafa 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 til vinnslu persónuupplýsinga, m.a. að ekki sé unnið með meiri upplýsingar en nauðsyn krefur vegna yfirlýsts tilgangs með vinnslunni, sbr. 3. tölul. Hins vegar tekur Persónuvernd undir þau orð í athugasemdum við XVII. kafla frumvarpsins, þar sem 112. gr. er að finna, að skráning yfir liftryggingarsamninga skuli ekki vera í verðbréfamiðstöð skv. lögum nr. 131/1997 um eignarskráningu verðbréfa, sem og þau rök sem færð eru fyrir því, m.a. að þar sem um viðkvæmar persónuupplýsingar geti verið að ræða kunni Persónuvernd að gera áðrar kröfur til varðveislu þeirra en varðveislu upplýsinga skv. lögum nr. 131/1997. *Ljóst er og að gera verður strangar kröfur til öryggis persónuupplýsinga í liftryggingaskrá*, sbr. 2. mgr. 11. gr. þar sem kemur m.a. fram að öryggisráðstafanir eiga að tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á.

6. Í 113. gr. er kveðið á um hverjum veita má aðgang að upplýsingum, þ.e. endurriti, úr liftryggingaskrá. Þá er þar og kveðið á um að endurrit skuli aðeins hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafi fyrir þann sem krefst þess, sem og að váttryggingafélag hafi að öðru leyti þagnarskyldu um efni liftryggingaskrár. *Persónuvernd fagnar því að sérstaklega sé kveðið á um þessi atriði*. Þó að grundvallarkröfur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um, m.a., að eingöngu skal unnið með persónuupplýsingar í málefnalegum tilgangi, sbr. 1. og 2. tölul., og að ekki skal unnið með meiri persónuupplýsingar en nauðsynlegt er vegna tilgangsins með vinnslunni, sbr. 3. tölul., gildi um meðferð persónuupplýsinga í váttryggingarstarfsemi, *er mikilvægt að þetta sé áreitt í 113. gr. frumvarpsins*, enda kunna upplýsingar í liftryggingaskrá að vera viðkvæmar, einkum þar sem þær kunna að lúta að heilsuhögum, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er það raunar tekið fram í athugasemdum við ákvæðið.

7. Samkvæmt 3. mgr. 140. gr. getur viðskiptaráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæðum 113.–115. gr. um liftryggingaskrár skuli beitt um skrár yfir þátttakendur hópváttrygginga sem haldnar er af váttryggingartökum. Þegar um er að ræða skrár váttryggingartaka yfir váttryggða samkvæmt liftryggingarsamningum telur Persónuvernd hins vegar í öllum tilvikum nauðsynlegt að 113. gr. gildi, enda geta slíkar skrár haft að geyma upplýsingar sama eðlis. *Því er lagt til að við 3. mgr. 140. gr. verði bætt nýjum málsl. sem komi í lok ákvæðisins, svohljóðandi: „Ákvæði 113. gr. skal þó ávallt beitt um slíka skrá sé um að ræða liftryggingu.“*

4.2. Lögmæti meðferðar myndefnis úr eftirlitsmyndavél í sundlaug

Hinn 19. febrúar 2004 kvað Persónuvernd upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2003/422:

I.

Grundvöllur málsins

Með bréfum a, dags. 26. ágúst 2003, og b, dags. 27. ágúst 2003, hér eftir nefndir málshefjendur, barst Persónuvernd kvörtun þess efnis að aðfaranótt 10. ágúst 2003 hafi öryggismyndavél við Sundlaug Bolungarvíkur, án þeirra vitundar, náð á myndband „ástarleik“ þeirra í heitum potti með stúlku úr bænum. Hafi myndbandið síðan borið fyrir augu ótilgreinds fjölda fólks í bænum. Var kvartað yfir þessari meðferð á umræddum persónuupplýsingum og þess krafist að myndbandinu yrði eytt og að viðkomandi starfsfólk Sundlaugar Bolungarvíkur yrði látið sæta ábyrgð fyrir brot á trúnaðar- og þagnarskyldum sínum.

Eftir viðræður og bréfaskipti við málsaðila var ljóst að þeir óskuðu úrlausnar Persónuverndar um það hvort miðlun persónuupplýsinga, sem til orðu við notkun eftirlitsmyndavélar í Sundlaug Bolungarvíkur, aðfaranótt 10. ágúst 2003, hefði verið lögmæt með tilliti til 7.–9. gr. laga nr. 77/2000, og er það úrlausnarefni máls þessa.

II.

Málavextir og bréfaskipti

1.

Samkvæmt lýsingum í bréfum málshefjenda, dags. 26. ágúst og 27. ágúst sl., eru málavextir þeir að aðfaranótt 10. ágúst 2003 hafi þeir, ásamt stúlku úr bænum, átt ástarleik í heitum pottum við Sundlaug Bolungarvíkur. Sundlaugin er innisundlaug en pottarnir eru staðsettir úti við. Auðvelt sé að komast í pottana þar sem gat sé á girðingunni og talsverð brögð séu að því að ungmenni í bænum noti pottana með þessum hætti yfir sumartímenn. Strax eftir helgina hafi orðrómur farið af stað um ástarleikinn. Samkvæmt honum hafi eftirlitsmyndavél, sem beint er að pottunum, náð myndum af því sem fram fór. Hafi málshefjendur og foreldrar þeirra orðið miður sín yfir þessum fregnum. Móðir annars málshefjandans hafi í framhaldi af þessu talað við forstöðumann sundlaugarinnar þann 25. ágúst og m.a. spurt hann hvort hugsast gæti að upplýsingarnar um umrætt atvik væru komnar þaðan. Hann hafi þá viðurkennt að atvikið hafi náðst á myndband og það því miður borist þaðan út.

2.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 29. ágúst 2003, var c, forstöðumanni Sundlaugar Bolungarvíkur, hér eftir nefndur forstöðumaður, boðið að tjá sig um efni kvörtunarinnar og að koma á framfæri öðrum athugasemdum í tilefni hennar.

Í svarbréfi hans, dags. 1. september 2003, segir að umrædda helgi, þ.e. frá 8. ágúst til 12. ágúst, hafi hann verið í leyfi og ekki verið staddur í bænum. Þá helgi hafi d, starfsmaður við sundlauginna, og e, sumarafleysingamaður, verið á vakt. Þegar hann hafi komið heim þann 12. ágúst hafi e sagt sér frá atvikinu. Með tilliti til þess að málið gæti kallað á frekari meðferð, s.s. hjá lögreglu, hafi hann ákveðið að biðja með að eyða myndbandinu, komið því fyrir á öruggum stað og beðið starfsfólk sundlaugarinnar um að láta ekkert frá sér fara um það. Fljótlega hafi hann hins vegar orðið þess áskynja að vitað var um myndina víðar en meðal starfsfólks þótt engin starfsmaður hafi, við eftirgrennslan hans, játað að hafa greint frá henni. Þegar móðir annars málshefjandans hafi síðan komið á fund hans þann 25. ágúst hafi hún tjáð sér að f, starfsmaður sundlaugarinnar, hefði verið að tala um myndina við óviðkomandi aðila. Umræddur starfsmaður hafi síðan, í samtali við sig, viðurkennt að hafa talað um umrætt atvik, enda væri það á vitorði allra bæjarbúa. Hann hafi við þetta tækifæri brýnt fyrir henni að virða þá þagnarskyldu sem hún bæri. Við frekari eftirgrennslan hans hafi engin starfsmaður kannast við að hafa veitt upplýsingar um umrætt atvik. Það hafi svo verið hinn 29. ágúst 2003 að e hafi í samtali við sig viðurkennt að hann hafi „af barnskap og hugsunarleysi“ sýnt vinum sínum hluta myndbandsins en ekki haft kjark til að láta sig vita af því fyrir né gert sér grein fyrir alvarleika málsins. Í framhaldi af þessari játningu hafi hann sett sig í samband við annan málshefjandann, b, og óskað eftir fundi með honum. Á þeim fundi hafi hann beðist afsökunar á þeim mistökum sem orðið hafi og beðið hann um að koma afsökunarbeiðninni á framfæri við aðra aðila málsins. Hann hafi og boðist til að ræða við þá sjálfur, yrði þess óskað.

Til að upplýsa málið betur, og með vísan til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000, óskaði Persónuvernd svara við spurningum varðandi málið og almennt um fyrirkomulag vöktunarinnar. Í fyrrnefndu bréfi forstöðumannsins er þessum spurningum svarað og segir m.a. að umræddu myndbandi hafi verið eytt þann 27. ágúst 2003 og að ekkert afrit hafi verið tekið. Þá er þar upplýst að 9 manns hafi séð myndina, eða a.m.k. hluta hennar, en þeir þó ekki nafngreindir. Varðandi tilgang vöktunarinnar var því til svarað að megintilgangur hennar væri að stuðla að auknu öryggi sundlaugargesta. Utan opnartíma sundlaugarinnar færi vöktunin hins vegar fram í eignarvörsluskyni.

Í bréfi sínu vísar forstöðumaðurinn til þess að málshefjendum hafi verið óheimill aðgangur að afgirtu svæði sundlaugarinnar eftir lokun hennar. Þá hafi þetta ekki verið í fyrsta skipti sem þeir hafi farið í leyfisleysi inn á svæði sundlaugarinnar og að þeim hafi verið fullkunnugt um tilvist og staðsetningu eftirlitsmyndavélanna.

3.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 5. september 2003, var málshefjendum gefið tækifæri til að gera athugasemdir við efni bréfs forstöðumannsins. Í framhaldi af því barst Persónuvernd, þann 18. september 2003, bréf frá málshefjendum þar sem þeir gera ýmsar athugasemdir við lýsingu forstöðumannsins á málsatvikum. Segja málshefjendur þar m.a. að þeim hafi verið kunnugt um tilvist eftirlitsvélanna en ekki að með þeim væri tekið upp myndefni. Þá segir að forstöðumaðurinn hafi tjáð b á fundi þeirra þann 30. ágúst að hann hefði upptökuna enn undir höndum og því geti sú fullyrðing hans um að upptökunni hafi verið eytt þann 27. ágúst ekki staðist. Hafi móðir umrædds málshefjanda talað við forstöðumanninn síðar þann sama dag. Þá hafi komið fram í máli hans að búið væri að eyða upptökunni. Þá er spurningu varpað fram um hvort það geti hugsast að afrit af umræddri upptöku séu enn í umferð, en sífellt fleiri bætist við sem segist hafa séð upptökuna, s.s. nágrenni og vinur forstöðumannsins. Var einnig farið fram á að nafngreindir yrðu þeir starfsmenn og óviðkomandi aðilar sem séð hefðu umrætt myndband. Enn fremur að upplýst yrði hver hefði gegnt stöðu forstöðumanns sundlaugarinnar í fjarveru hans.

Voru þessar spurningar teknar upp í bréf Persónuverndar til forstöðumannsins, dags. 25. september 2003, auk þess sem honum var boðið að tjá sig um efni bréfs málshefjenda.

4.

Erindi Persónuverndar var svarað með bréfi forstöðumannsins, dags. 3. október 2003. Var það sent málshefjendum með bréfi Persónuverndar, dags. 3. nóvember s.á. Í svarbréfi forstöðumanns eru nafngreindir allir þeir, starfsmenn og aðrir, sem forstöðumanninum er kunnugt um að hafi séð umrædda upptöku, eða a.m.k. hluta hennar. Þá er upplýst að í vaktfríum forstöðumanns tíðkist ekki að skipa annan mann til að gegna þeirri stöðu, hafi hann því verið forstöðumaður á þeim tíma sem atvikið átti sér stað.

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Markmið laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð *persónuupplýsinga*, með áorðnum breytingum, er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Af skilgreiningunni leiðir að myndefni, óháð því hvort það sé á myndbandi eða öðru formi, getur fallið undir hugtakið ef hægt er að bera kennsl á þann eða þá sem þar birtast og segja má að það beri með sér upplýsingar um viðkomandi, enda falli vinnsla þeirra undir 3. og 4. gr. laganna. Hugtakið *vinnsla* er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tl. 1. mgr. sömu greinar. Af athugasemdum við þetta ákvæði, í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000, má ráða að með vinnslu sé m.a. átt við miðlun upplýsinga (Alþt. 1999–2000, A-deild, bls. 2714). Samkvæmt þessu getur sýning myndbands falið í sér miðlun persónuupplýsinga í skilningi laganna. Tekið skal fram að því hefur hvorki verið haldið fram í málinu að örðugt hafi verið að bera kennsl á þá einstaklinga sem myndefnið er af né að torvelt hafi verið að finna upplýsingarnar á bandinu.

2.

Mál þetta varðar miðlun persónuupplýsinga sem urðu til aðfaranótt 10. ágúst 2003 í tengslum við „rafræna vöktun“ á lóð Sundlaugar Bolungarvíkur, eins og það hugtak er skilgreint í 6. tl 2. gr. laga nr. 77/2000. Fjallað er um slíka vöktun í 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr.

46/2003. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að öll vinnsla persónuupplýsinga, sem eigi sér stað í tengslum við slíka vöktun, skuli uppfylla ákvæði laganna. Samkvæmt því fellur ágreiningur um lögmæti umræddrar vinnslu undir gildissvið og ákvæði laga nr. 77/2000 og þar af leiðandi undir úrskurðarvald Persónuverndar.

3.

Við athugun á lögmæti þeirrar miðlunar persónuupplýsinga sem um er deilt í máli þessu verður að hafa í huga að öll vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra, þarf að eiga sér stoð í einhverju af ákvæðum 8. gr., sbr. og einhverju af ákvæðum 9. gr. ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga þarf ennfremur að vera í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna. Meginreglur 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr., eru þessar: Persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.), þær skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi (2. tölul.) og þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Í þessum reglum er m.a. talið felast að ekki skuli unnið með persónuupplýsingar nema á því sé þörf og vinnslan sé málefnaleg.

Við mat á því hvort umrædd miðlun hafi verið í samræmi við þessar meginreglur 7. gr. verður m.a. að líta til þess að samkvæmt 1. mgr. 4. laga nr. 77/2000 er rafræn vöktun ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Þá ber að hafa í huga að samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 9. gr. laganna er söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg í öryggis- og eignavörsluskyni. Hefur slíkur tilgangur rafrænnar vöktunar verið talinn málefnalegur, sbr. athugasemdir við þetta ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 81/2002, um breytingar á lögum nr. 77/2000 (Alþt. 2001–2002, A-deild, bls. 4527). Ekki er um það deilt í máli þessu að sú rafræna vöktun sem fram fer hjá Sundlaug Bolungarvíkur fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni og eigi sér þannig málefnalegan tilgang. Hins vegar verður eftirfarandi vinnsla þeirra persónuupplýsinga sem verða til við vöktunina einnig að vera málefnaleg og í samræmi við tilgang vöktunarinnar, sbr. framangreindar meginreglur 1. mgr. 7. gr. laganna.

Samkvæmt gögnum þessa máls liggur fyrir að auk forstöðumannsins hafa óviðkomandi aðilar séð umrætt myndband, eða a.m.k. hluta þess. Tekið skal fram að líta verður svo á að til óviðkomandi aðila teljist m.a. þeir starfsmenn Sundlaugar Bolungarvíkur sem samkvæmt störfum sínum hafa enga málefnalega ástæðu til aðgangs að umræddum upplýsingum. Ekki verður séð að miðlun þeirra persónuupplýsinga sem hér um ræðir til framangreindra aðila geti talist samrýmanleg almennum viðhorfum um það hvað teljist vera sanngjörn notkun persónuupplýsinga né verður komið auga á að hún hafi þjónað málefnalegum tilgangi, sbr. 1. tl. 7. gr., eða verið samrýmanleg tilgangi vöktunarinnar, sbr. 2. tl. 7. gr. Af hálfu ábyrgðaraðila hefur heldur ekki verið haldið fram að svo sé. Umrædd miðlun persónuupplýsinga fór því í bága við 1. og 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Eins og áður segir verður öll vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra, að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, en til slíkra upplýsinga teljast m.a. upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan, sbr. d.-lið 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000. Óumdeilt er að það myndefni sem um er rætt í máli þessu ber með sér slíkar upplýsingar.

Um lögmæti miðlunar slíkra persónuupplýsinga (myndefnis) gildir sérregla 2. tl. 2. mgr. 9. gr. Samkvæmt henni má hvorki miðla til annarra né vinna frekar myndefni sem ber með sér viðkvæmar persónuupplýsingar nema með samþykki þess sem myndirnar eru af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu. Þá er skilyrði að slíku myndefni verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar standi til frekari varðveislu.

Ljóst er að Persónuvernd getur hvorki, með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum, fært sönnur á og skorðið úr um það hverjir hafi séð umrætt myndband, né hvort eða þá hvenær því hafi

verið eytt. Engu að síður hefur því ekki verið mótmælt að allnokkrir óviðkomandi aðilar sáu myndbandið, eða a.m.k. hluta þess. Hefur þar átt sér stað miðlun persónuupplýsinga sem ekki verður séð að fái samrýmst nokkru af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá er ljóst að sú miðlun persónuupplýsinga til óviðkomandi aðila, sem fólst í sýningu umrædds myndbands, fór beinlínis gegn 2. tl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Vegna kröfu málshefjenda um að starfsmenn Sundlaugar Bolungarvíkur sæti ábyrgð sem opinberir starfsmenn skal tekið fram að slíkt fellur utan verkefna Persónuverndar.

Úrskurðarorð:

Miðlun mynda af kynlífsathöfnum, sem teknar voru á myndband með eftirlitsmyndavélum Sundlaugar Bolungarvíkur aðfaranótt 10. ágúst 2003, til óviðkomandi aðila, var ólögleg.

4.3. Skráning upplýsinga um hegðunarfrávik í grunnskólum – SWIS-skráningarkerfi

Hinn 2. mars 2004 veitti Persónuvernd svohljóðandi álit í máli nr. 2003/438 um notkun svonefnds SWIS-skráningarkerfis í grunnskólum og leyfi til flutnings persónuupplýsinga úr landi í tengslum við notkun þess kerfis:

I.

Bréfaskipti

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta vegna umsóknar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, dags. 5. september 2003, um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í skólastarfi samkvæmt svonefndu SWIS-kerfi (School Wide Information System) sem á að gera það kleift að bregðast við hegðunarerfiðleikum nemenda á viðeigandi hátt og koma þannig í veg fyrir eða draga úr slíkum erfiðleikum.

Fram kemur í umsókninni að þessi vinnsla eigi að fara fram næstu fimm árin í tilraunaskyni. Markmiðið sé að auka jákvæð samskipti kennara og nemenda með sérstöku umbunarkerfi sem tekið verði upp samhliða skráningu á agabrotum. Nemendur muni fá umbun fyrir æskilega hegðun, en skýrar, vægar afleiðingar muni fylgja óæskilegri hegðun til að draga úr henni. Vinnslan muni fara þannig fram að þegar upp komi agabrot verði upplýsingar um það skráðar á þar til gert skráningarblað af þeim starfsmanni sem varð vitni að agabrotinu eða tók á því. Á skráningarblaðinu komi fram nafn barns, bekkur, tegund brots (t.d. að ekki hafi verið fylgt fyrirmælum, komið hafi verið of seint eða viðhaft hafi verið ljótt orðbragð), hvar í skólanum brotið átti sér stað, hvaða ástæða kunni að vera fyrir hegðun barns (t.d. hvort ástæðan hafi verið að reyna að fá athygli félaga, komast undan því að vinna ákveðið verkefni eða fá athygli fullorðinna) og afleiðingar sem fylgdu broti. Nemendum verði gert ljóst að í kjölfar agabrots verði upplýsingar um brotið og geranda skráðar. Ekki verði aflað upplýsinga frá öðrum stofnunum. Samþykkis foreldra verði ekki aflað, enda eigi vinnslan stöð í lagaákvæðum sem ekki áskilja samþykki, þ.e. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 42. og 43. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Niðurstöður úr vinnslunni verði ekki birtar opinberlega nema á ópersónugreinanlegu formi.

Peir sem sjái um skráningu verði allir bundnir þagnarskyldu samkvæmt samningi við skóla. Eftir hvert skólaár verði skráningarblöð færð í vörslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Fimm árum eftir skráningu verði þeim eytt. Upplýsingarnar verði tölvuskráðar, en mögulegt verði að eyða persónuauðkennum við lok grunnskólagöngu nemenda. Ópersónugreinanleg gögn verði send í alþjóðlegan gagnagrunn hjá alþjóðlegum háskóla í Bandaríkjunum, þ.e. Oregon University, en margir skólar í Bandaríkjunum og Kanada hafi tekið upp umrædda vinnslu persónuupplýsinga svo að halda megi um og nota gögn um hegðunarfrávik til virkrar ákvarðanatöku.

Beri háskólinn ábyrgð á að öllum persónuupplýsingum verði eytt við flutning þeirra í þennan gagnagrunn.

Í útprentun af vefsíðu á vegum þessa háskóla, sem fylgdi umsókninni, kemur fram að upplýsingar, sem fara inn í umræddan, alþjóðlegan gagnagrunn, eru áður færðar inn á lokað vefsvæði vistað af háskólanum. Hafi hver skóli sitt eigið vefsvæði og þurfi notandanafn og lykilorð til að komast þangað inn, auk þess sem gagnasendingar til og frá vefsvæðunum séu dulkóðaðar. Persónuauðkennum verði eytt þegar upplýsingar verði færðar af lokuðum vefsvæðum einstakra skóla yfir í gagnagrunninn. Persónuvernd taldi hins vegar þörf á nánari upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga á internetinu, m.a. um hvort nauðsynlegt væri að persónuauðkenni yrðu skráð þar, og spurðist fyrir um þær í samtali við starfsmann Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur hinn 3. nóvember 2003, þ.e. Margréti Birnu Þórarinsdóttur. Hún svaraði með bréfi, dags. s.d. Þar segir:

„Eins og við ræddum um í síma er ljóst að þeir aðilar sem standa að SWIS vefnum hafa aðgang að öllum gögnum því þeir setja upp og viðhalda vefnum ásamt því að úthluta aðgangsorðum. Eins og fram kemur í yfirlýsingu um trúnað (confidentiality statement) [þ.e. framangreindri útprentun] sem fylgdi með [umsókninni] nota aðstandendur SWIS aldrei gögn á þann hátt að hægt sé að tengja þau við nöfn. Upplýsingar sem eru notaðar eru alltaf kóðaðar þannig að ekki er hægt að rekja upplýsingar. Aðgangur erlendis felst þá fyrst og fremst í því að þeir sem sinna viðhaldi vefsins geta skoðað upplýsingar um einstaka nemendur ef þeir hafa áhuga á því.“

Persónuvernd taldi, eftir að hafa borist þetta bréf, að frekari upplýsinga væri enn þörf. Leitaði hún því uppi þá heimasíðu sem framangreind útprentun er af, en á útprentuninni sést ekki hver vefslóðin er. Á heimasíðunni www.swis.org er að finna ítarlega lýsingu á skráningarkerfinu. Einnig er þar sýnishorn af því hvernig upplýsingar skrást inn í kerfið með tilbúnum upplýsingum. Af því sýnishorni, sem og öðru því sem fram hefur komið í málinu, er ljóst að um mjög víðtæka vinnslu persónuupplýsinga á internetinu er að ræða. Á heimasíðunni er hægt að fá ítarlegar lýsingar á fjölda og tegund agabrota einstakra nemenda og hvar þau hafa átt sér stað, auk upplýsinga um kynþátt nemenda. Einnig má fá fram margvíslegar tölfraðilegar upplýsingar, m.a. um tíðni brota hjá einstökum kynþáttum. Ljóst er að slíkar upplýsingar geta verið persónugreinanlegar ef aðeins einn eða fáir nemendur af tilteknum kynþætti eru í viðkomandi skóla.

Í ljósi framangreinds taldi Persónuvernd nauðsynlegt að fá ítarlegri upplýsingar um skráningarferfið. Með bréfi, dags. 18. nóvember 2003, óskaði stofnunin því eftir að nánar yrði greint frá eftirfarandi atriðum:

1. Nauðsyn svo mikillar skráningar á persónuupplýsingum sem hér um ræddi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem kveðið er á um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsyn krefur.
2. Hvernig umsækjendur teldu 42. og 43. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, sbr. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, veita heimild til vinnslunnar, sem og hvernig þeir teldu skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. fyrir vinnslu persónuupplýsinga vera fullnægt.
3. Hvar væri að finna heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 9. gr. sömu laga, en sum hegðunarfrávik gætu falið í sér refsiverð brot, s.s. skemmdarverk.
4. Hvort nauðsynlegt væri að skrá persónuauðkenni, s.s. nöfn, á internetið, þ.e. hvort ekki nægði að þar væru skráð númer en í hverjum skóla væri til greiningarlykill.
5. Hvernig öryggi upplýsinga yrði tryggt, einkum persónugreinanlegra upplýsinga á internetinu væri talið nauðsynlegt að skrá þar persónuauðkenni.

Á fundi hinn 3. desember 2003, sem haldinn var að tillögu Persónuverndar, veittu Margrét Birna

Pórarinsdóttir, sálfræðingur hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Sigbór Arnar Guðmundsson, deildarstjóri tölvudeildar fræðslumiðstöðvarinnar, og Anna María Frimannsdóttir, sálfræðingur hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, skýringar um ofangreind atriði. Bárust þær síðan Persónuvernd í formi bréfs frá Margréti Birnu, dags. 9. janúar 2004. Þar segir:

„SWIS-skráningarkerfi gerir skólum kleift að safna markvisst upplýsingum um hegðunarfrávik nemenda svo hægt sé að bregðast við á viðeigandi hátt og stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum. Svo skráðar upplýsingar komi að gagni og séu nýtanlegar til markvissrar vinnslu er nauðsynlegt að ákveðnar persónuupplýsingar séu skráðar samhliða agabrotum (sbr. 1. gr. laga nr. 66/1995 og reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla).

Samanber 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er talið að vinnsla persónuupplýsinga sem farið er fram á sé nægjanleg, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsyn krefur. Persónuupplýsingar sem alla jafna eru skráðar á internetgrunn SWIS-skráningarkerfis eru m.a. nafn, kyn, bekkur, kynþáttur. Svo draga megi úr persónulegum upplýsingum og ekki sé skráð meira en nauðsyn krefur, hefur verið fallið frá því að skrá nöfn nemenda beint í SWIS-skráningarkerfi. Þess í stað verður öllum nemendum í hverjum grunnskóla sem notar SWIS-skráningarkerfi úthlutað númer sem skráð er á vefinn í stað nafna. Ennfremur er ekki talin nauðsyn á að skrá upplýsingar um kynþátt nemenda í grunnskólum og því verða slíkar upplýsingar ekki skráðar. Að lokinni skólagöngu barnsins (hvort sem henni lýkur vegna aldurs eða flutnings) verður auðkennum barns í greiningarlyklinum eytt. Í hverjum grunnskóla munu tveir til þrír aðilar sjá um skráningu gagna og mun greiningarlykillinn verða í varðveislu þeirra. Skráningaraðilum verður úthlutað lykilorði til þess að komast inn í gagnagrunninn. Breytist hlutverk skráningaraðila (hann fer í önnur störf eða hættir) verður lykilorði hans eytt. Skráningaraðilar munu ennfremur skrifa undir yfirlýsingu um trúnað.

Upplýsingar sem skráðar verða og eru taldar nauðsynlegar fyrir tilgang vinnslunnar eru kyn, bekkur og agabrot (hvar þau eiga sér stað, mögulegar ástæður og afleiðingar).

Samanber b-lið 2. gr. laga nr. 77/2000 verður öll vinnsla að fullnægja einhverjum skilyrða sem kveðið er á um í 9. gr. laga nr. 77/2000, auk einhvers þeirra skilyrða sem kveðið er á um í 8. gr. sömu laga. Vinnslan er talin heimil með vísan í 7. lið 8. gr. laga nr. 77/2000 um að vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Samkvæmt 2. lið 9. gr. laga 77/2000 er talið að sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum, þ.e. 43. gr. laga 66/1995.

Í 43. gr. laga 66/1995 segir að sérfræðiþjónusta skóla skuli stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfinu. Starfsmönnum sérfræðiþjónustu er ætlað að vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur í forvarnastarfi. Svo vinna megi að forvörnum og úrbótum er nauðsynlegt að skrá á markvissan hátt gögn um hegðun, viðhorf og líðan barna í skólum. SWIS-skráningarkerfið gerir þeim aðilum sem starfa að forvörnum innan skóla kleift að athuga á kerfisbundinn hátt hegðunarfrávik.“

II.

Niðurstaða

1.

Ekki verður séð að sú vinnsla, sem umsókn Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar lýtur að, sé leyfisskyld nema hvað einn þátt hennar varðar, þ.e. skráningu upplýsinga um nemendur í SWIS-skráningarkerfið, sem felur í sér flutning persónuupplýsinga til Bandaríkjanna, en komið verður að því nánar í lið 2 hér að neðan. Hins vegar er ljóst að um tilkynningarskylda vinnslu er að ræða, sbr. 1. mgr. 31. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar

sem kveðið er á um að sérhver ábyrgðaraðili, sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, skuli tilkynna vinnsluna til Persónuverndar. Nánari ákvæði um tilkynningarskylduna eru í 32. gr. laganna, sem og 2. og 4.–6. gr. reglna nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Er nauðsynlegt að umrædd vinnsla verði tilkynnt Persónuvernd í samræmi við þessi ákvæði áður en hún hefst. Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er að finna tilkynningareyðublað (undir hnappinum „Tilkynningar“) og má senda það beint af heimasíðunni.

2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf hún ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, verður einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna að vera fullnægt að auki. Persónuvernd telur ljóst að til þess geti komið að í SWIS-skráningarkerfinu verði unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.e. upplýsingar um hegðunarfrávik nemenda sem geta falið í sér refsiverð brot, s.s. skemmdarverk.

Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna, enda vegi grundvallarréttindi og frelsi hins skráða ekki þyngra. Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna er og kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar sérstök lagaheimild. Persónuvernd telur ljóst að skilyrðum þessara ákvæða sé fullnægt um umrædda vinnslu, enda á hún stoð í sérlögum, sbr. 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, þar sem kveðið er á um skyldu nemenda til að hlíta fyrirmælum skólustarfsfólks og viðbrögð og viðurlög við hegðunarfrávikum, sem og 42. og 43. gr. sömu laga, þar sem kveðið er á um sérfræðiþjónustu í skólum. Með stoð í 41. gr. laganna hefur og verið sett reglugerð um skólareglur í grunnskóla, nr. 270/2000, þar sem kveðið er nánar á um viðbrögð og viðurlög við hegðunarfrávikum. Verður því að telja umrædda vinnslu heimila.

Einnig þarf hins vegar að vera fullnægt kröfum annarra ákvæða laga nr. 77/2000 en þeim sem fram koma í 8. og 9. gr., þ. á m. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., um að vinnsla persónuupplýsinga skal vera sanngjörn, málefnaleg, lögmæt og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga; 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., um að persónuupplýsinga skal aflað í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi; 3. tölul. 1. mgr. 7. gr., um að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslu; og 5. tölul. 1. mgr. 7. gr., um að persónuupplýsingar skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur. Þessi ákvæði fela í sér þá meðalhófsreglu að ekki skal unnið með persónuupplýsingar nema á því sé þörf og að þær skulu því m.a. ekki varðveittar lengur en nauðsynlegt er. Fram hefur komið að persónuauðkennum á greiningarlykli fyrir upplýsingar, sem skráðar verða í SWIS-skráningarkerfið, verður eytt þegar nemandi fer í annan skóla eða lýkur námi. Svokölluð skráningarblöð, þ.e. pappírsöggn, sem upplýsingar verða skráðar á, verði hins vegar varðveitt í fimm ár en þó aðeins einn vetur í skólunum sjálfum. Að þeim tíma liðnum verði þau flutt til Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Skóla-skrifstofu Hafnarfjarðar. Ekki verði skráður kynþáttur nemenda. Miðað við þessar forsendur um hvernig standa á að vinnslunni telur Persónuvernd að nægilega sé fullnægt þeim kröfum sem fram koma í framangreindum ákvæðum.

Hvað flutning upplýsinga til Bandaríkjanna varðar, þ.e. með skráningu þeirra í SWIS-skráningarkerfið, sem hýst er af háskólanum í Oregon, verður að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 30. gr. laga nr. 77/2000 fyrir flutningi persónuupplýsinga til þriðja lands, þ.e. lands sem ekki veitir samþæfilega vernd og þau lönd, þ. á m. Ísland, sem miða löggjöf sína við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Skilyrði 30. gr., sem byggjast á 26. gr. tilskipunarinnar, eru tvenns konar, þ.e. annars vegar efnislegar heimildir, sem taldar eru upp í 1. mgr., og hins vegar leyfi sem Persónuvernd getur veitt þegar kröfum engrar þeirra er fullnægt.

Persónuvernd telur ljóst að engin af heimildum 1. mgr. 30. gr. eigi við. Reynir því hér á hvort skilyrðum fyrir veitingu leyfis samkvæmt 2. mgr. 30. gr. sé fullnægt. Þar er áskilið að sérstök rök

mæli með veitingu leyfis og skal þá m.a. litið til eðlis upplýsinga, fyrirhugaðs tilgangs vinnslu og hve lengi hún varir. Þetta verður að túlka í ljósi 2. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar þar sem kveðið er á um það skilyrði leyfis að ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga skuli veita nægilegar tryggingar fyrir vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarréttindum og -frelsi manna og beitingu samsvarandi réttinda.

Ljóst er að einn mikilvægasti þátturinn í mati á því hvort nægilegar tryggingar séu veittar er öryggi persónuupplýsinga. Um skyldur ábyrgðaraðila hvað það varðar er fjallað í 11. gr. laga nr. 77/2000. Segir í 2. mgr. 11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Af gögnum málsins er ljóst að beita á eftirfarandi öryggisráðstöfunum:

1. Gagnasendingar til og frá því vefsvæði í Oregon í Bandaríkjunum, þar sem tölvuskráðar upplýsingar verði varðveittar, verði dulkóðaðar.
2. Vefsvæðið sé lokað og þurfi notandanafn og lykilorð til að komast þangað inn.
3. Persónuauðkenni verði ekki skráð á vefsvæðið heldur aðeins tilviljunarnúmer.
4. Varðveisla greiningarlykla, sem tengi tilviljunarnúmer við persónuauðkenni, verði í hverjum grunnskóla á ábyrgð tveggja eða þriggja einstaklinga, þ.e. þeirra sem sjái um tölvuskráningu upplýsinga, og hafi aðrir ekki aðgang að lykluunum.

Persónuvernd telur ofangreindar öryggisráðstafanir nægilegar til að fullnægja kröfum 11. gr. laga nr. 77/2000 hvað varðar tölvuskráðar upplýsingar. Ekki liggur hins vegar fyrir hvernig öryggi pappírsgagna, annarra en greiningarlykils, verður tryggt. Þetta hefur hins vegar ekki áhrif á hvort telja skuli nægilegar tryggingar hafa verið settar fyrir friðhelgi einkalífs í skilningi 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi framangreindra öryggisráðstafana, sem og þess sem komið hefur fram um lögmati tilgangs vinnslunnar, telur Persónuvernd því skilyrðum fyrir veitingu leyfis samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laganna vera fullnægt. Nauðsynlegt er hins vegar að gerður verði skriflegur samningur við háskólann í Oregon um hýsinguna, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 þar sem áskilið er að ábyrgðaraðili geri slíkan samning við vinnsluaðila, þ.e. þann sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Á þar m.a. að koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. 13. gr. Loks er skylt að láta Persónuvernd í té öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum, sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga þar sem kveðið er á um skyldu til skjalfestingar upplýsingaöryggis.

3.

Með vísan til ofangreinds tilkynnist hér með:

1. Að Persónuvernd telur fyrirhugaða notkun skráningarblaða og SWIS-skráningarkerfis í grunnskólum í Reykjavík og Hafnarfirði heimila.
2. Að Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar skulu senda Persónuvernd öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum fyrir 1. október 2004, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000 þar sem kveðið er á um heimild Persónuverndar til að krefja ábyrgðaraðila um skriflegar skýringar.
3. Að Persónuvernd hefur, með vísan til 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, ákveðið að veita Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar leyfi til flutnings upplýsinga um nemendur í grunnskólum í Reykjavík og Hafnarfirði í gagnagrunn hýstan af háskólanum í Oregon (Oregon University) í Bandaríkjunum. Leyfið er bundið eftirfarandi skilyrðum:

- a. Öryggi persónuupplýsinga skal vera nægilega tryggt, m.a. með dulkóðun gagnasendinga til og frá vefsvæðinu þar sem gagnagrunnurinn er hýstur og notkun aðgangsorða og lykilorða til að komast inn á vefsvæðið.
- b. Ekki má skrá persónuauðkenni inn í gagnagrunninn heldur aðeins tilviljunarnúmer.
- c. Í hverjum skóla skal greiningarlykils vandlega gætt.
- d. Óheimilt er að skrá kynþátt íslenskra nemenda í gagnagrunninn.
- e. Samningur í samræmi við 2. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 skal gerður við Háskólann í Oregon um framangreinda vinnslu.

4.4. Svar við fyrirspurnum um aðferðir við framkvæmd vísindarannsókna

Hinn 2. apríl 2004 veitti Persónuvernd, í máli nr. 2004/115, svohljóðandi svar við fyrirspurn um aðferðir við framkvæmd tveggja vísindarannsókna:

Persónuvernd hefur nú fjallað um mál nr. 2003/491 og 2003/601. Bæði málin eiga rætur að rekja til fyrirspurnar yðar, dags. 17. október 2003. Framan af var farið með erindið sem tvö mál því það varðaði tvær aðskildar rannsóknir en vegna tengsla verkefnanna og eðlis spurninga yðar er því svarað með einu bréfi. Tekið skal fram að málið hefur til þessa verið meðhöndlað sem fyrirspurn en ekki sem deilumál. Þar af leiðandi er erindinu nú svarað með bréfi. Þau álítaefni sem hins vegar hafa, við athugun málsins, vaknað um lögmæti einstakra atriða við framkvæmd rannsókna o.fl. verða eftir atvikum tekin til sjálfstæðrar umfjöllunar síðar. Mun yður þá verða kynnt niðurstaða stjórnarinnar um þau þegar hún liggur fyrir.

I.

Grundvöllur máls

Bréfaskipti

Í framangreindu erindi greinduð þér frá boðsbréfi sem yður hafði borist um þátttöku í „rannsókn á myndun og þróun brjóstakrabbameins og forstigsbreytingum þess“. Þar báruð þér upp þrjár spurningar. Auk þess segir m.a.:

„Í byrjun þessa mánaðar barst mér bréf, undirritað af A og B, en til þeirra þekki ég ekki neitt. Hjállegt fylgir afrit þessa bréfs. Með bréfinu er ég beðin um að taka þátt í rannsókn á myndun og þróun brjóstakrabbameins og forstigsbreytingum þess. Ég greindist með umræddan sjúkdóm fyrir nokkrum mánuðum. Ég hef alveg frá þeim tíma litið svo á að öll sú reynsla og mín sjúkrasaga sé trúnaðarmál milli mín og míns lækni. Því kom það mér í opna skjöldu að verða vör við að Krabbameinsfélag Íslands hefði látið upplýsingar í hendur manna sem eru að framkvæma vísindarannsókn. Mér hafði engin vitneskja verið veitt um þetta í samræmi við 21. gr. 1. nr. 77/2000.

Ég fer fram á það að Persónuvernd kanni hvort löglega hafi verið að málum staðið.[...]

Ég vil að fram komi að ég hef þegar snúið mér til K.Í. Ég fékk ekki viðhlítandi svör þar og á því ekki annan kost en að leita liðsinnis Persónuverndar. Ég get ekki orða bundist varðandi þau viðbrögð sem ég fékk frá K.Í. Þau báru vott um hroka og mikið virðingarleysi gagnvart krabbameinssjúklingi en ég hefði vænst þess að sýnd væri „aðgát í nærveru sálar“. Hjállegt er afrit svarbréfs sem ég fékk frá K.Í. Í því segir m.a.: „Ekki verður leitað aftur til þín.“ Þetta skynja ég sem kuldaleg viðbrögð og að verið sé að snúa útúr fyrir mér – enda hef ég ekki tekið afstöðu til rannsóknarinnar. Ég er aðeins að gera athugasemd við aðferðina og meðferð persónuupplýsinga. Ég hefði fyrst viljað heyra um rannsóknina frá mínum lækni, ræða framkvæmdina við hann og síðan taka upplýsta ákvörðun um þátttöku í rannsókninni.“

Erindi yðar fylgdi afrit af boðsbréfinu sem er ódagsett en undirritað af A og B. Þá fylgdi afrit af umræddu bréfi yðar til forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, dags. 9. október 2003, og svarbréfi forstjórans. Með bréfi Persónuverndar, dags. 20. október 2003, var erindið kynnt A, B og C, forstjóra

Krabbameinsfélags Íslands. Var þeim gefinn kostur á að tjá sig um það og skýringa óskað. Í bréfi Persónuverndar sagði að í boðsbréfi því sem yður var sent væri tilgreind „rannsókn á myndun og sjúkdómsþróun brjóstakrabbameins og forstigsbreytingum þess“, en að á málaskrá Persónuverndar væri hins vegar ekki að finna leyfi vegna neins verkefnis með þessu heiti.

Því var þess óskað, væri um heimilaða rannsókn að ræða, að fram kæmi útgáfudagur leyfis og tilvísunarnúmer. Þá var óskað svara við þeim spurningum sem þér báruð upp, en þær lutu að eftirfarandi:

- Hvort aflað hafi verið upplýsinga um yður í sjúkkrá yðar og þá hverjir hafi gert það og hvernig hafi verið staðið að því.
- Hvort og þá hvernig uppfyllt hafi verið fyrirmæli 21. gr. laga nr. 77/2000, s.s. við söfnun heilsufarsupplýsinga um yður.
- Hvort og þá hvernig uppfyllt hafi verið fyrirmæli reglna Persónuverndar nr. 170/2001 um það *hver* má kynna rannsóknarverkefni fyrir sjúklingi og *hvernig* það skal gert?

A svaraði með bréfi dags. 31. október 2003. Var svar hans kynnt yður með bréfi, dags. 17. desember s.á., og yður gefinn kostur á að tjá yður um það. Persónuvernd taldi þörf viðbótarupplýsinga og sýnishorna af þeim gögnum sem höfðu fylgt boðsbréfinu til yðar. Var þeirra óskað með bréfi, dags. 28. janúar 2004. Svarbréf A er dags. 6. febrúar s.á. Fylgdu því umbeðin gögn. Persónuvernd aflaði einnig skýringa B með bréfi, dags. 21. desember 2003. Er svarbréf hennar dags. 8. janúar 2004. Þá hefur A veitt frekari skýringar með bréfi dags. 8. mars s.á. Einnig óskaði Persónuvernd skýringa D, gagnagrunnstjóra KÍ, og bærust þær með tölvupósti, dags. 11. mars 2003. Verður efni framan­greindra bréfa rakið í næsta kafla.

II.

Nánar um bréfaskipti Málavextir og sjónarmið

1.

Í framangreindu boðsbréfi til yðar er talað um „viðamiklar rannsóknir sem varða myndun og sjúkdómsþróun brjóstakrabbameins og forstigsbreytinga þess“. Hér mun vera átt við tvær rannsóknir:

- Rannsókn á vegum líftækni­fyrirtækisins Urðar Verðandi Skuldar og samstarfshóps lækna (Íslenska brjóstakrabbameinshópsins). Fyrirsvarsmáður er A. Hún ber heitið „Rannsókn á arfbreytileika í brjóstakrabbameini og fylgni við læknisfræðilegar breytur.“ Gildandi leyfi vegna hennar var gefið út af Persónuvernd hinn 4. september 2002. (Hér eftir nefnd UVS/ÍB-rannsókn.)
- Rannsókn Krabbameinsfélags Íslands á samspili umhverfis og erfða í tilurð brjóstakrabbameins. Fyrirsvarsmáður er B. Rannsóknin ber heitið „Áhrif áhættuþátta og genafjölbreytni í efnaskiptaensímum á brjóstakrabbameinsáhættu meðal arfbera BRCA breytinga og þeirra sem ekki hafa slíkar breytingar.“ Leyfi vegna hennar var gefið út af Tölvunefnd hinn 29. maí 2000. (Hér eftir nefnd KÍ-rannsókn.)

Umslagið sem boðsbréfið til yðar var í bar með sér að það var sent frá Krabbameinsfélagi Íslands. Í því segir m.a.:

„Hafið er samstarf lækna og vísindamanna um viðamiklar rannsóknir sem varða myndun og sjúkdómsþróun brjóstakrabbameins og forstigsbreytinga þess. Að þessum rannsóknum standa Íslenski brjóstakrabbameinshópurinn (ÍB), Vísindasvið Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) og líftækni­fyrirtækið Urður Verðandi Skuld (UVS). ÍB er samstarfshópur lækna sem sinna greiningu og meðferð

brjóstakrabbameins, sjá neðst. Um er að ræða tvær rannsóknir þar sem ábyrgðarmenn eru B, KÍ og A, læknir, Landspítala og er síðarnefnda rannsóknin hluti af Íslenska krabbameinsverkefninu, sjá meðfylgjandi bækling. Í fyrsta áfanga verður kannað samspil erfða- og umhverfisþátta með til-
liti til áhættu að fá sjúkdóminn.

[...]

Með þessu bréfi viljum við biðja þig að taka þátt í ofangreindu rannsóknarverkefni. Þátttaka felst í því að gefa blóðsýni og svara spurningalista og er það gert fyrir báðar rannsóknirnar sam-
tímis. Einnig verður óskað eftir leyfi til aðgangs að upplýsingum og lífsýnum sem tengjast sjúk-
dómnum og kunna að vera í vörslu sjúkrastofnana. Beðið verður um skriflegt samþykki þitt áður
en til þátttöku kemur.“

Krabbameinsfélag Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og
Urðar, Verðandi, Skuld eru tilgreind í „bréfsheiti“ en undir bréfið skrifa A, f.h. ÍB, og B, f.h. KÍ.
Neðst á blaðinu eru nöfn meðlima ÍB-hópsins talin upp. Meðal þeirra er nafn meðferðarlæknis yðar.
Boðsbréfinu fylgdi upplýsingablað vegna þátttöku í Íslenska krabbameinsverkefninu og tilgreindir
þrjár valkostir fyrir samþykki fyrir þátttöku. Þá fylgdi jafnframt upplýsingablað fyrir þátttöku í KÍ-
rannsókninni ásamt samþykkiseyðublaði.

2.

Eins og áður segir leitaði Persónuvernd skýringa A, B og C. Svar barst með bréfi, dags. 31. október
2003, undirrituðu af A. Af því má ráða að fljótlega eftir að Krabbameinsfélag Íslands (KÍ) fékk leyfi
vegna framangreindrar rannsóknar hafi náðst samkomulag milli félagsins og þeirra sem stóðu að
UVS/ÍB-rannsókninni um samstarf. Það fólst einkum í samvinnu við að biðja sjúklinga, og eftir at-
vikum ættingja þeirra, um þátttöku. Var samið um að þeir yrðu beðnir um að taka þátt í báðum
rannsóknunum í einu og sama bréfi, en því skyldu fylgja ítarlegri upplýsingar um hvora rannsókn.
Þannig væri hægt að kanna hvort fólk vildi taka þátt í annarri eða báðum rannsóknunum, án þess að
leita þyrfti til þess nema einu sinni. Í bréfi A segir m.a.:

„Frá því um mitt ár 2001, þegar nauðsynleg leyfi lágu fyrir, hefur einstaklingum sem greinast
með brjóstakrabbamein verið boðin þátttaka í þeim rannsóknarverkefnum sem hér um ræðir.
Þetta hefur oftast verið gert þannig að staðlað boðsbréf, (það sem NN var sent) sem með fylgja ít-
arlegri upplýsinga- og samþykkisblöð, er afhent sjúklingi af meðhöndlandi skurðlækni nokkrum
dögum fyrir fyrirhugaða skurðaðgerð. Starfsmaður verkefnanna hefur síðan samband við sjúkling
þegar hann hefur haft tækifæri til þess að kynna sér gögnin og leitar álits hans til þátttöku.

[...]

Þetta verklag, að leita samþykkis fyrir skurðaðgerð, er viðhaft vegna þess að í rannsókn þeirri
sem Íslenski brjóstakrabbameinshópurinn [,] á aðild að er, auk blóðsýna og heilsufarsupplýsinga,
aflað sýna úr brjóstvef sem fjarlægður er við skurðaðgerð. Boðsbréfið er svo í raun ekki afhent öll-
um sjúklingum fyrir skurðaðgerð og geta legið fyrir því margvíslegar ástæður, oftast gleymaska
skurðlæknisins í dagsins önn eða óvissa um sjúkdómsgreiningu fyrir skurðaðgerð. Undirritaður
fær reglulega yfirlit yfir það hverjum hefur verið boðin þátttaka og leggur þá fyrir meðferðarlækni
(skurð- og/eða krabbameinlækni) hvort bjóða megi til þátttöku þeim sem ekki hafði verið boðið
fyrir skurðaðgerð. Sé það heimilað er þeim einstaklingum sendur með pósti sami „pakki“ og af-
hentur er fyrir skurðaðgerð, þ.e. boðsbréf og fylgigögn. Er það gert fyrir hönd ÍB og í nafni þess
meðferðarlæknis sem um ræðir hverju sinni [...].

[...]

Boðsbréf eru þannig send út til einstaklinga einungis með samþykki einhvers meðferðarlæknis
viðkomandi sem jafnframt er aðili að ÍB. Þar er ekki um að ræða upplýsingar frá þriðja aðila (svo
sem Krabbameinsskrá) og enn síður hafa starfsmenn Krabbameinsfélagsins, Urðar Verðandi

Skuldar eða annarra aðila sem að vísindarannsóknunum standa aðgang að neinum sjúkraskrárgögnum
[...]

Formaður ÍB kynnir rannsóknina fyrir hönd allra lækna innan hópsins og hefur þetta verklag verið talið fullnægja skilyrðum um hver kynnir rannsóknarverkefni og hvernig, eins og reglur Persónuverndar nr. 170/2001 kveða á um [...].“

Með bréfi, dags. 28. janúar 2004, óskaði Persónuvernd nánari skýringa, m.a. um framkvæmd á rannsókn KÍ. Í svarbréfi A, dags. 4. febrúar 2004, segir m.a.:

„Eins og fram kom í fyrra bréfi mínu nær samvinna þeirra tveggja rannsóknarhópa sem um ræðir aðeins til að bjóða þátttöku og að starfsstöð annars hvors hópsins annist framkvæmdarþætti (taka blóðsýnis, aðstoð við útfyllingu á spurningalista og undirskrift nauðsynlegra skjala o.s.frv.). Rannsóknirnar sjálfar eru sjálfstæðar og hvor annarri óháðar, enda samþykktar sem tvær sjálfstæðar rannsóknir af Vísindasiðanefnd og þáverandi Tölvunefnd. Upplýsinga- og samþykkisblöð og samþærileg gögn eru því tengd hvorri rannsókninni um sig og engar sameiginlegar undirskriftir fulltrúa rannsóknaraðila á þeim heldur einungis á boðsbréfinu [...]. Í ljósi þess sem að ofan er sagt ætti ljóst að vera að B fær engar upplýsingar frá mér um nöfn kvenna sem til rannsóknarinnar er boðið áður en vilji þeirra til þátttöku er ljós, ekki frekar en hún fær aðrar upplýsingar sem undirritaður fær stöðu sinnar vegna sem forsvarsmaður brjóst- og innkirtlaskurðlækninga við Skurðlækningadeild Landspítalans. [...] Ég hef ekki itök í því frá hvorri starfsstöðinni (Skúlaveri eða KÍ) boðsbréf eru send. Sú „úthlutun“ er í höndum gagnagrunnstjóra Krabbameinsfélagsins og ræður þar fyrirlliggjandi vinnuálag á starfsstöðvunum tveimur. [...]“

Sérstaklega var óskað skýringa á þeim ummælum í bréfi A, dags. 31. október 2003, að í UVS/ÍB-rannsókninni væri, auk blóðsýna og heilsufarsupplýsinga, *aflað sýna úr brjóstvef sem fjarlægður er við skurðaðgerð, enda þótt boðsbréfið væri í raun hins vegar ekki afhent öllum sjúklingum fyrir en eftir skurðaðgerð*. Spurt var hvort af ummælunum mætti ráða að til þess hafi getað komið að lífsýnum væri safnað vegna UVS/ÍB-rannsóknarinnar áður en samþykki lægi fyrir. Þessu svaraði hann með bréfi, dags. 8. mars sl., en þar segir m.a.:

„[...] Meginreglan er sem sagt sú að einstaklingum er boðin þátttaka í rannsókn áður en til skurðaðgerðar kemur til að hægt sé að fá vef sem fellur til við aðgerðina. Fallist viðkomandi á þátttöku með skriflegu samþykki fyrir aðgerð er blóðsýni tekið og vefur, ef aðstæður leyfa. Hafi þátttaka í rannsókn ekki verið boðin fyrir aðgerð hefur það verið gert eftir hana og hafi sá fallist á þátttöku er einungis fengið blóðsýni.

Þannig er undir engum kringumstæðum tekið lífsýni, hvorki blóð né vefur, nema fyrir liggir undirritað skriflegt samþykki viðkomandi einstaklings til þátttöku í rannsóknunum.“

Í svarbréfi B, dags. 8. janúar 2004, staðfestir hún það sem fram kemur í bréfi A, dags. 31. október 2003. Í bréfi hennar segir m.a. um KÍ-rannsóknina:

„[...] Eins og fram kemur í svarbréfi A var gerð breyting á verklagi við innköllun í rannsókn KÍ þegar samkomulag var gert milli rannsóknahópa KÍ og ÍB um að sjúklingum (og ættingjum þeirra) skyldi boðin þátttaka í báðum rannsóknum með sama boðsbréfi. Við í rannsóknahópi KÍ töldum að Persónuvernd hefði samþykkt þetta verklag (sbr. umsókn til Tölvunefndar undirrituð af A 1. september 2000, liður 10 og leyfi Persónuverndar til A dags. 19. febrúar 2001, tilvísun 2001/208). Þetta var skilningur okkar.

Skýringar og lýsing á verklagi við innköllun sem koma fram í svarbréfi A, dags. 31.10.2003,

eru réttar að því undanskildu að það er ekki rétt að enginn læknir sem stundaði sjúklinga með sjúkdóminn hafi verið aðili að rannsókn K.Í. E, krabbameinslæknir, var þátttakandi í verkefnum.

Skilgreining okkar á rannsóknþýði var eins og réttilega er tilgreint í bréfi Persónuverndar „Ætlunin er að ná til sem flestra núlifandi íslenskra kvenna sem fengið hafa brjóstakrabbamein...“ Samkvæmt skilningi okkar „núlifandi“ á rannsóknatímabilinu. Samkvæmt rannsóknaráætlun okkar var miðað við konur sem fengið höfðu ífarandi brjóstakrabbamein, en rannsókn ÍB tekur einnig til staðbundins sjúkdóms, þannig að við þurfum að safna sýnum frá fleiri einstaklingum til að ná upphaflegum markmiðum okkar.

Rannsókn okkar hefur náð til íslenskra kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein eins og að var stefnt. Samhjálp kvenna var og er samstarfsaðili en einnig var áætlað að hafa samstarf við heilsugæslustöðvar og lækna til að leita eftir þátttakendum[...].“

Þann 1. mars 2003 barst Persónuvernd tilkynning frá KÍ, s.s. lögskýlt er skv. 31. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a.:

„Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt að veita A ábyrgðarlækni Íslenska Krabbameinsverkefnisins og samstarfsaðilum aðgang að upplýsingum um einstaklinga sem eru á lífi og greinst með brjóstakrabbamein. Þetta er gert í þágu rannsókna“

A. „Áhrif áhættuþátta og genafjölbreytni í efnaskiptaensím á brjóstakrabbamein“, ábyrgðarmaður B.

B. „Arfbreytileiki í brjóstakrabbameini og fylgni við læknisfræðilegar breytur“, ábyrgðamaður er A.

Um er að ræða að bjóða sameiginlega einstaklingum með brjóstakrabbamein þátttöku í ofangreindum tveimur rannsóknum á brjóstakrabbameini.

Eftirfarandi upplýsingar verða veittar fyrir þá einstaklinga sem greinst hafa með brjóstakrabbamein til ársloka 2003 og eru á lífi: Kennitölur, nöfn, nafn læknis, sjúkrahöfnun, númer vefgreiningar/krufningar, meingerð, dagsetning vefjagreiningar/krufningar.

Eins og fram kemur í 21 grein laganna þá þarf ekki að uppfylla viðvörðunarskyldu gagnvart hinum skráða ef : „Óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.“

Persónugreinanleg gögn verða afhent A ábyrgðarlækni Íslenska Krabbameinsverkefnisins en hann ábyrgist að öll meðferð persónugreinanlegra gagna sé samkvæmt lögum, reglum og skilmálum Persónuverndar og Vísindasiðanefndar.“

Að beiðni Persónuverndar veitti gagnagrunnstjóri KÍ, D, skýringar með tölvupósti hinn 11. mars 2004. Þar segir:

„Á hverju ári er tekinn út listi yfir einstaklinga sem eru á lífi og hafa greinst með brjóstakrabbamein (óháð því hvort sé um að ræða ífarandi eða in-situ (staðbundið, einnig oft kallað setmein). Þetta er gert í þágu Íslenska Krabbameinsverkefnisins brjóstakrabbameinshluta og rannsóknarinnar á „Áhrif áhættuþátta og genafjölbreytni í efnaskiptaensímum á brjóstakrabbameinsáhættu meðal arfbera BRCA breytinga og þeirra sem ekki hafa slíkar breytingar“ á vegum KÍ. Til vinnuhagræðingar er hópnun skipt í tvennt og útbúnir tveir listar, annar er merktur UVS og hinn KÍ. Báðir listarnir eru sendir til A ábyrgðarlæknis Íslenska krabbameinsverkefnisins. Hann fer yfir listana og merkir við hvort það megji senda viðkomandi einstaklingi bréf eða ekki.

Síðan afhendir hann (A), dulkóðunarstjóra Skúlavers listann sem merktur er UVS og gagnagrunnstjóra KÍ listann sem merktur er KÍ.“

Um KÍ-rannsóknina segir:

„Eins og áður sagði þá eru varðandi þetta verkefni teknir út listar yfir einstaklinga sem eru á lífi og greindir með brjóstakrabbamein óháð því hvort um sé að ræða in-situ eða ífarandi. Þetta felur í sér að öllum er boðin þátttaka í báðum rannsóknunum. Gera má ráð fyrir að 10% þeirra sem taka þátt hafi greinst með staðbundið brjóstakrabbamein en 90% með ífarandi brjóstakrabbmeini.“

III.

Svör

Farið hefur verið yfir gögn málsins í ljósi þeirra þriggja spurninga sem þér báruð upp í bréfi yðar, dags. 17. október 2003, varðandi tvær rannsóknir. Annars vegar rannsókn á vegum líftæknifyrirtækisins Urðar, Verðandi, Skuldar og samstarfshóps lækna (nefnd UVS/ÍB-rannsókn) og hins vegar rannsókn Krabbameinsfélags Íslands á samspili umhverfis og erfða í tilurð brjóstakrabbameins (nefnd KÍ-rannsókn). Fyrir liggur að samvinna hefur verið við framkvæmd þessara rannsókna, bæði við að biðja fólk um að taka þátt í rannsóknunum og fleira, s.s. öflun blóðsýna og upplýsinga.

Verður hér á eftir svarað þeim spurningum sem þér báruð upp með bréfi dags. 17. október 2003.

1. spurning

Aðgangur að sjúkraskrá

Fyrsta spurning yðar lýtur að því hvort óviðkomandi aðilar hafi skoðað sjúkraskrár yðar.

Af umræddu boðsbréfi til yðar verður ekkert ráðið að óviðkomandi aðilar hafi skoðað sjúkraskrár yðar, né með hvaða hætti vitneskja um sjúkdóm yðar hafi borist til óviðkomandi. Í bréfi A, dags. 4. febrúar 2004, segir að fyrirsvarmaður KÍ-rannsóknarinnar fái engar upplýsingar frá honum „, um nöfn kvenna sem til rannsóknarinnar er boðið áður en vilji þeirra til þátttöku er ljós,“ Engu að síður liggur fyrir að nafn yðar, og væntanlega einhverjar heilsufarsupplýsingar, hafa verið sendar til KÍ enda annaðist félagið útsendingu boðsbréfsins til yðar.

Um aðstandendur UVS/ÍB-rannsóknarinnar, og aðgang þeirra að sjúkraskrá yðar, ber í fyrsta lagi að geta þess að A er, eins og hann bendir á í bréfi sínu, dags. 4. febrúar 2004, forsvarsmaður brjóst- og innkirtlaskurðlækninga við Skurðlækningadeild Landspítalans og hefur sem slíkur aðgang að sjúkraskrá á deildinni.

Sjúkraskrár eru haldnar vegna þess að skipulagsbundin skráning heilsufarsupplýsinga um sjúklinga er ein af forsendum þess að hægt sé að veita vandaða lækni meðferð og hjúkrun. Yfirlækni er heimill aðgangur að sjúkraskrá í slíkum tilgangi og má veita þeim heilbrigðistarfsmönnum sem starfa á ábyrgð hans aðgang að nauðsynlegum upplýsingum úr sjúkraskrá svo að þeir geti rækt störf sín, sbr. gr. 29.5 í lögum nr. 97/1990, sbr. og 7. gr. og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 53/1988, 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, sbr. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Má og minna á að skv. 9. gr. reglugerðar nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, ber *yfirlækni* á deild eða óeildaskiptri heilbrigðisstofnun ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa meðan sjúklingur dvelur þar.

Samkvæmt þessu var A og þeim heilbrigðistarfsmönnum sem starfa á ábyrgð hans heimill aðgangur að sjúkraskrá yðar að því marki sem aðgangurinn tengdist lækni meðferðinni. Af 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, leiðir hins vegar að aðgangur þeirra að sjúkraskrá yðar, þar með töldum lífsýnum, vegna umræddrar vísindarannsóknar var háður leyfi Persónuverndar. Persónuvernd getur bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni. Persónuvernd hefur, eins og þegar er fram komið, veitt slíkt leyfi vegna þessarar rannsóknar. Það er bundið því skilyrði að öll notkun persónuupplýsinga og lífsýna um lifandi og sjálfráða einstaklinga er háð skriflegu upplýstu samþykki hlutadeigandi.

Af hálfu A hefur því verið lýst yfir að ábyrgðarlæknar samkvæmt umræddu leyfi hafi ekki skoðað sjúkraskrár yðar vegna þessarar rannsóknar. Þá segir hann í bréfi sínu, dags. 8. mars 2004, m.a.:

„[...] Meginreglan er sem sagt sú að einstaklingum er boðin þátttaka í rannsókn áður en til skurð- aðgerðar kemur til að hægt sé að fá vef sem fellur til við aðgerðina. Fallist viðkomandi á þátttöku með skriflegu samþykki fyrir aðgerð er blóðsýni tekið og vefur, ef aðstæður leyfa. Hafi þátttaka í rannsókn ekki verið boðin fyrir aðgerð hefur það verið gert eftir hana og hafi sá fallist á þátttöku er einungis fengið blóðsýni. Þannig er undir engum kringumstæðum tekið lífsýni, hvorki blóð né vefur, nema fyrir liggja undirritað skriflegt samþykki viðkomandi einstaklings til þátttöku í rannsóknunum.“

Samkvæmt framanrituðu er svar Persónuverndar það að athugun hennar hefur ekki leitt í ljós að þeir sem standa að gerð UVS/ÍB-rannsóknarinnar hafi, án heimildar, skoðað sjúkraskrár yðar. Þá verður heldur ekki fullyrt að þeir sem standa að gerð KÍ-rannsóknar hafi skoðað sjúkraskrár yðar.

Hins vegar liggur fyrir að KÍ fékk upplýsingar um nafn yðar, og væntanlega einhverjar heilsufarsupplýsingar, í tengslum við gerð KÍ-rannsóknarinnar. Vár þar um að ræða miðlun sem gagnert tengdist framkvæmd umræddrar rannsóknar, en ekki lið í venjubundinni miðlun til Krabbameinsskrár KÍ. Ekki liggur fyrir hvaða heimild stóð til þessarar söfnunar. Má ætla að þetta verði skoðað nánar hjá stjórn Persónuverndar og verða yður þá eftir atvikum kynntar lýktir þess máls.

Loks skal tekið fram að enda þótt ljóst sé, sbr. tilkynningu KÍ dags. 1. mars 2004, að til aðstandenda UVS/ÍB-rannsóknarinnar berist umtalsverðar upplýsingar frá KÍ, má geta þess að heimild Persónuverndar vegna UVS/ÍB-rannsóknarinnar gerir ráð fyrir slíkri upplýsingasöfnun. Það gerir heimild vegna KÍ-rannsóknarinnar hins vegar ekki.

2. spurning

Viðvörðunarskylda skv.

21. gr. laga nr. 77/2000

Önnur spurning yðar lýtur að því hvort söfnun heilsufarsupplýsinga um yður hafi átt sér stað *án þess að þér væruð spurðar leyfis eða látnar vita, sbr. 21. gr. laga nr. 77/2000.*

Hinn 1. janúar 2001 tóku gildi lög nr. 77/2000. Í 21. gr. þeirra er að finna ákvæði um viðvörðunarskyldu þegar persónuupplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða. Til skýringar má geta þess að framangreint ákvæði er byggt á tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EB og ber að skýra það, sem og önnur ákvæði laganna, með hliðsjón af henni. Af 38. gr. formálsorða tilskipunarinnar má ráða að til þess að vinnsla teljist vera með sanngjörnum hætti verði hinn skráði að geta fengið vitneskju um að vinnsla fari fram.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 77/2000 skal ábyrgðaraðili, þegar hann aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða, samtímis láta hinn skráða vita af því. Þetta á þó ekki við í öllum tilvikum, s.s. ef eitthvert undanþáguákvæði á við. Þegar lagt er mat á það hvort svo sé þarf að líta til ýmissa at- riða. Í fyrsta lagi ber nú að líta til þess að í athugasemdum við 3. gr. þess frumvarps, er varð að lög- um nr. 81/2002 og breytti 21. gr. laga nr. 77/2000, segir að skýra beri undanþágu 1. tölul. 4. mgr. 21. gr. til samræmis við 40. tölul. í formálsorðum tilskipunar 95/46/EB og 2. mgr. 11. gr. tilskipun- arinnar, sem kveður á um að reglur um undanþágur frá skyldu til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga eigi einkum við ef um er að ræða vinnslu í tölfræðilegum tilgangi eða vegna sagnfræðilegra eða vísindalegra rannsókna, svo sem vísindarannsókna á heilbrigðisviði sem hlotið hafa samþykki síðanefndar eða vísindasíðanefndar samkvæmt lögum um réttungi sjúklinga (Alþt. 2001–2002, A-deild, bls. 4532). Eftir sem áður ber ábyrgðaraðila að tilkynna Persónuvernd um hvernig hann hyggst uppfylla fyrirmæli ákvæðisins.

Taka má fram að KÍ hefur um langt skeið safnað upplýsingum um öll greind krabbameinstilvik hér á landi og þær upplýsingar myndað svokallaða Krabbameinsskrá. Athugun á skrá Persónuvernd- ar hefur ekki leitt í ljós að KÍ hafi sent Persónuvernd tilkynningu um að það hyggist víkja frá hinni almennu viðvörðunarskyldu vegna þessarar upplýsingasöfnunar. Þar sem erindi yðar lýtur hins vegar ekki að þessari vinnslu sérstaklega eru ekki efni til að fjalla nánar um hana hér. Erindi yðar lýtur hins

vegar að þeim upplýsingum sem unnar voru um yður sérstaklega vegna umræddra rannsókna og hvort ekki hafi borið að virða ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000 við þá vinnslu.

Fyrir liggur að KÍ fékk tiltekna upplýsingar um yður og sendi í framhaldi af því umrætt boðsbréf til yðar. Hins vegar ber að hafa í huga þau undanþáguákvæði sem hafa frá upphafi gilt frá viðvörðunarskyldu skv. 21. gr. Þá skiptir máli að með umræddu boðsbréfi var yður með vissum hætti gerð grein fyrir vinnslunni. *Með vísun til alls þessa verður ekki fullyrt hér að KÍ hafi brotið gegn framangreindu ákvæði 21. gr., en þó má ætla að þetta verði skadað nánar hjá stjórn Persónuverndar.* Verða yður þá kynntar lyktir máls.

Varðandi *UVS/ÍB-rannsóknina* er ljóst, af þeirri tilkynningu sem KÍ sendi Persónuvernd þann 1. mars sl., að Krabbameinsskrá KÍ sendir A, og samstarfsaðilum, upplýsingar um einstaklinga sem eru á lífi og hafa greinst með brjóstakrabbamein. Þar sem hins vegar verður að skilja erindi yðar þannig að það lúti aðeins að því með hvaða hætti upplýsingar um yður höfðu borist umræddum vísindamönnum þegar þeir sendu yður umrætt boðsbréf, og þegar haft er í huga það sem segir í bréfi A, dags. 8. mars 2004, verður ekki fullyrt að *UVS/ÍB-rannsóknarhópurinn* hafi þá þegar aflað upplýsinga um yður frá utanaðkomandi aðilum. Slíkt hefði eftir atvikum þurft að aðvara yður um. Verður því að svara þessari spurningu yðar neitandi.

3. spurning Vinnubrögð við að nálgast þátttakendur

Þriðja spurning yðar lýtur að því hvort rannsakendum hafi verið heimilt að setja sig beint í samband við yður án *milligöngu meðferðarlæknis*.

Persónuvernd hefur sett reglur að því er varðar vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, þ.e. reglur nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði. Í 2. gr. þeirra segir að markmið reglnanna sé að tryggja að fylgt sé vandadri málsmeðferð sem stuðlar að því að vernda friðhelgi einkalífs og virða sjálfsákvörðunarrétt manna þegar aflað er upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði. Í III. kafla þeirra er fjallað um framkvæmd vísindarannsókna með þátttöku sjúklinga. Er áskilið að fyrst sé vilji sjúklings til þátttöku kannaður, tilgreint hver megi kanna vilja hans, hvernig það megi gera og hvaða fræðslu skuli veita sjúklingi á þessu stigi, sbr. 6. gr., 7. gr. og 8. gr. þeirra.

Leyfi vegna *KÍ-rannsóknarinnar* var gefið út af Tölvunefnd. Það heimilaði KÍ að leita eftir samþykki viðkomandi sjúklinga *með milligöngu Samhjalpar kvenna og þátttöku nokkurra kvenna úr hópi nánustu ættingja hverrar konu*. Í þeirri umsókn sem Tölvunefnd lagði til grundvallar þegar hún gaf umrætt leyfi út hinn 29. maí 2000 sagði m.a.:

„Ætlunin er að rannsókn þessi nái til sem flestra núlifandi íslenskra kvenna sem hafa fengið brjóstakrabbamein, en þær eru u.þ.b. 1500, og hefur verið leitað til samtaka þeirra sjálfra, Samhjalpar kvenna, um samstarf og milligöngu. Ennfremur verður leitað til nokkurra kvenna úr hópi nánustu ættingja hverrar konu.“

Athugun Persónuverndar nú hefur ekki leitt í ljós að unnið hafi verið á þann hátt sem leyfi Tölvunefndar gerði ráð fyrir. Nefndin gaf leyfið út á grundvelli laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, fyrir gildistöku laga nr. 77/2000 og framangreindra reglna Persónuverndar nr. 170/2001. Því gilda ákvæði þeirra aðeins að takmörkuðu leyti um framkvæmd KÍ-rannsóknarinnar. *Hins vegar má ætla að þetta mál verði tekið fyrir sérstaklega hjá stjórn Persónuverndar og framhald málsins ákveðið.* Munu yður þá verða kynntar lyktir þess máls.

Í gildandi leyfi Persónuverndar vegna ÍB/UVS-rannsóknarinnar eru leyfisskilmálar hins vegar aðrir. Þar segir m.a.:

„Fylgt skal reglum Persónuverndar nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði. Eru fyrirmæli þeirra hluti skilmála þessa leyfis, þar á meðal ákvæði 1. t. l. 6. gr. um að sá læknir sem haft hefur mann til meðferðar [...] vegna þess sjúkdóms sem vísindarannsóknin varðar skuli fyrst hafa samband við sjúklinginn og kanna vilja hans til þátttöku.

Skulu meðferðarlæknar kynna rannsóknarverkefnið fyrir þeim sem beðnir verða um að taka þátt í rannsókninni og útskýra m.a. þau atriði sem lúta að vinnslu, meðferð og varðveislu persónuupplýsinga. [...].“

Það boðsbréf sem yður var sent er m.a. undirritað af A fyrir hönd ÍB, en framar í bréfinu er gefin skýring á því hvaða hópur það sé og neðst á blaðinu eru nöfn meðlima hópsins talin upp. Meðal þeirra er nafn meðferðarlæknis yðar.

Samkvæmt 1. og 2. tölul. 6. gr. reglna nr. 170/2001 skal sá læknir sem haft hefur mann til meðferðar vegna sjúkdóms sem vísindarannsókn varðar fyrst hafa samband við sjúklinginn og kanna vilja hans til þátttöku í vísindarannsókn. Þá segir að hafi maður verið til meðferðar á heilsugæslustöð eða á sjúkrahúsi skuli yfirlæknir á deild eða ódeildarskiptri heilbrigðisstofnun hafa samband við sjúklinginn.

Samkvæmt framanrituðu er svar Persónuverndar það að þótt meðferðarlæknir yðar hafi ekki sjálfur undirritað boðsbréfið til yðar, heldur A f.h. þess rannsóknarhóps sem meðferðarlæknir yðar er í, hafi með því ekki verið brotið gegn umræddum reglum.

Að lokum skal þó tekið fram að Persónuvernd hefur fullan skilning á athugasemdum yðar og viðbrögðum þegar yður barst umrætt boðsbréf. Persónuvernd telur að æskilegra hefði verið að meðferðarlæknir yðar hefði haft skýrari aðkomu að því að nálgast yður, að hann hefði sjálfur fyrst haft samband við yður, greint yður frá umræddri rannsókn og kannað afstöðu yðar til þátttöku í henni. Má vænta þess að tekið verði til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé, í ljósi erindis yðar, ástæða til að gera breytingar á reglum Persónuverndar þannig að skýrt verði að meginreglan sé sú að meðferðarlæknir hafi sjálfur fyrst samband við sjúkling, en að aðrar leiðir sem tilgreindar eru í ákvæði 6. gr. reglna nr. 170/2001 megi fara sé sú leið ekki fær.

IV.

Niðurstæða

1. Aðgangur að sjúkraskrá

Athugun Persónuverndar hefur ekki leitt í ljós að þeir sem standa að gerð KÍ-rannsóknarinnar hafi skoðað sjúkraskrár yðar, enda þótt KÍ hafi fengið tilteknar upplýsingar um yður. Þá hefur athugun stofnunarinnar ekki leitt í ljós að þeir sem standa að gerð UVS/ÍB-rannsóknarinnar hafi, án heimildar, skoðað sjúkraskrár yðar.

Hins vegar liggur fyrir að upplýsingum um nafn yðar, og væntanlega einhverjum heilsufarsupplýsingum, var miðlað til KÍ. Var þar um að ræða söfnun sem gagngert tengdist framkvæmd KÍ-rannsóknarinnar, en ekki lið í venjubundinni miðlun til Krabbameinsskrár KÍ. Má ætla að þessi miðlun verði skoðuð nánar hjá stjórn Persónuverndar og verða yður þá eftir atvikum kynntar lyktir þess máls.

2. Viðvörðunarskylda skv. 21. gr. laga nr. 77/2000

Ekki verður hér fullyrt að brotið hafi verið gegn ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000 við framkvæmd umræddra rannsókna. Verði þetta hins vegar skoðað nánar hjá stjórn Persónuverndar, mun yður verður gerð grein fyrir niðurstöðu þeirrar umfjöllunar.

3. Vinnubrögð við að nálgast þátttakendur í vísindarannsókn, reglur nr. 170/2001

Leyfi vegna KÍ-rannsóknarinnar var gefið út af Tölvunefnd. Leyfið heimilaði rannsakendum að leita eftir samþykki viðkomandi kvenna með milligöngu Samhjalpar kvenna og þátttöku nokkurra

kvenna úr hópi nánustu ættingja hverrar konu. Athugun Persónuverndar hefur ekki leitt í ljós að unnið hafi verið á þann hátt sem leyfið gerði ráð fyrir. Má ætla að þetta mál verði tekið fyrir sérstaklega hjá stjórn Persónuverndar og framhald málsins ákveðið.

Ekkert hefur komið fram um að aðstandendur UVS/ÍB-rannsóknarinnar hafi brotið gegn reglum nr. 170/2001. Hins vegar verður rétt hvort í ljósi máls þessa sé ástæða til að gera breytingar á reglum nr. 170/2001 þannig að skýrt verði að meginreglan sé sú að meðferðarlæknir hafi sjálfur fyrst samband við sjúkling, en að aðrar leiðir sem tilgreindar eru í ákvæði 6. gr. megi fara sé sú leið ekki fær.

4.5. Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga

Hinn 15. apríl 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi umsögn til Alþingis í máli nr. 2004/208:

Persónuvernd vísar til bréfs yðar, dags. 29. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002 (749. mál á 130. löggjafarþingi, þskj. 1120). Hún hefur nú kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Tjáir hún sig ekki um efni frumvarpsins að öðru leyti.

I.

Almennt um 7. gr. frumvarpsins

Í 7. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 29. gr. laganna, eru ákvæði sem Persónuvernd telur sérstaka ástæðu til að gera athugasemdir við. Samkvæmt a-lið frumvarpsgreinarinnar á heimild lögreglu samkvæmt 3. mgr. 29. gr. til að leita á útlendingi, á heimili hans, í herbergi eða hirslum í samræmi við lög um meðferð opinberra mála, eftir því sem við eigi, að ná til þess þegar rökstuddur grunur leikur á að til hjúskapar hafi verið stofnað til málamynda, þ.e. til þess eins að fá dvalarleyfi, eða ekki með vilja beggja, sbr. nánar 13. gr. laganna (sem lagðar eru til breytingar á í 2. gr. frumvarpsins). Samkvæmt b-lið frumvarpsgreinarinnar á og að bætast ný málsgrein við 29. gr. þar sem kveðið verði á um heimild Útlendingastofnunar til að krefjast lífsýnis úr umsækjanda um dvalarleyfi eða ættmenni hans til að staðfesta að um skyldleika við mann, sem dvelst löglega í landinu, sé að ræða sem veitir rétt til dvalarleyfis, sbr. nánar 2. mgr. 13. gr. laganna. Í athugasemdum við þetta ákvæði frumvarpsins segir að því sé ætlað að koma í veg fyrir misnotkun 2. mgr. 13. gr.

Persónuvernd minnr á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Má ekki gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild, sbr. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans m.a. kveðið á um að ekki megi ganga á réttinn til friðhelgi einkalífs nema nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Umrædd ákvæði frumvarpsins fela í sér mikla skerðingu á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Persónuvernd telur rétt, áður en slík ákvæði eru lögfest, að metið sé til hlítar hvort raunverulega sé þörf á þeirri réttindaskerðingu sem þau kveða á um. *EKKI VERÐUR HINS VEGAR SÉÐ AF ATHUGASEMDUM MEÐ FRUMVARPINU HVERSU MJÖG ÞÖRFIN Á ÁKVÆÐUM 7. GR. FRUMVARPSINS HEFUR VERIÐ KÖNNUÐ.* Segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu að ákvæði þess byggist á ábendingum sem borist hafi frá helstu aðilum sem koma að framkvæmd laganna. Að öðru leyti kemur hins vegar ekki fram að einhverjar tilteknaðar aðstæður eða sérstök vandamál, sem stöðjað hafi að, kalli á lögfestingu þeirra.

II.

Ákvæði a-liðar 7. gr. frumvarpsins um líkamsleit og húsleit vegna gruns um málamyndahjónabönd eða þvinguð hjónabönd

Hvað a-lið 7. gr. frumvarpsins varðar vill Persónuvernd sérstaklega benda á að ekki kemur fram með hvaða hætti leit, þ. á m. húsleit, eigi að geta leitt það í ljós hvort til hjúskapar hafi verið stofnað til

málamynda eður ei, s.s. hvort í fórum útlendings eða á heimilum fólks kunni að leynast einhver gögn sem bent geti til þess og þá hvaða gögn eða hvort kanna eigi með húsleit hvort fólk búi raunverulega saman en sé ekki aðeins með sameiginlegt lögheimili til málamynda. Telur stofnunin nauðsynlegt að rökstutt sé hver gagnsemi leitar í umræddu skyni sé eigi að lögtaka ákvæði um slíka skerðingu á rétti fólks til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá telur stofnunin nauðsynlegt að metið sé hvort möguleg gagnsemi af leit í einstökum tilvikum geti réttlætt að hún sé heimilud í lögum, þ.e. hvort svo mikil brögð séu að málamyndahjónaböndum að raunverulega sé ástæða til að lögfesta slíka heimild, hugsanlega með þeim afleiðingum að fólk, sem ekki hefur haft neitt málamyndahjónaband í huga, verði að sæta leit og þeirri röskun á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem hún hefur í för með sér. *Í ljósi þess að ekki verður séð að slíkt mat hafi farið fram, sem og grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, telur Persónuvernd því ekki askilegt að umrædd heimild verði lögfest.*

Auk ofangreinds telur Persónuvernd rétt að vekja athygli á að ekki er, að mati stofnunarinnar, nægilega skýrt hvort leit samkvæmt 3. mgr. 29. gr. útlendingalaga nr. 96/2002, sem auka á við með umræddu ákvæði frumvarpsins, á undir meginreglu 90. og 93. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um að leit skal byggjast á dómsúrskurði. Verði frumvarpsákvæðið að lögum væri sami vafi um leit vegna gruns um málamyndahjónabönd eða þvinguð hjónabönd og er um leit í þeim tilgangi sem þegar er heimilaður í 3. mgr. 29. gr. Þar segir að um aðgerðir samkvæmt því ákvæði fari eftir reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við eigi. Ekki er fyllilega ljóst af þessu orðalagi hvort líta beri á 3. mgr. 29. gr. sem sérstaka lagaheimild í skilningi 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar til leitar – þannig að ekki sé þörf dómsúrskurðar (sbr. orðalagið „samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild“ í umræddu stjórnarskrárákvæði) – eða hvort líta beri svo á að 3. mgr. 29. gr. feli í sér tilvísun til reglna 90. og 93. gr. laga nr. 19/1991 um öflun dómsúrskurðar, auk annarra ákvæða sömu laga um leit. Æskilegt er að með ótvíræðu orðalagi verði skorið úr vafa um þetta, hvoru tveggja í tengslum við leit í þeim tilgangi sem lagður er til í a-lið 7. gr. frumvarpsins – verði afráðið að lögfesta það ákvæði – sem og í þeim tilgangi sem þegar er tilgreindur í 3. mgr. 29. gr. Telur Persónuvernd þá eðlilegast að meginregla 90. og 93. gr. laga nr. 19/1991 um þörf á dómsúrskurði verði látin gilda með ótvíræðum hætti um leit samkvæmt ákvæðinu. Unnt væri að gera það með því að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 29. gr. laga nr. 96/2002 sem væri svohljóðandi: „Leit skal ákveðin með úrskurði dómara nema sá sem í hlut á samþykki hana eða brýn hætta sé á að bið eftir úrskurði dómara valdi sakarspjöllum.“ Samhliða þessu mætti fella út orðin „eftir því sem við á“. Telur Persónuvernd merkingu þeirra ekki fyllilega ljósa.

III.

Ákvæði b-liðar 7. gr. frumvarpsins um töku lífsýna til staðfestingar á skyldleika

Hvað b-lið 7. gr. frumvarpsins varðar telur Persónuvernd nauðsynlegt, eins og um a-lið 7. gr., að metið sé hvort raunverulega sé ástæða til að lögfesta þá skerðingu á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem þar er lögð til, þ.e. hvort svo algengt sé að fólk sækir um landvistarleyfi með vísan til náns skyldleika við einhvern sem býr löglega hér á landi – án þess að sá skyldleiki sé fyrir hendi – að taka lífsýna til staðfestingar á skyldleika í einstökum tilvikum sé réttlætanleg. Þá telur Persónuvernd einnig nauðsynlegt að metið verði hvort yfir höfuð sé réttlætanlegt í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu að lögfesta heimild um töku lífsýna í þessu skyni.

Í þessu sambandi bendir Persónuvernd sérstaklega á að fedrunarreglur geta leitt til þess að maður, sem ekki er í raun kynfaðir barns, verði engu að síður formlega álitinn faðir í lagalegum skilningi við fæðingu þess og upp frá því. Þannig gildir sú regla víðast hvar að sé barn alið í hjónabandi telst eiginmaður móður vera faðir þess án þess að sérstaklega sé rannsakað hvort hann sé í raun kynfaðir. Víða (þ. á m. hér á landi) gildir það sama um óvígða sambúð. Þá er það m.a. víðast hvar svo að ef

móðir kennir manni barn sitt og hann gengst við faðerninu telst hann faðir þess án þess að það sé rannsakað frekar.

Af ofangreindu er ljóst að verði það látið velta á lífsýnarannsókn hvort veita eigi landvistarleyfi á grundvelli náins skyldleika við einhvern sem býr löglega hér á landi kann lögmaetri niðurstöðu um faðerni barns að vera raskað. Þetta getur t.d. gerst ef móðir er fallin frá en ekkillinn hefur sest að hér á landi, barn hans samkvæmt feðrunarreglum hyggst setjast hér að og tekin eru lífsýni úr því og ekklinum sem sýna að hann er ekki kynfaðir barnsins. Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á það grundvallarsjónarmið í íslenskum rétti að hafi barn einu sinni verið feðrað tilteknum manni á ekki að endurmeta þá niðurstöðu síðar (nema með vilja barnsins sjálfs eftir að það hefur öðlast lögræði), enda kynni það að raska stöðu og högum barnsins, auk þess sem líta má svo á að með því væri brotið gegn friðhelgi heimilis og fjölskyldu. Í samræmi við þetta meginviðhorf er kveðið á um það í 1. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 76/2003 að maður, sem telur sig föður barns, geti ekki verið stefnandi barnsfaðernismál hafi barnið verið feðrað.

Tæknifrjógvanir geta einnig gert það fyrrirkomulag óheppilegt að láta það velta á lífsýnarannsókn hvort veita eigi einhverjum landvistarleyfi á grundvelli náins skyldleika við einhvern löglega búsettan hér á landi. Með tæknifrjöggunum er t.a.m. unnt að koma fyrir í legi konu eggfrumu úr annarri konu sem getur jafnvel verið frjógvað með sæði annars en eiginmanns eða sambúðarmanns. Af þessu má sjá að samanburður á lífsýnum úr konu og barni, sem hún hefur fætt, þarf ekki endilega að sýna fram á erfiðfræðilegan skyldleika. Svo getur jafnvel verið að ekki sé heldur neinn erfiðfræðilegur skyldleiki með barninu og föður samkvæmt feðrunarreglum.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd ljóst að ekki sé áskilegt að lögfesta þá reglu sem kveðið er á um b-lið 7. gr. frumvarpsins. En verði sú raunin vill Persónuvernd benda á að ekki er í ákvæðinu að finna neina takmörkun á því hvenær fara má fram á lífsýni til nota í umræddu skyni. Í ljósi þess hversu mikla skerðingu á friðhelgi einkalífs um er að ræða telur Persónuvernd hins vegar nauðsynlegt – verði ákvæðið lögfest – að í því birtist sú meðalhófsregla að eingöngu megi fara fram á lífsýni úr umsækjanda um dvalarleyfi leiki á því rökstuddur grunur að hann sé ekki náinn ættingi einhvers sem löglega býr hér á landi og ekki megi skera úr um það hvort svo sé eftir öðrum leiðum. Þá telur Persónuvernd það einnig óeðlilegt að aðrar reglur verði látnar gilda um líkamsrannsóknir í útlendingalögum nr. 96/2002, í þessu tilviki töku lífsýna og rannsókn þeirra, en gilda samkvæmt lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þar er meginreglan sú að afla skuli dómsúrskurðar fyrir líkamsrannsókn, sbr. 93. gr. Verður að líta svo á, í ljósi meginreglunnar um friðhelgi einkalífs, að sterk rök þurfi til ef nota á heimild 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar til að kveða á um líkamsrannsóknir án dómsúrskurðar með sérstakri lagaheimild, s.s. að ella sé hætta á sakarspjöllum. Í frumvarpinu eru ekki færð fram slík rök.

IV.

Ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins um málamyndahjónabönd

Að lokum telur Persónuvernd rétt að fjalla nokkuð um b-lið 2. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að sé rökstuddur grunur um að til hjúskapar hafi verið stofnað til að afla dvalarleyfis, og ekki sé sýnt fram á annað með öyggiandi hætti, veiti hann ekki rétt til dvalarleyfis. Hið sama gildi sé rökstuddur grunur um að ekki hafi verið stofnað til hjúskapar með vilja beggja hjóna. Í þessu sambandi minnir Persónuvernd á þá grundvallarreglu, sem m.a. kemur fram í 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, d-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsta miðlun slíkra upplýsinga, d-lið 5. gr. Evrópuráðssamnings frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og lið 3.1 í yfirlýsingu ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. R (87) 15 um notkun persónuupplýsinga á sviði löggæslu, að við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu áreiðanlegar, þ.e. sem réttastar. Þetta er sérlega brýnt þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir um réttindi

fólks og skyldur. Óáreiðanlegar upplýsingar gætu þá valdið folki tjóni að ósekju. *Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd það því mikið álítaefni hvort „rökstuddur grunur“ einn og sér geti talist nægilega áreiðanlegur grundvöllur, samkvæmt almennum sjónarmiðum, þegar teknar eru ákvarðanir um svo mikilvæg réttindi sem hér er ræðir, þ.e. landvistarleyfi einstaklings í sama landi og maki hans býr. Telur Persónuvernd ekki æskilegt að umrætt ákvæði verði lögfest.*

V.

Niðurstæða

Að framansögðu athuguðu er það skoðun Persónuverndar að þau ákvæði frumvarpsins, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni og vega að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sé brýnt að taka til nánari athugunar og eftir atvikum endurskoðunar.

4.6. Umsögn um efni 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003

Hinn 26. apríl 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi umsögn til Alþingis í máli nr. 2004/215:

Vísað er til beiðni samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. apríl 2004, um umsögn Persónuverndar um 42. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, að teknu tilliti til umsagnar Ríkislögreglustjórans, dags. 5. mars 2003, um frumvarp til laga um fjarskipti, sem lagt var fyrir 128. löggjafarþing. Umsögn Persónuverndar er veitt miðað við að ekki séu uppi áform um að leggja fram frumvarp til breytinga á 42. gr. fjarskiptalaga á yfirstandandi þingi, sbr. samtal Björns Geirssonar, starfsmanns stofnunarinnar, við Stefán Árna Auðólfsson, ritara samgöngunefndar, þann 15. apríl sl. Væntir Persónuvernd þess að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum verði slíkt frumvarp lagt fram. Umsögn Persónuverndar er svohljóðandi:

I.

Í 1. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er hugtakið *persónuupplýsingar* skilgreint svo: „Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.“ Er þannig ljóst að upplýsingar um fjarskiptaumferð og fjarskiptanotkun sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings teljast til persónuupplýsinga í skilningi laganna. Hugtakið er skilgreint með sambærilegum hætti í a.-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlu slíkra upplýsinga.

Varðandi *vinnslu* slíkra upplýsinga gildir sú meginregla, samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 7. gr. fyrrgreindra laga nr. 77/2000, að þær skuli „varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu“, sbr. og ákvæði e.-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Markmið þessarar reglu er að koma í veg fyrir að upplýsingar sem ekki eru lengur nauðsynlegar safnist fyrir, einkum þegar fyrir liggur að slíkt sé til þess fallið að ógna friðhelgi einkalífs viðkomandi einstaklinga.

Ákvæði 1. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er í samræmi við framangreinda reglu, en þar segir að gögnum um fjarskiptaumferð notenda skuli eytt eða þau gerð nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf. Er þessi regla í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 58/2002/EB um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum. Þar er hins vegar vísað í 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar þar sem ríkjum er heimilað, eftir því sem það telst vera viðeigandi, nauðsynlegt og samrýmast lýðræðislegu þjóðfélagi, að takmarka með lögum réttindi og skyldur, sem leiða má af tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar, vegna þjóðaröryggis, almannaöryggis, landvarna og vegna rannsóknar afbrota og hugsanlegrar saksóknar.

Samkvæmt framangreindu er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 15. gr. hennar. Í þessum skilyrðum felast m.a. sjónarmið um meðalhóf, þ.e. að ekki skuli takmarka réttindi meira en nauðsyn ber til. Af því leiðir að í lagaákvæði um varð-

veislu fjarskiptaupplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna verður að vera skilgreint *hvaða tegundir upplýsinga* má varðveita í þágu löggæsluhagsmuna, hversu lengi megi varðveita þær og *hvaða reglur gildi um aðgang lögreglu að þeim*.

Til nánari skýringar á framangreindum sjónarmiðum er eftirfarandi tekið fram:

1. Sérstök lagagrein um varðveislu upplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna

Í fyrsta lagi leggur Persónuvernd til að *regla um varðveislu upplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna verði í sérstöku lagaákvæði en ekki í hinu almenna ákvæði 42. gr.*, eins og tillaga Ríkislögreglustjóra gerir hins vegar ráð fyrir. Það horfir til skýringar, en afar mikilvægt er að engum vafa verði undirorpið að hið almenna ákvæði 42. gr. gildi um alla nema lögreglu. Þá er nauðsynlegt að slíkt sérákvæði hafi að geyma fyrirmæli um í hvaða tilgangi slík varðveisla sé heimil, s.s. í þágu rannsóknar opinberra mála, sbr. 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar, og að ekki megi varðveita upplýsingarnar lengur í öðrum tilgangi. Þá þarf að vera ljóst að öðrum en lögreglu, þ. á m. fjarskiptafyrirtækjum, sé óheimilt að vinna með upplýsingarnar, sbr. þó 2. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga.

2. Hvaða tegundir upplýsinga má varðveita í þágu löggæsluhagsmuna

Ekki verður annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að hugmyndir standi til þess að varðveita upplýsingar um allar tegundir fjarskipta, eins og það hugtak er skilgreint í lögnum, þ.e. sem „hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.“

Gefur auga leið að slíkt felur í sér gríðarlega umfangsmikla vinnslu persónuupplýsinga. Með hliðsjón af meginreglu 3. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, um að aðeins skuli unnið með nægilegar upplýsingar og ekki meiri en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. og c.-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, *er nauðsynlegt að afmarka nánar hvaða tegundum upplýsinga má safna*. Þegar litið er til þess markmiðs sem að er stefnt með umræddri söfnun fjarskiptaupplýsinga getur verið breytilegt hverju þarf að safna. Til dæmis getur verið nauðsynlegt að varðveita annála um *netnotkun* vegna rannsóknar á afbrotum sem tengjast dreifingu barnakláms, en það þarf hins vegar ekki að eiga við um aðrar tegundir fjarskipta, s.s. um *símmotkun*. Sama á við um aðrar tegundir mála, s.s. mál sem tengjast innflutningi og dreifingu fíkniefna, en þá geta upplýsingar um símasamskipti notenda á hinn bóginn reynst haldbetri.

Telur Persónuvernd því nauðsynlegt að fram komi nákvæmari greining á tegundum þeirra fjarskiptaupplýsinga sem heimilt er að varðveita.

3. Varðveislutími

Eins og áður segir heimilar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 58/2002/EB aðildarríkjum, að tilgreindum skilyrðum uppfylltum, að takmarka með lögum réttindi og skyldur sem leiða má af tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar. Í þessum skilyrðum felast m.a. sjónarmið um meðalhóf, þ.e. að ekki skuli takmarka réttindi meira en nauðsyn ber til. Af því leiðir að í lagaákvæði um varðveislu fjarskiptaupplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna verður að vera skilgreint hversu lengi megi varðveita upplýsingarnar. Þarf varðveislutíminn að vera ákveðinn í réttu hlutfalli við hinn skilgreinda tilgang, sbr. 11. mgr. formálsorða tilskipunarinnar.

Í umsögn sinni um frumvarp það sem varð að lögum nr. 81/2003 um fjarskipti, gerði Ríkislögreglustjórinn tillögu um viðbótarmálslið við 1. mgr. 42. gr. þess. Þar lagði hann til að varðveislutími upplýsinga um fjarskiptaumferð yrði ekki bundinn við ákveðið tímamark, heldur mætti varðveita þær „*eigi skemur*“ en 6 mánuði. Persónuvernd gerir athugasemdir við þessa tillögu og *telur nauðsynlegt að í lögnum verði kveðið á um hámarksvarðveislutíma upplýsinganna*, sbr. fyrrnefnt sjónarmið um að ekki skuli gengið lengra en nauðsyn ber til. Á hinn bóginn gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við 6 mánuði sem hæfilegan hámarksvarðveislutíma.

Þá bendir Persónuvernd á að breytingartillagan, eins og hún er orðuð, leiðir til þess að 1. mgr. 42.

gr. verður að vissu leyti mótsagnakennd, því undantekningarregla seinni málsliðar um varðveislu allra upplýsinga um fjarskiptaumferð *án tilgreiningar hámarkstíma varðveislunnar* vikur meginreglu fyrsta málsliðar að öllu leyti til hliðar.

4. Áskilnaður um dómsúrskurð

Það hvort fullnægt verði skilyrðum 1. mgr. 15. gr. tilskipunar nr. 58/2002/EB mun og ráðast af því hvernig reglum um aðgang lögreglu að þeim verður hagað. Í áður nefndri umsögn Ríkislögreglustjórans segir að um aðgang lögreglu að umræddum upplýsingum muni fara samkvæmt 86. og 87. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í 1. mgr. 87. gr. segir að til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr., s.s. „að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki“, sbr. b.-lið 86. gr., þurfi úrskurð dómara. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins þurfa eftirtalin skilyrði ennfremur að vera uppfyllt:

- „a) að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti,
- b) að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almanna-hagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.“

Þær aðgerðir sem kveðið er á um í 86. gr. eiga það sammerkt að hafa í för með sér inngríp í friðhelgi einkalífsins og af þeim sökum eru þessum valdheimildum lögreglu settar umræddar skorður í 87. gr. laganna.

Með vísun til þessa, og að því virtu að hér er um að ræða grundvallaratriði er varðar einkalífsvernd, er nauðsynlegt að umrædd sérregla verði alveg ótvíræð um það *ad til aðgangs að upplýsingun-um þurfi lögreglan að hafa úrskurð dómara*. Slikur áskilnaður er forsenda fyrir því að heimila lengri varðveislu gagnanna en nú er gert ráð fyrir 1. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga.

II.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að þörf er á frekari vinnu við útfærslu á hugsanlegum breytingum á 42. gr. fjarskiptalaga. Með því er á hinn bóginn ekki sagt að það sem Ríkislögreglustjórinn færir fram tillögu sinni til stuðnings réttlæti ekki setningu sérreglna í þágu löggæsluhagsmuna. Vandinn sem hér er hins vegar uppi, og hér að framan hefur verið bent á, er hins vegar sá að enn hafa ekki verið settar fram skýrt afmarkaðar viðmiðanir, með skýr markmið í þágu löggæsluhagsmuna, þannig að tryggt verði að enginn annar en lögregla fái aðgang að umræddum upplýsingum á grundvelli dómsúrskurðar og öryggi gagnanna sé tryggt.

4.7. Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála

Hinn 28. apríl 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi umsögn til Alþingis í máli nr. 2004/258:

Persónuvernd hefur borist beiðni Allsherjarnefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, 871. mál.

Persónuvernd hefur kynnt sér efni umrædds frumvarps og gerir engar athugasemdir við önnur ákvæði en 6. gr. þar sem lagt er til að á eftir 2. mgr. 87. gr. oml. komi ný málsgrein þar sem gert er ráð fyrir að sé brýn hætta á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum geti handhafi ákærvalds ákveðið að aðgerðir skv. 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skuli þó bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin.

Persónuvernd minnir á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er vernduð af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Má ekki gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða

munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, *símtölum og öðrum fjarskiptum*, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þá er í 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans mælt fyrir um að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, sbr. að í 2. mgr. er hnykkð á því að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í samræmi við framangreint hafa heimildir til símhlerana samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála verið háðar undanfarandi dómsúrskurði nema sá sem í hlut hafi átt hafi gefið samþykki sitt.

6. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir mikilli skerðingu á friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu þar sem þar er gert ráð fyrir að löggæsluyfirvöld geti t.d. fengið hljóðritanir í hendur án þess að til þess standi úrskurður dómara. Áður en slíkt ákvæði er lögfest þarf að meta til hlítar hvort raunverulega sé þörf á slíkri réttindaskerðingu. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að íslenska dómskerfið er eitt það skilvirkasta í heimi. Færa verður því brýn rök fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til.

Verði það hins vegar mat þingmanna að þörf sé á lagabreytingu telur Persónuvernd nauðsynlegt að kanna hvort ekki megi ná þeim markmiðum sem að er stefnt með annarri og vægari aðferð. Eftir lauslega athugun á þessu telur Persónuvernd að kanna þurfi hvort t.d. mætti orða ákvæðið eitthvað á þessa leið:

„Ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum getur handhafi ákærvalds ákveðið að aðgerðir skv. a, b og c lið 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. Hann skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. Því síma- eða fjarskiptafyrirtæki sem framkvæmt hefur slíka aðgerð í samræmi við ákvörðun handhafa ákærvalds er þó óheimilt að afhenda umrædd gögn fyrir en úrskurður dómara liggur fyrir. Ef dómari kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja umrædda aðgerð skal fyrirtækið eyða gögnunum. Sama á við um gögn sem fyrirtækið hefur safnað ef handhafi ákærvalds framvísar ekki, innan 5 daga, dómsúrskurði sem heimilar honum móttöku gagnanna.“

Framangreind tillaga er í samræmi við almenn sjónarmið um meðalhóf, þ.e. að aldrei skuli ganga lengra en þörf krefur til að ná settu marki. Hún tryggir bæði að hindra megi tjón á rannsóknarhagsmunum og sakarspjöllum, s.s. ef rannsóknartækifæri glatast, en tryggir einstaklingum jafnframt áfram sambærileg réttindi og þeir hafa notið samkvæmt umræddum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

4.8. Álit um heimild tiltekinnar fjármálastofnunar til að halda skrá yfir hverjir hafa hlotið refsídóma

Hinn 28. apríl 2004 veitti Persónuvernd svohljóðandi álit í máli nr. 2003/622:

I.

Ósk um álit

Með bréfi til Persónuverndar, dags. 17. desember 2003, fór NN, hér eftir nefndur lögmaðurinn, fram á það við stofnunina, fyrir hönd umbjóðanda síns, X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, að hún segði álit sitt „á því hvort [...] geti sótt um vinnsluleyfi til að halda skrá yfir einstaklinga er hafa hlotið refsídóma vegna brota á nánar tilteknum lagaákvæðum íslenskra laga.“

Í erindi lögmannsins var gerð grein fyrir tilgangi slíkrar skrár, hvaða persónuupplýsingar yrðu skráðar í hana með vísan til brota á tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga og sérrefsilaga, hvaða reglur myndu gilda um vinnslu upplýsinganna og loks hvernig öryggi þeirra yrði tryggt. Í eftirfarandi kafla verður efni erindisins rakið í stuttu máli.

II.

Sjónarmið álitsbeiðanda og lýsing hans á vinnslunni

1.

Í erindi álitsbeiðanda kemur fram að hann hafi á síðastliðnum árum tapað fjármunum í lánastarfsemi sinni vegna þess að einstaklingar hafi misnotað lánafyrirgreiðslu hans með ólögmetum og saknæmum hætti. Um sé að ræða einstaklinga sem fari frá einni lánastofnun til annarrar í þeim tilgangi að komast yfir greiðslukort, ávisanahefti eða til að fá aðra lánafyrirgreiðslu, en misnoti hana síðan með þeim hætti að varði við lög.

Örðugt sé fyrir álitsbeiðanda að verjast því að einstaklingar stundi ofangreint athæfi án þess að hafa aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um það hvort einstaklingar, er óska eftir lánafyrirgreiðslu, hafi áður hlotið dóm vegna lögbrota. Vinnsla slíkra persónuupplýsinga færi fram í þeim tilgangi að gera álitsbeiðanda kleift að koma í veg fyrir eða meta áhættuna af því að veita einstaklingi lán hafi hann hlotið dóm fyrir tiltekin brot samkvæmt lögum.

Í þessu sambandi verði að líta til þeirrar lagaskyldu sem hvílir á álitsbeiðanda samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrftækni að haga lánastarfsemi með þeim hætti að tryggja sem minnst útlanatap. Enn fremur sé hart lagt að viðskiptabönkum og sparissjóðum að minnka enn frekar tryggingar fyrir útlánunum í formi ábyrgðarmanna.

Varðandi ákvarðanir um lánafyrirgreiðslur til lögaðila skipti miklu að fyrir liggji vitneskja um það, hvort þeir einstaklingar, sem eru í stjórn eða fara með prókúru fyrir slíkan lögaðila, hafi hlotið refsisdóma. Refsidómur sem einstaklingur hafi hlotið vegna brota á tilteknum lögum gefi visbendingu um siðferðisbrest sem gefi tilefni til að ætla að verulega meiri áhætta sé því samfara að lána fé til lögaðila þar sem slíkur einstaklingur er í fyrirsvari en ella. Sanngjarnt og eðlilegt sé að bankar og sparissjóðir, sem hafa það hlutverk að geyma og ávaxta sparifé landsmanna, hafi tök á að komast hjá því að veita slíkum aðilum lánafyrirgreiðslu.

2.

Í erindinu kemur fram að tilhögun skráningar yrði með þeim hætti að skráðar yrðu upplýsingar um brot einstaklinga á tilteknum ákvæðum eftirtalinnna lagabálka: Almenn hegningarlög nr. 19/1994, lög um tékka nr. 94/1933, lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, lög um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, lög um ársreikninga nr. 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 og lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Varðveislutími upplýsinga í skránni yrði ákvarðaður með tilliti til þeirra laga sem brotið væri gegn. Þannig væri gert ráð fyrir því að upplýsingar um brot einstaklings gegn almennum hegningarlögum, lögum um tékka og lögum um ávana- og fíkniefni yrðu varðveittar í 7 ár, en upplýsingar um önnur brot í 5 ár.

Upplýsingar um dóma yrðu fengnar úr dómabókum Hæstaréttar og héraðsdómum í þeim tilvikum sem dómi væri ekki áfrýjað. Skráning færi ekki fram fyrr en að gengnum dómi Hæstaréttar eða að liðnum áfrýjunarfresti í héraði. Hinum skráða yrði sent bréf þar sem honum yrði gerð grein fyrir því að til stæði að skrá hann í brotaskrá í samræmi við 21. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og honum yrði jafnframt veitt tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum sínum þar að lútandi, a.m.k. 14 dögum fyrir skráninguna.

Aðgangur að brotaskránni yrði takmarkaður við yfirmenn álitsbeiðanda og útibússtjóra sem taka ákvarðanir um veitingu lána. Brotaskráin yrði í aðgangsstýrðum hugbúnaði og þyrfti hver og einn notandi að hafa sérstakt notandanafn og lykilorð að henni. Upplýsingar um allar uppflettingar yrðu færðar í atburðaskrá og geymdar í 10 ár. Þetta eru upplýsingar um nafn fyrirspyrjenda, hvenær fyrirspurn var gerð og um hvaða einstakling.

Af framangreindum ástæðum er þess farið á leit við Persónuvernd að hún láti í ljós álit sitt á því hvort álitsbeiðandi geti fengið vinnsluleyfi til að halda umrædda skrá.

III.

Frekari rökstuðningur álitsbeiðanda

Með bréfi Persónuverndar til lögmanns álitsbeiðanda, dags. 14. janúar 2004, var farið fram á nánari rökstuðning fyrir því að fullnægt væri skilyrðum samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 varðandi heimild stofnunarinnar til að veita umbeiðð leyfi til vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að upplýst yrði að hvaða leyti brýnir almannahagsmunir gætu mælt með vinnslunni.

Með bréfi lögmanns álitsbeiðanda, dags. 24. febrúar 2004, barst Persónuvernd svar við fyrrgreindu erindi, þar sem fram komu rök fyrir því að brýnir almannahagsmunir mæltu með umræddri vinnslu, sbr. eftirfarandi:

„Umbj. minn telur að bankar og sparisjóðir, sem stunda innláns- og útlánsviðskipti gegni veigamiklu hlutverki í lífi langflestra einstaklinga. Bankar og sparisjóðir geyma og lána fé og bjóða og veita í síauknum mæli greiðsluþjónustu og aðra aðstoð við skipulag fjármála hjá einstaklingum. Í ljósi þessa mikilvæga hlutverks og hins nána samstarfs er brýnt að sem allra flestir einstaklingar eigi greiðan og óheftan aðgang að slíkri þjónustu.

Að sama skapi leyfir umbj. minn sér að benda á að í ljósi þess að bankar og sparisjóðir reyna eftir fremsta megni að tryggja að sem allra flestir eigi kost á inn- og útlánsviðskiptum, er brýnt að þeir hafi tök á og geti varist því að einstaklingar geti kerfisbundið og endurtekið misnotað sér greiðan aðgang að mikilvægu þjónustuhlutverki banka og sparisjóða með þeim ásetningi að svikja út úr þeim fé með ólögætum og sagnæmum hætti.

Af þessum sökum telur umbj. minn veigamikil rök mæla með því að bönkum og sparisjóðum sé gert kleift að koma í veg fyrir að einstaklingar, sem hlotið hafa refsíðoma, geti misnotað sér þann greiða aðgang að lánsfé sem almennungi er nauðsynlegur með fyrirkomulagi, aðferðum eða skipulagi sem heimilt er og samræmist ákvæðum laga nr. 77/2000.“

IV.

Álit Persónuverndar

1.

Þegar afstaða er tekin til þess hvort heimilt sé að skrá þær persónuupplýsingar sem álitsbeiðandi óskar eftir þarf að líta til laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. þeirra er það eitt af hlutverkum ríkissaksóknara að halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit opinberra mála. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins setur dómsmálaráðherra í reglugerð nánari ákvæði um gerð og varðveislu sakaskrár, aðgang að henni og sakavottorð, sbr. reglugerð nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins. Þá segir í 3. mgr. að dómsmálaráðherra setji fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil einstakra manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra, sbr. reglugerð nr. 322/2003 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Samkvæmt þessu fer framangreind skráning persónuupplýsinga fram á grundvelli fyrirmæla í lögum. Ekki verður af þeim lagafyrirmælum ráðið að löggjafinn hafi gert ráð fyrir því að öðrum en ríkissaksóknara væri heimilt að halda skrá yfir einstaklinga er hlotið hafa refsíðoma. Kemur þá til skoðunar hvort slík vinnsla persónuupplýsinga geti átt sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lögín um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Hugtakið

„vinnsla“ persónuupplýsinga er skýrt í 2. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000, sem: „Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Hefur vinnsla persónuupplýsinga verið talin vera hver sú aðgerð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, þ.m.t. söfnun, skráning, varðveisla, leit, breyting og miðlun. Með vísun til þessa er ljóst að skrá á borð við þá sem álit þetta lýtur að, þ.e. rafræn skrá með upplýsingum um einstaklinga er hafa hlótið refsisdóma vegna brota á nánar tilteknum lagaákvæðum íslenskra laga, fellur undir gildissvið fyrrgreindra laga.

3.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér lagastoð samkvæmt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. mgr. 9. gr. þeirra ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Upplýsingar um það „hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað“ teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. b.-lið 8. tl. 2. gr. laganna, og því verður sú vinnsla sem hér um ræðir að eiga sér lagastoð samkvæmt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna, auk einhvers skilyrðis 1. mgr. 9. gr. þeirra.

Af gögnum málsins verður ekki séð að umrædd vinnsla geti átt sér lagastoð samkvæmt 1. mgr. 9. gr., enda lýtur álitshæðin að því að Persónuvernd taki afstöðu til þess hvort álitshæðandi geti fengið sérstakt leyfi til að hefja umrædda vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 3. mgr. 9. gr. Það ákvæði er svohljóðandi:

„Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.“

Persónuvernd hefur farið yfir þau sjónarmið sem rakin eru í bréfum lögmanns álitshæðanda, dags. 17. desember 2003 og 24. febrúar sl., til stuðnings því að Persónuvernd veiti álitshæðanda leyfi til umræddrar vinnslu persónuupplýsinga. Að hennar mati þykir hann ekki hafa sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir mæli með því að vinnslan verði heimiluð á grundvelli 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Er þá lítið til þess að markmið umræddrar vinnslu virðist fyrst og fremst vera að draga úr útlánatapi álitshæðanda þótt ekki sé vísað til tölulegra upplýsinga í því sambandi. Varðandi hagsmuni almennings er á hinn bóginn vísað til þess að minna útlánatap álitshæðanda leiði til greiðari lánafyrirgreiðslna og dragi úr þörf fyrir tryggingar ábyrgðarmanna. Hins vegar er ekki ljóst hvernig almenningsur, þ.e. viðskiptavinir álitshæðanda, mun fá notið þess ávinnings. Er því um að ræða óbeina hagsmuni viðskiptavina álitshæðanda sem hvorki verða taldir vera nógu skýrt afmarkaðir né heldur öruggir með að skila sér til þeirra.

Með vísun til framangreinds, og með hliðsjón af 33.–36. gr. formálsorða tilskipunar nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, verður ekki talið að fjárhagslegir hagsmunir álitshæðanda, sem óbeint kynnu að hafa jákvæð áhrif á fjárhagslega hagsmuni viðskiptavina hans, hafi slíkt vægi né heldur þá samfélagslegu skírskotun að fullnægt sé skilyrði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um brýna almannahagsmuni.

Við mat á því hvort veita beri slíkt leyfi verður jafnframt að horfa til tilgangs laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum, sem er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs ásamt því að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Til að svo megi verða ber að líta til þeirra meginreglna sem fram koma í 1. mgr. 7. gr. laganna og fjalla um gæði gagna og vinnslu. Í 3. tl. ákvæðisins segir að persónuupplýsingar skuli vera „nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.“ Af þessari reglu má leiða almenna kröfu um meðalhóf varðandi vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að aðeins skuli unnið með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt, sbr. ummæli þess efnis í athugasemdum við ákvæði

Þetta í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000. Telur Persónuvernd að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að málefnalegu markmiði hans um að draga úr útlánatapi vegna saknæmrar háttsemi viðskiptavina verði ekki náð með annarri og vægari aðferð, s.s. með því að biðja viðskiptavini sjálfa um sakavottorð þegar þess telst þörf, eða með því að meta láns hæfi þeirra og láns traust á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga í vörslu álitsbeiðanda, upplýsinga sem viðskiptavinir létu sjálfir í té og loks upplýsinga frá Lánstrausti hf., sem álitsbeiðandi getur fengið aðgang að á grundvelli samnings.

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd að umrædd vinnsla persónuupplýsinga, þ.e. gerð skrár um einstaklinga er hafa hlotið refsidóma vegna brota á nánar tilteknum lagaákvæðum íslenskra laga, uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að brýnir almannahagsmunir mæli með henni. Þá telur Persónuvernd vinnsluna heldur ekki fá samrýmst 3. tl. 7. gr. laganna um að aðeins skuli unnið með nægilegar persónuupplýsingar og viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

4.9. Starfsleyfi til handa Myndmarki, samtaka þeirra sem dreifa myndbandsefni í gegnum útleigu

Hinn 28. maí 2004 veitti Persónuvernd svohljóðandi starfsleyfi í máli nr. 2003/309:

Hér með tilkynnist að Persónuvernd hefur ákveðið að veita Myndmarki, samtökum þeirra sem dreifa myndbandsefni í gegnum útleigu og heildsölu á Íslandi, kt. 490393-2299, Ármúla 19, Reykjavík, í leyfi þessu nefnt starfsleyfishafi, heimild til að safna og miðla tilteknum persónuupplýsingum sem varða fjárhag og lánstraust einstaklinga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 90/2001.

Leyfið heimilar Myndmarki að safna upplýsingum frá myndbandaleigunum á einn lista og færa upplýsingar af honum inn í sérstakt tölvukerfi myndbandaleiganna.

Starfsleyfi þetta gildir til 1. júní 2005.

Starfsleyfið er bundið eftirfarandi skilmálum:

1. Hvaða upplýsingum má safna og skrá

Myndbandaleigur, sem eru félagar í Myndmarki, mega safna upplýsingum um þau vanskil sem þar eiga sér stað og senda upplýsingarnar til Myndmarks. Þær upplýsingar sem myndbandaleigurnar mega skrá, skv. framanrituðu, eru um nöfn, kennitölur og vanskil, s.s. um hvort leigugjöld hafi ekki verið greidd eða myndbandsspólu ekki verið skilað. Óheimilt er að skrá upplýsingar um vanskil nema myndbandaleiga viðhafi ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika upplýsinganna, s.s. þá að afhenda leigutaka kvittun þegar hann skilar myndbandi/diski.

Starfsleyfið heimilar ekki vinnslu upplýsinga sem eðli sínu samkvæmt geta ekki haft þýðingu við mat á lánstrausti hins skráða. Aldrei er heimilt að taka í slíka skrá viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum.

Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.

Óheimilt er að skrá og/eða miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni sem eldri eru en fjögurra ára. Þegar upplýsingar verða fjögurra ára gamlar skal þeim eytt eða þær varðveittar án persónuauðkenna.

2. Hvaða upplýsingum má miðla

Starfsleyfishafa er óheimilt að miðla upplýsingum með þeim hætti að myndbandaleigur fái aðgang að listanum öllum. Einungis er heimilt að miðla upplýsingum þannig að slái myndbandaleiga inn kennitölu viðskiptavinar sem er á listanum þá birtist um það skilaboð á skjá myndbandaleigunnar. Önnur miðlun er óheimil.

Upplýsingar um skuldastöðu manna má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er þær varða.

Óheimilt er að miðla upplýsingum um nafn skuldara ef starfsleyfishafa er kunnugt um að sú krafa sem skráningin byggist á hafi verið greidd eða henni komið í skil með öðrum hætti. Þegar starfsleyfishafi gerir samninga við nýja félag skal tryggt að fram komi að þeir skuldbindi sig til þess að senda starfsleyfishafa upplýsingar um það hafi skuld verið greidd eða henni með öðrum hætti verið komið í skil.

Sýni hinn skráði sjálfur fram á að umrædd krafa hafi verið að fullu greidd, eða henni komið í skil með öðrum hætti, er starfsleyfishafa óheimil öll frekari vinnsla upplýsinga með nafn hans.

3. Skyldur einstakra myndbandaleiga

Myndbandaleigur sem eru félagar í Myndmarki skuldbinda sig til að tilkynna þegar í stað um greiðslu skuldar og er þeim ella óheimill aðgangur að skránni. Bera þær ábyrgð á að slíkar upplýsingar berist starfsleyfishafa. Jafnframt er þeim óheimilt að afrita skrána, samtengja hana við aðra skrá eða vinna með hana á nokkurn annan hátt, þótt viðkomandi kunni að fá tækifæri til slíks, t.d. fyrir mistök.

4. Réttur hins skráða, skyldur starfsleyfishafa

Einstaklingur sem er á skrá starfsleyfishafa á, hvenær sem er, rétt á að fá vitneskju um hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með, tilgang vinnslunnar, hver fái, hafi fengið eða muni fá upplýsingar um hann, hvaðan upplýsingarnar hafi komið og hvaða öryggisráðstafanir séu viðhafðar við vinnsluna, að því marki sem það skerðir ekki öryggi vinnslunnar.

Starfsleyfishafa er skylt að afhenda skráðum einstaklingi endurrit eða ljósrit af þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum um viðkomandi. Ekki má krefjast herra endurgjalds af þessari þjónustu en sem nemur þeim upphæðum sem innheimta má á hverjum tíma skv. gjaldskrá forsætisráðuneytis fyrir ljósrit og afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga.

Verða skal við beiðni hins skráða um upplýsingar svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku beiðninnar. Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er að afgreiða erindið innan eins mánaðar er starfsleyfishafa heimilt að gera það síðar en þegar svo hagar til skal hann, innan mánaðarfrestsins, gefa skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

Hafi starfsleyfishafi í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni lýtur að skal hann gera hinum skráða grein fyrir því. Jafnframt skal gera hinum skráða grein fyrir rétti sínum til þess að fá að kynna sér efni skrár af eigin raun.

Þegar starfsleyfishafi safnar persónuupplýsingum í samræmi við ákvæði 2. gr. leyfis þessa skal hann gera hinum skráða viðvart og skýra honum frá þeim atriðum sem talin eru upp í 2. mgr. 16. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum. Skal hann senda slíka viðvörun eigi síðar en 14 dögum áður en hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Starfsleyfishafa er þó ekki skylt að senda slíka viðvörun ef ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna, svo sem vegna þess að hann hafi áður fengið tilkynningu um að nafn hans hafi verið fært á skrá starfsleyfishafa. Þetta á þó ekki við hafi lengri tími en eitt ár liðið frá síðustu skráningu.

5. Almennar skyldur starfsleyfishafa

5.1. Vandaðir vinnsluhættir

Starfsleyfishafi skal, við alla vinnslu persónuupplýsinga, gæta þess að haga vinnslunni með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Í því felst m.a. að hann skal gæta þess að upplýsingarnar séu áreiðanlegar og upp-

færðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta. Hafi röngum eða villandi upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber starfsleyfishafa, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmunum hins skráða.

5.2. Öryggi vinnslu

Starfsleyfishafi skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

5.3. Vinnsluaðili

Starfsleyfishafa er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á enda hafi hann áður sannreynt að umræddur vinnsluadili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit.

Hverjum þeim er starfar í umboði starfsleyfishafa eða vinnsluadila, að vinnsluadila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

5.4. Starfsmenn

Hver sá sem starfar hjá starfsleyfishafa er þagnarskyldur um þau atriði sem hann kemst að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Sérhver starfsmaður starfsleyfishafa skal undirrita þagnarheit þegar eftir útgáfu leyfis þessa, hafi hann ekki þegar gert það. Nýir starfsmenn skulu undirrita slíkt heit þegar þeir hefja störf hjá starfsleyfishafa.

Upplýsingagjöf samkvæmt starfsleyfi þessu mega einungis annast þeir starfsmenn Myndmarks sem eru og verða sérstaklega til þess valdir og Persónuvernd tilkynnt um.

5.5. Annað

Auk ákvæða starfsleyfis þessa skal starfsleyfishafi ávallt fara að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau lög eru á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 77/2000 með áorðnum breytingum, auk annarra laga og réttarreglna sem í gildi eru hverju sinni, sbr. m.a. reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

4.10. Umsögn um heimild barnaverndaryfirvalda til að fá upptökur í kynferðisbrotamálum

Hinn 6. október 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi skjal í máli nr. 2003/309:

Persónuvernd vísar til erindis Barnaverndarstofu, dags. 25. maí 2004, þar sem óskað er eftir umsögn og áliti Persónuverndar um túlkun ákvæða í reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu og ákvæðis 44. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Erindið varðar ágreining milli Barnaverndarstofu og embættis lögreglustjórans í Reykjavík um miðlun persónuupplýsinga frá Lögreglunni í Reykjavík til Barnaverndar Reykjavíkur. Tilurð ágreiningsins er sú að starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur hefur reynst erfitt að nálgast endurrit myndbanda frá lögreglunni í Reykjavík sem innihalda skýrslutökur í kynferðisbrotamálum.

Að mati Barnaverndarstofu er ákvæði 44. gr. barnaverndarlaga talið uppfylla skilyrði 2. tl. 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001 og það talið hafa að geyma skýra og ótvíræða skyldu lögreglu til að láta upplýsingar af hendi. Þá hafnar Barnaverndarstofa alfarið þeirri túlkun lögreglu að ákvæði 44. gr. barnaverndarlaga nái ekki til skyldu til að afhenda gögn og bendir á að orðalag ákvæðisins undirstriki

að barnaverndarnefndir eigi rétt á gögnum sem til eru og að þær eigi einnig rétt á því að þeir aðilar sem 44. gr. nær til geti þurft að taka sérstaklega saman upplýsingar og senda nefndunum. Barnaverndarstofa bendir á að hvorki í ákvæði 44. gr. né í lögskýringargögnum komi fram að upplýsingaskyldan eigi einungis við í tilteknum tegundum mála eða um tiltekna tegundir upplýsinga eða gagna.

Með bréfi dags. 4. júní 2004 var lögreglustjóranum í Reykjavík gefinn kostur á því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum til ofangreinds ágreiningsefnis. Svar barst með bréfi dags. 16. ágúst sl. þar sem sjónarmið embættis lögreglustjórans í Reykjavík eru reifuð. Þar kemur m.a. fram að embættið líti svo á að Persónuvernd sé ekki bær að lögum til að fjalla um það álitaefni hvort lögreglu sé skylt að afhenda rannsóknargögn í sakamáli. Að auki kemur fram í svarbréfinu að það efni sem um ræðir sé sönnunargagn í sakamáli og fari um aðgang að því eftir lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og synjun afhendingar slíkra gagna skuli bera undir embætti ríkissaksóknara sem æðra stjórnvald. Embætti lögreglustjórans telur einnig í svari sínu að gera verði greinarmun á aðgangi að upplýsingum og aðgangi að gögnum og því verði aðgangur að rannsóknargögnum opinbers máls ekki byggður á 44. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Embættið hafnar því einnig í bréfi sínu að aðgangur að rannsóknargögnum verði byggður á reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Persónuvernd sendi Barnaverndarstofu bréf í framhaldinu, dags. 19. ágúst sl., þar sem Barnaverndarstofu var boðið að tjá sig um efni bréfs lögreglustjórans í Reykjavík. Í svarbréfi, dags. 22. september sl., kemur fram að Barnaverndarstofa hafnar þeim skilningi lögreglustjórans að Persónuvernd sé ekki bær að lögum til að fjalla um erindi stofunnar. Í bréfinu kemur einnig fram sú krafa Barnaverndarstofu að Persónuvernd leysi úr fyrirbyggjandi ágreiningi um hvort lögreglu beri að afhenda Barnaverndarstofu myndbandsspólur í samræmi við 44. gr. barnaverndarlaga með vísan til reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og með vísan til 3. og 6. tl. 8. gr. og 2. tl. 9. gr. sömu laga.

Málið var tekið fyrir á fundi stjórnar Persónuverndar þann 24. september sl. Niðurstaða stjórnar Persónuverndar var sú að 44. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 hafi að geyma ótvíræða lagaheimild í skilningi 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Að mati Persónuverndar standa ákvæði laga nr. 77/2000 því ekki í vegi að heimilt sé að afhenda umrædd gögn. Á hinn bóginn er það ekki á valdsviði Persónuverndar að skera úr réttarágreiningu um skyldu eins stjórnvalds til að afhenda öðru stjórnvaldi gögn, enda lýtur réttarágreiningurinn ekki að skýringu laga nr. 77/2000 heldur þeim valdheimildum sem Barnaverndarstofu eru að lögum fengnar í 44. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

4.11. Yfirlit yfir reglur um notkun símanúmera í beinni markaðssetningu

Hinn 21. október 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi skjal í máli nr. 2004/435:

Persónuvernd vísar til fyrri samskipta vegna erindis sem þér senduð stofnuninni í kjölfar tilboða sem yður bárust með SMS skilaboðum eftir að þér hringduð í auglýst gjaldsímanúmer.

Þegar Persónuvernd barst framangreint erindi óskaði hún, með tölvupósti dags. 14. þ.m., þess að fram kæmi hvort þér vilduð að farið yrði með mál þetta sem formlega kvörtun, eða almenna fyrirspurn. Í svari yðar segir að stofnunin þurfi „ekki að svara þessu frekar en [hún vill]“. Hefur verið ákveðið að líta á erindið sem almenna fyrirspurn og svara með því að gera grein fyrir þeim ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og eftir atvikum ákvæðum annarra laga, sem koma til skoðunar varðandi mál sem þetta.

Í erindi yðar segir að yður hafi borist ýmiss konar tilboð með SMS-skilaboðum í kjölfar þess að þér hringduð í auglýst gjaldsímanúmer en hvorki hafi komið fram hver sendi umrædd SMS-skilaboð né hvernig hægt væri að losna undan þeim. Af erindi yðar má einnig ráða að í auglýsingunni hafi ekki komið fram að símanúmer þeirra sem hringdu í númerið yrðu notuð í markaðssetningu síðar meir, sbr. orðin „ég tel það gróft brot á friðhelgi minni að þátttaka í gsm símaleik leiði til annarra tilboða án þess að það hafi verið samþykkt...“

SMS-skilaboð falla undir hugtakið „tölvupóstur“, sbr. 40. lið í formálsorðum tilskipunar nr. 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta. Ef SMS-skilaboð eru notuð í beinni markaðssókn, þ.e. beinni sókn að einstaklingi *í því skyni að selja honum vöru eða þjónustu*, teljast þau til markpósts.

Um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við markaðssetningarstarfsemi gilda almenn ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk þess sem 28. gr. laganna tekur sérstaklega til slíkrar vinnslu.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um hvenær má vinna með almennar persónuupplýsingar, s.s. símanúmer. Verður einhverju þeirra skilyrða sem þar er kveðið á um ávallt að vera fullnægt. Eftir atvikum getur vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við markaðssetningarstarfsemi verið heimil ef hinn skráði veitir ótvírætt samþykki sitt til vinnslunnar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. Samþykki getur talist ótvírætt þótt það sé ekki veitt berum orðum heldur í verki. Líta má svo á að ef hringt er í auglýst gjaldsímanúmer og þar með tekið þátt í auglýstum leik eða happdrætti sé veitt samþykki fyrir notkun viðkomandi símanúmers vegna leiksins, þótt hæpið sé að líta svo á að með því sé veitt samþykki fyrir notkun símanúmersins við markaðssetningu síðar meir, ef ekki er tekið fram að það sé ætlunin.

Vinnsla persónuupplýsinga verður ávallt að fullnægja ákvæðum 7. gr. laga nr. 77/2000, en þar er kveðið á um hvernig vinna skal með persónuupplýsingar. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. skal þess gætt að persónuupplýsingar séu fengnar í yfirlýstum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Telja verður að þegar símanúmers er aflað með þátttöku í leik eða happdrætti sé tilgangurinn með því að nota það vegna umrædds leiks eða happdrættis, nema annað hafi sérstaklega verið tekið fram. Notkun símanúmersins síðar verður hins vegar að telja annan og ósamrýmanlegan tilgang, en túlka verður þröngt það svigrúm, sem 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. felur í sér, til að nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem upphaflega var ákveðinn.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. skal þess gætt að vinnsla persónuupplýsinga sé sanngjörn. Felur þetta skilyrði í sér að vinnsla verður að fullnægja ákveðnum lágmarkskröfum um gagnsæi og fyrirsjáanleika. Ekki verður gert ráð fyrir að einstaklingur eigi að geta séð það fyrir, að nota eigi símanúmer, sem aflað er með framangreindum hætti, við markaðssetningu fyrir aðra, sé það ekki tekið fram. Í þessu sambandi verður að nefna 1. mgr. 20. gr. Þar segir meðal annars að þegar safnað sé persónuupplýsingum hjá hinum skráða skuli fræða hann um hver sé ábyrgðaraðili, hvert sé markmið söfnunarinnar og hverjum upplýsingarnar verði afhentar.

Í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 er að finna almennt ákvæði um andmælarétt við vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt því er hinum skráða heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmatar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Í 2.–7. mgr. 28. gr. er síðan að finna sérákvæði varðandi vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við markaðssetningu. Í erindi yðar kemur fram að þér séuð með „ónaðisfritt númer“. Skilur Persónuvernd orð yðar svo að þér séuð annað hvort á bannskrá Hagstofunnar skv. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 eða með bannmerki í símaskrá, sbr. 5. mgr. 26. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga er í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 2. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga, og á það því ekki undir Persónuvernd að taka afstöðu til þess hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum þeirra laga. Persónuvernd annast hins vegar eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 37. gr. þeirra laga, og álítaefni um bannskrá Hagstofunnar skv. 2. mgr. 28. gr. laganna eiga því undir stofnunina.

Í 2. mgr. 28. gr. felst að þeim aðilum sem starfa í beinni markaðssókn og þeim sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, er óheimilt að senda markpóst, þ. á m. SMS-skilaboð, eða hringja í þá einstaklinga sem eru á bannskrá, nema Persónuvernd hafi veitt þeim sérstaka undanþágu.

Í 4. mgr. 28. gr. laga um nr. 77/2000 segir að nafn ábyrgðaraðila skuli koma fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar.

Ákvæði sem snúa að óumbeðnum fjarskiptum er að finna víðar í löggjöf.

Af 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 leiðir að notkun tölvupósts, þ.m.t. SMS-skilaboða, fyrir beina markaðssetningu er óheimil nema áskrifandi hafi veitt samþykki sitt fyrirfram. Þó er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu, ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send, hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun. Óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar eru að öðru leyti óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim. Ennfremur er óheimilt að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu ef nafn og heimilisfang þess sem að markaðssetningunni stendur kemur ekki skýrt fram.

Einnig skal bent á ákvæði 14. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu og fjarsölu. Þar segir að hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands, eða áskrifandi fjarskiptaþjónustu óskað eftir sérmerkingu í símaskrá og seljandi sendir honum í beinni markaðssókn tölvupóst, beri að gefa neytanda kost á því að veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þeirri fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar. Eftirlit með viðskiptaháttum samkvæmt l. nr. 46/2000 er í höndum Samkeppnisstofnunar.

Fjársafnanir teljast ekki til beinnar markaðssóknar, þar sem ekki er verið að bjóða til sölu vöru eða þjónustu. SMS-skilaboð sem eingöngu fela í sér tilboð um þátttöku í happdrætti teljast því ekki til markpósts, en engu að síðar gilda ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við slíkt happdrætti. Ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., 20. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna gilda því um slíka vinnslu með sama hætti og rakið hefur verið hér að framan.

Í framangreindum lagabálkum er að finna ákvæði um viðurlög, sbr. 42. gr. l. nr. 77/2000, 74. gr. l. nr. 81/2003 og 19. gr. l. nr. 46/2000 og ef upp kemur ágreiningur um framkvæmd þeirra getið þér snúið yður til viðeigandi stofnunar.

Það er von Persónuverndar að þetta bréf gefi yður nokkra hugmynd um það lagaumhverfi sem gildir um sendingu SMS-skilaboða sem þessara.

4.12. Lögmæti birtingar persónuupplýsinga á heimasíðunni dopsalar.tk

Hinn 29. október 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi ákvörðun í máli nr. 2004/529:

I.

Grundvöllur máls

1.

Málavextir

Þann 9. október 2004 var athygli Persónuverndar vakin á því að opnuð hefði verið heimasíða undir slóðinni www.dopsalar.tk þar sem birtar væru upplýsingar um nöfn ríflega 20 meintra fíkniefnasala og að auki nöfn tveggja lögreglumanna. Í framhaldinu fékk heimasíðan nokkra umfjöllun í fjölmiðlum. Auk þess bárust Persónuvernd kvartanir frá nokkrum aðilum yfir því að viðkvæmar og jafnframt óáreiðanlegar upplýsingar um þá birtust á umræddri síðu. Athugun á umræddri heimasíðu leiddi í ljós að hún hefur að geyma lista með nöfnum rúmlega tuttugu aðila sem ýmist eru nefndir fullu nafni eða með viðurnefni. Þá eru í sumum tilvikum birt heimilisföng viðkomandi.

Á heimasíðunni kemur fram að sá sem heldur henni úti heitir [A]. Í færslu sem dagsett er 9. október 2004 rekur hann tilgang þess að birta þar lista með nöfnum meintra fíkniefnasala. Um það segir hann m.a. (orðrétt tilvitnun):

„Árin 99/2000 lét [R] (kallaður [...])Bjó að [S] en var með aðsetur í skúr á horni [T] og [P] ræna syni mínum og var honum stungið í skottið á bílnum sem þeir voru á og sem betur fêr gleymdu þeir að taka af honum símann sem hann var með og gat hann hringt í mig úr honum og sagt hvað var í gangi

Farið var með hann fyrst upp á vatnsenda en umferð var of mikil þannig að þeir enduðu heima hjá [R]. Ég lét lögreglu vita strax af þessu en samt vorum ég og annar sonur minn á undan þeim. Út frá þessu vorum við með þetta lið á eftir okkur og Mín leið til að tryggja öryggi okkar var að leita uppl.um einn af þessum mönnum og notaði það gegn honum til að fá uppl. Og svo koll af kolli. Til dæmis vorum við látin vita þegar átti að ráðast inn á heimili með haglabyssu og fengum við lögreglufylgd með börnin í skjól. Sá fyrsti gaf mér eins litlar uppl. og hann þorði en mér tókst að nýta mér það og helt áfram þar til að ég var kominn með góðan lista og helt áfram að hringja þar sem eg vildi losna við þennan lið af bakinu á mér og skyldmennum en við vorum með ÍS-LENSKU MAFÍUNA á hælum okkar í hált ár ég hringdi þar á meðal í [V]bræður og fl. og gaf þeim kost á að kalla liðinn til baka ellegar myndi eg senda listan til blaða, lögreglu og sjónvarpstöðva og þar sem eg vissi að væri þá ekki hægt að kæfa málið vegna þeirra sem eru á listanum. Það var eins og við manninn mælt að þegar ég nefndi nokkra af upplinum frá þeim voru þeir fljótir að kalla liðið til baka og er þessi listi nú lifrygging fyrir fjölskylduna. Ég hef passað mig á að halda þessum samböndum og hef bætt á þennan lista reglulega.“

Áður, þ.e. þann 27. september 2004, hafði birst viðtal við [A] í DV. Í viðtalinu segist hann skora á menn að skila verðmætum sem stolið hafi verið frá honum í nýlegu innbroti. Kemur fram að hann sakni fartölvu, tveggja gsm-síma, hleðslutækis fyrir síma, tölvuforrita og DVD-útgáfa kvikmyndanna Spiderman og Ace Ventura. Haft er eftir [A] að verði þessum verðmætum ekki skilað muni hann birta ofangreindan lista. Á heimasíðu [A] kemur fram að hann hafi síðan verið í sambandi við „þessa menn“ og þeir óskað eftir fresti til að finna það sem stolið var í innbrotinu eða þá sem það gerðu „og láta þá borga að fullu fyrir það. Það voru ekki fagar lýsingar hjá þeim hvað verður gert við þá þegar þeir finnast, því að þessi menn vilja ekki láta nöfnin koma fram.“

Þann 12. október 2004 birti [A] síðan umræddan lista á heimasíðu sinni.

2.

Bréfaskipti

Persónuvernd sendi bréf til embættis Lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 14. október 2004, og óskaði upplýsinga um það hvort embættið hefði málið til umfjöllunar eða hygðist aðhafast vegna þess, t.d. með því að loka umræddri heimasíðu, á meðan lögmæti hennar væri kannað. Í svarbréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 19. október s.á. segir m.a.:

„Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur þetta mál ekki til umfjöllunar, enda getur sá einn höfðað mál sem misgert er við út af þeim brotum sem hér kunna að eiga við, sbr. 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar hefur lögreglumaður við embættið lagt fram kæru á hendur forsvarsmanni heimasíðunnar, [A], fyrir meint brot hans á 235. gr. alm. hegningarlaga, en nafn þessa lögreglumanns kemur fyrir á heimasíðunni og þar látið í veðri vaka að hann gæti hagsmuna meintra dópsala með því að láta þeim í té upplýsingar. Kæra lögreglumannsins er borin fram á grundvelli b. liðar 2. tl. 242. gr. alm. hegningarlaga.

Það er álit lögreglustjórans í Reykjavík að embættið hafi ekki ótvíræða heimild til afskipta af umræddri heimasíðu og geti því ekki að eigin frumkvæði lokað henni á meðan lögmæti hennar er kannað. Sé það hins vegar skoðun Persónuverndar að á umræddri heimasíðu fari fram vinnsla persónuupplýsinga sem brjóti í bága við ákvæði laga nr. 77/2000 eða reglur settar samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva starfsemi viðkomandi til bráðabirgða og innsigla starfsstöð hans, sbr. 2. tl. 3. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000.“

Þann 15. október 2004 sendi Persónuvernd [A] bréf. Bréfið var sent í ábyrgð og liggur móttökukvittun fyrir. Í bréfinu var óskað tiltekinna upplýsinga og [A] boðið að tjá sig, m.a. um fram komnar kvartanir vegna heimasíðunnar. Var óskað skýringa um það hvaða heimild, af þeim sem taldar eru upp í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, [A] teldi eiga við um birtingu nafnalistsins á heimasíðunni. Þá var vakin athygli á valdheimildum Persónuverndar, m.a. til að stöðva ólögmeta vinnslu. Veittur var fimm daga svarfrestur en ekkert svar barst. Því ítrekaði Persónuvernd erindið með bréfi dags. 25. október 2004 og var veittur tveggja daga svarfrestur. Bréfið var sent með stefnuvotti og liggur vottorð hans fyrir.

[A] hafði samband símleiðis þann 27. október 2004 og ræddi við starfsmann Persónuverndar vegna málsins. Í því samtali kom fram að [A] taldi sig hafa heimild til vinnslunnar þar sem hún væri nauðsynleg í þágu almannahagsmuna. Ekkert kom hins vegar fram í máli [A] um það hvaða skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna kynni að eiga við. Að auki vísaði [A] í tjáningarfrelsi sitt. Þegar [A] var inntur eftir afstöðu hans varðandi gæði vinnslunnar kom fram í máli hans að betur hefði verið hægt að standa að gerð listans og að hann væri að nokkru ófullkominn. [A] kom þá á framfæri frekari skýringum varðandi tilgang listans og sagði að tilgangurinn hefði, auk þess að vera tilraun til að endurheimta stolin verðmæti, að miklu leyti verið sá að koma af stað umræðu um fíkniefnavandann. Að lokum var [A] hvattur til að senda Persónuvernd bréf og skýra mál sitt því ella yrði leyst úr málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þann 28. október 2004 barst síðan tölvupóstur frá [A] þar sem segir m.a. (orðrétt tilvitnun):

„Í fyrsta lagi sæki ég heimild í málfrelsið og í öðru lagi sæki ég heimild í lög nr. 77/2000 23. mai.

Lög um persónuvernd. Í 8gr. 5lið stendur: vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna; og tel ég að þar sem ég er að berjast á móti fíkniefnadreyfingu til allt niður í 11-12 ára krakka tel ég það varða almannahagsmuni og þar af leiðandi uppfylli ég það skilyrði 5 lið 8. gr. Laga nr. 77/2000.

Víst eru þetta viðkvæmar uppl. Viðurkenni ég það en þar sem um þetta alvarleg mál er að ræða vil ég ekki trúa því að fíkniefnasalar séu réttþærri en þeir sem eru að koma út í opin dauðan. Þó smátt og smátt.

Eins og umræðan hefur verið í fjölmiðlum þar sem er sagt frá þeim voðaverkum sem þessir menn eru að framkvæma og öllum hrillir við óska ég eftir því að þessar uppl mínar verði til þess að þið hjá persónuvernd verði ekki til þess að stoppa af að hægt verði að birta nöfn á þessum misindismönnum þar sem þeir hafa mörg líf á samviskuni með því að koma þeim á bragðið í fíkniefnunum.

Vil ég óska eftir því að þið starfmenn persónuverndar setjið ykkur í spor okkar sem höfum misst krakka í fíkniefni og hjálpið okkur að spyrna við fótum.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Af gögnum málsins er ljóst að [A] hefur í undirbúningi að stofna samtök gegn eiturflyfjum og ofbeldi þeim tengdum. Í fjölmiðlum hefur hann lýst frá sínu sjónarhorni því þjóðfélagslega böli sem sala og neysla fíkniefna er hér á landi svo og því ofbeldi sem tengt er sölu og innheimtu fíkniefnaskulda. Hann hefur ennfremur látið í ljós gagnrýni og efasemdir um að viðbrögð lögreglu séu fullnægjandi þegar hótanir um líkamsmeiðingar séu hafðar uppi við innheimtu fíkniefnaskulda. Hefur hann í því sambandi bent á að því sé jafnvel haldið fram að ekkert hafi upp á sig að kæra slík brot. Af hálfu [A] er á það bent að þessi umfjöllun sé honum heimil samkvæmt 73. gr. stjórnskrárisinnar sem tryggir mönnum tjáningarfrelsi. Af hálfu Persónuverndar eru engar athugasemdir gerðar við þá afstöðu hans að hann hafi fullt frelsi til að tjá sig um það þjóðfélagslega bøl sem hann vísar til. Í máli þessu er hins vegar einvörðungu til umfjöllunar hvort honum hafi verið heimilt að lögum að birta á heimasíðu undir slóðinni www.dopsalar.tk upplýsingar um nöfn riflega 20 meintra fíkniefnasala.

Markmið og gildissvið laga nr. 77/2000

Markmið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum, er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga, skv. 1. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda löggin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu *persónuupplýsingar* er átt við „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi“, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið *vinnsla* „sérhver[ja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun, skráningu, miðlun með framsendingu, dreifingu eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingar tiltækar. Því er ljóst að birting nafna á umræddri vefsíðu telst vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Í 5. gr. laga nr. 77/2000 er að finna ákvæði sem takmarkar að nokkru gildissvið laganna þegar unnið er með persónuupplýsingar í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Ákvæðið fjallar um tengsl laganna við tjáningarfrelsi og hljóðar svo:

„Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má vikja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tl. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.“

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 77/2000 segir um 5. gr. frumvarpsins:

„Ljóst er að ýmis ákvæði frumvarpsins samrýmast ekki að öllu leyti sjónarmiðum um tjáningarfrelsi sem varið er í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af því tilefni er í þessari frumvarpsgrein lagt til að lögfest verði almenn vísiregla sem felur í sér að hvenær sem á þetta reynir þarf að meta hvernig sjónarmið um persónuvernd og sjónarmið um tjáningarfrelsi vegast á og komast að niðurstöðu sem byggð er á eðlilegu jafnvægi þessara sjónarmiða.“

Samkvæmt framangreindu ræðst það, að hvaða marki sú vinnsla sem hér um ræðir fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, af mati á vægi sjónarmiða um tjáningarfrelsi annars vegar og einkalífsrétt hins vegar. Í ljósi þess að við slíkt mat ber að hafa að leiðarljósi að ná eðlilegu jafnvægi þessara sjónarmiða, og í ljósi þess tilgangs sem býr að baki birtingunni á heimasíðunni, sem er m.a. sá að endurheimta varning af meintum þjófum, er það mat Persónuverndar að hér vegi þeir hagsmunir sem lögum nr. 77/2000 er ætlað að verja þyngra en hagsmunir tjáningarfrelsis. Er þá litið til tjáningarfrelsis í skilningi 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sem veitir mönnum frelsi til skoðana sinna og sannfæringar og að mega láta í ljós hugsanir sínar en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar segir síðan að tjáningarfrelsi megi setja skorður í lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, sé það nauðsynlegt til verndar heilsu eða siðgæðis manna eða *vegna mannorðs eða réttinda annarra*, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum. Í því sambandi verður að minna á að hver maður skal teljast saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð með lögfullri sönnun fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla persónuupplýsinga falli undir gildis-

svið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og verði að uppfylla ákvæði þeirra.

3.

Um lögmæti vinnslunnar

Við athugun á lögmæti þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem til skoðunar er í máli þessu verður að hafa í huga að öll vinnsla persónuupplýsinga, þ.á.m. birting þeirra, þarf ávallt að eiga sér stoð í 8. gr. laga nr. 77/2000. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða í skilningi 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 þá þarf vinnslan einnig að uppfylla sérstök skilyrði í 9. gr. laganna. Vinnsla persónuupplýsinga þarf ennfremur að vera í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna, þ.e. meginreglur um gæði gagna og vinnslu. Þær eru m.a. að persónuupplýsingar skulu ávallt unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tl.), að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tl.), að persónuupplýsingar verða að vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og að persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta (4. tl.).

Gögn málsins bera með sér að [A] hefur birt á heimasíðu, sem hann heldur úti, nöfn rúmlega tuttugu manna sem hann kveður tengjast fíkniefnasölu og innflutningi á þeim. Ekki verður séð að birting slíkra persónuupplýsinga í því samhengi sem hér um ræðir geti samrýmst viðhorfum um sanngjarna og málefnalega vinnslu í skilningi 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, né verður séð að ofangreindar persónuupplýsingar séu unnar í málefnalegum, yfirlýstum og skýrum tilgangi í skilningi 2. tl. sömu greinar. Þá verður ekki séð að fullnægt sé kröfum um áreiðanleika, í skilningi 4. tl. sömu greinar, en t.d. liggur fyrir að á heimasíðunni eru nöfn manna sem eiga sér marga alnafna og getur slíkt varpað grun á hóp manna sem eiga það eitt sameiginlegt að heita vissu nafni. Í þessu sambandi ber einnig að nefna þá meginreglu sem í gildi er hér á landi að hver maður skuli teljist saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð með lögfullri sönnun fyrir dómi. Umrædd birting persónuupplýsinga fer því í bága við 1., 2. og 4. tl. 7. gr. laga nr. 77/2000.

Eins og áður segir verður öll vinnsla persónuupplýsinga, þ. á.m. birting þeirra, að eiga sér stoð í 8. gr., og eftir atvikum 9. gr., laga nr. 77/2000. Í lögunum er fjallað um meðferð og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, m.a. í 8. tl. 2. gr. Í b-lið þeirrar greinar er sérstaklega skilgreint að upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Óumdeilt er að sú vinnsla sem um er rætt í máli þessu lýtur að slíkum upplýsingum. Hjá [A] hefur komið fram að hann telur vinnsluna vera nauðsynlega vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna, sbr. 5. tl. 8. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar hefur ekkert komið fram um að uppfyllt sé eitthvert þeirra skilyrða sem greinir í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, en eins og áður segir þarf öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga bæði að uppfylla eitthvert af skilyrðum 8. og 9. gr. laganna. Telst ofangreind vinnsla því ekki eiga sér viðhlítandi lagastoð.

Enda þótt óumdeilt sé, eins og vikið var að í kafla II-1 hér að framan, að [A] hafi stjórnarskrárvarinn rétt til þess að lýsa frá sínu sjónarhorni því þjóðfélagslega böli sem sala og neysla fíkniefna er hér á landi, svo og því ofbeldi sem tengt er sölu og innheimtu fíkniefnaskulda, er það niðurstaða Persónuverndar að sá réttur veiti honum ekki heimild til þess að birta lista yfir meinta eiturlyfjasaða.

Með visun til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið, á grundvelli 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, að leggja fyrir [A] að stöðva umrædda vinnslu persónuupplýsinga. Frestur til þess er veittur til 10. nóvember 2004. Tekið er fram að verði ekki orðið við framangreindum fyrir mælum kann Persónuvernd, í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna, að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða umrædda starfsemi.

Ákvörðunarorð:

[A] skal fyrir 10. nóvember 2004 stöðva birtingu nafna meintra fíkniefnasala á heimasíðunni dopsalar.tk.

4.13. Lögmæti notkunar nemendaskrár Háskóla Íslands við markaðssetningu

Hinn 15. desember 2004 kvað Persónuvernd upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2004/315:

I.

Grundvöllur málsins og bréfaskipti

Hinn 28. maí 2004 barst tölvupóstur frá H þar sem hann kvartaði yfir því að Háskóli Íslands hefði veitt Tryggingamiðstöðinni hf. aðgang að netfangaskrá sinni. Með erindi H fylgdi tölvupóstskeyti sem honum hafði borist frá Tryggingamiðstöðinni, dags. 27. maí 2004. Í erindi hans segir m.a.:

„[...] Mér sýnist Háskóli Íslands hafa veitt Tryggingamiðstöðinni aðgang að netfangaskrá sinni til að senda út ruslpóst. Hef ekki séð þetta gert með þessum hætti áður, en þetta kemur svo sem ekki á óvart. Spurning hvort tilefni sé til að benda Háskólanum eða Tryggingamiðstöðinni á að þetta sé óheimilt (ef það er þá raunin), til að fyrirbyggja frekari ruslpóstsendingar?“

Af þessu tilefni óskaði Persónuvernd umsagnar Nemendaskrár Háskóla Íslands, með bréfi dags. 5. júlí 2004. Þann 4. ágúst 2004 barst svarbréf frá B fyrir hönd Nemendaskrár Háskóla Íslands. Þar kemur m.a. fram að stúdentum gefist möguleiki á því að má nöfn sín af útsendingarskrá Háskóla Íslands, sbr. fyrirvara sem birtur er á bls. 17. í kennsluskrá á hverju ári. Síðan segir í bréfinu varðandi ofangreint tilvik:

„Í umræddu tilviki hafði ég sjálf samband við tryggingafélögin, hvort þau hefðu áhuga að bjóða stúdentum H.Í. skráningargjaldatryggingu (sbr. forfallatryggingu flugfélaga). Þetta gerði ég í kjölfar þeirrar ákvörðunar Háskólaráðs að skráningargjald stúdenta yrði óendurkræft. Þetta var gert með hagsmunum stúdenta í huga. Eitt tryggingafélaganna brást við og ég afhenti þeim netfangalista stúdenta svo þeir gætu sent þeim bréf varðandi tilboð um þessa tryggingu. Það var umtalað að listanum yrði eytt að notkun lokinni.“

Kvartanda var boðið að tjá sig um ofangreint svarbréf, sbr. bréf dags. 10. ágúst 2004, en engar frekari athugasemdir bárust.

II.

Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu liggur fyrir að þær upplýsingar sem Háskóli Íslands miðlaði í umrætt sinn voru notaðar til beinnar markaðssetningar, þ.e. til beinnar sóknar að einstaklingum í því skyni að selja þeim vöru eða þjónustu. Hér kemur því til skoðunar hvort Háskóla Íslands hafi verið heimilt að afhenda Tryggingamiðstöðinni hf. netfangalista stúdenta í umrætt sinn.

1.

Gildisvið laga nr. 77/2000

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda löggin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000 teljast sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, skv. 1. tl. 2. gr. laganna. Upplýsingar um netfang teljast vera persónuupplýsingar í skilningi laganna. Hugtakið „vinnsla“ er skilgreint í 2. tl. 2. gr. laganna sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn. Með vísan til b-liðar 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB og athugasemda í greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr.

77/2000 er miðlun persónuupplýsinga talin falla undir hugtakið vinnslu. Af framangreindu er ljóst að hér er um að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Háskóli Íslands heldur utan um nemendaskrá, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um netföng nemenda. Hann telst því ábyrgðaraðili skrárinnar skv. 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslunnar

Af framangreindu er ljóst að miðlun upplýsinga úr nemendaskrá telst vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að hafa heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Helst kemur til álita að fella ofangreinda vinnslu undir 7. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Ákvæðið mælir fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil ef hún telst nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Skilyrðið um lögmæta hagsmuni í framangreindu ákvæði hefur verið túlkað þannig að undir það geti fallið hagsmunir aðila sem hyggst nota persónuupplýsingar við beina markaðssetningu.

Um það tilvik sem hér um ræðir ber hins vegar og að líta til sérákvæðis 28. gr. laga nr. 77/2000, með áorðnum breytingum. Þar er fjallað um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Hagstofunnar. Í 5. mgr. er að finna sérstakt ákvæði um heimildir til að afhenda félag-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þótt nemendaskráa sé ekki getið í framangreindu ákvæði er ljóst að í vissum tilvikum eru þær í eðli sínu fyllilega sambærilegar við t.d. starfsmannaskrár, einkum þegar um er að ræða skrár yfir nemendur á háskólastigi. Hefur Persónuvernd ákveðið að líta svo á að nemendaskrá Háskóla Íslands falli eðli sínu samkvæmt undir framangreint ákvæði.

Miðlun samkvæmt framangreindu ákvæði er hins vegar háð ýmsum skilyrðum. Þau eru þessi:

1. ekki teljist vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráða hafi, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fari ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kanni hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Í því máli sem hér um ræðir kemur einkum til skoðunar hvort ákvæði 2. tl. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 teljist uppfyllt, þ.e. hvort kvartanda hafi í umrætt sinn verið gefinn kostur á því að andmæla miðlun upplýsinga um netfang sitt áður en afhending fór fram.

Framangreint ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 lögtekur ákvæði 14. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Ákvæði b-liðar 14. gr. tilskipunarinnar hljóðar svo:

„Aðildarríkin skulu veita skráðum aðila rétt til að andmæla, með beiðni og sér að kostnaðarlausu, vinnslu persónuupplýsinga um sig sem ábyrgðaraðili fyrirhugar vegna beinnar markaðssetningar, eða rétt til að honum sé skýrt frá því áður en persónuupplýsingarnar eru fyrst fengnar þriðja aðila eða notaðar fyrir þeirra hönd vegna beinnar markaðssetningar og að fá skýrt tilboð um að nýta rétt sinn til að andmæla slíkri miðlun eða notkun, sér að kostnaðarlausu.“

Í niðurlagi 14. gr. segir síðan að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skráðir aðilar hafi vitneskju um réttinn sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar.

Í gögnum málsins hefur komið fram að á bls. 17 í kennsluskrá Háskóla Íslands er birtur fyrirvari sem gefur stúdentum kost á að fá nöfn sín máð af útsendingarskrá Nemendaskrár Háskóla Íslands þegar hún er notuð samkvæmt sérstöku leyfi af öðrum en Háskóla Íslands. Í ákvæði 2. tl. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 segir að áður en afhending slíkra skráa fari fram, verði hinum skráðu að hafa verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá. Í ljósi þess að hér er um undanþáguákvæði að ræða, sem túlka ber þröngt, verður ekki á það fallist að ofangreind birting á bls. 17. í kennsluskrá Háskóla Íslands fullnægi kröfu 2. tl. 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000. Er þá m.a. litið til þess að framangreindum tölulíð var ætlað að lögtaka ákvæði b-liðar 14. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46 sem mælir fyrir um að hinum skráða skuli fengið *skýrt tilboð* um að nýta rétt sinn til andmæla áður en persónuupplýsingar eru fengnar þriðja aðila vegna beinnar markaðssetningar. Í framhaldinu vill Persónuvernd, með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum og einnig með hliðsjón af 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einkum 1. og 2. tl. 1. mgr. 7. gr., *benda Háskóla Íslands á að viðhafa mun skýrari aðferð við að uppfylla framangreint ákvæði en þá að birta umræddan fyrirvara í kennsluskrá ár hvert*. Slíkt má t.d. auðveldlega gera með því að hafa fyrirvara um andmælarétt á umsóknareyðublaði eða með því að senda nemendum, með tölvupósti einu sinni á ári, ábendingu um með hvaða hætti þeir geti komið í veg fyrir að netföng þeirra séu á þeim skrá sem Nemendaskrá Háskóla Íslands lætur öðrum í té til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi.

Úrskurðarorð:

Háskóla Íslands var óheimil miðlun netfangaskráar til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í umrætt sinn.

4.14. Lögmæti birtingar nafns, kennitölu og heimilisfangs á spjallvef

Hinn 15. desember 2004 kvað Persónuvernd upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2004/158:

I.

Bréfaskipti

Hinn 15. mars 2004 barst Persónuvernd tölvupóstur frá G þar sem segir að nafni hans, kennitölu og heimilisfangi hafi verið dreift á Netinu án hans samþykkis. Er óskað eftir því að Persónuvernd skerist í málið fyrir hann og úrskurði um hvort heimilt hafi verið að nota upplýsingar úr þjóðskrá með þessum hætti.

Nánari atvik, eins og þeim er lýst í tölvupóstinum, eru eftirfarandi: Alnafni G hafi birt lesenda-bréf í DV þar sem m.a. hafi verið fjallað um spjallvefinn X. Eftir útkomu blaðsins hafi mikil umræða hafist á vefnum um málið og t.d. verið safnað saman, úr þjóðskrá, upplýsingum um alla þá sem hétu G, þ.e. nafni, kennitölu og heimilisfangi. Erfitt sé að vita hver hafi birt upplýsingarnar þar sem flestir þeir sem tjái sig á vefnum noti dulnefni, þ. á m. ábyrgðarmaður vefsins.

Nokkru nánari lýsingu á atvikum málsins er að finna í grein eftir G sem birtist í Fréttablaðinu hinn 18. mars 2004. Kemur þar fram að tilgangur birtingar umræddra upplýsinga sé sá að sýna fram á að haft hafi verið samband við alla með framangreindu nafni og að þeir hafi allir staðfest að hafa ekki skrifað umrædda grein.

Til að komast að því hver ábyrgðarmaður X væri kannaði Persónuvernd skráningu um vefinn á heimasíðu „Network Solutions“ (www.networksolutions.com) þar sem finna má upplýsingar um ábyrgðarmenn vefsíða með slóðir sem enda á „.com“. Kemur þar fram að S er skráður fyrir umræddri vefsíðu. Í ljósi þess bauð Persónuvernd honum, með bréfi, dags. 4. maí 2004, að tjá sig um erindi G.

S svaraði með bréfi, dags. 14. júlí 2004. Þar kemur fram að hann telur sig ekki ábyrgan fyrir ummælum sem koma fram á heimasíðunni X, m.a. þar sem hún sé vistuð í Bandaríkjunum. Þá segir að þegar umræddar upplýsingar um G hafi verið birtar á heimasíðunni hafi Þjóðskráin verið opin öllum á Netinu og því auðvelt að nálgast upplýsingar um kennitölur fólks. Nú sé hún lokuð og því ætti

svona mál ekki að koma aftur upp. Málsmeðferð hjá Persónuvernd ætti að taka tillit til þeirra breyttu aðstæðna sem nú séu uppi.

Með bréfi, dags. 8. október 2004, var G boðið að tjá sig um þetta svar S. G svaraði með tölvu-
pósti hinn 12. október 2004. Þar er m.a. mótmælt þeirri afstöðu S að hann sé ekki ábyrgur fyrir því
efni sem birtist á X þar sem sá vefur sé hýstur í útlöndum. Hverjum manni sé ljóst að þessi spjallvef-
ur sé ætlaður Íslendingum, enda sé hann á íslensku. Þá þurfi ekki að skoða vefinn lengi til að sjá að
hann fjalli fyrst og fremst um það sem efst sé á baugi í íslensku þjóðlífi.

Auk framangreinds segir m.a. að því sé vísað á bug að ekki hafi þurft að fara eftir þeim reglum
sem gildi um meðferð upplýsinga úr þjóðskrá vegna þess að hún hafi verið opin almenningi á Net-
inu. Aðgangur að þjóðskrá sé eitt og dreifing efnis úr henni annað. Í ljósi þess eigi ekki að taka tillit
til þess að skráin sé ekki jafnaðgengileg og áður var.

Með bréfi, dags. 19. október 2004, var S boðið að tjá sig um sjónarmið G. Frestur til þess var
veittur til 3. nóvember 2004. Svar hefur ekki borist.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með
valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37.
gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar,
þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1.
tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónu-
upplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum
við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð,
sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að í því að birta
umræddar þjóðskrárupplýsingar um G á heimasíðunni X fólst vinnsla persónuupplýsinga í framan-
greindum skilningi. Samkvæmt því fellur mál þetta undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

Auk þess sem mál þarf að falla undir efnislegt gildissvið þeirra laga, svo að það eigi undir valdsvið
Persónuverndar, verður það einnig að falla undir landfræðilegt gildissvið laganna. Í 6. gr. þeirra er hið
landfræðlega gildissvið skilgreint. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar gilda lögín m.a. um vinnslu per-
sónuupplýsinga á vegum þess sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsing-
anna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða
í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum. Sú vinnsla, sem hér um ræðir,
fer fram innan Evrópska efnahagssvæðisins að því marki að heimasíðunni X, þar sem upplýsingarnar
eru birtar, er stýrt af hérlandum einstaklingi, þ.e. S. Er ljóst að atbeini hans er nauðsynlegur til við-
halds síðunnar og að ef ekki væri fyrir athafnir hans, s.s. uppsetningu heimasíðunnar, væri ekki unnt
að færa inn á hana persónuupplýsingar. Þar sem S hefur staðfestu hér á landi, þ.e. hann hefur hér
lögheimili, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1990 um það efni, fellur mál þetta því undir landfræðilegt
gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmæti vinnslunnar

Þær skyldur, sem lög nr. 77/2000 fela í sér, hvíla á ábyrgðaraðila að vinnslu slíkra upplýsinga, þ.e.
þeim „sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við
vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna“, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Það hvort S geti talist bera
ábyrgð á birtingu nafns, kennitölu og heimilisfangs G á vefsíðunni X fer því eftir því hver sé ábyrgð-
araðili að þeirra vinnslu í framangreindum skilningi.

Ljóst er að S getur ekki borið ábyrgð á þeirri ákvörðun annars manns, sem ekki kaus að nafn-

greina sig, að færa umræddar upplýsingar inn og er þar af leiðandi ekki ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu. Persónuvernd telur hins vegar öðru máli gegna um þá ákvörðun að láta þessar upplýsingar standa á vefsíðunni. S getur sem vefstjóri tekið þær út. Kjósi hann að gera það ekki tekur hann um leið ákvörðun þess efnis sem getið er í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af því leiðir að hann er ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu að hafa umræddar upplýsingar aðgengilegar á vefsíðunni X.

Hvað varðar birtingu á nafni G á þessari vefsíðu verður að líta til þess að upplýsingar um nöfn manna verður að telja mjög almenns eðlis. Þá verður, hvað varðar birtingu heimilisfangs hans á vefsíðunni, að líta til þess að það er einnig birt í símaskránni og að ekki hefur komið fram að hann sé andvígur þeirri birtingu. Í ljósi grundvallarreglu 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, er því ekki unnt að fullyrða að birting nafns G og heimilisfangs samrýmist ekki kröfum laga nr. 77/2000.

Við mat á því hvort birting kennitölu G samrýmist þessu ákvæði verður hins vegar að líta til 10. gr. laga nr. 77/2000 þar sem kveðið er á um að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Í því tilvik, sem hér um ræðir, verður að ætla að heimilisfang hafi dugað til öruggrar persónugreiningar, enda aðeins um þrjá einstaklinga að ræða sem búa hver á sínum stað.

Samkvæmt þessu er niðurstaða Persónuverndar sú að birting kennitölu G á vefsíðunni X samrýmist ekki kröfum 10. gr. laga nr. 77/2000. Í seinni hluta þeirrar greinar er Persónuvernd heimilað að banna notkun kennitölu. Með vísan til þess er hér með lagt fyrir vefstjóra X, S, að taka kennitölu G út af vefnum.

Úrskurðarorð:

S, vefstjóri vefsvæðisins X, skal taka kennitölu G, þ.e. málshefjanda í máli þessu, út af vefsvæðinu.

4.15. Bréf af tilefni sjúkragagna á víðavangi

Hinn 20. desember 2004 gaf Persónuvernd út svohljóðandi skjal í máli nr. 2004/443:

Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta vegna fréttu af því að sjúkragögn hafi fundist á víðavangi eftir að þér tókuð þau með yður heim úr vinnu. Kemur fram í fréttinni að þér hafið geymt skýrslurnar í jakkavasa og þær dottið úr vasanum.

Með bréfi, dags. 4. október 2004, óskaði Persónuvernd skýringa yðar og svöruðuð þér með bréfi, dags. 8. s.m. Þar segir að um hafi verið að ræða fimm dagnótur af stofu yðar í X með nöfnum á sjúklingum sem þér ætluðuð að taka til aðgerðar, þ.e. [„], á Y. Þér hafið tekið nótturnar með yður þegar þér hjóluðuð heim til yðar og hafi þær þá fokið úr vasa á bakinu á hjólaskyrtu yðar.

Með bréfi til yðar, dags. 30. nóvember 2004, reifaði Persónuvernd þær reglur sem gilda um meðferð sjúkraskráa. Sagði þar, með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 10. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sbr. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, að telja mætti þær reglur, sem gilda um meðferð sjúkraskráa, eiga við um þessar dagnótur. Þá kom fram að Persónuvernd teldi þá meðferð yðar á gögnunum að flytja þau af starfsstöð yðar í jakkavasa orka tvímælis í ljósi 1. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 þar sem er að finna reglur um öryggi sjúkraskráa.

Í bréfi Persónuverndar var yður greint frá því að málið hefði verið sent landlækni og var hjálagað afrit af bréfi stofnunarinnar til hans, dags. 30. nóvember 2004. Fram kom í því bréfi að málið væri sent honum í ljósi þess hlutverks hans að hafa eftirlit með heilbrigðisstétum, sbr. grein 3.1 í lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Í kjölfar þessa sendi landlæknir bréf til yðar, dags. 3. desember 2004, og barst Persónuvernd afrit af því. Í bréfinu vísaði landlæknir til þess að þér hefðuð tekið umrædd gögn með yður af stofu yðar í X þar sem þau hefðu verið nauðsynleg daginn eftir vegna aðgerða á Y. Þér hafið því þurft að færa gögnin á milli starfsstöðva yðar í þágu sjúklinga. Þér hafið tví-

mælalaut sjálfur gert yður grein fyrir að búa yrði betur um hnútana næst þegar flutnings yrði þörf. Að öðru leyti teldi Landlæknisembættið ekki ástæðu til neinna aðgerða í málinu af sinni hálfu.

Persónuvernd hefur enga afstöðu tekið til framangreindar meðferðar landlæknis á málinu. Það var hins vegar rætt á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 15. desember 2004. Taldi hún nauðsynlegt að benda yður á ákvæði 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að sá sem ábyrgð ber á vinnslu persónuupplýsinga skuli *gera við-eigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi*. Þá er í 2. mgr. kveðið á um að beita skuli *ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra*.

Ljóst er að í ákveðnum tilvikum er nauðsynlegt að flytja sjúkraskrárgögn milli einstakra starfsstöðva svo að unnt sé að nota þau við veitingu læknismeðferðar. Þegar það er gert er hins vegar brýnt að sendingarmátinn sé öruggur. Í því tilviki, sem hér um ræðir, var þeim kröfum, sem gera verður til öryggis gagna í flutningi, ekki fullnægt. Svo viðkvæm gögn, sem hér um ræðir, er mjög varasamt að flytja á milli staða í opnum skyrtuvasa, enda er ljóst að með því skapast hætta á að þau eyðileggist, s.s. vegna vætu; að þau glatist; og að óviðkomandi fái aðgang að þeim. Séu gögnin flutt á heimili heilbrigðisstarfsmanns og geymd þar fram að næsta vinnudegi, þegar fara á með þau á aðra starfsstöð, skapast og hætta á að fjölskylda hans og vinir eða ættingjar, sem kunna að koma á heimilið, sjái gögnin.

Til að girða fyrir þessar hættur er nauðsynlegt að sjúkraskrárgögn séu geymd í læstri tösku, sem enginn getur opnað nema réttmætur vörsluaðili gagnanna, eða á annan sambærilegan hátt. Þegar farið er með sjúkraskrárgögn milli staða á reiðhjóli er og nauðsynlegt að þannig sé gengið frá tösku, sem gögn eru geymd í, að ekki sé hætta á að hún glatist. Séu sjálfsgöð öryggisráðstafanir á borð við þessar ekki viðhafðar er brotið gegn framangreindum reglum 11. gr. laga nr. 77/2000 um upplýsingaöryggi.

Að lokum skal tekið fram að Persónuvernd lítur umrætt atvik alvarlegum augum og brýnir fyrir yður að viðhafa eftirlíðis tryggjar aðferðir við flutning svo viðkvæmra gagna, sem hér um ræðir, milli staða.



5. Erlent samstarf

5.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

1. Fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Danmörku 9.–11. júní. Fundurinn var sóttur af forstjóra og Birni Geirssyni lögfræðingi. Nánari umfjöllun um fundinn er hér að neðan í kafla 5.6.1.
2. Fundur starfsmanna hjá persónuverndarstofnunum á Norðurlöndunum var haldinn í Reykjavík 29. og 30. apríl. Fundinum stýrði Elsa Þorkeldsdóttir lögfræðingur. Af hálfu Persónuverndar sóttu fundinn enn fremur Þórður Sveinsson, Margrét Steinarsdóttir og Björn Geirsson lögfræðingar. Nánari umfjöllun um fundinn er hér að neðan í kafla 5.6.2.
3. Fundur varðandi samnorrænar úttektir var haldinn í Osló í Noregi 14. september. Fundinn sótti Þórður Sveinsson lögfræðingur. Annar fundur varðandi samnorrænar úttektir var haldinn í Kaupmannahöfn í Danmörku 24. maí. Fundurinn var sóttur af Þórði Sveinssyni og Elsu Þorkerlsdóttur lögfræðingum.
4. Hátiðarráðstefna í tilefni af 25 ára afmæli persónuverndarlöggjafarinnar í Danmörku var haldin 5. febrúar. Ráðstefnan var ekki sótt.

5.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

1. Ráðstefna um rafræna stjórnýslu var haldin í Noordwijk aan Zee í Hollandi 1.–3. mars 2004 á vegum fyrirtækisins Marcus Evans. Ráðstefnuna sótti Þórður Sveinsson lögfræðingur. Nánari umfjöllun um ráðstefnuna er hér að neðan í kafla 5.6.3.
2. 9. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í Stokkhólmi í Svíþjóð 11. og 12. mars. Fundinn sótti Elsa Þorkeldsdóttir lögfræðingur. 10. fundur var haldinn í Prag 4. og 5. nóvember. Fundinn sótti Þórður Sveinsson lögfræðingur. Nánari umfjöllun um fundina er hér að neðan í kafla 5.6.4.
3. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt sex fundi á árinu. Fundur, sem haldinn var 29. janúar, var ekki sóttur. Fundur, sem haldinn var 10. og 11. febrúar, var sóttur af Þórði Sveinssyni og Birni Geirssyni lögfræðingum. Einnig sótti Björn Geirsson fund sem haldinn var 29. og 30. september. Fundur, sem haldinn var 21. og 22. júní, var sóttur af forstjóra. Fundir, sem haldnir voru 17. og 18. mars, 29. og 30. september og 25. og 26. nóvember, voru ekki sóttir. Nánari umfjöllun um starf vinnuhópsins á árinu er hér að neðan í kafla 5.6.5.
4. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB og Bandaríkinu héldu fund, er fjallaði um flutning persónuupplýsinga um flugfarþega til Bandaríkjana, í Róm 16. júlí. Fundurinn var ekki sóttur.
5. Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Rotterdam í Hollandi 21.–23. apríl. Fundurinn var sóttur af forstjóra og Birni Geirssyni lögfræðingi. Nánari umfjöllun um fundinn er hér að neðan í kafla 5.6.6.
6. Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fimm fundi á árinu. Fundur, sem haldinn var 24. júní, var sóttur af forstjóra. Fundur, sem haldinn var 28. september, var sóttur af Birni Geirs-

syni lögfræðingi. Fundir, sem haldnir voru 5. mars, 7. maí og 21. desember, voru ekki sóttir. Nánari umfjöllun um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar er hér að neðan í kafla 5.6.7.

9. Hátiðarráðstefna í telfni þess að 25 ár væru liðin frá því að persónuupplýsingastofnun hóf störf í Berlín var haldin í þeirri borg 4. nóvember. Ráðstefnan var ekki sótt.

5.3. Alþjóðlegt samstarf persónuverndarstofnana

26. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Wrocław í Póllandi 13.–16. september. Ráðstefnan var sótt af forstjóra. Nánari umfjöllun um ráðstefnuna er hér að neðan í kafla 5.6.8.

5.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt fund í Strassborg 28.–30. júní. Fundinn sótti forstjóri. Þá hélt Evrópuráðið ráðstefnu um upplýsingarétt hins skráða í Prag 14. og 15. október. Ráðstefnuna sótti Björn Geirsson lögfræðingur. Nánari umfjöllun um fundinn og ráðstefnuna er hér að neðan í kafla 5.6.9.

5.5. Erlent samstarf vegna ýmissa sérverkefna eða einstakra mála

1. Fundur um erfðaeftirlitagnagrunna, friðhelgi einkalífs og upplýsingaöryggi var haldinn í Tókýó í Japan 26. og 27. febrúar. Fundinn sótti forstjóri. Nánari umfjöllun um fundinn er hér að neðan í kafla 5.6.10.
2. 35. fundur vinnuhóps um persónuvernd í fjarskiptum var haldinn í Buenos Aires í Argentínu 14. og 15. apríl. Þá var 36. fundur þessa vinnuhóps haldinn í Berlín 18. og 19. nóvember. Fundirnir voru ekki sóttir.
3. Persónuvernd var boðið að sitja fund er fjallaði um aðgerðir gegn ruslpósti (spamming) og var haldinn í Brussel 4. febrúar. Bandaríska viðskiptastofnunin (U.S. Federal Trade Commission) tók einnig þátt í fundinum. Fundurinn var ekki sóttur.
4. Að tilstuðlan framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins var 2. fundurinn um aðgerðir gegn ruslpósti (spamming) haldinn í Brussel 17. mars. Þá var 3. fundurinn um aðgerðir gegn ruslpósti haldinn í Brussel 23. júní og 4. fundurinn í sömu borg 9. nóvember. Vegna anna voru fundirnir ekki sóttir.
5. Ráðstefna um erfðaeftirlitpróf og afleiðingar þeirra var haldin í Brussel 6. og 7. maí. Ráðstefnan var ekki sótt.
6. Fundur um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn fjárvikum var haldinn í Brussel 21. apríl. Fundurinn var ekki sóttur.
7. Fundur um samvinnu tölvusérfræðinga frá persónuverndarstofnunum í ríkjum ESB og EES, sem og stofnunum þessara alþjóðasamtaka, sem hafa vernd persónuupplýsinga með höndum, var haldinn í París 18. júní. Fundurinn var ekki sóttur.
8. Ráðstefna um upplýsingakerfi á vegum Evrópusambandsins og vernd persónuupplýsinga undir þriðju stoð þess var haldin í Trier 3. og 4. júní. Ráðstefnan var ekki sótt.
9. 1. ráðstefna sjálfstæðra persónuverndarstofnana var haldin í Madrid á Spáni 2. nóvember. Ráðstefnan var ekki sótt.

5.6. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan

5.6.1. Um fund forstjóra norrænna Persónuverndarstofnana

Fundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana var haldinn á Mön í Danmörku 10. og 11. júní. Fundinn sóttu af hálfu Íslands forstjóri og formaður stjórnar. Rætt var á fundinum um merkustu

viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur forstjóra var haldinn 2003; norræna samvinnu á alþjóðavettvangi; valdheimildir persónuverndarstofnana, m.a. í tengslum við úttektir; réttinn til að ferðast nafnlaust; og birtingu stjórnvalda á persónuupplýsingum á heimasíðum sínum.

5.6.2. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Reykjavík 5.–7. maí 2003. Fundinn sóttu f.h. Persónuverndar lögfræðingarnir Elsa S. Þorkelsdóttir, sem jafnframt stýrði fundinum, Þórður Sveinsson, Margrét Steinarsdóttir og Björn Geirsson. Rætt var á fundinum um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2003; rafrænar sjúkraskrár; samnýtingu opinberra stofnana á persónuupplýsingum, t.d. með sameiginlegum gagnagrunnum og samkeyrslu; sambandið milli persónuupplýsingalaga og upplýsinga-, stjórnsýslu- og þjóðskjalasafnslaga; samnorrænar úttektir (sjá einnig kafla 3.1 og 3.2.3.1–3.2.3.3); birtingu persónuupplýsinga á Netinu í ljósi dóms Evrópudómstólsins þar að lútandi frá 6. nóvember 2003 (Lindqvist gegn Svíþjóð); hversu viðtækt samþykki mætti vera áður en það teldist ógilt; réttinn til að ferðast nafnlaust; notkun lífkenna til að persónugreina fólk; og þátttöku norrænu persónuverndarstofnananna í evrópskum starfsmannafundum og hvort taka ætti þar upp mál sem þær hefðu sameiginlega sýn á.

5.6.3. Um ráðstefnu um rafræna stjórnsýslu

Ráðstefna um rafræna stjórnsýslu var haldin í Noordwijk aan Zee í Hollandi 1.–3. mars 2004 á vegum fyrirtækisins Marcus Evans. Ráðstefnuna sótti f.h. Persónuverndar Þórður Sveinsson lögfræðingur. Fjallað var um ýmis efni varðandi rafræna stjórnsýslu á ráðstefnunni, sem og notkun upplýsingatækni á fleiri sviðum, s.s. í heilbrigðiskerfinu og hvort ráðlegt sé að veita sjúklingum aðgang að sjúkraskrárum sínum á Netinu, auk leiða til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í netviðskiptum. Meðal þess sem helst bar á góma um rafræna stjórnsýslu voru snjallkort til að nálgast opinbera þjónustu rafrænt sem fyrirhugað er að fá ESB-borgurum í hendur, en slík kort innihalda upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að korthafi sé sá sem hann segist vera, t.d. rafræna undirskrift. Rætt var um notkun sambærilegra korta að öðru leyti, þ.e. hjá ríki og sveitarfélögum sem fá borgurunum þau í hendur til að fá staðfestingu á hverjir þeir séu við notkun ýmiss konar þjónustu, stundum með manngreiniupplýsingum sem skráðar eru í kortin (s.s. fingraför eða augnmynstur). Einnig var vikið að því hvernig borgararnir geta átt samskipti við stjórnvöld á Netinu, oft með notkun notandanafna og lykilorða og, eftir atvikum, rafrænna undirskrifa, s.s. þegar þeir sækja um leyfi og greiða reikninga. Þá var mikið rætt um þá leið, sem sums staðar hefur verið farin í rafrænni stjórnsýslu, að í stað þess að skráning persónuupplýsinga um borgarana dreifist á milli opinberra stofnana sé komið á miðlægum gagnagrunnum sem séu samnýttir af mörgum opinberum stofnunum. Ljóst er að það getur vakið upp mörg álitamál í tengslum við reglur um meðferð persónuupplýsinga.

5.6.4. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana

9. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í Stokkhólmi í Svíþjóð 11. og 12. mars. Fundinn sótti Elsa Þorkelsdóttir lögfræðingur.

Á fundinum var rætt um hvernig auka mætti meðvitund einstaklinga um hvernig unnið er með persónuupplýsingar og vernd þeirra, úttektir á vinnslu persónuupplýsinga, rafræna stjórnsýslu (sjá umfjöllun í kafla 5.6.3) og tillögur um að einfalda sænsku persónuupplýsingalögin. Þá var mikið rætt um manngreiniupplýsingar (s.s. fingraför, augnmynstur og upplýsingar um höfuðlag eða handarlag). Var fjallað um dæmi um notkun slíkra upplýsinga í einstökum ríkjum, s.s. notkun augnskanna í breskum hraðbönkum og hjá British Airways; notkun raddgreiningartækja, sem byrjað er að nota hjá hinum breska Lloyds-banka; notkun farþegakorta með fingraförum hjá dönsku, ríkisreknu ferjufyrirtæki; hugmyndir finnskra félagsmálayfirvalda um notkun fingrafara til auðkenningar þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til að greiða lyf; notkun augnskanna á þýskum, hollenskum og breskum

flugvöllum; hugmyndir um notkun manngreiniupplýsinga til að koma í veg fyrir að óeirðaseggir komist á fótboltaleiki; og notkun fingrafara til auðkenningar á börnum í skólámötuneytum. Þá var meðal annars rætt að í Bretlandi hefur verið komið upp gagnagrunnum með augnmynstri þeirra sem grunaðir hafa verið um búðarþjófnað. Við innganga að sumum verslunarmiðstöðvum eru augnskannar og sé um að ræða grunaðan einstakling – sekt þarf ekki að hafa verið staðfest með dómi – er honum meinaður aðgangur.

10. fundur umrædds vinnuhóps var haldinn í Prag 4. og 5. nóvember. Fundinn sótti Þórður Sveinsson lögfræðingur.

Á fundinum var rætt um vinnslu persónuupplýsinga hjá fjarskiptafyrirtækjum, einkum varðveislu upplýsinga um fjarskiptaumferð og hvort og þá hversu lengi ætti að varðveita þær í þágu löggæslumarkmiða. Í þessu sambandi var m.a. einnig rætt um notkun staðsetningarbúnaðar í farsímum til að gera notendum kleift að finna aðra notendur. Auk þessa var kynnt samnorræna úttektin á meðferð persónuupplýsinga um umsækjendur um störf (sjá kafla 3.1 og 3.2.3.1–3.2.3.3). Þá var m.a. rætt um vöktun á vinnustöðum, einkum myndavélavöktun og vöktun með tölvupóst- og netnotkun; vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu, þ. á m. notkun norsku lögreglunnar á búnaði til að fylgjast með tölvunotkun, s.s. með því að hlera tölvuinnslátt; hvernig framfylgt væri þeim lögum sem sett væru á grundvelli persónuverndartilskipunarinnar, nr. 95/46/EB; vinnslu persónuupplýsinga hjá bönkum; og friðhelgi einkalífs og fjölmiðla, sem og birtingu persónuupplýsinga á Netinu.

5.6.5. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum að tilskipuninni. Ísland sendir áheyrnarfulltrúa á fundi hópsins, en þeir eru haldnir í Brussel. Á árinu 2004 voru haldnir sex fundir: 43. fundur, 29. janúar; 44. fundur, 10. og 11. febrúar; 45. fundur, 17. og 18. mars; 46. fundur, 21. og 22. júní; 47. fundur, 29. og 30. september; og 48. fundur, 25. og 26. nóvember. Persónuvernd sendi fulltrúa á 44., 46. og 47. fund. Vegna anna stofnunarinnar reyndist hins vegar ekki unnt að senda fulltrúa á 43., 45. og 48. fund.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópu-sambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru síðan samþykkt, með einföldum meiri-hluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja Evrópusambandsins og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2004 (og finna má á vefslóðinni http://europa.eu.int/comm/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2004_en.htm), eru sem hér segir (en auk þess voru samþykkt ýmis önnur skjöl sem finna má á vefslóðinni, þ. á m. ársskýrsla fyrir árin 2002 og 2003 um vernd persónuupplýsinga í ríkjum ESB og öðrum ríkjum og yfirlýsing gefin út 17. mars 2004 þar sem fórnarlömbum hryðjuverkanna í Madrid hinn 11. mars er vottuð samúð og spænsku þjóðinni syndur samhugur):

Álit nr. 1/2004 um það verndarstig sem Ástralía tryggir vegna miðlunar farþegaupplýsinga frá flugfélögum. – Þetta álit var gefið út hinn 16. janúar af tilefni krafna Ástralíu, með vísan til þarlendra laga, um upplýsingar um flugfarþega, og hefur að geyma mat vinnuhópsins á því hvort upplýsingunum sé veitt fullnægjandi vernd. Í álitinu er vinnslu í Ástralíu á upplýsingunum lýst. Kemur þannig fram í álitinu hver tilgangur vinnslunnar er, þ.e. að berjast gegn hryðjuverkum og skyldum glæpum. Þá kemur fram hvernig vinnslan fer fram og hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar. Sérstakur hug-

búnaður er notaður til að komast að því hvaða farþegar eru grunsamlegir og eru þá 95–97% upplýsinganna siðar burt. Upplýsingar um þau 3–5% farþeganna, sem þá eru eftir, eru skoðaðar af tollverði sem siar þá meirihluta þeirra út þannig að upplýsingar um aðeins 0,05–0,1% verða eftir. Upplýsingar um aðra farþega en þessa eru ekki varðveittar og komi í ljós að síðastnefndu farþegarnir hafi ekki framið brot gegn áströlsku landamæralöggjöfinni er upplýsingum um þá einnig eytt. Tekið er fram í álitinu að stefnan um að varðveita upplýsingar feli í sér mikilvægan skilsmun á vinnslu persónuupplýsinga um flugfarþega í Ástralíu annars vegar og í Bandaríkjunum hins vegar (sjá bls. 89 og 90 í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2002 og bls. 143–145 í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2003 varðandi vinnslu þessara upplýsinga í Bandaríkjunum).

Fram kemur að framangreindur hugbúnaður, sem notaður er til að skoða upplýsingar, kannar 18 flokka af farþegaupplýsingum og í engum þeirra eru viðkvæmar persónuupplýsingar. Heildarskráning um þau 0,05–0,1% farþega, sem taldir eru grunsamlegir, þ. á m. viðkvæmar persónuupplýsingar, er þó skoðuð. Aðgangur að þessum upplýsingum er veittur af flugfélögunum og er eingöngu svonefndur lesaðgangur, þ.e. þeir starfsmenn, sem fá aðgang, eiga ekki kost á að breyta upplýsingum. Aðeins er hér um takmarkaðan fjölda af tollvörðum að ræða. Þeir afhenda upplýsingar út fyrir starfsstöðvar sínar í eftirfarandi tilfellum einvörðungu: (a) þegar dómstóll krefst þeirra á grundvelli úrskurðar þar að lútandi og (b) þegar lögregla þarf á þeim að halda vegna rannsóknar brota; eru þá allar farþegaupplýsingar ekki afhentar heldur aðeins þær sem útskýra ástæðu fyrir handtöku, auk þess sem upplýsingar um kreditkorta- og símanúmer eru aðeins afhentar sé fenginn dómsúrskurður.

Í ljósi framangreinds, sem og þess sem fram kemur um upplýsingaöryggi, rétt farþega til upplýsinga um vinnsluna og þess hvernig því yrði framfylgt að farið yrði að reglum sem um hana giltu, taldi vinnuhópurinn upplýsingunum vera veitt fullnægjandi vernd í Ástralíu, enda yrði unnið áfram að endurskoðun á ákvæði í áströlsku persónuupplýsingalögunum sem takmarkar rétt útlendinga til að fá mál um leiðréttingu persónuupplýsinga tekin til meðferðar hjá þarlendri persónuverndarstofnun.

Álit nr. 2/2004 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í farþegaskýrslum (e. PNR: Passenger Name Record) farþega sem ætlunin er að miðla til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins. – Þetta álit var gefið út hinn 29. janúar í aðdraganda ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um hvort upplýsingum um flugfarþega, sem Bandaríkin hafa farið fram á að flugfélög miðli til þarlands tolla- og landamæraeftirlits í því skyni að berjast gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum, alþjóðlegum glæpum, væri þar veitt fullnægjandi vernd (sjá einnig umfjöllun um álit nr. 6/2004 og 8/2004, bls. 89 og 90 í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2002 og bls. 143–145 í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2003). Hinn 14. maí 2004 komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að svo væri og er miðlun umræddra upplýsinga þangað því heimil, sbr. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB. Var gerður samningur við Bandaríkin um miðlun upplýsinganna í samræmi við þessa ákvörðun hinn 28. maí 2004.

Tekið er fram í álitinu að baráttan gegn hryðjuverkum sé nauðsynlegur þáttur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Í baráttunni gegn þeim verði hins vegar einnig að virða grundvallarréttindi og frelsi fólks, þ. á m. réttinn til friðhelgi einkalífs og verndar persónuupplýsinga. Ekki hafi verið sýnt fram á að það leiði til meiri árangurs í baráttunni gegn hryðjuverkum að virða þessi réttindi ekki með tilhlýðilegum hætti. Þá hafi önnur ríki, t.d. Ástralía, sýnt að ná megi fram hagsmunum af baráttu gegn hryðjuverkum með kerfum sem samrýmist grundvallarreglum um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga.

Fram kemur að svo að vernd persónuupplýsinga geti talist fullnægjandi verði tölvukerfið CAPPS II að falla utan samkomulags við Bandaríkin um miðlun upplýsinganna þannig að þær verði ekki settar þær í það kerfi, þ. á m. til prófunar þess. Tilgangurinn með þessu tölvukerfi er að meta hvort hætta fyrir flugöryggi – og þá hversu mikil hætta – stafi af farþegum með því að samkeyra upplýsingar um þá við leyniþjónustuupplýsingar. Farþegaupplýsingum á að eyða úr kerfinu skömmu eftir

samkeyrsluna. Í skjali frá Bandaríkjunum um það hvernig upplýsingarnar verða verndaðar, en það lá til grundvallar framangreindri ákvörðun frá 14. maí 2004, kemur fram að þær verða notaðar við prófun þessa kerfis. Er því ljóst að umrædd tilmæli vinnuhópsins hafa ekki borið árangur.

Samkvæmt álitinu verður að vera tryggt að hinir skráðu öðlist réttindi í tengslum við vinnslu umræddra upplýsinga. Í drögum að framangreindu skjali Bandaríkjanna um vernd upplýsinganna sagði að þær veittu engum lagalegan rétt. Samkvæmt þessu taldi vinnuhópurinn kröfum til verndar persónuupplýsinga ekki vera fullnægt að þessu leyti, en skjalinu var ekki breytt til samræmis við þá afstöðu.

Vinnuhópurinn taldi einnig að tilgangur vinnslunnar, eins og honum var lýst í drögum að skjali Bandaríkjanna, væri of víður, þ.e. vegna þess að upplýsingarnar ætti ekki aðeins að nota til að berjast gegn hryðjuverkum heldur einnig öðrum alvarlegum, alþjóðlegum glæpum. Þegar ákvörðunin 14. maí 2004 var tekin hafði skilgreiningin á tilgangi vinnslunnar ekki verið þrengd frá þessu.

Þeir flokkar upplýsinga, sem Bandaríkin fara fram á, 34 að tölu, eru sagðir of margir. Þeir fjórir upplýsingaflokkar, sem ekki sé lengur farið fram á, séu raunar meðal þeirra sem telja verði þess eðlis að álíta megí að Bandaríkin hafa þörf fyrir þá. Raunar sé enn gert ráð fyrir að þeir 20 upplýsingaflokkar, sem telji verði ónaúðsynlega, séu fengnir bandarískum stjórnvöldum. Þá sé enn fyrirhugað að þeim verði miðlað viðkvæmum persónuupplýsingum (s.s. um trúarlegar máltíðir), en nú sé þó gert ráð fyrir að þær verði ekki notaðar og þeim því eytt. Þetta sé hins vegar ekki fullnægjandi og rétt sé að þær verði ekki afhentar. Þau tilmæli vinnuhópsins, sem hér hafa verið rakin, um þá upplýsingaflokka, sem hann telur eðlilegt að sé miðlað, og um viðkvæmar persónuupplýsingar báru ekki árangur.

Í drögum að umræddu skjali Bandaríkjanna kom fram að upplýsinga, sem tengdust farþegaupplýsingum, s.s. upplýsinga um úttektir skráðar á tiltekið kreditkortanúmer eða tölvupóstsamskipti, sem tengjast tilteknu netfangi, mætti afla með dómsúrskurði eða lagaheimild til að berjast gegn hryðjuverkum eða framfylgja lögum að öðru leyti. Vinnuhópurinn taldi of langt gengið með því að heimila þetta í síðarnefnda tilganginum. Þá leit hann svo á að aðgangur að umræddum upplýsingum ætti aðeins að geta farið fram í samræmi við málsmeðferð sem mælt væri fyrir um í alþjóðlegum réttarheimildum. Drögum var ekki breytt til samræmis við þetta álit vinnuhópsins.

Varðveita á umræddar upplýsingar í þrjú og hálf t. á, auk þess sem þær upplýsingar, sem flett er upp, eru varðveittar í átta ár til viðbótar. Vinnuhópurinn taldi þetta of langan varðveislutíma og leit svo á að upplýsingarnar ætti í mesta lagi að varðveita í nokkrar vikur eða mánuði. Báru þau tilmæli ekki árangur.

Fram kemur í álitinu að vinnuhópurinn telur þá aðferð ekki fullnægjandi við upplýsingamiðlunina að bandarísk stjórnvöld sækja upplýsingarnar úr gagnagrunnum flugfélaga. Þess í stað eigi félögin sjálf að senda upplýsingarnar. Í skjali Bandaríkjanna, eins og það lítur út í sinni endanlegu mynd, hefur verið komið til móts við þetta. Kemur þar fram að þarlent tolla- og landamæraeftirlit mun aðeins sækja upplýsingarnar þar til flugfélögin hafa komið sér upp kerfi til að miðla þeim sjálf.

Gagnrýnt er í álitinu að upplýsingar eigi að berast 72 tímum fyrir brottför og að þær eigi að mega uppfæra þrisvar sinnum. Taldi vinnuhópurinn að þær ættu ekki að berast fyrr en 48 tímar væru til brottfarar og að þær ættu aðeins að mega uppfærast einu sinni. Ekki hefur verið orðið við þessu.

Annað, sem gagnrýnt er í álitinu, er að ekki liggja fyrir tæmandi listi yfir þau stjórnvöld sem heimilt á að vera að miðla upplýsingum til frá tolla- og landamæraeftirlitinu. Slikur listi hefur ekki verið gerður. Auk þess hefur ekki verið orðið við gagnrýni vinnuhópsins um að sá tilgangur með miðlun frá tolla- og landamæraeftirlitinu til annarra stjórnvalda, sem til greina kemur samkvæmt skjali Bandaríkjanna, sé of víður. Segir sem fyrr í hinni endanlegu gerð skjalsins að slík miðlun sé heimil í þágu baráttu gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum afbrotum, en það sem vinnuhópurinn er ósáttur við er að ekki er afmarkað hver þessi önnur alvarlegu afbrot eru.

Í álti sínu leggur vinnuhópurinn áherslu á að hinir skráðu fái skýra fræðslu um umrædda vinnslu, að þeir hafi aðgang að upplýsingum um vinnsluna, að þeir eigi kost á leiðréttingu upplýs-

inga og að þeir eigi kost á bótum vegna tjóns sem hljótast kann af vinnslunni. Í þessu sambandi lítur vinnuhópurinn það alvarlegum augum að skjal Bandaríkjanna veitir engum, eins og fyrr greinir, lagalegan rétt.

Því er fagnað í álitinu að inn í skjal Bandaríkjanna hafi verið fært ákvæði um að árlega skuli fara fram innri úttekt á því hvernig unnið er með upplýsingar um flugfarþega sem miðlað hefur verið til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins. Úttektin verði unnin í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins og fari fram oftar en árlega náist um það samkomulag.

Í álitinu bendir vinnuhópurinn á að oftar en einu sinni hefur orðið að stöðva flug frá Evrópu til Bandaríkjanna á síðustu stundu vegna óáreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga um flugfarþega (en fram að útgáfu ákvörðunarinnar frá 14. maí 2004 byggðist miðlunin á bráðabirgðasamkomulagi frá 18. mars 2003). Hefur ástæðan fyrir stöðvuninni þá verið sú að einhver farþegi hefur, við samanburð farþegalista við lista yfir þekktu hryðjuverkamenn, ranglega verið talinn einn slíkur.

Í ljósi þess sem að ofan greinir komst vinnuhópurinn að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að upplýsingum um flugfarþega, sem fyrirhugað væri að miðla frá flugfélögum til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins, væri ekki veitt fullnægjandi vernd miðað við þau gögn sem lægju fyrir.

Álit nr. 3/2004 um það verndarstig sem Kanada tryggir vegna miðlunar farþegaupplýsinga frá flugfélögum. – Þetta álit var gefið út hinn 11. febrúar af tilefni krafna Kanada, með vísan til þarlendra laga, um upplýsingar um flugfarþega. Í álitinu er vinnslu í Kanada á upplýsingunum lýst. Kemur þannig fram í álitinu hver tilgangur vinnslunnar er, þ.e. að persónugreina einstaklinga sem eru líklegir til að flytja inn vörur, sem óheimilt er að flytja inn; aðeins er heimilt að hafa með sér inn í landið að fullnægðum ströngum skilyrðum; eða geta skaðað einstaklinga, umhverfið eða þjóðaröryggi og landvarnir Kanada. Taldi vinnuhópurinn þennan tilgang of rúman og að aðeins baráttan gegn hryðjuverkum gæti réttlætt umrædda vinnslu. Er í því sambandi vísað til álits nr. 4/2004 varðandi flutning farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna þar sem tekið er fram að of langt sé gengið við skilgreiningu á tilganginum með vinnslu slíkra upplýsinga sé hann ekki aðeins látinn ná til hryðjuverka heldur einnig annarra ótilgreindra, alvarlegra afbrota (sjá bls. 144 í ársskýrslu fyrir árið 2003). Einnig er vísað til þess sem fram kemur í áliti nr. 4/2004 um að ef vinnslan eigi að ná til annarra brota en hryðjuverka verði þau brot að tengjast hryðjuverkum beint, auk þess sem þau verði að vera talin upp með tæmandi hætti.

Vinnuhópurinn taldi of langt gengið með því að þau kanadíska yfirvöld, sem fá eiga upplýsingarnar í hendur, þ.e. tollaeftirlitið (CCRA: Canada Customs and Revenue Agency) og landamæraeftirlitið (CIC: Citizenship Immigration Canada Agency), öfluðu 38 flokka af farþegaupplýsingum, enda yrdi aðeins talið að þau hefðu þörf fyrir 17 þeirra. Auk þess taldi vinnuhópurinn varðveislutíma upplýsinganna of langan. Fram kemur í áliti hans að samkvæmt kanadískum lögum á varðveisla upplýsinganna að vera á þremur stigum. Hið fyrsta nær yfir fyrstu 72 klukkustundirnar frá komu farþega og hefur þá takmarkaður fjöldi landamæra- og tollvarða aðgang að þeim. Hið næsta nær til þess tíma þegar tvö ár eru liðin frá komu og eru upplýsingarnar þá ekki skráðar undir nöfnum en hins vegar til greiningarlykill sem aðeins starfsmenn leyniþjónustu hafa aðgang að við sérstakar aðstæður; nafnlausar upplýsingar má nota til útreiknings á áhættuþáttum sem lita verður til við mat á því hvort farþegi sé líklegur til að brjóta gegn tollalögum. Loks nær þriðja tímabilið til þess tíma þegar sex ár eru liðin frá komu og má þá aðeins nota greiningarlykil við mjög sérstakar aðstæður; nota má upplýsingarnar til útreiknings á framangreindum áhættuþáttum einnig á þessu tímabili. Við lok þess á að eyða þeim. Taldi vinnuhópurinn varðveislu á öðru og þriðja tímabilinu ganga of langt og vísaði í því sambandi til álits nr. 4/2004 um að í mesta lagi ætti að varðveita umræddar upplýsingar í vikur eða mánuði og þá aðeins til að berjast gegn hryðjuverkum og afbrotum sem tengjast þeim beint (sjá bls. 144 og 145 í ársskýrslu fyrir árið 2003).

Fram kemur að við miðlun upplýsinga út fyrir kanadíska tollaeftirlitið og kanadíska landamæraeftirlitið verður, samkvæmt kanadískri löggjöf, að meta hvort nægar ástæður séu fyrir hendi í hverju

einstöku tilviki og tryggja að miðlunin sé í samræmi við hinn upprunalega tilgang með öflun upplýsinganna. Þá megi aðeins miðla þeim upplýsingum sem séu án vafa nauðsynlegar og viðtakendur upplýsinga, t.d. önnur ríki, verði að veita þeim fullnægjandi vernd. Á fyrsta og öðru varðveislutímabilinu megi miðla upplýsingum til yfirvalda sem fari með tolla- og landamæraeftirlit á landamærum, auk þess sem miðla megi þeim til löggæsluyfirvalda sé lífi, heilsu eða öryggi einstaklings eða umhverfi Kanada eða annars ríkis ógnað; þá megi einnig miðla þeim til löggæsluyfirvalda. Annars þurfi ávallt dómsúrskurð. Á þriðja varðveislutímabilinu megi miðla upplýsingum til leyniþjónustu og varnarmálastofnana Kanada sé öryggi eða landvörnum ríkisins ógnað eða grunur leiki á líku. Í álitinu kemur fram að verði tiltekið frumvarp samþykkt sem lög verði auk þess almennt heimilt að miðla upplýsingunum til að framfylgja öryggis- og varnarhagsmunum, sem og í ákveðnum tilvikum sem tilgreind séu í kanadískri útlendingalöggjöf.

Vinnuhópurinn taldi það ekki skýrt í hvaða ákveðnu tilvikum miðla mætti upplýsingum út fyrir kanadíska tollaeftirlitið og kanadíska landamæraeftirlitið. Er í álitinu óskað nánari skýringa á þessu og tekið fram að það sé staðföst skoðun hans að slík miðlun geti aðeins réttlæst hafi hún þann tilgang að berjast gegn hryðjuverkum og fari fram í afmörkuðum tilvikum sem tengist slíkri baráttu beint. Sé upplýsingum miðlað til annars ríkis verði það að veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd, auk þess sem það fallist á skilyrði því til tryggingar að þeim sé veitt sama vernd og hjá kanadíska tollaeftirlitinu og kanadíska landamæraeftirlitinu.

Áhersla er á það lögð í álitinu að farþegar fái fræðslu um miðlun og aðra vinnslu umræddra persónuupplýsinga. Einnig er lögð á það áhersla að þeir verði að eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um vinnsluna, leiðréttingu óáreiðanlegra persónuupplýsinga og til að andmæla vinnslunni. Kemur fram að kanadísk lög veita þeim slíkan rétt að mörgu leyti. Hins vegar er óskað nánari upplýsinga um vissatriði í því sambandi.

Álit nr. 4/2004 um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við myndavélavöktun. – Í þessu álit, sem gefið var út hinn 11. febrúar, er þess getið að myndavélavöktun hafi færst í aukana. Þá er þess getið að tækniframþróun, sem felist í notkun stafrænna myndavéla í stað hliðrænna og minni myndavéla en áður, auk Netsins, hafi í för með sér frekari tækifæri til söfnunar myndefnis og hljóðupptakna í tengslum við slíka vöktun.

Myndavélavöktun hafi ýmiss konar tilgang og megi þar nefna vernd einstaklinga, gaslu eigna, almannahagsmuni, að afbrot séu upplýst eða fyrirbyggð, að tryggja að sönnun verði til staðar og að tryggja aðra lögmæta hagsmuni. Stundum sé myndavélavöktun lögskyld, s.s. vöktun í spilavítum í þeim tilgangi að hindra svindl, eða þjóni mjög mikilvægum hagsmunum, s.s. að hafa uppi á týndum börnum. Í öðrum tilvikum sé tilgangurinn með vöktun vafasamur, einkum í löndum utan ESB og EES, s.s. þegar vöktun fari fram til að girða fyrir tvíkvæni eða þegar lögregla geri opinberar myndir úr vöktunarmyndavélum í fangelsum til að sýna hið erfiða líf fanga sem ekki hafi játað brot sín.

Tekið er fram að þær meginreglur um myndavélavöktun, sem settar séu fram í álitinu, eigi við um söfnun myndefnis og, eftir atvikum, samhliða söfnun hljóðupptakna eða manngreiniupplýsinga, s.s. fingrafara. Einnig er tekið fram að meginreglurnar geti átt við um annars konar vöktun en myndavélavöktun, s.s. notkun GPS-tækni til að fylgjast með staðsetningu einstaklinga.

Lögð er áhersla á að persónuverndarstofnanir verði að koma í veg fyrir að aukin myndavélavöktun leiði til óþarfra skerðinga á frelsi og grundvallarréttindum borgaranna; annars geti þeir orðið að sæta því að um þá sé safnað ónauðsynlegum persónuupplýsingum sem geri þá þekkjanlega á fjölda opinberra staða, sem og staða sem ekki geti talist til almannaferis. Einnig er lögð áhersla á að koma verði í veg fyrir óréttlætianlega, fyrirbyggjandi vöktun sem felist í því að andlitsgreiningarbúnaður og búnaður, sem hefur það hlutverk að meta út frá hegðun einstaklinga, sem tekin er mynd af, hvort af þeim stafi hætta, sé notaður til að koma af stað sjálfvirkum viðvörnum vegna viðkomandi einstaklinga; slíkt geti leitt til mismununar.

Myndefni, sem safnað sé við myndavélavöktun, teljist til persónuupplýsinga jafnvel þótt myndir

af persónugreinanlegum einstaklingum séu ekki tengdar persónuauðkennum; jafnvel þótt myndum af andlitum sé ekki safnað en hins vegar öðrum persónugreinanlegum upplýsingum, s.s. bílnúmerum eða leylinúmerum sem slegin eru inn í hraðbanka; og óháð þeirri tækni sem notuð er við vöktunina, s.s. hvort um sé að ræða stöðuga upptöku eða upptöku sem hefjist t.d. þegar ökutæki fari yfir hámarkshraða. Auk þess geti upplýsingar talist persónugreinanlegar sé unnt að þekkja einstaklinga með tengingu myndefnis við upplýsingar hjá þriðja aðila eða notkun sérstakrar tækni eða búnaðar.

Áður en rafræn vöktun hefjist verði að kanna hvort hin fyrirhugaða vöktun sé lögmæt. Þannig verði m.a. að gæta að því að á vissum stöðum, s.s. hótélherbergjum, skrifstofum, salernum, fatahengjum og símaherbergjum, kann að vera litið svo á að fólk njóti algjörs einkalífsréttar. Þegar einkaaðilar eða opinberir aðilar, þ. á m. sveitarstjórnir, setji upp öryggismyndavélar, m.a. í því skyni að upplýsa eða fyrirbyggja afbrot, verði og að líta til þess að samkvæmt lögum kunna eingöngu vissir aðilar, s.s. lögregla, að hafa heimild til slíkrar vöktunar.

Vöktun verði að fara fram í skýrum tilgangi og myndefni eigi ekki að nota í öðrum tilgangi en þeim sem upphaflega var ákveðinn; afritun eigi því að vera óheimil. Tilgangurinn með notkun myndefnis eigi að vera skráður í upplýsingaverndarstefnu ásamt m.a. varðveislutíma þess. Þá verði notkunin að samrýmast a.m.k. einu af skilyrðunum í 7. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 8. gr. pul.). Eigi vinnslan að byggjast á því skilyrði að hún sé þáttur í lögskyldri starfsemi þess sem viðhefur vöktun (ábyrgðaraðila) eða því skilyrði að af henni séu lögmætir hagsmunir sem vegi þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hinna skráðu verði að hafa eftirfarandi í huga: Algjört bann verði að leggja við tilhæfalausri útvíkkun á hlutverki ábyrgðaraðila í því skyni að hún geti stuðst við annað þessara skilyrða. Eigi vinnslan að byggjast á samþykki verði það að vera skýrt.

Tekið er fram að myndavélavöktun eigi aðeins að geta farið fram í þágu markmiða sem raunverulega réttlæta slíka vöktun. Hún eigi ekki að fara fram dugi önnur úrræði til að ná fram því markmiði sem að er stefnt, t.d. brynvarðar hurðir til að varna skemmdarverkum, viðvörunarkerfi eða betri götulyðing. Þá eigi ekki að viðhafa myndavélavöktun til að verjast minniháttar brotum, t.d. reykingum á bannsvæðum. Að myndavélavöktun geti verið réttlætanleg þar sem ítrekað hefur verið beitt ofbeldi, s.s. í grennd við íþróttaleikvanga eða nálægt stoppistöðvum fyrir almenningsvagna, merki því ekki að slík vöktun sé heimil til að koma í veg fyrir móðganir í garð vagnstjóra, að girða fyrir að gengið sé sóðalega um almenningsvagna, að fyrirbyggja að rusli sé hent á viðavangi eða að upplýsa þjófnað í sundlaugum. Auk þess verði að hafa í huga hvort vöktun hafi í raun einhver áhrif, t.d. hvort uppsetning eftirlitsmyndavéla á einum stað leiði einungis til þess að brotamenn færi sig eitthvað annað.

Það svæði, sem tekna séu myndir af, eigi ekki að vera stærra en þörf sé á í þágu tilgangsins með vöktun. Þá eigi myndavélum að vera þannig komið fyrir að þær taki ekki myndir af atriðum sem ekki skipta máli vegna þessa tilgangs. Auk þess verði m.a. að meta hvort þörf sé á þeim möguleika að stækka myndir eða ekki. Mjög mikilvægt sé að myndir séu ekki varðveittar lengur en þörf krefur. Varðveislutíminn eigi að vera stuttur. Í sumum tilvikum nægi að myndir birtist á skjá og safnist ekki upp. Í öðrum tilvikum geti verið réttlætanlegt að varðveita myndir í nokkra klukkutíma, til dagsloka eða vikuloka. Gefi myndir tilefni til grunar um eitthvað misjafnt megi varðveita þær lengur á meðan beðið sé eftir ákvörðunum lögreglu og dómstóla. Stundum nægi að aðeins séu tekna og varðveittar myndir af ákveðnum tilvikum, s.s. þegar myndavélar eru notaðar til að vakta hvort ökutæki fari inn á bannsvæði. Myndum, sem varðveittar séu, eigi m.a. ekki að miðla til óviðkomandi eða birta á Netinu.

Veita verði fræðslu um myndavélavöktun og hvar hún fari fram. Ekki þurfi að upplýsa nákvæmlega um hvar myndavélar séu staðsettar, en viðvaranir um vöktun verði að vera nærri því svæði þar sem hún fer fram en ekki t.d. í 500 m fjarlægð. Viðvaranir verði að vera sjáanlegar og ávallt verði að koma fram hver tilgangur vöktunar sé og hver beri ábyrgð á henni. Rétt sé m.a. að athuga sérstaklega hvernig unnt sé að veita blindu fólki fræðslu um vöktun.

Aðeins takmarkaður fjöldi einstaklinga eigi að geta skoðað myndefni sem til verði við vöktun og

aðeins í þágu tilgangans með vöktuninni og nauðsynlegs viðhalds sem krefjist slíks aðgangs. Þegar vöktun fari fram til að upplýsa eða fyrirbyggja afbrot geti verið gagnlegt að tvískiptan lykil þurfi til að nálgast gögn og hafi ábyrgðaraðili annan hluta lykilsins en lögregla hinn; þannig megi tryggja að aðeins lögregla geti skoðað gögn. Gæta verði m.a. öryggis gagna. Þá verði að veita þeim sem viðhafa rafræna vöktun viðeigandi fræðslu um hvernig þeir geti fullnægt skyldum sínum um vernd persónu-upplýsinga.

Myndavélavöktun, sem fram fer á vinnustað í þeim tilgangi einum að hafa eftirlit með vinnuskilum og hefur í för með sér vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi, eigi almennt ekki að vera heimilud. Annað gildi um það þegar vöktun á vinnustað gegni því hlutverki að tryggja framleiðslu- og starfsöryggi. Vöktun á vinnustað eigi ekki að fara fram á stöðum sem ætlaðir séu til einkaathafna starfsmanna en ekki vinnu, s.s. salernum, sturtuklefum og búningsklefum. Myndefni, sem safnað sé til að upplýsa eða fyrirbyggja alvarleg brot, eigi ekki að nota til að komast að raun um hvort starfsmenn hafi gerst sekir um minniháttar agabrot. Starfsmenn eigi ávallt að eiga kost á að koma fyrir sig vörnum. Þeir eigi og að fá fræðslu um vöktunina, þ. á m. hver hafi hana með höndum, tilganginn með henni, í hvaða tilvikum upptökur séu skoðaðar, hversu lengi þær séu varðveittar og í hvaða tilvikum upplýsingum sé miðlað til lögreglu.

Álit nr. 5/2004 um óumbeðinn fjarskipti vegna beinnar markaðssetningar. – Í þessu álit, sem gefið var út hinn 27. febrúar, er fjallað um þá reglu í tilskipun 2002/58/EB um einkalífsvörnd í fjarskiptum að sjálfvirk upphringikerfi, símbréf og tölvupóst megi því aðeins nota í þágu beinnar markaðssetningar að fjarskiptanotendur hafi veitt samþykki sitt fyrirfram. Hafi tölvupóstfangi verið aflað frá viðskiptavinum í tengslum við sölu á vöru eða þjónustu, og þá í samræmi við reglur tilskipunar 95/46/EB, megi þó viðkomandi fyrirtæki nota þau til markaðssetningar á svipaðri vöru eða þjónustu, enda hafi viðskiptavinum verið veitt færi á andmæla markaðssetningunni. Þegar ekki sé notast sé við sjálfvirk upphringikerfi, símbréf eða tölvupóst skuli aðildarríki annaðhvort kveða á um öflun fyrirfram samþykkis eða rétt til að andmæla beinni markaðssetningu; er hún þá heimil gagnvart einstaklingum sem nýta þann rétt. Við beina markaðssetningu sé óheimilt að leynd þvi hver ber ábyrgð á henni eða hvert senda megi beiðni um að látið sé af henni.

Í álitinu er minnt á að skilgreiningin á tölvupósti í framangreindri tilskipun er mjög víð, sbr. h-lið 2. gr. um að til tölvupósts teljist öll skeyti með texta, rödd, hljóði eða mynd sem send séu um opinbert fjarskiptanet og unnt sé að varðveita í fjarskiptakerfi eða viðtökutæki fjarskiptanotanda þar til hann sækir þau. Samkvæmt því teljist til tölvupósts allar rafrænar sendingar sem krefjast þess ekki að fjarskiptanotandi saki þær á sama tíma og þær eru sendar. Þannig teljist t.a.m. SMS-skeyti, MMS-skeyti og skilaboð skilin eftir á símsvara til tölvupósts.

Bent er á að þegar bein markaðssetning samkvæmt tilskipun 2002/58/EB byggist á samþykki verður það að fullnægja kröfum tilskipunar 95/46/EB, sbr. f-lið 2. gr. fyrrnefndu tilskipunarinnar, sbr. h-lið 2. gr. þeirra síðarnefndu um að samþykki skuli vera óþvingað, sértækt og upplýst. Vísað er 17. liðar formála þeirrar tilskipunar þar sem segir að samþykki geti verið veitt með öllum aðferðum sem geri það kleift að gefa afmarkað, upplýst samþykki af fúsum og frjálsum vilja, þ. á m. með því að smella á hnapp á vefsíðu.

Sú aðferð að hinn skræði veiti samþykki sitt á vefsíðu og staðfesti síðan hver hann sé og samþykki sitt sé fullnægjandi. Ekki sé hins vegar fullnægjandi að sendur sé almennur tölvupóstur með ósk um samþykki fyrir beinni markaðssetningu. Samþykki, sem felist í að fallast á skilmála í samningi, t.d. um áskrift, geti verið fullnægjandi. Ætlað samþykki, þ.e. sú aðstaða að þögn sé sama og samþykki, sé aldrei nægilegt. Svo að samþykki sé gilt verði tilgangurinn með vinnslu, sem á því byggist, að vera skýr. Þannig verði að koma skýrt fram hvaða vörur og þjónustu, eða flokka af vörum og þjónustu, eigi að markaðssetja. Eigi að miðla upplýsingum til þriðju aðila verði það einnig að koma fram, auk fræðslu um hvað þeir muni markaðssetja.

Ekki sé heimilt að nota tölvupóstfangalista við beina markaðssetningu sem búnir hafa verið til án

öflunar samþykkis hlutaðeigandi til slíkra nota. Einnig sé óheimilt að selja þá. Fyrirtæki sem kaupir slíka lista verði að gæta að því að þeir hafi orðið til með lögmætum hætti og að samþykki hafi verið veitt til beinnar markaðssetningar.

Við öflun samþykkis til beinnar markaðssetningar verði að veita fræðslu um hver beri ábyrgð á markaðssetningunni og hver tilgangur upplýsingasöfnunarinnar sé. Þá verði að veita fræðslu um viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinga, hvort skylt sé að svara einstökum spurningum og, að því leyti sem það sé nauðsynlegt til að tryggja sanngjarna vinnslu, réttinn til aðgangs að upplýsingum um vinnsluna og til leiðréttingar persónuupplýsinga, sbr. 10. gr. tilskipunar 95/46/EB. Í hverju markaðssetningarskeyti verði fjarskiptanotendum að vera veitt færi á að óska þess að markaðssetningu gagnvart þeim verði hætt, s.s. með því að senda SMS-skilaboð í ákveðið númer.

Sjálfvirk söfnun persónuupplýsinga á Netinu, s.s. tölvupóstfangi á spjallsíðum, sé óheimil, enda feli hún í sér ósanngjarna vinnslu persónuupplýsinga (sjá a-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 95/46/EB, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. pul.) sem fari fram í tilgangi sem sé ósamrýmanlegur þeim sem þeirra var aflað í (sjá b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna).

Hugtakið markaðssetningu verði að skilgreina vítt og undir það falli ekki aðeins markaðssetning atvinnufyrirtækja heldur einnig góðgerðasamtaka og stjórnmalaflokka. Í 30. lið formála tilskipunar 95/46/EB sé notkun persónuupplýsinga við auglýsingar á slíkri starfsemi enda felld undir markaðssetningu.

Sé markaðssetningartölvupóstur sendur á tölvupóstföng starfsmanna, sem hafi að geyma nöfn þeirra, falli markaðssetningin undir reglur um meðferð persónuupplýsinga, enda hafi þá tölvupóstföngin að geyma slíkar upplýsingar.

Eins og að ofan greinir er kveðið á um það í 13. gr. tilskipunar 2002/58/EB að tölvupóstföng, sem aflað hefur verið frá viðskiptavinum í tengslum við sölu á vöru eða þjónustu, og þá í samræmi við reglur tilskipunar 95/46/EB, megi viðkomandi fyrirtæki nota til markaðssetningar á svipaðri vöru eða þjónustu án samþykkis, enda hafi viðskiptavinum verið veitt færi á andmæla markaðssetningunni. Í álitinu bendir vinnuhópurinn á að samkvæmt 41. gr. formála tilskipunar 2002/58/EB verði, við öflun tölvupóstfangs, að veita skýra fræðslu um fyrirhugaða notkun þess við markaðssetningu. Tekið er fram að einungis það fyrirtæki, sem aflaði tölvupóstfangsins, megi nota það við markaðssetningu. Undirfyrirtækjum eða móðurfyrirtækum, svo að dæmi séu tekin, sé það hins vegar óheimilt.

Álit nr. 6/2004 um framkvæmd ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 14. maí 2004 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í farþegaskýrslum (PNR: Passenger Name Record) farþega sem miðlað er til bandaríska tolla- og landamaraeftirlitsins, sem og um samning milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um vinnslu upplýsinga í farþegaskýrslum og miðlun þeirra frá flugfélögum til bandaríska heimavarnaráðuneytisins, n.t.t. tolla- og landamaraeftirlitsins. – Í þessu álit, sem gefið var út hinn 22. júní, er bent á að ekki hafi verið orðið við öllum tilmælum vinnuhópsins um vernd persónuupplýsinga um flugfarþega sem Bandaríkin fara fram á (sjá umfjöllun um álit nr. 2/2004 og 8/2004, bls. 89 og 90 í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2002 og bls. 143–145 í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2003). Þá er bent á að Evrópuþingið hefur ákveðið að bera ákvörðun um flutning þessara upplýsinga og samning við Bandaríkin um flutninginn undir Evrópuðómstólinn. Þar til leyst hafi verið úr því máli verði að sjá til þess að skerðingar á rétti flugfarþega verði eins litlar og mögulegt sé.

Flugfélög verði eins fljótt og unnt sé að taka upp kerfi sem geri þeim sjálfum kleift að miðla upplýsingum til Bandaríkjanna í stað þess að yfirvöld þar í landi fái aðgang að gagnagrunnum félaganna og sækir upplýsingarnar sjálf; þá fái yfirvöld í raun aðgang að öllum upplýsingum sem skráðar séu þó að ekki megi þau nota þær allar. Veita verði flugfarþegum víðeigandi fræðslu um vinnslu upplýsinganna (sjá umfjöllun um álit nr. 8/2004). Mikilvægt sé að sú fræðsla sé hin sama hjá öllum flugfélögum, sem og hjá ferðaskrifstofum, en það orki til skýrleika. Lýst er yfir ánægju með að í samningnum felist ekki að flugfélögum sé skylt að skrá meira af persónuupplýsingum um flugfarþega sína en þau

hafa tíðkað. Minnt er á að samningurinn tryggir rétt til að athuga hvort upplýsingarnar séu verndaðar í samræmi við yfirlýsingar Bandaríkjanna, en það sé mjög mikilvægt. Vinnuhópurinn sé mjög áhugasamur um hvernig athuganirnar verði framkvæmdar og óski samvinnu við framkvæmdastjórnina um þær. Til að fá skýra og nákvæma yfirsýn yfir þau skref, sem stíga verði í tengslum við umrædda vinnslu, sé fyrirhugað að halda fund með flugfélögum í Róm í náinni framtíð.

Álit nr. 7/2004 um manngreiniupplýsingar í dvalar- og atvinnuleyfum og Evrópska atvinnuleyfaupplýsingakerfið (European information system on visas (VIS)). – Í þessu álit, sem gefið var út hinn 11. ágúst 2004, er tekið fram að á ráðstefnu, sem haldin var í Þessaloníku í Grikklandi 19. og 20. júní 2003, hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að innan Evrópusambandsins þyrfti að koma upp samræmdum lausnum fyrir skilríki einstaklinga úr þriðju ríkjum, vegabréf Evrópusambandsborgara, hið fyrirhugaða Evrópska atvinnuleyfaupplýsingakerfi (VIS) og fyrirhugaða nýja útgáfu af Schengen-gagnagrunninum, þ.e. SIS II (sjá nánar kafla 5.6.7). Í septemberlok 2003 hafi framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins samið drög að reglugerð um breytingu á reglugerðum 95/1693/EB og 2002/1030/EB um stöðluð form fyrir atvinnuleyfi og dvalarleyfi. Hinn 18. febrúar 2004 hafi og verið gefin út drög að reglugerð um manngreiniupplýsingar í vegabréfum Evrópusambandsborgara.

Samkvæmt þessum tillögum eigi aðildarríkin á árinu 2005 að sjá til þess að ljósmyndir verði í dvalar- og atvinnuleyfum, auk manngreiniupplýsinga í örflögu, þ.e. annars vegar stafrænnar myndar af andliti og hins vegar tveggja stafrænna mynda af fingraförum. Manngreiniupplýsingarnar eigi að færa í upplýsingakerfin VIS og SIS II.

Tekið er fram að vinnuhópurinn skilji það sjónarmið að koma eigi í veg fyrir að dvalar- og atvinnuleyfi gangi kaupum og sölum og að einstaklingar noti slík leyfi til að þykjast vera aðrir en þeir eru. Hins vegar þurfi að afmarka tilganginn með notkun manngreiniupplýsinga í þessu skyni skýrlega. Þá er bent á þá hættu að ef fingraför afritist ekki nógu vel kunni fólki að vera ruglað saman við aðra. Áður en söfnun fingrafara hefjist verði að greina hættuna á þessu.

Vinnuhópurinn hafi miklar efasemdir um lögmæti kerfa sem byggist á því að hafa eftirlit með ólöglegum innflytjendum með söfnun ummerkja (einkum fingrafara), sem fólk skilur eftir sig í daglegu lífi, og samanburði þeirra við gagnagrunna með manngreiniupplýsingum. Þá er bent á að séu upplýsingar óáreiðanlegar í slíkum gagnagrunnum geti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga. Í ljósi þessa er óskað eftir upplýsingum um hvaða rannsóknir á vandamálum tengdum innflytjendum sýni fram á að umfang þeirra sé slíkt að það réttlæti slíkt eftirlit sem hér um ræðir í stað hefðbundinna aðferða. Bent er á að miðlægum gagnagrunnum fylgi aukin hætta á misnotkun og því sé nauðsynlegt að þeir sem beri ábyrgð á þeim viðhafi ítarlegt eftirlit með notkun þeirra. Þá verði gagnagrunnarnir að byggjast á skýrum lagaákvæðum.

Markmiðin með manngreiniupplýsingum í atvinnu- og dvalarleyfum séu þau að skapa áreiðanlegri tengingu milli leyfanna og handhafa þeirra, sem og að bera upplýsingarnar saman við gagnagrunna. Hið fyrra þessara markmiða sé lögmætt og þurfi að vera fært í texta þeirra reglugerða sem fjalli um leyfin. Hið síðara geti hins vegar, í ljósi þess hversu afmörkun þess sé ónákvæm, leitt til þess að vinnsla persónuupplýsinga verði of umfangsmikil.

Lögð er áhersla á mikilvægi áreiðanleika við vinnsluna og að tryggt verði a.m.k. að tíðni villna verði mjög lág í ljósi þeirra alvarlegu afleiðinga sem þær geti haft fyrir lögmæta handhafa leyfa. Þeir eigi að geta skostað manngreiniupplýsingar í örflögum í leyfum sínum til að kanna hvort þær séu réttar. Þá verði að finna lausnir fyrir fólk sem geti ekki lagt til þær manngreiniupplýsingar sem notaðar séu, s.s. vegna þess að það hafi misst fingur eða fingraför þess hafi skemmst. Auk þess verði fólki, sem sé neitað um réttindi, einkum að komast í gegnum landamærastöðvar, að vera kynntar ástæðurnar fyrir því og veitt færi á andmælum. Leysa verði úr málum hið fyrsta.

Tryggja verði að ekkert stjórnvald geti breytt manngreiniupplýsingum í dvalar- og atvinnuleyfi nema það sem gefið hefur það út. Þá eigi engir að geta nálagað upplýsingarnar án vitneskju viðkomandi einstaklings nema þau stjórnvöld sem hafi lagalega heimild til þess. Viðeigandi væri að dulkóða

upplýsingar. Tryggja mætti að enginn gæti lesið þær án heimildar með því að aðeins handhafi leyfis hefði vitneskju um dulkóðunarlykil. Stjórnvöld eigi ekki að hafa aðgang að meiri manngreiniupplýsingum í leyfum en þau þurfi til að sinna verkefnum sínum.

Viðað er til þess að í tillögu að breytingum á þeim reglugerðum, sem hér um ræðir, er gert ráð fyrir tæmandi lista yfir manngreiniupplýsingar í dvalar- og atvinnuleyfum. Þetta ákvæði sé ekki nógu skýrt. Hin tæmandi upptalning þurfi að koma fram í því. Einnig þurfi að koma þar fram að viðkomandi einstaklingar fái fræðslu um upplýsingarnar og geti skoðað þær við útgáfu leyfis.

Fyrirhuguð markmið með VIS-gagnagrunninum séu mjög víð, enda nái þau ekki aðeins til þess að koma í veg fyrir ólögmdæta notkun dvalar- og atvinnuleyfa, auk viðskipta með þau, heldur einnig að unnt verði að persónugreina fólk í margvíslegum annars konar aðstæðum, sem og að tryggja öruggi og berjast gegn hryðjuverkum. Að sumu leyti skarist markmiðin við tilganginn með SIS II. Fara þurfi betur yfir þetta.

Lista vanti yfir þau stjórnvöld sem eigi að hafa aðgang að VIS-gagnagrunninum. Að þriðju ríkjum sé veittur aðgangur að gagnagrunninum, eins og sum aðildarríki hafi lagt til, geti haft í för með alvarleg vandamál tengd vinnslu persónuupplýsinga. Þau geti sérstaklega tengst kröfum tilskipunar 95/46/EB um skýran og málefnalegan tilgang, sem og um að persónuupplýsingum sé ekki miðlað til landa sem ekki veita slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd.

Fimm ára varðveislutími upplýsinga í VIS-gagnagrunninum eigi fremur að vera hámark en lágmark. Þá er lagt til að ítarlegri stefna verði sett um varðveislutíma sem taki mið af ólíkum aðstæðum. Þannig væri unnt að gera ráð fyrir lengri varðveislu upplýsinga um brot gegn útlendingslöggi en það þegar einstaklingur hefur fengið gefin út ferðaskilríki og verið hleypt í gegnum landamærastöð án vandræða. Bent er á að upplýsingum um þá sem fengið hafa ríkisborgararétt eða varanlegt dvalarleyfi verði að eyða.

Fjallað er um mikilvægi upplýsingaöryggis í VIS-gagnagrunninum. Tekið er fram að upplýsingar verði að vera dulkóðaðar í flutningi. Þá er tekið fram að aðgangur að gagnagrunninum verði að vera skráður, sérstaklega þegar um er að ræða trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar persónuupplýsingar, þannig að unnt sé að hafa eftirlit með vinnslunni.

Viðað er til þess að í yfirlýsingu Evrópuþingsins um baráttu gegn hryðjuverkum frá 25. mars 2004 er framkvæmdastjórnin hvött til að móta tillögur um aukna samvirkni evrópskra gagnagrunna, þ.e. VIS, SIS II og EURODAC-fingrafaragagnagrunnsins, svo að auka megi notagildi þeirra. Er þess óskað að hugmyndir þar að lútandi verði kynntar fyrir vinnuhópnum með góðum fyrirvara þannig að hann geti metið áhrif þeirra á grundvallarréttindi tengd vinnslu persónuupplýsinga.

Eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í VIS-gagnagrunninum eigi að falla undir Evrópska gagnaverndarfulltrúann (European Data Protection Supervisor). Tengd vinnsla, sem fram fari í aðildarríkjunum, eigi að vera undir eftirliti persónuverndarstofnana þar. Þörf sé á að þær eigi með sér samstarf.

Álit nr. 8/2004 um fræðslu til flugfarþega á leið frá Evrópu til Bandaríkjanna um miðlun farþegaupplýsinga. – Í þessu álit, sem var gefið út hinn 30. september, er lagður til texti sem notaður verði til að fræða flugfarþega á leið til Bandaríkjanna um miðlun persónuupplýsinga um þá úr bókunarkerfum flugfélaga til bandarískra stjórnvalda þar sem þær verði skráðar í gagnagrunn sem einkum verði notaður í baráttu gegn hryðjuverkum (sjá umfjöllun um álit nr. 2/2004 og 6/2004). Annars vegar er um að ræða stuttan texta með mikilvægustu upplýsingunum og hins vegar lengri texta þar sem svarað er almennum spurningum. M.a. er fjallað um tilgang vinnslunnar, varðveislutíma og upplýsingaöryggi.

5.6.6. Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Rotterdam í Hollandi 21.–23. apríl. Fundurinn var sóttur af forstjóra og Birni Geirssyni lögfræðingi. Á fundinum var rætt um hlutverk persónuverndarstofnana, s.s. það hlutverk þeirra að úrskurða í ágreiningsmálum, að hafa al-

mennt eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga, að veita leiðbeiningar í einstökum málum, að veita almenna fræðslu um reglur um vernd persónuupplýsinga og að vera alþjóðlegir erindrekar þess að þær séu verndaðar. Þá var m.a. rætt um samskipti persónuupplýsingastofnana í einstökum ríkjum; kynningu á starfsemi þeirra fyrir almenningi; hvernig framfylgt væri þeim lögum, sem sett væru á grundvelli persónuverndartilskipunarinnar, nr. 95/46/EB; innra skipulag persónuverndarstofnana; og evrópska samvinnu í löggæslumálum, þ.e. á vettvangi stofnananna Europól og Eurojust.

5.6.7. Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli upphaflegra aðildarríkja samkomulagsins, þ.e. Belgiu, Hollands, Þýskalands, Lúxemborgar og Frakklands. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open border Network“ (VISION).

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, „Central SIS“ (C.SIS), sem staðsettur er í Strasbourg í Frakklandi. Í hverju Schengen-þáttökulandi eru síðan svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS. Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þáttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þáttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þáttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II (sjá í því sambandi umfjöllun um álit nr. 2/2004 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB í kafla 5.6.5). Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Lit-ið er til stækkunar ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að lönd eins og Tékkland, Pólland o.fl. eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgangs- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strasbourg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þáttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Á árinu 2004 voru haldnir fimm fundir. Sóttir voru fundir er haldnir voru 24. júní og 28. september. Fundir, er haldnir voru 5. mars, 7. maí og 21. desember, voru ekki sóttir vegna anna stofnunarinnar.

Á fundunum var fjallað um sameiginlega úttekt JSA á upplýsingakerfum Schengen samkvæmt 96. gr. Schengen-samningsins. Hefur úttektin farið fram í þremur liðum. Fyrsti liðurinn fólst í því að kortleggja lagaumhverfið í öllum Schengen-ríkjunum, þ.e. þær lagareglur sem í hverju ríki gilda um meðferð persónuupplýsinga í Schengen-tölvukerfum. Var þetta framkvæmt með þeim hætti að öll ríkin fylltu út spurningalista þar að lútandi. Næstu áfangar hafa falist í því að hvert ríki fylli út upplýsingayfirlit – fyrst Module I, sem er til þess ætlað að ná fram yfirsýn yfir ábyrgðaraðila og

verkaskiptingu á milli þeirra, og síðan Module II, sem byggist á nánari rýni á ástandi og var fyllt út í kjölfar skoðunar á vettvangi, m.a. á því hvernig staðið er að varðveislu, eyðingu gagna o.s.frv., sbr. 112. gr. Schengen-samningsins. Vettvangsskoðun fór fram af Íslands hálfu hjá Ríkislögreglustjóranum hinn 28. október, en hann hýsir hið íslenska N.SIS. Var Module II skilað í kjölfar þeirrar vettvangsskoðunar, þ.e. 24. nóvember 2004. JSA stefndi að verklokum haustið 2004, þ.e. útgáfu skýrslu um niðurstöðu úttektarinnar, en það frestaðist til ársins 2005.

Einnig var á fundunum m.a. fjallað um SIS II. JSA hefur frá upphafi fylgst með þróun þess gagnagrunns og leitast við að hafa áhrif á uppbyggingu hans með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Vinnur JSA m.a. að gerð ályktunar um þróun SIS II þar sem gerð verður grein fyrir helstu álitaeftum í þessu sambandi.

5.6.8. Um 26. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana

26. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Wrocław í Póllandi 13.–16. september. Ráðstefnan var sótt af forstjóra. Á ráðstefnunni var rætt um réttinn til friðhelgi einkalífs andspænis gæslu almannaöryggis; rafrænan staðsetningarbúnað (RFID: Radio Frequency Identification); meðvitund einstaklinga um vernd persónuupplýsinga; vernd persónuupplýsinga um starfsmenn andspænis hagsmunum vinnuveitenda; samvinnu persónuverndarstofnana; hagræna nálgun á einkalífsvernd; friðhelgi einkalífs og fjölmiðla; viðbrögð við brotum gegn friðhelgi einkalífs á Netinu; pólitíska nálgun á einkalífsvernd; ógnir gegn friðhelgi einkalífs á tímum rafræns lýðræðis; manngreiniupplýsingar; leiðir til að hafa viðvaranir um vinnslu persónuupplýsinga stuttar; friðhelgi einkalífs og sagnfræðirannsóknir; og miðlun persónuupplýsinga milli landa og kröfur alþjóðahagkerfisins þar að lútandi.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á ráðstefnunni:

1. Ályktun um inntöku nýrra persónuverndarstofnana í hóp þátttakenda á alþjóðaráðstefnum forstjóra. – Persónuverndarstofnanir Suður-Kóreu, Katalóníu og Evrópusambandsins (European Data Protection Supervisor) voru samþykktar sem aðilar að alþjóðaráðstefnunum.

2. Ályktun um að Alþjóðastaðlastofnunin (ISO: International Standards Organisation) útbúi drög að alþjóðlegum einkalífsverndarstaðli. – Mælt var til þess af Alþjóðastaðlastofnuninni að hún þróaði slíkan staðal sem stutt gæti við lagareglur um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga, þar sem þær væru til staðar, og orðið til lögfestingar þeirra, þar sem þær skorti enn. Staðallinn yrði að byggjast á meginreglunum um sanngirni vinnslu, að ekki skal unnið með meiri upplýsingar en nauðsynlegt er og að upplýsingar skulu vera nafnlausar ef hægt er. Til að staðallinn næði tilgangi sínum yrði hann að gera ráð fyrir prófunarferli fyrir kerfi eða tækni til verndar persónuupplýsingum, sem og vottun um að veitt væri fullnægjandi vernd, auk þess sem hann yrði að geta átt við óháð því hversu margir aðilar kæmu að vinnslu upplýsinga. Ráðstefnan styddi það framtak að stofnaður hefði verið vinnuhópur innan Alþjóðastaðlastofnunarinnar til að meta þörfina á staðli, sem og hvernig slíkur staðall yrði þróaður. Þá væri hvatt til þess að því yrði hraðað að stofna nýjan vinnuhóp innan stofnunarinnar sem fengist við þróun upplýsingatæknistaðals varðandi meðferð persónuupplýsinga. Auk þess styddi ráðstefnan það heilshugar að verkefni um prófun og þróun tækni til aukinnar verndar á persónuupplýsingum (PETTEP: Privacy Enhancing Technology Testing & Evaluation Project) hefði opinberlega verið fellt undir Alþjóðastaðlastofnunina. Þetta gerði forstjórum persónuverndarstofnana og þeim sem koma að verkefninu kleift að eiga samskipti beint við stofnunina. Væru forstjórnarnir hvattir til að taka þátt í verkefninu. Að lokum var vikið að störfum Hins alþjóðlega öryggis-, trausts- og einkalífsverndarsambands (ISTPA: International Security, Trust, and Privacy Alliance), en það er alþjóðlegur vettvangur fyrirtækja og stofnana sem hefur það markmið að skýra álitaeftni varðandi meðferð persónuupplýsinga. Starf þessa sambands væri virðingarvert en mælt væri til þess að

gert yrði hlé á ákveðnum störfum þess þangað til ákveðnum spurningum um hugtakið friðhelgi einkalífs og mörk heimildar til söfnunar á persónuupplýsingum hefði verið svarað.

3. Ályktun um breytingu á ályktun um sjálfvirkar hugbúnaðaruppfærslur sem lögð var fyrir alþjóðaráðstefnu forstjóra 2003 (og var ekki endanlega samþykkt). – Í ályktuninni, eins og hún leit út eftir að hún hafði verið samþykkt, var mælt til þess af hugbúnaðarfyrirtækjum að þau byðu fram leiðir til að hugbúnaður væri aðeins uppfærður um Netið á gagnsæjan hátt, þ.e. að veitri tilkynningu þar að lútandi, að fengnu samþykki viðkomandi notanda og án þess að óviðkomandi fengi aðgang að tölvunni. Þá var mælt til þess af hugbúnaðarfyrirtækjum að þau færu ekki fram á persónuupplýsingar nema að fengnu upplýstu samþykki viðkomandi notanda og aðeins þegar upplýsingarnar væru nauðsynlegar til að unnt yrði að uppfæra hugbúnað um Netið – notendur skyldu og ekki neyddir til að gefa upp hverjir þeir væru áður en þeir gætu hafið uppfærslu. Einnig var mælt til þess af hugbúnaðarfyrirtækjum að þau byðu upp á fyrirframpröfun á uppfærslubúnaði. Loks var hvatt til þróunar og notkunar hugbúnaðaruppfærslutækni sem virti friðhelgi einkalífs og frelsi tölvunotenda.

5.6.9. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (Consultative Committee of the Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data (ETS 108) (T-PD)) hélt fund í Strassborg 28.–30. júní. Fundinn sótti forstjóri. Á fundinum var fjallað um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs á Netinu, sem og manngreiniupplýsingar (s.s. augmynstur og fingraför).

Nefndin starfar á grundvelli 13. gr. Evrópusamnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981 (CONVENTION nr. 108 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data). Fullgildingarskjal Íslands vegna þessa samnings var afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins 25. mars 1991, en hann hafði verið undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982 með fyrirvara um fullgildingu. Með ályktun 17. desember 1990 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 1991.

Nánari umfjöllun um starf nefndarinnar er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins. Tengil við hana er að finna á heimasíðu Persónuverndar undir hnappinum „Áhugaverðar síður“.

Auk fundar umræddrar nefndar hélt Evrópuráðið ráðstefnu um upplýsingarétt hins skráða í Prag 14. og 15. október. Ráðstefnuna sótti Björn Geirsson lögfræðingur. Á ráðstefnunni var fjallað um hvernig gera mætti hina skráðu meðvitaða um réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í hinum alþjóðavædda heimi; hvernig hinir skráðu skyldu fræddir um vinnslu persónuupplýsinga um sig; samþykki hins skráða, þ.e. hvaða skilyrðum það yrði að fullnægja til að geta talist gilt, s.s. hversu vítt það mætti vera; og hvernig framfylgja mætti réttindum hinna skráðu.

5.6.10. Um fund um erfðaeftisgagnagrunna

Fundur um erfðaeftisgagnagrunna, friðhelgi einkalífs og upplýsingaöryggi var haldinn í Tókýó í Japan 26. og 27. febrúar. Fundinn sótti forstjóri. Á fundinum var fjallað almennt um þau álitaefti og hugtök sem á reynir í tengslum við erfðaeftisgagnagrunna; hvernig best má samræma vernd persónuupplýsinga annars vegar og notkun erfðaeftisupplýsinga hins vegar í lögætum tilgangi með öflun þeirra; hver skyldi teljast „eiga“ upplýsingar í erfðaeftisgagnagrunnum, auk rannsóknarniðurstaðna fenginna með notkun þeirra, sem og hagnýtingu slíkra niðurstaðna; stjórnsýslu og löggjöf í tengslum við erfðaeftisgagnagrunna; og almennt um hvernig taka bæri á álitaeftum varðandi slíka gagnagrunna í framtíðinni.

6. Lög og reglur

6.1. Lög nr. 77/2000 eins og þau voru eftir þær breytingar sem gerðar voru á þeim á árinu 2001, sbr. lög nr. 90/2001, á árinu 2002, sbr. lög nr. 81/2002, og á árinu 2003, sbr. lög nr. 46/2003 og 72/2003

Lögin eru birt í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2003, sem og á heimasíðu stofnunarinnar (www.personuvernd.is).

6.2. Um stjórnvaldsreglur

Á árinu 2004 gaf Persónuvernd út tvennar stjórnvaldsreglur, þ.e. reglur nr. 698/2004, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, og reglur nr. 888/2004, um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Ofangreindar reglur eru birtar hér að neðan og einnig á heimasíðu Persónuverndar (www.personuvernd.is).

6.3. Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga

1. gr. *Gildissvið*

Reglur þessar gilda um tilkynningarskyldu vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um undanþágur frá þeirri skyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

2. gr. *Tilkynningarskylda*

Ábyrgðaraðili skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efni tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000.

Senda skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

3. gr. *Form og efni tilkynninga*

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

4. gr.

*Hvenær er heimilt að hefja
vinnslu persónuupplýsinga*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningarskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningarskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila hefur borist staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 15 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis.

Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmæta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningarskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr.

*Undanþágur frá tilkynningarskyldu
almennra persónuupplýsinga*

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, sem eingöngu fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar.
6. Er að öllu leyti handunnin.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:

1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.

6. gr.

*Tilkynningarskyld vinnsla
viðkvæmra persónuupplýsinga*

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfisskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrr en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila. Þetta á við um:

1. Vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slik samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld byggi hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr Þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og pósthúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila eða samkeyrslan byggist á upplýstu samþykki.
2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðafni manns. Þetta á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðafni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga.
5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífssatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slik vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggi hún á fyrirmælum laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 12. ágúst 2004

6.4. Reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með þeim sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi, og hins vegar hagsmuna hinna skráðu af því að njóta eðlilegs einkalífssréttar.

Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, s.s. með eftirlitsmyndavélum, tæknibúnaði til að fylgjast

með síma-, tölvupósts- og netnotkun, ökusíritum, rafrænum staðsetningarbúnaði og rafrænum aðgangsstýringum. Þær gilda þó ekki um eftirlit með mætingum, t.d. með notkun stimpilkorta.

*2. gr.
Merking hugtaka.*

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

1. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með tilteknum einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

- a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
- b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

2. Leitarkerfi: Kerfi sem gerir mögulegt að finna með skjótvirkum hætti persónuupplýsingar um tiltekna einstaklinga í safni myndefnis, hljóðefnis eða annars konar gagna, s.s. á grundvelli útlitsauðkenna eða annarra einkenna.

3. Einkatölvupóstur: Tölvupóstur sem sendur er eða mótttekinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, en lýtur að einkamálefnum viðkomandi einstaklings og varðar hvorki hagsmuni ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur.

4. Netnotkun: Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um Netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).

5. Netvöktun: Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um netnotkun, s.s. með aðgerðaskráningu.

6. Aðgangsstýring: Stýring aðgangs að skilgreindum svæðum og gögnum, hvort sem þau eru á tölvutæku formi eða ekki, sem felur í sér að hægt er að sjá hver hefur farið um hin skilgreindu svæði eða hefur unnið með viðkomandi gögn.

7. Símvöktun: Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings.

8. Ökusíriti: Rafrænn búnaður í farartæki sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um öku-menn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.

9. Rafrænn staðsetningarbúnaður: Rafrænn búnaður sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. þráðlaus auðkenningarbúnaður (RFID), þ.e. örflogur með útsendingartíðni sem sýna staðsetningu, t.d. út frá hnitakerfi.

*3. gr.
Áskilnaður um meðalhóf og
málefnalegan tilgang.*

Rafræn vöktun verður að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- eða eignavörsluskyni. Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er einnig háð því að hennar sé sérstök þörf því að:

- a. ekki sé unnt að koma við verkstjórn á hinu vaktaða svæði með öðrum hætti; eða
- b. án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi vinnusvæði, s.s. í ljósi sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. hún sé nauðsynleg vegna sérstaks samkomulags um launakjör í viðkomandi fyrirtæki, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa ihlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

4. gr.

Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.

Óheimilt er að safna persónuupplýsingum við framkvæmd rafrænnar vöktunar nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangsins með vöktuninni.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Óheimilt er að varðveita slíkar upplýsingar lengur en í 90 daga, nema lög mæli fyrir um annað.

Persónuupplýsingar sem til verða við framkvæmd rafrænnar vöktunar má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki afhenda öðrum, vinna frekar eða geyma nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða meintan refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

5. gr.

Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun

Óheimilt er að skoða tölvupóst, vakta netnotkun starfsmanns eða nemanda nema að uppfylltum ákvæðum reglna þessara. Einkatölvupóst má þó aldrei skoða nema alveg brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun sé þess nokkur kostur.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti úr vinnusvæði sínu sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemanda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að gera ráðstafanir til að varðveita upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok.

6. gr.

Sérákvæði um ökusírita

Notkun ökusírita er heimil sé hennar sérstök þörf, s.s. vegna öryggissjónarmiða. Ekki skal nota ökusírita til að vinna upplýsingar um staðsetningu ökumanna nema á því sé sérstök þörf í ljósi lögmæts og málefnalegs tilgangs með notkun þeirra.

7. gr.
Fræðsluskýlda ábyrgðaraðila gagnvart starfsmönnum,
nemendum o.s.frv.

Sá sem viðhefur rafræna vöktun skal, áður en vöktun hefst, fræða þá sem sæta vöktuninni um:

- a. Hvaða búnaður sé notaður, t.d. hvort notaðar séu stafrænar myndavélar, ökusíritar, hljóðupptökutæki eða annar sambærilegur búnaður.
- b. Tilgang vöktunar, hvaða persónuupplýsingar eigi að vinna með, hve lengi þær verði varðveittar, hvort þeim verði miðlað til þriðja aðila og þá til hverra.
- c. Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- d. Rétt til að fá að vita hvaða upplýsingar séu skráðar um viðkomandi, um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða eytt röngum eða villandi upplýsingum um sig.
- e. Að hvaða marki netnotkun sé heimil, hvaða búnað megi nota og hvaða notkun sé vöktuð.
- f. Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- g. Hvort og þá hvaða netnotkun sé bönnuð, m.a. hvort bannað sé að sækja á Netið tiltekið efni og/eða senda slíkt efni í tölvupósti og hvernig bregðast megi við lendi menn fyrir mistök á bönnuðum heimasíðum eða fái bannað efni sent með tölvupósti.
- h. Hvort sím vöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- i. Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum um notkun síma, Netsins eða annars slíks búnaðar á vinnustað.
- j. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

8. gr.
Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

9. gr.
Reglur um rafræna vöktun.

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga skal setja skriflegar reglur um hana og skilgreina þá stefnu sem hann hyggst fylgja varðandi hana. Óheimilt er að beita slíkum reglum nema þeim sem vöktun beinist að hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tilgang vöktunarinnar, aðgang að upplýsingunum og varðveislutíma þeirra.

Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., þá víkja þær síðarnefndu.

10. gr.
Upplýsingaskýlda vinnuveitanda við
gerð ráðningarsamnings.

Við ráðningu starfsmanns skal, áður en gengið er frá samningi, upplýsa starfsmanninn um það hvernig háttáð sé vöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það gert með skýrum, ótvíræðum og sannanlegum hætti. Verði slíku ekki viðkomið skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að reglum, s.s. með birtingu þeirra á heimasíðum vinnuveitenda, samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og í starfsmannahandbókum.

11. gr.

*Réttur hins skráða til að skoða gögn sem til
verða við rafræna vöktun og hann varða.*

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi.

Ábyrgðaraðili skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða Persónuverndar liggur fyrir.

12. gr.

Stöðvun rafrænnar vöktunar.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem í bága fer við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

13. gr.

Heimild.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Persónuvernd, 29. október 2004.

7. Rekstrarreikningur 2004

Hér að neðan er að finna rekstrarreikning Persónuverndar.

Rekstrarreikningur ársins 2004

	2004	2003
Tekjur		
Seld þjónusta	6.193.510	2.791.465
	<u>6.193.510</u>	<u>2.791.465</u>
Gjöld		
Launagjöld	33.700.887	39.197.640
Aðkeypt þjónusta	9.951.198	6.729.062
Starfstengdur kostnaður	3.477.130	3.144.715
Húsnæðiskostnaður	2.745.944	2.388.492
Rekstrarkostnaður	1.128.341	1.235.250
	<u>51.003.500</u>	<u>47.695.159</u>
Eignakaup	642.968	582.827
	<u>51.646.468</u>	<u>48.277.986</u>
Tekjuafgangur (-halli) fyrir ríkisframlag	(45.527.837)	(45.486.521)
Ríkisframlag	52.900.000	51.600.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>7.372.163</u>	<u>6.113.479</u>

